

Ed.

333. Frumvarp til laga

[155. mál]

um fullorðinsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**I. KAFLI
MARKMIÐ OG SKIPULAG**

1. gr.

Fullorðinsfræðsla hefur að markmiði að skapa öllum skilyrði til þroska bæði sem einstaklingum og samfélagsþegnum. Fullorðinsfræðsla er annar þáttur í menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntun, og er hún jafnrétt há hinum þættinum, hinu lögbundna skólakerfi, frummenntuninni.

Fullorðinsfræðsla getur verið með þrennu mótí:

- a) Skólanám, hliðstæða frummenntunarinnar.
- b) Starfsnám, viðbótarmenntun, endurmenntun og ummenntun í tengslum við atvinnulífið í víðtækustu merkingu.
- c) Frjálst nám og fristundamenntun til þekkingar og menningarauka.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar og samræmir eftirlit með fræðslu, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, í samráði við fullorðinsfræðsluráð. (sbr. 6. gr.).

3. gr.

Fullorðinsfræðslu annast þessir aðilar:

- a) Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.
- b) Aðilar vinnumarkaðarins.
- c) Fræðslufélög á ýmsum stöðum, fræðslusamtök í fræðsluumdæmum og fræðslusambönd í landinu öllu.

4. gr.

Um ábyrgð hinna opinberu aðila varðandi fullorðinsfræðsluna gilda þessi ákvæði:

- a) Ríki ber ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Ríki ber og ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem er þáttur í atvinnulífinu.
- b) Fræðsluumdæmi og sveitarfélög bera ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem fram fer í stofnunum er hlíta forsjá þeirra eftir því sem um semst milli þeirra og Menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Um fjárframlög hinna opinberu aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á þeirra ábyrgð, gilda þessi ákvæði:

- a) Ríkið veitir styrki til aðila atvinnulífsins, svo og til félaga, samtaka og fræðslusambanda.
- b) Fræðsluumdæmi og sveitarfélög styrkja fræðslusamtök og félög á svæðum sínum í samræmi við reglur sem Menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. gr.

Níu manna fullorðinsfræðsluráð skal vera ráðgefandi og mótandi aðili í málum sem varða fullorðinsfræðsluna. Ráðið skal þannig skipað:

- a) Tveir fulltrúar hins opinbera.
- b) Fjórir fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.
- c) Þrír fulltrúar fræðslusambanda.

Ráðið kýs sér formann úr sínum hópi og setur sér starfsreglur sem Menntamálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Fræðsluráð fer með stjórn fullorðinsfræðslu í umdæmi sínu ásamt með þrem fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, einum tilnefndum af atvinnurekendum, tveim af verkalyðssamtökunum, svo og tveim fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka í umdæmunum, tilnefndum af hvorum aðila fyrir sig. Fræðsluráð og hinir fimm fulltrúar mynda fullorðinsfræðslunefnd fræðsluumdæmisins og starfar hún í samræmi við reglur sem Menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

II. KAFLI FRÆÐSLAN

8. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frummenntun eða býr m. a. undir að sanna með prófskilríkjum hliðstæða þekkingu og leikni, lýtur reglum sem Menntamálaráðuneytið setur.

9. gr.

Prófvottorð eða námsmat, sem byggt er á fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, jafngildir prófvottorðum eða námsmati samsvarandi stigs frummenntunar.

10. gr.

Fullorðinsfræðsla sem þáttur í atvinnulífínu fer eftir reglugerðum þar að lútandi.

11. gr.

Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið skal grundvallast á samvinnu milli skólayfirvalda á hverjum stað, samtaka starfsfólks og samtaka atvinnurekenda.

12. gr.

Þegar fræðslustarfsemi, sem nýtur opinbers styrks, er lögð atvinnufyrirtæki í hendur eða er framkvæmd á ákveðnum vinnustað, skal hún skipulögð og henni stjórnað sameiginlega af fulltrúum atvinnurekenda og starfsmanna fyrirtækisins. Svo skal og vera þótt fyrirtækið eða vinnustaðurinn hafi sérstakan starfsmann er hafi á hendi framkvæmd fræðslunnar.

13. gr.

Fræðslusambönd, sem mynduð eru af einstaklingum, félögum eða félagsheildum, en hafa með höndum fræðslustarf í landinu öllu, skulu hafa sjálfstæða stjórn og aðskilinn fjárhag. Slík fræðslusambönd skulu hafa hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins og hlíta reglum sem ráðuneytið setur.

14. gr.

Fræðslusamtök, sem hafa með höndum fræðslustarf fyrir fullorðna í fræðsluumdæmi, svo og fræðslufélög er starfa í ákveðnu sveitarfélagi, skulu hafa sjálfstæða stjórn og aðskilinn fjárhag. Slík fræðslusamtök og félög skulu hafa hlotið viðurkenningu fullorðinsfræðslunefndar í fræðsluumdæmi til að vera styrkhæf.

15. gr.

Fullorðinsfræðsla á vegum fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga getur náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi. Sú fullorðinsfræðsla nýtur ríkisstyrks samkvæmt reglum sem ráðuneytið setur. Styrkur til fræðslusamtaka og fræðslufélaga frá fræðsluumdæmum fer eftir reglum sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

16. gr.

Skipan þeirrar fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun, getur verið með ýmsu móti. Sérstöðu nýtur þar fullorðinsdeild sem samkvæmt lögum þessum er kennsluform er styrks nýtur eftir sömu reglum og frummenntun, sé hún í höndum hins lögbundna skólakerfis, en hlýtur styrk eftir ákvæðum þessara laga, sé hún falin fræðslusambandi.

17. gr.

Aðrir aðalþættir fullorðinsfræðslu eru:

- a) Námsflokkar sem njóta kennslu leiðbeinanda.
- b) Náms hópar sem njóta handleiðslu leiðbeinanda.
- c) Bréfaskólanám.

Ráðuneytið setur reglur um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta, svo og annarra er styrkhæfir teljast, svo sem námskeiða, stuðningskennslu, fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða og fleira.

18. gr.

Aðilar fullorðinsfræðslunnar skulu hafa rétt til að hagnýta kennslugagna- stofnun ríkisins á sama hátt og aðilar hins lögbundna skólakerfis.

19. gr.

Óski fullorðinsfræðslunefnd fræðsluumdæmis eftir að komið verði á fót kennslufræðilegri stöð vegna fullorðinsfræðslu í umdæminu, er Menntamálaráðuneytinu heimilt að veita leyfi þar til.

III. KAFLI

KENNARAR OG NEMENDUR

20. gr.

Um menntun, ráðningu og launakjör kennara fullorðinsfræðslu, sem ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag annast, gilda sömu ákvæði og um kennara frummenntunarinnar að því leyti sem við getur átt.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið metur hæfni og starfsreynslu kennara og leiðbeinenda fullorðinsfræðslu sem ekki er á vegum opinberra aðila þegar sú fræðsla er kostuð að meira en hálfu af hinu opinbera, enda eigi þeir kost á kennslufræðilegri menntun og/eða leiðbeinenda þjálfun. Þá skulu og kennarar fullorðinna einnig eiga kost á framhaldsnámi í kennslufræðum og setur ráðuneytið reglur þar um.

22. gr.

Stofna má stöðu skólastjóra og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinenda, hafi fullorðinsfræðsla ákveðinnar stofnunar orðið svo umfangsmikil að þess sé þörf. Líka má stofna stöðu námsleiðbeinanda vegna fullorðinsfræðslu við stofnun er veitir frummenntun samkvæmt lögum.

23. gr.

Ráðuneytið setur reglur um þátttöku í fullorðinsfræðslu sem tryggja að fræðslan sé frjáls og ná þær reglur einnig til áframhaldandi náms þeirra sem innritast hafa. Lágmarksaldur í fullorðinsfræðslu sem ekki er hliðstæð frumfræðslu má vera 14. ár. Aldrei getur þó slík fræðsla komið í stað skyldunáms.

24. gr.

Um fullorðinsfræðslu opinberra starfsmanna gilda þær reglur, sem ákveðnar eru í starfs- eða kjarasamningi. Hið sama á við um aðra aðila, sem tryggt hafa rétt til fullorðinsfræðslu í samningum sínum.

25. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem fellur undir 10. gr., skal að því er þátttakendur varðar fylgja ákvæðum reglugerðar.

26. gr.

Eftir því sem við verður komið skal skipuleggja fullorðinsfræðslu þannig að þátttakendur geti samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna.

27. gr.

Eigi skulu nemendur, er taka þátt í fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frummenntunar og rækt af opinberum aðilum, greiða námsgjöld. Sé sú fræðsla í höndum fræðslusambanda mega þau krefjast innritunargjalds.

IV. KAFLI

FJÁRVEITING TIL FULLORÐINSFRÆÐSLU OG FLEIRA

28. gr.

Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög standa straum af kostnaði við fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæða frummenntunar, samkvæmt ákvæðum laga um frumfræðslu, sé annað ekki tekið fram í lögum þessum. — Þeir sem slíkt nám stunda skulu njóta sama réttar til námslána og styrkja og þeir sem þátt taka í þeirri frummenntun sem styrkhæf er.

29. gr.

Starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu nýtur styrks samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar um, sem lúta bæði að kostnaði við kennslu og því að bæta þátttakendum vinnutap.

30. gr.

Sé fullorðinsfræðsla veitt í formi námsflokka og námshópa skal styrkur ríkisins nema 75% af sannanlegum kostnaði. Lágmarksfjöldi nemenda í námsflokki eða námshópi skal vera 8, en undanþágu má veita, þegar sérstaklega stendur á, og miða lágmark við 5 þátttakendur.

31. gr.

Fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% rekstrarkostnaðar, svo og útgáfukostnaðar, enda hafi Menntamálaráðuneytið áður fallist á útgáfu kennsluefnisins.

32. gr.

Fullorðinsdeild á vegum fræðslusambands, sem hlotið hefur leyfi Menntamálaráðuneytisins til slíkrar starfsemi, skal fá ríkisstyrk er nemur 75% kostnaðar, enda sé lágmarksnemendafjöldi í slíkri deild 15.

33. gr.

Um aðra fullorðinsfræðslu á vegum féлага, samtaka eða sambanda gilda ákvæði sem Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð og fjalla um erindaflutning, tónlistarstarfsemi, leiklistarstarfsemi, myndlist og annað sem talið er styrkhæft á grundvelli laga þessara.

34. gr.

Fræðslusambönd, sem hlotið hafa viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins, skulu fá styrk er nemur 75% af eftirfarandi:

- a) Stjórnunarkostnaði.
- b) Launum kennara og leiðbeinenda.
- c) Kostnaði við námskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu á sínum vegum.
- d) Kostnaði við stutt námskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur.

Skilyrði slíkra styrkja er að ráðuneytið hafi áður samþykkt áætlanir viðkomandi fræðslusambands á nefndum kostnaðarliðum.

35. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar stöðvar í fræðsluumdæmum sem hér segir:

- a) 50% af launum sérmenntaðs starfsliðs.
- b) 50% af útgjöldum vegna skrifstofuhalds.
- c) Byggingarstyrk sem Alþingi veitir.

36. gr.

Ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag lætur í té kennsluhúsnæði og tæki ásamt ljósi, hita, ræstingu og húsvörslu vegna fullorðinsfræðslu. Nefnd ákvæði skerða þó ekki umráðarétt fræðsluráðs og skólastjóra yfir fræðslustofnunum í þeirra umsjá.

37. gr.

Um hagnýtingu annars húsnæðis til fullorðinsfræðslu, svo og greiðslu til þeirra aðila sem slíkt kennsluhúsnæði láta í té, gilda ákvæði reglugerðar sem Menntamálaráðuneytið setur.

V. KAFLI
SÉRÁKVÆÐI

38. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um allt er lýtur að frekari framkvæmd laga þessara.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en komi til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárlögum til hinna ýmsu þátta fullorðinsfræðslunnar, er þau kveða á um. Þó skulu ákvæði 30. og 31. gr. laganna koma til framkvæmda eigi síðar en á fjárhagsárinu 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. til laga um fullorðinsfræðslu var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Nefndin sem samdi frumvarpið hefur fjallað um það á ný að beiðni ráðuneytisins og fékk ráðuneytið til samstarfs við nefndina alþingismennina Axel Jónsson og Inga Tryggvason. Nefndin hafði áður eða 16. nóvember 1974 gert tillögu og greinargerð um fjárframlög til fullorðinsfræðslu, sbr. fylgiskjal I. Eftir að hafa athugað frumvarpið milli þinga leggur fullorðinsfræðslunefnd til, að það verði lagt fyrir Alþingi á ný, óbreytt að öðru leyti en því, að aftan við 39. gr. („Lög þessi öðlast þegar gildi“) komi sú viðbót, sem þar greinir, og felur í sér að um framkvæmd laganna fari eftir fjárveitingum hverju sinni, nema hvað 30. og 31. gr., sem fjalla um námsflokka, námshópa og bréfaskóla, komi til framkvæmda eigi síðar en á árinu 1977.

Frv. er lagt fram á ný með framangreindri breytingu og greinargerð þeirri, sem fylgdi því í fyrra. Jafnframt eru birt eftirgreind fylgiskjöl:

- I. „Um fjárframlög til fullorðinsfræðslu“, dags. 16. nóv. 1974.
- II. Bréf fullorðinsfræðslunefndar, dags. 8. des. 1975.
- III. Bréf fullorðinsfræðslunefndar, dags. 19. febrúar 1975, ásamt umsögnum ýmissa aðila um frumvarpið.
- IV. Athugasemdir fullorðinsfræðslunefndar 1. október 1975 og umsagnir frá Háskóla Íslands, sendar með bréfi rektors, dags. 13. febrúar 1975.

I.

„SKIPUN OG STÖRF FULLORÐINSFRÆÐSLUNEFNDAR

1. Skipun nefndarinnar.

Með bréfi dagsettu 26. október 1971 skipaði Menntamálaráðuneytið nefnd er var falið „að gera tillögur um hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna er hafi m. a. það markmið að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga.“ Ennfremur segir í bréfinu: „Ber að skila tillögunum til ráðuneytisins í frumvarpsformi svo fljótt sem við verður komið.“

Í nefndina voru skipuð: Síra Guðmundur Sveinsson skólastjóri, formaður; Stefán Ögmundsson prentari, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands; dr. Matthías Jónasson, prófessor, samkvæmt tilnefningu Háskólaráðs; Andrés Björnsson útvarps-

stjóri, samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins; Gunnar Grímsson, starfsmannastjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga; Sigríður Thorlacius formaður Kvenfélagasambands Íslands, samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambandsins; Jónas B. Jónsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar, en Jónas lét af störfum í nefndinni í október 1973 og var þá Ragnar Georgsson skólafulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg í hans stað.

Nefndin kom saman á fyrsta fund miðvikudaginn 24. nóvember 1971. Á þeim fundi var Sigríður Thorlacius kjörin ritari nefndarinnar. Þá var ákveðið að halda fundi reglulega annan hvern miðvikudag. Fundir skyldu haldnir að Hamragörðum, félagsheimili samvinnumanna að Hávallagötu 24 og hefjast kl. 16.00. Þá var formanni falið að safna öllum tiltækum gögnum um fullorðinsfræðslu í nágrenna löndunum, einkum þó á Norðurlöndum.

2. Gagnasöfnunin.

Gagnasöfnun nefndarinnar og gagnakönnun stóð allt árið 1972 og fram á árið 1973. Menntamálaráðuneytið veitti mikla og margháttða aðstoð við að safna gögnum erlendis frá. Sérstaklega ber að nefna viðtækar heimildir um skipan fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Eftirfarandi kom í ljós við athugun nefndra heimilda:

Í Svíþjóð er fullorðinsfræðslan margbreytilegust og víðamest.

Í Danmörku einkennist fullorðinsfræðslan af dreifingu bæði í framkvæmd og lagasetningu.

Í Finnlandi er fullorðinsfræðslan tiltölulega ný af nálinni, en á allra síðustu árum hafa verið samþykkt margs konar sérlæg er snerta fullorðinsfræðsluna meira og minna.

Í Noregi hefur á þriðja ár verið unnið að samningu frumvarps um heildarskipan fullorðinsfræðslunnar. Drög að slíku frumvarpi voru gefin út ásamt víðamiklum skýringum í nóvember 1972 undir heitinu Vaksenopplæring for alle (NOU 1972:41). Voru þau drög og öll sú vinna, sem lá þar að baki, fullorðinsfræðslunefndinni til mikils ávinnings og auðveldaði störf hennar að miklum mun.

Þá kannaði fullorðinsfræðslunefndin einnig á þessum tíma nokkur rit og heimildir um fullorðinsfræðslu frá Bretlandi og Þýskalandi.

Frá Evrópuráðinu fékk fullorðinsfræðslunefndin bækur, rit og greinargerðir. Evrópuráðið hefur látið fræðslu fullorðinna mjög til sín taka, svo og nýtt menntakerfi, ævimenntun.

Þá aflaði fullorðinsfræðslunefndin sér gagna frá Unesco, menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna. Unesco hefur haldið þrjár alþjóðaráðstefnur um fullorðinsfræðslu, í Helsingør í Danmörku 1949, í Montreal í Kanada 1960 og í Tókíó í Japan 1972. Sérstaklega var fjallað um ítarlega skýrslu um síðustu ráðstefnuna og ýmiss konar gögn og athuganir sem verið höfðu grundvöllur og forsenda umræðna á ráðstefnunni og einstakir aðilar komið á framfæri.

Til þess að afla upplýsinga um fullorðinsfræðslu hérlendis ritaði nefndin 21 aðila, þeim er einkum höfðu látið slíka fræðslu til sín taka, og bar fram fyrirspurnir um ýmis atriði þeirrar fræðslu. Svör bárust frá 12 aðilum. — Þá bárust nefndinni gögn frá Skálholtsskólafélaginu, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Þórarni Þórarinsyni fyrrum skólastjóra og fleirum.

3. Samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu.

Í september 1972 var á vegum Norrænu menningarstofnunarinnar, Nordisk kulturelt Samarbeide, NKS, skipuð samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu, Styringsgruppe for voksenundervisningen i Norden. Nefnd þessi var skipuð fyrir atbeina embættismannanefndar NKS og átti hvert Norðurlandanna að eiga þar einn fulltrúa. Formaður íslensku fullorðinsfræðslunefndarinnar Guðmundur Sveinsson var tilnefndur sem fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni. Nefndin hlaut tvö verkefni

sérstaklega til úrlausnar: Annað lýtur að tilraun með nýja kennsluhætti í fullorðinsfræðslu, svonefnd NOVUprogram (Nordisk Vuxenutbildning). Hitt fólst í gagnasöfnun um fræðslu fullorðinna á Norðurlöndum, kallað „kortlægnings-projektet“. Síðara verkefnið snerti verulega störf fullorðinsfræðslunefndarinnar. Að tillögu stjórnar-nefndarinnar var gerð veruleg breyting á tilhögun gagnasöfnunarinnar. Í stað þess að upphaflega var áformað að einn maður, Sviinn Erik Norberg, annaðist gagnasöfnunina var í desember 1972 lagt til að tilteknir aðilar í hverju landi tækju að sér að sjá um framkvæmdina. Heildarfrjálsfræðsluátt, er greiða átti fyrir gagnasöfnunina sjálfa, var ákveðin 15 þúsund krónur danskar og komu þannig 3 þúsund í hlut hvers hinna fimm landa. — Fullorðinsfræðslunefndinni íslensku var falið að annast gagnasöfnunina á Íslandi og ráða mann til verksins. Nefndin réð Hrafn Magnússon kennara í Bifröst. Hann hóf þegar vorið 1973 að vinna að gagnasöfnunni. Hrafn fékk Menntamálaráðuneytið til að birta auglýsingu um gagnasöfnunina, tilgang hennar og aðalverkefni. Var þess óskað að allir einstaklingar eða félög sem haft hefðu fullorðinsfræðslu á hendi, gæfu sig fram og létu ráðuneytinu og fullorðinsfræðslunefndinni umbeðnar upplýsingar í té. — Þá skrifaði Hrafn Magnússon 175 félögum, stofnunum og einstaklingum bréf þar sem gerð var grein fyrir gagnasöfnuninni og lét fylgja spurningarlista er útfylla átti.

4. Fyrstu drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu.

Það var snemma árs 1973 að formaður fullorðinsfræðslunefndarinnar lagði fram í nefndinni fyrstu drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. Undanfari frumvarpsdraganna var nákvæm athugun og könnun á drögum norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar, en ritari íslensku nefndarinnar Sigríður Thorlacius hafði þýtt bæði drög meirihluta norsku nefndarinnar sem samin voru á norsku landsmáli (nýnorsku) og drög minnihluta sömu nefndar, en þau voru samin á ríkismáli. — Hvor tveggja frumdrögin birtust ásamt ítarlegum greinargerðum í ritinu Váksenopplær-ing for alle, er kom út í nóvember 1972.

Voru hin norsku frumvarpsdrög vandlega rædd á fyrstu fundum fullorðinsfræðslunefndarinnar árið 1973 og borin saman við önnur norræn lög um fullorðinsfræðslu sem nefndin hafði undir höndum.

Fyrstu drögin að íslensku frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu voru endurskoðuð rækilega og þeim breytt í verulegum atriðum í meðförum nefndarinnar. Var svo komið í júnímánuði 1973 að fullorðinsfræðslunefndin hafði komið sér saman um svo veigamikil aðalatriði frumvarps til fullorðinsfræðslulaga að samþykkt var að láta fjölríta frumvarpsdrögin í því formi sem þau þá voru og senda þau síðan til umsagnar 28 aðilum. Var óskað umsagna og ábendinga varðandi drögin.

Þessir tuttugu og átta aðilar áttu að vera fulltrúar þriggja mismunandi heilda er hlutu að láta sig fullorðinsfræðslu miklu varða. Hinar þrjár heildir og fulltrúar hverrar um sig voru eftirfarandi:

- a) **Tíu aðilar hins lögbundna skólakerfis:** Fræðsluráð Reykjavíkur, Fræðsluráð Akureyrar, Fræðsluráð Ísafjarðar, Fræðsluráð Árnessýslu, Fræðsluráð Egilsstaðahrepps, Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntaskólinn við Hamrahlíð vegna „öldungardeildar“ skólans, Laugalækjarskólinn í Reykjavík vegna Kvöldskólans er þar starfaði, Háskólaráð og loks Fræðslumyndasafn ríkisins.
- b) **Níu aðilar tengdir vinnumarkaðinum og atvinnuvegum landsmanna:** Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stjórnunarfélag Íslands, Iðnnemasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands og loks Iðnfræðsluráð.
- c) **Níu aðilar frjálsra félagasamtaka er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni:** Æskulýðssamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Samband íslenskra samvinnufélaga, Íþróttasamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Íslenska þjóðkirkjan og loks Samband íslenskra námsmanna erlendis S.Í.N.E.

Nefndin óskaði að svör hefðu borist í síðasta lagi um miðjan september, enda var ætlunin að halda síðan fundi með þeim aðilum er fengu frumvarpsdrögin til umsagnar.

Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Iðnnemasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íslensku þjóðkirkjunni, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Fræðsluráði Reykjavíkur, Fræðslumyndasafni ríkisins, Kvenfélaga-sambandi Íslands og Stjórnunarfélagi Íslands, alls 13 aðilum.

5. Gagnasöfnun og umræðufundir.

Sumarið 1973, meðan beðið var svara frá hinum 28 aðilum, er fengu frumvarpsdrögin til umsagnar, var unnið sleitulaust að söfnun og úrvinnslu gagna um þá fullorðinsfræðslu sem þegar var fyrir hendi í landinu. Var gengið frá fyrstu greinargerð um niðurstöður könnunarinnar í ágústmánuði 1973. Í september sóttu Hrafn Magnússon og Guðmundur Sveinsson fund sem haldinn var á lýðháskólanum í Skælskór á Sjálandi. Þar voru saman komnir allir þeir einstaklingar sem unnu að gagnasöfnun um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum ásamt hinni samnorrænu stjórnarnefnd fullorðinsfræðslunar. Voru á fundi þessum lögð fram fyrstu drögin að framangreindri gagnasöfnun á Norðurlöndunum fimm. Nokkuð þótti skorta á að samræmi væri í könnun og úrvinnslu gagna. Var því á fundinum í Skælskór gengið frá formi er lagt skyldi til grundvallar áframhaldandi könnun, en þó einkum framsetningu og niðurstöðum einstakra þátta og atriða. —

Í samræmi við ákvarðanir fundarins í Skælskór var síðan unnið að nýrri gerð skýrslu um fullorðinsfræðslu hér á landi. Sú nýja gerð var tilbúin í byrjun október 1973.

Fullorðinsfræðslunefndin ræddi athugasemdir og ábendingar sem nefndinni bárust, svo og niðurstöður gagnasöfnunarinnar jafnóðum og þær lágu fyrir. Þannig bættist nefndinni mikill fróðleikur um stöðu fullorðinsfræðslunnar í nágrannalöndunum sem og hér á landi, en jafnframt komu fram hugmyndir um æskilega framvindu og eflingu fullorðinsfræðslunnar.

Að fengnum slíkum gögnum og lokinni könnun þeirra ákvað fullorðinsfræðslunefndin að boða til umræðufunda með þeim aðilum er fengið höfðu frumvarpsdrög hennar til umsagnar og áður getur. Var ákveðið að halda þrjá slíka fundi og miða við hina þrenns konar aðila eins og fyrr var frá greint.

Fyrsti fundurinn var haldinn þriðjudaginn 19. október og skyldi sá fundur haldinn með aðilum hins lögbundna skólakerfis. Á þeim fundi mættu með nefndinni aðeins tveir fulltrúar: Páll Lindal vegna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðsluráðs Reykjavíkur og Þráinn Guðmundsson frá Laugalækjarskólanum á vegum Kvöldskólans.

Annar fundurinn var haldinn 25. október og voru boðaðir þangað fulltrúar frjálsra félagssamtaka, er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni. Til fundarins komu: Sigurður Markússon framkvæmdastjóri Skipulags- og fræðsludeildar SÍS, Jón Ragnarsson frá Æskulýðssambandi Íslands, Hjörleifur Sigurðsson og Baldur Óskarsson frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Sigurveig Sigurðardóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þórarinn Þórarinsson og Jónas Pálsson frá menntamálanefnd þjóðkirkjunnar, Sigrún Sigurgeirsdóttir frá Bandalagi íslenskra skáta og Hannes Þ. Sigurðsson frá Íþróttasambandi Íslands.

Þriðji fundurinn var haldinn 30. október með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þann fund sóttu Friðrik Sófusson frá Stjórnunarfélagi Íslands, Óli Valur Hansson frá Búnaðarfélagi Íslands, Barði Friðriksson og Gunnar Björnsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Rúnar Bachmann frá Iðnnemasambandi Íslands, Ólafur Hannibalsson og Hjörleifur Sigurðsson frá Alþýðusambandi Íslands og Óskar Guðmundsson frá Iðnfræðsluráði.

Mjög hreinskilin og einarðleg skoðanaskipti fóru fram á öllum þessum fundum og vörpuðu þeir að mörgu leyti nýju ljósi á vanda, verkefni og fjölbreytni fullorðinsfræðslunnar.

6. Ný drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. — Gagnasöfnun og úrvinnslu hennar endanlega lokið.

Eftir umrædd fundahöld og að fengnum margvíslegum ábendingum og tillögum, svo og með hliðsjón af framvindu gagnasöfnunarinnar, tók fullorðinsfræðslunefndin til við að endursemja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Voru endursamin drög lögð fram í nóvember 1973.

Þau drög voru síðan rædd ítarlega á fundum nefndarinnar næstu mánuði. Kom í ljós nokkur skoðanaágreiningur í nefndinni um ýmis ákvæði og atriði. Voru allir nefndarmenn sammála um að þann skoðanamun yrði að jafna og finna frumvarpinu það form og framsetningu er allir gætu sameinast um. — Þessu marki var náð snemma árs 1974 nokkurn veginn samtímis því að endanlega var gengið frá loka-skýrslu um gagnasöfnun varðandi fullorðinsfræðsluna á Íslandi.

7. Greinargerð um frumvarpið í heild og einstakar greinar þess.

Mikill tími hefur á þessu ári, 1974, farið í samningu greinargerðar um frumvarpið og endurskoðun hennar. Var formanni fullorðinsfræðslunefndarinnar falið að semja drög að greinargerð, en nefndin í heild hefur síðan fjallað um greinargerðina, endurskoðað hana og umsamið uns hún tók á sig þá mynd er hún birtist hér í. Var greinargerðin endanlega samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar, sem var 50. fundur hennar, 10. maí 1974. Formanni og ritara var falið að sjá um frekari vinnu varðandi endanlega afhendingu frumvarps og greinargerðar.

II

AÐALHUGTÖK SKÝRÐ

1. Ævinmenntun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á nýju menntakerfi með þjóðinni, ævinmenntun. Er þar vikið að skipan menntamála, sem á þegar langa sögu að baki. Sú saga verður ekki rakin hér. Á hitt skal minnt sérstaklega, að þrjár alþjóðlegar stofnanir hafa fjallað um þetta fræðslukerfi framtíðarinnar og leitast við að vekja á því athygli.

Það var á annarri ráðstefnu Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna, Unesco, um fullorðinsfræðslu, sem haldin var í Montreal í Kanada árið 1960, að fram kom skýr túlkun á þessari fræðsluskipan og var henni þá valið heitið „Life-long integrated education“, þ. e. a. s. ævinmenntun er byggð væri upp með því að skapa samfellda heild úr mörgum þáttum. Frá Unesco er þannig sjálft ævinmenntunar-hugtakið komið. Jafnframt er þaðan sú skilgreining þess, að í ævinmenntun komi saman tveir meginþættir, hið lögbundna skólakerfi og nýr þáttur, er ætla þurfi sambærilegan hlut við hlið þess.

Frá því árið 1966 hefur Evrópuráðið eða ein af fræðslunefndum þess, þ. e. Out-of-School Committee, er starfar á vegum The Council for Cultural Cooperation, CCC, fjallað um sams konar fræðslukerfi undir heitinu Permanent Education, menntun sem stöðugt varir. Hefur Evrópuráðið hvatt aðildarlönd sín til að gefa hinu nýja fræðslukerfi gaum og reyndar gert eins konar áætlun um hugsanlegan framgang málsins, þ. e. hversu hinu nýja menntakerfi yrði komið á í áföngum. Hefur Evrópuráðið kallað tímabilið frá 1966—1971 hugtakaskeiðið, en með árinu 1972 hófst framkvæmdaskeiðið. Hafa áætlanir verið gerðar um, hvernig staðið skuli að framkvæmd málsins til ársins 1978.

Enn hefur Efnahags- og framkvæmdastofnunin, O.E.C.D. látið sig varða þetta framtíðarkerfi menntunar í aðildarríkjum sínum og valið því nafnið **Recurrent Education**, þ. e. a. s. menntun, sem fram fer aftur og aftur. Hefur hugtak O.E.C.D. réttilega verið þýtt á íslensku með orðinu **símenntun**. Hefur það nafn verið notað nokkuð hér á landi í umræðu um framtíðarskipan fræðslumála.

Tillögur O.E.C.D. eru um margt sérstæðar. Eiginlega er gert ráð fyrir að skóla-göngu í þeim skilningi sem venjulega er lagður í orðið ljúki með skyldunámi. Eftir það verði nám og störf úti í atvinnulífinu tengd saman og námsáfangar stytta svo að aldrei rofni samband þar á milli (sbr. ritið *Recurrent Education: A strategy for Lifelong Learning*, bls. 24—25.)

Jafnframt því sem það er tekið fram í frumvarpinu að menntakerfi þjóðarinnar skuli vera **ævimenntun**, er það áréttað að í ævimenntuninni felast tveir þættir, annars vegar hið lögbundna skólakerfi sem í frumvarpinu er kallað einu nafni **frummenntun** hins vegar nýr þáttur, **fullorðinsfræðsla**. Um leið og þessarar tvískiptingar er getið, er það tekið fram að báðir þættirnir, **fullorðinsfræðslan** og **frummenntunin** skuli vera jafnrétt háir.

2. Frummenntun.

Frummenntun er hugtak sem í frumvarpinu er notað um það, sem á tungum annarra þjóða norrrænna er nefnt „**förstegangsopplæring**“ (norska hugtakið er tilgreint), en á ensku „**formal education**“. **Frummenntunin** felur í sér nær alla þá fræðslu sem nú er veitt í landinu og nær þá auðvitað yfir öll fræðslustig hins lögbundna skólakerfis, hvort sem þau eru fjögur eins og nú hagar til eða verða þrjú sem til er ætlast eftir gildistöku grunnskólalaganna, svo og laganna um skólakerfi.

Með hugtakinu **frummenntun** er þannig í frumvarpi þessu átt við alla lögbundna fræðslu sem fyrir er í landinu, allt frá grunnskóla til háskóla. Þar eru og taldir með allir sérskólar sem reknir eru á grundvelli laga og tengjast með einhverju móti hinu lögbundna skólakerfi. (Sbr. skilgreiningu norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar á frumfræðslu og upptalningu á lögum þeim, er hún nær til, **Vaksenopplæring for alle**, bls. 106).

3. Fullorðinsfræðsla.

Fullorðinsfræðsla er nýr þáttur í íslenskum fræðslumálum. Honum er ætlað mikið hlutverk eins og fram kemur í frumvarpinu. Ætlunin er að lögbinda ákveðna þætti fræðslu sem veitt er nú þegar í landinu, svo sem **námsflokkastarfsemi**, **bréfa-skólanám**, svo og **félagslega** og **menningarlega** fræðslu af ýmsu tagi sem látin er í té með **leshringastarfsemi**. Þá skal enn fremur styrkja verulega tilraunir sem þegar hafa verið gerðar til fræðslu í atvinnulífinu af fjölmörgum aðilum þess. En um hitt er ekki minna vert að skapa á möguleika til nýrra fræðslu- og menningarþátta sem ekki hafa enn verið ræktir, sumpart vegna fjárskorts, en fremur þó vegna vöntunar á skipulagi og heildarstefnu.

Um þróun fullorðinsfræðslunnar hér á landi og í nágrannalöndunum verður ekki fjallað í þessari greinargerð, en vísað í því sambandi til erinda sem flutt voru í útvarp vorið 1973 og fylgja frumvarpinu sem fylgiskjöl. Þá skal enn vísað til erindis sem flutt var á ársfundi MFA í nóvember 1972 og greinir frá þróun fullorðinsfræðsluhugtaksins á alþjóðaráðstefnum Unescos, Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna. En stofnunin hefur haldið þrjár ráðstefnur um fullorðinsfræðslu. Einnig það erindi fylgir frumvarpinu um sérstakt fylgiskjal.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að hinn nýi þáttur menntamála, sem frumvarp þetta tekur til, skuli kallast **fullorðinsfræðsla**. Heitið fullorðinsfræðsla er að mati nefndarinnar engan veginn áhrifamikið heiti. Öðru nær. Það felur í sér sömu vandræðalausnina og heiti frændþjóða okkar á Norðurlöndum, **voksenunder-**

visning (á dönsku), **vaksenopplæring** eða **voksenopplæring** (á norsku) og **vuxenutbildning** (á sænsku, en sama nafn er notað af sænskumælandi Finnum). Mun betur hefur til tekist um heiti þessa þáttar menntunarinnar í enskumælandi löndum. Þar sem hann er kallaður **adult education**. Í hugtakinu felst ekki aldursákvörðun einvörðungu heldur jafnframt þroski og dómgreind. — Einmitt þær nafngiftir sem umræddum fræðsluþætti hafa verið valdar á Norðurlöndum, að kenna hann við hugtakið „fullorðinn“ hefur valdið því að þurft hefur sérstaklega að skilgreina hvað átt væri við með hugtakinu „fullorðinn“ í þessu sérstaka sambandi. (Sbr. skilgreiningar Dana, Svía og Norðmanna, er settar voru fram í tilefni þriðju alþjóðaráðstefnu Unesco um fullorðinsfræðslu í Tokió 1972.)

Þar sem nefndin var eins og fyrr segir engan veginn ánægð með hugtakið fullorðinsfræðsla, var leitað eftir öðru heiti sem betur hæfði. Ekki reyndist um auðugan garð að gresja. Taldi nefndin tæpast um annan kost að ræða en hugtakið **eftirmenntun** sem komið gæti til greina. Ræddi nefndin þann möguleika sérstaklega að kalla umræddan fræðsluþátt **eftirmenntun**. Eftir ítarlega athugun og umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hið síðara hugtak hefði að visu nokkra kosti, en einnig augljósa galla. Af kostum hins síðara heitis var sá talinn mikilvægastur að hugtakið **eftirmenntun** gæti virst eðlileg samsvörun hugtaksins **frummenntun**, sem tekið var upp í frumvarpið. Af ágöllum þessa heitis voru aftur á móti tveir augljósastir. Annar var sá að hugtakið **eftirmenntun** virðist mun þrengra en hugtakið fullorðinsfræðsla og raunar tæpast taka til annarra þátta en þeirra sem koma á eftir **frummenntuninni** eða hafa hana sem forsendu, þ. e. a. s. menntun eða fræðslu sem „kemur á eftir einhverri annarri menntun.“ En svo er engan veginn um alla þá fræðslu sem umrætt frumvarp tekur til. Mikið af þeirri fræðslu kemur ekki á eftir, heldur er hliðstæða eða nær til alveg sjálfstæðra fræðsluþátta sem ekki koma á eftir einhverju öðru. (Sbr. skilgreiningu samsvarandi heitis í norsku riti: **Etterutdanningspolitik**, bls. 36 svo og bls. 45—46.)

Hinn ókosturinn er sá að hugtakið **eftirmenntun** er algerlega nýtt heiti sem hvergi hefur komið fram í umræðum um þann fræðsluþátt er frumvarpið nær til. Það verður aftur á móti ekki sagt um fyrri kostinn að kenna þá fræðslu við fullorðna. Má jafnvel segja að hugtakið fræðsla fullorðinna hafi þegar unnið sér nokkra hefð í íslensku máli.

Þá kom enn til álita í nefndinni hvort eðlilegra væri að kalla þann fræðsluþátt, sem frumvarpið lýtur að, **fullorðinsfræðslu** eða **fullorðinnafræðslu**, þ. e. hvort heldur ætti að nota eintölumynd eða fleirtölumynd orðins **fullorðinn** í fyrri hluta hugtaksins. Þótt nefndin liti svo á að hér væri ekki um veigamikið atriði að ræða taldi hún eðlilegra að leggja til að styttri orðamyndin yrði notuð, **fullorðinsfræðsla**. Mætti að öðru jöfnu búast við að sú mynd yrði almenningi munntamari þegar til lengdar léti. Er sú tilhneiging í málinu auðsæ að stytta orðmyndir. Sé um tvær orðmyndir að ræða, veitir hinni styttri jafnan betur þegar fram í sækir.

4. Markmið fullorðinsfræðslunnar.

Markmið eða takmark fullorðinsfræðslunnar er að skapa öllum skilyrði til þroska, segir í frumvarpinu. Með þessu er lögð áhersla á að fræðsla skuli ekki aðeins auka þekkingu þeirra sem hennar njóta, heldur veita tækifæri til alhliða mótunar og ræktunar persónuleikans.

Fræðsla á ekki að vera einvörðungu söfnun þekkingaratriða, heldur ná til persónuleika mannsins og veita almenn þroskaskilyrði. Er þetta álit nefndarinnar áréttað með því að sá þroski, sem veitist, skuli bæði taka til mannsins sem einstaklings og þjóðfélagsþegns. Hér er að sjálfsgöðu dvalið við veigamikið atriði í túlkun allrar menntunar á okkar dögum. Mun ekki frekar að því flókna vandamáli vikið hér í þessari greinargerð, en aðeins bent á þrjú atriði til rökstuðnings: Í fyrsta lagi er hér um að ræða hina almennu umræðu um það, í hverju menntun sé raunveru-

lega fólgin og þá hallast að þeim skilningi að hún eigi að veita hvort tveggja í senn þekkingu og þroska. Í öðru lagi er svo umræða sú, er fram fer um þátt sérfræðinganna, (specialistanna) í menningarsamfélagi okkar, en jafnframt hitt, hversu æskilegt sé að auka þátt hinna sem alhliða menntunar hafa notið og verða því menn yfirsýnar og víðsýni, talsmenn þess að taka tillit til sem flestra aðila og viðhorfa í hverju máli. Í þriðja lagi er svo hin mikla áhersla, sem á seinni árum hefur verið lögð á mikilvægi persónuleikans á Vesturlöndum.

5. Jafn réttur fullorðinsfræðslu og frummenntunar.

Um jafnan rétt hinna tveggja þátta ævimenntunarinnar, þ. e. fullorðinsfræðslunnar og frummenntunarinnar mætti ætla, að skoðanir væru skiptar. Þá hefðu menn ekki síst í huga að fyrst gæti verið um jafnan rétt að ræða, þegar fullorðinsfræðslan væri orðin álika umfangsmikil, að kallaði á álika mikið fjármagn til hennar og lagt væri af mörkum til frumfræðslunnar. Ljóst er að sjálfsögðu að slíkt getur ekki gerst á skömmum tíma. Með áherslu á hinn jafna rétt er á þessu stigi átt við tvennt öðru fremur:

- a) Nám það og fræðsla, sem stundað er og veitt á grundvelli laga um fullorðinsfræðslu, skal á allan hátt metið jafngilt því námi og þeirri fræðslu, sem stundað er og veitt á grundvelli laga um frumfræðslu. Skal vera hægt að sýna fram á með námsmati og prófum að um hliðstæðu sé að ræða.
- b) Um er að ræða hiklausa stefnuyfirlýsingu þess efnis að engu minni rækt verði við það lögð að byggja upp, þróa og efla fullorðinsfræðsluþáttinn en frumfræðsluþáttinn. Ætlunin skal ekki vera að gera fullorðinsfræðsluþáttinn að hornreku í menntakerfi þjóðarinnar, til dæmis með því að lita á þann þátt sem uppfyllingarþátt og viðauka við frumfræðsluþáttinn, en hafna sérstöðu hans og sjálfstæðu gildi. Á hinu síðast nefnda er mikil hætta og þarf naumast að fara um hana fleiri orðum. (Sbr. hér stefnuyfirlýsingu Stórbingsins norska frá 20. júní 1965, St. prp. no. 92 (1964—1965), einkum bls. 25—26).

Varðandi hinn jafna rétt beggja þátta ævimenntunarinnar, fullorðinsfræðslunnar og frumfræðslunnar að því er fjárframlög snertir, má benda á eftirfarandi niðurstöðu sem komist var að í tímariti sem gefið var út í Danmörku: „Nyt om livs-languddannelse/udvikling“. Tímarit þetta var gefið út í sambandi við undirbúning að þriðju alþjóðaráðstefnu Unescos um fullorðinsfræðslu. Í því hefti tímaritsins, sem gefið var út eftir nefnda ráðstefnu, segir svo undir fyrirsögninni: „Fjármögnun: Þar sem fullorðinsfræðslan, þegar á heildina er litið, er yngsti þáttur fræðslukerfisins, hefur reyndar í mörg ár verið hornreka og svo litið á í mörgum löndum að fullorðinsfræðslan sé óþarfi og íburður, er auðskilið að fé sem til hennar hefur verið veitt er næsta litið þegar litið er á veröldina sem heild (0.002% af opinberum fjárframlögum). — Forystumenn margra ríkja hafa þó komist að þeirri niðurstöðu á síðustu árum að svið fullorðinsfræðslunnar sé hið mikilvægasta að stuðla að hagkvæmri og mennskri þróun. Því er svo komið að framlög til fullorðinsfræðslu í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum eru nú næstum jafnmikil og framlög til frummenntunar (sbr. nr. 8—9 (1972) bls. 174).

6. Þrískipting fullorðinsfræðslunnar.

Í frumvarpinu eru ákvæði um sundurgreiningu fullorðinsfræðslunnar í þrjá flokka. Er svo kveðið á að fullorðinsfræðslan geti verið skólanám ætlað fullorðnum, þ. e. þeim sem horfið hafa að störfum í atvinnulífinu um nokkurt skeið, skal það skólanám sem hér um ræðir vera að eðli og innihaldi bein hliðstæða frummenntunarinnar. Þá á fullorðinsfræðslan í öðru lagi að geta verið hvers konar nám sem tengist atvinnulífi landsmanna og ekki er bundið í öðrum lögum, enda þótt það nám geti

verið að eðli hliðstætt sumum greinum frummenntunar og falli því jafnframt undir þann flokk sem nefndur var fyrst. Til aðgreiningar er þetta afbrigði fullorðinsfræðslunnar kallað **starfsnám** vegna hins sérstæða sambands þess við störf og atvinnu. Ekki á þó í því að felast bein lýsing á náminu sjálfu, námstilhögun eða kennsluformi. Getið er sérstaklega um fjölbreytni í námi þessu, enda má ætla að það kunni að hafa nokkra sérstöðu einmitt að því er til hennar tekur. Loks er getið þriðja heildarflokks fullorðinsfræðslunnar, en hann er hér kenndur við frjálst nám og frístundamenntun.

Þessi skipting fullorðinsfræðslunnar í þrjá aðalflokka er í fullu samræmi við þá skipan sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar þótt hennar gæti að vísu misjafnlega skýrt í lagasetningu og framkvæmd.

a) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Svíþjóð.

Fullorðinsfræðslan er á margan hátt lengst á veg komin í Svíþjóð, enda á hún þar lengsta hefð að baki. Ennþá er að vísu ekki um heildarlöggjöf að ræða í Svíþjóð varðandi fullorðinsfræðsluna. Eftirfarandi sænsk lög og reglugerðir gefa hugboð um þá aðgreiningu í aðalflokka, sem hér er til umræðu:

a) Um skólanámið.

Kungl. Maj:ts kungörelse om kommunal och statlig vuxenutbildning, given Stockholm slott den 27. maj. 1971 SFS 1971:424.

b) Um starfsnámið.

Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till löntagerorganisationernas centrala kursverksamhet. SFS 1970: 272.

Arbetsmarknadskungörelsen. SFS 1972: 300.

Kungl. Maj:ts kungörelse ang. yrkesutbildningskurs för arbetslösa.

SFS 1972: 818.

c) Frjáls nám og frístundamenntun.

Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivillige folkbildningsarbetet. SFS 1963: 463.

Þá má enn vekja sérstaklega athygli á lögum og reglugerð í Svíþjóð frá síðasta ári varðandi fjárframlög til að auðvelda fólki að hagnýta sér öll þau afbrigði fullorðinsfræðslu sem nú hafa verið nefnd, en þar er um eftirfarandi að ræða:

Studiestödslagen

SFS 1973: 349.

Studiestödskungörelsen

SFS 1973: 418.

b) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Finnlandi.

Í Finnlandi er þróun fullorðinsfræðslunnar skemmra á veg komin en í Svíþjóð. Þar má samt engu að síður greina hina sömu þrískiptingu og kemur hún fram í eftirfarandi:

a) Skólanám.

Lag och förordning om statens aftonläroverk och aftonlinjer vid statens läroverk 116/68 og 172/68.

b) Starfsnám.

Lag och förordning om sysselsättnings befrämjande kursverksamhet 493/65 och 494/65.

c) Frjálst nám og frístundamenntun.

Lag och förordning om statsbidrag åt medborgar-och arbetarinstitut 521/62 og 386/63.

Lag och förordning om statsbidrag för studiecirkelverksamhet 186/64 og 621/64.

Lag och förordning om statsbidrag för idrottsinstitut 516/62 och 401/63.

Lag och förordning om statsbidrag för musikinstitut 147/68 og 206/68.

Þá ber enn að nefna tvenn lög og reglugerðir sem Finnar telja að fjalli um fullorðinsfræðslu, en þar er um að ræða:

Bibliotekslagen och förordningen 235/62 och 268/62.

Lag och förordning om statsbidrag för folkehögskolor 556/69 och 4/70.

Má af þessari upptalningu sjá að hinn þriðji heildarflokkur fullorðinsfræðslunnar, frjálst nám og frístundamenntun, er hlutfallslega viðamestur í Finnlandi.

c) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Danmörku.

Í Danmörku hefur þróunin á margan hátt orðið sérstæð, enda hafa Danir orðið að taka sérstakt tillit til hinnar ríku og grónu hefðar lýðháskólanna dönsku. Lýðháskólarnir dönsku koma raunverulega við sögu í öllum þrem heildarflokknum sem áður hafa verið nefndir. Ber að hafa það í huga þegar lög og reglugerðir Dana á þessu sviði eru metnar og hafðar til hliðsjónar.

Lagagrundvöllur fullorðinsfræðslu Dana er sem hér segir:

- a) Lov nr. 299 af 6. júní 1968 (med senere ændringer) om fritidsundervisning m. v.
- b) Lov nr. 259 af 4. júní 1970 om folkehøgskoler, landsbrugsskoler, husholdningsskoler og efterskoler.
- c) Bekendtgørelse af 2. júní 1971 af lov om erhvervsmæssig uddannelse af specialarbejdere m. fl. og omskoling.

Framkvæmd hinna tveggja fyrrgreindu laga er í höndum Direktoratet for ungdomsundervisningen í Menntamálaráðuneytinu. Þau lög taka til þess sem í frumvarpinu er kallað skólanám hliðstætt frumfræðslunni (a) svo og frjálst nám og frístundamenntun (a og b). Framkvæmd síðustu laganna (c) er aftur á móti í höndum Atvinnuáráðuneytisins, en þau lög svara til starfsnámsins í frumvarpinu.

Þannig kemur raunverulega fram sú þrískipting sem áður er nefnd. Þá má í þessu sambandi benda á þátt í hinu mikla riti, er hefur að geyma áætlun um framtíðarþróun danskra efnahags- og menningarmála: „Perspektivplanlægning 1970—1985“. Þar er tekið svo til orða um framtíðarskipan fullorðinsfræðslunnar í Danmörku:

„Rétt er að greina sundur þrjú aðalverkefni fullorðinsfræðslunnar:

- a) — að veita fullorðnu fólki, sem ekki hefur öðlast nægilega undirbúningsmenntun, frekari frummenntun síðar (fullorðinsfræðsla sem stefnir að prófum eða námsmati).
- b) — að eftirmennta og jafnvel ummennta fullorðna með tilliti til aukinnar þekkingar og tækni (fullorðinsfræðsla, sem tekur mið af atvinnulífínu).
- c) — að tryggja framboð á frístundafræðslu er veitir almenna menntun.“

d) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Noregi.

Beina fyrirmyndin að því frumvarpi sem fullorðinsfræðslunefndin hefur samið, er í veigamiklum atriðum sótt til Noregs. Þar hefur líka sú stefna verið mótuð sem lögð hefur verið til grundvallar í frumvarpinu. Tvennt er þar áhrifaríkast: annars vegar heildarstefnan, hins vegar þrískipting fullorðinsfræðslunnar. Vikið mun nokkuð að hvoru fyrir sig.

Heildarstefna var mörkuð um fræðslu fullorðinna í Noregi með þingsályktunartillögu sem lögð var fram í norska Stórþinginu 1964—1965, St. prp. no. 92 (1964—1965) og samþykkt 20. júní 1965. Þar segir í lokakafli ályktunarinnar:

„Kirkju- og menntamálaráðuneytið leggur til að þróun fullorðinsfræðslunnar verði í samræmi við þá heildarstefnu sem hér er mörkuð:

- I. Fullorðinsfræðslan skal vera hliðstæða frumfræðslunnar í menntakerfinu. Hún skal þess vegna efla til að veita fullorðnum tækifæri til áframhaldandi mennt-

unar, bæði almennrar menntunar og iðnaðar- og fagmenntunar. Líta ber á almennu menntunina og fagmenntunina í tengslum hvora við aðra og skulu metnar að jöfnu.

- II. Allir eiga að fá tækifæri til að sanna þekkingu sína og hæfni án tillits til þess hvernig þekkingarinnar hefur verið aflað. Veita skal heimild til að ljúka prófum í áföngum, þannig að lokaprófi verði dreift.
- III. Kennslugögn og kennslubúnað mismunandi skólagerða má hagnýta við fræðslu fullorðinna að svo miklu leyti sem hægt er að samræma það venjulegri kennslu viðkomandi stofnunar.
- IV. Um öll þau vandamál á sviði kennslufræði svo og kennsluhátta, sem fram koma í fullorðinsfræðslunni, skal fjallað á vísindalegum grundvelli. Starfslið það, er hafa á fræðslu fullorðinna á hendi, skal hljóta kennslufræðilega menntun sem miðuð er við störf á umræddu sviði.
- V. Núverandi fræðsluferfi skal bera ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem miðar að lokaprófum sem tekin eru öll í einu, t. d. stúdentsprófi eða prófum frá iðnskólum eða fagskólum. Undirbúningur að áfangaprófum, svo og námsstarf almennt, er verkefni sem hin frjálsu fræðslusambönd eiga að taka að sér eftir því sem við verður komið“ (bls. 25—26).

Þrískipting fullorðinsfræðslunnar er sérstaklega áréttuð í riti, sem svokallað fullorðinsfræðsluráð í Noregi gaf út árið 1971 og nefnist: *Arbeidsdelingen i voksenopplæringen*. Þar segir svo:

„Enda þótt líta beri á fullorðinsfræðsluna sem eina heild er engu að síður nauðsynlegt að greina milli mismunandi þátta hennar með tilliti til verkaskiptingar. Fullorðinsfræðsluráðið telur í þessu sambandi eðlilegt að greina á milli eftirfarandi þriggja aðalþátta fullorðinsfræðslunnar:

a) Fullorðinsfræðsla sem á hliðstæður í skólakerfinu og býr undir próf.

Fullorðinsfræðsla þessi veitir almenna menntun svo og faglega menntun, t. d.: Fullorðinsfræðsla í námsefni 9 ára grunnskóla.

Fullorðinsfræðsla er býr undir almennt stúdentspróf svo og próf frá verslunar-menntaskólum.

Fullorðinsfræðsla í námsefni á ákveðnum sviðum iðnfræðslu og námsefni annarra fagskóla.

Fullorðinsfræðsla í tengslum við héraðsháskólana (distrikthøjskolene).

Fullorðinsfræðsla á háskólastigi.

b) Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið.

Fullorðinsfræðsla þessi tryggir iðnmenntun sem þátt í stefnumótun atvinnulífsins, framhaldsnámskeið iðnfræðslustofnananna, menntun í iðjustörfum, fræðslu veitta af samtökum atvinnulífsins. Um eftirfarandi form fullorðinsfræðslunnar er að ræða:

Eftirmenntun,
Ummenntun,
Framhaldsnám.

c) Fullorðinsfræðsla sem ekki stefnir að prófi eða tekur mið af því:

Náms- og fræðslustarf, námskeið áhugafólks o. s. frv.“ (Sbr. bls. 10—11.)

Af norskum lögum og lagafyrirmælum, sem varða fullorðinsfræðsluna, má geta eftirtalinna:

- a) St. prp. nr. 92 (1964—65) Om voksenopplæring.
- b) St. med. nr. 98 (1964—65) Om ekstraordinær yrkesopplæring for voksne som ledd i arbejdsmarkedspolitikken.
St. medl. nr. 45 (1968—69) om arbejdsmarkedspolitikken.
- c) NOU. 1972: 41. Vaksenopplæring for alle. Tiltråding fra lovkomitéen om vaksenopplæring.

Sérstæðast og merkast er hið síðastnefnda, sem hefur að geyma frumvarp til laga um heildarskipan fullorðinsfræðslunnar í Noregi. Vaksenopplæring for alle hefur að vísu að geyma drög að tveim frumvörpum, þar sem ekki náðist full samstaða í nefnd þeirri sem skipuð var 6. maí 1970 og kallaðist „lovkomitéen om vaksenopplæring“. Formaður þeirrar nefndar var Inga Tusvik, en ritari Astrid Gran. Nefndin skilaði álit og frumvarpsdrögum í nóvember 1972. Nefndin byggir tillögur sínar um framtíðarskipanina á fyrrgreindum ábendingum fullorðinsfræðsluráðsins.

d) Skipan og skipting fullorðinsfræðslu samkvæmt ábendingu frá Unesco og norrænu menningarmálastofnuninni (samstarfinu).

Áður en lokið er greinargerð varðandi þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar virðist rétt að vekja athygli á skilgreiningu sem verið er að vinna að á vegum Unesco í deild þess eða skrifstofu er hefur umsjón með gagnasöfnun og úrvinnslu þeirra. Skilgreiningin er um nám almennt, en tekur að hluta a. m. k. til fullorðinsfræðslu. Skilgreining þessi er kölluð ISCED sem er skammstöfun á **International Standard Classification of Education**. Varðandi fullorðinsfræðslu er þar greint milli „formal adult education“ og „non-formal adult education“. Einkenni hins fyrra flokks er:

- a) Þátttakendur gefa sig fram á grundvelli tilboða sem fram hafa komið.
- b) Þátttakendur eru skráðir á einn eða annan hátt.
- c) Gerð er áætlun (program) um lengd námstímans og námsefni.

Einkenni síðara flokksins er aftur á móti:

- a) Þátttakendur gefa sig hvorki fram né láta skrá sig,
- b) hugsanlega er um skipulagningu og áætlun (programs) að ræða ef ætlunin er að halda nokkra fundi um sama efni eða sama stef.

Rétt er líka varðandi skiptingu fullorðinsfræðslunnar í aðalflokka að vekja athygli á þeirri niðurröðun sem lögð er til grundvallar gagnasöfnunar varðandi fullorðinsfræðslu sem fram hefur farið á vegum Sekretariatet for Nordisk Kulturelt Samarbeide. Gagnasöfnunin var í umsjá nefndar sem tengd er norrænu menningarmálastofnuninni, þ. e. Styringsgruppen for Novu og kortlægningin af voksenundervisningen. Þar er heildarskiptingin þessi:

- a) Fullorðinsfræðsla er veitir almenna menntun.
- b) Fullorðinsfræðsla er veitir réttindi.
- c) Fullorðinsfræðsla í tengslum við vinnumarkaðinn.

III

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

A

I KAFLI

Markmið og skipulag.

Fyrsta kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í þrjá þætti, þannig:

- a) 1. og 2. gr. fjalla um nýtt menntakerfi, tvo aðalþætti þess, þrískiptingu annars aðalþáttarins, fullorðinsfræðslunnar, svo og yfirstjórn fræðslumálanna.
- b) 3.—5. gr. skýra frá þeim aðilum sem fullorðinsfræðsluna rækja, ábyrgð þeirra og framlögum.
- c) 6. og 7. gr. segja frá fullorðinsfræðsluráði svo og fullorðinsfræðslunefndum.

Um 1. gr.

Grein þessi hefur í aðalatriðum þegar verið skýrð í kafla hér að framan sem bar yfirskriftina: Aðalhugtök skýrð. Þótti eðlilegt að gera skýringu og útlitun aðalhugtaka frumvarpsins að sérstökum kafla. Þar sem þau aðalhugiök koma ein-

mitt fram í 1. gr. frumvarpsins gæti virst óþarft að fjalla frekar um þá grein. Rétt er engu að síður að draga enn fram aðalatriði þessarar mikilvægu greinar. Greinin hefst á yfirlýsingu varðandi markmið fullorðinsfræðslu. Tilgangur slíkrar fræðslu á að vera „að skapa öllum skilyrði til þroska bæði sem einstaklingum og samfélagsþegnum“. Með þessu er í upphafi tekið fram að allir þættir, öll afbrigði fullorðinsfræðslunnar eiga að stuðla að alhliða fræðslu og má aldrei taka mið af viðhorfum fjármagns og afkasta einum saman, heldur eiga þau einnig og miklu fremur að mótast af mennskum og félagslegum viðhorfum.

Eftir stefnumörkun fullorðinsfræðslunnar greinir frá nýju menntakerfi þjóðarinnar, **ævimenntun**. Skal hið nýja kerfi eins og áður hefur komið fram greinast í tvo aðalþætti: **frummenntun**, þ. e. það skólakerfi, sem hingað til hefur verið húið við, og **fullorðinsfræðslu**, þ. e. þann nýja aðalþátt sem þessu frumvarpi er ætlað að skapa, tryggja og marka heildarstefnu hans. — Báðir aðalþættir **ævimenntunarinnar**, **frummenntunin** og **fullorðinsfræðslan**, skuli jafnrétt háir, þ. e. a. s. eiga jafnan rétt á skipulagningu, framkvæmdum og fjárframlögum eftir því sem fjárhagsgetu landsmanna leyfir.

Að lokum er í grein þessari tekið fram að „fullorðinsfræðsla getur verið með þrennu móti“. Hefur áður verið ítarlega fjallað um þrískiptingu þessa og hvernig hennar gætir í lagasetningu frændþjóða okkar, svo og framkvæmdum á sviði fullorðinsfræðslunnar.

Um 2. gr.

Grein þessi lýtur að yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar. Þetta er eina grein frumvarpsins, sem ágreiningur hefur orðið um í fullorðinsfræðslunefndinni. Nefndin sem heild mælir með að greinin kveði á um hiklausa yfirstjórn **Menntamálaráðuneytisins** og samráð þess við **fullorðinsfræðsluráð**, en um stofnun þess ráðs og skipan fjallar 6. gr. frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur að með því móti sé nóg sagt um sjálfa yfirstjórnina, enda er ekki heldur ágreiningur um það í nefndinni að aðeins einu ráðuneyti, **Menntamálaráðuneytinu**, sé falin æðsta stjórn þessa fræðsluþátts, en ekki höfð sú skipan á, sem sums staðar er, að **Atvinnu- málaráðuneytið** hefur yfirstjórn þeirrar fullorðinsfræðslu, sem tengist atvinnulíf- inu og **Menntamálaráðuneytið** aðra þætti. Sú skipting orsakast af því að enn er ekki um að ræða heildarlöggjöf sem tekur til allra þátta fullorðinsfræðslunnar eins og frumvarp það til laga sem hér liggur fyrir raunverulega er. Þar sem slík heildar- löggjöf er á næsta leiti eins og í Noregi er ætlunin að sú skipting hverfi.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að bætt verði við 2. gr. þessum málsgrein- um: „Í Menntamálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, fullorðinsfræðsludeild. Hún er stjórnunaraðili í málum sem varða fullorðinsfræðslu og samræmir eftirlit með fræðslu sem veitt er samkvæmt lögum þessum í samráði við fullorðinsfræðslu- ráð“.

Meirihluti nefndarinnar og þar með allir nefndarmenn geta fallist á að verk- efni fullorðinsfræðslunnar hljóti að verða það mörg og vandasöm að reynslan muni leiða það í ljós að þörf er sérstaks aðila eða sérstakrar deildar til að hafa þau með höndum einvörðungu. Hins vegar hefur meirihluti nefndarinnar talið sig hafa fengið þær upplýsingar og hafa þau gögn í höndum, sem leiða í ljós að það brýtur í bág við íslenska lagahefð að kveða þannig á í lögum um deildarskipan ráðuneyta. Ákvörðun um þá deildarskipan er ráðuneytisins sjálfs og verður hér að vera breytileg eftir því sem verkefni gefa tilefni til á hverjum tíma. Kemur þetta greinilega fram í tilkynningu frá Menntamálaráðuneytinu, **sérprentun nr. 70**, sem fjallar einmitt um Menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur og undirrituð er 7. maí 1971 af þáverandi menntamálaráðherra Gylfa Þ. Gíslasyni.

Það er skoðun minnihlutans að yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins verði að verulegu leyti í höndum fullorðinsfræðsludeildar þess. Máli sínu til stuðnings vekur minnihlutinn athygli á því að strax í fyrstu grein frv. er það tekið fram að „fullorðinsfræðsla er annar þáttur í menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntun, og er hún að öllu jafn rétt há hinum þættinum, hinu lögbundna skólakerfi, frummennt-“

uninni“. Því vill minnihlutinn taka það fram að hann telur það sjálfsagt til áherslu á mikilvægi þessa þáttar og árangurs í störfum að strax í upphafi sé komið á fót í Menntamálaráðuneytinu sérstakri deild er sjái um framkvæmd hans, ekki síst þegar þess er gætt að ráðuneytinu er skipt í 7 deildir auk almennrar skrifstofu og hafa a. m. k. þrjár deildir með höndum framkvæmdir hins lögbundna skólakerfis. Hitt er minnihlutunum ljóst að fullorðinsfræðsludeild hefur að sjálfsögðu „samstarf við aðrar deildir eftir því sem verkefni gefa tilefni til“. Varðandi þá skoðun sem fram hefur komið að það brjóti í bág við íslenska lagahefð að kveða í lögum á um deildaskipan ráðuneyta bendir minni hlutinn á 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, þar sem svo segir m. a.: „Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í Menntamálaráðuneytinu“, og enn fremur: „Fjármálaeftirlit skóla skal vera sérstök deild í Menntamálaráðuneytinu“. Þarna er að dómi minnihlutans tekin af öll tvímæli um að lagaákvæði um sérstaka deild brjóta engan vegin íslenska lagahefð. (Sbr. tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu um verkefni, skipulag og starfsreglur 7. maí 1971. Sérprentun 70.)

Um 3. gr.

Greinin fjallar um þá aðila sem hafa munu á hendi fullorðinsfræðslu í einu eða öðru formi. Þessum aðilum er skipað í þrjá flokka og er það í aðalatriðum miðað við þá þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar, sem niðurlag 1. greinar gerir ráð fyrir, enda þótt ljóst sé að flokkaskipting þessi og þrískiptingin í 1. grein falli ekki að öllu leyti saman. Þannig er líklegt að fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafi á sínum vegum námsflokkastarfsemi, jafnvel námshópastarfsemi, en slíkt fræðslustarf telst til hins frjálsa náms og frístundamenntunar samkvæmt 1. grein frumvarpsins. — Rétt er að víkja að hverjum þessara þriggja flokka, sem aðilum fullorðinsfræðslunnar er skipað í, fyrir sig.

Í fyrsta flokki eða a-lið 3. greinar er getið um þrenns konar aðila fullorðinsfræðslunnar: **Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög**. Ekki þarf að eyða mörgum orðum að því hve sjálfsagður hlutur ríkis og sveitarfélags hlýtur að vera í sambandi við frumkvæði, framkvæmd og aðild að fullorðinsfræðslunni. Ríki og sveitarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd frumfræðslunnar og hljóta því eðlilega að taka á sig á hliðstæðan hátt hinn annan þátt menntakerfis þjóðarinnar, **ævi menntunarinnar**, þ. e. fullorðinsfræðsluþáttinn. Þriðji aðilinn, sem hér er nefndur, **fræðsluumdæmi**, er aftur á móti nýr af nálinni, og er tengdur þeirri nýskipan fræðslumála landsins, sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir. Í II. kafla, 10. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í 8 fræðsluumdæmi, en hvert þeirra hafi sitt fræðsluráð og sína fræðsluskrifstofu. — Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að fræðsluumdæmin hljóti að vera virkur aðili í menntakerfi þjóðarinnar, ævi menntuninni, en láti sig ekki aðeins varða annan þátt þess, frummenntunina. Að vísu hafði nefndin á tímabili aðhyllt þá skoðun að svokölluð **landshlutasamtök**, sem nú er óðum að verða sérstakur stjórnunaraðili í málum ákveðinna landssvæða og þá þeirra sömu og fræðsluumdæmin ná yfir, væru allt eins eðlilegur aðili að framkvæmd fullorðinsfræðslunnar og hliðstæðan jafnvel meiri við ríki og sveitarfélög. Nefndin féll síðan frá þeirri skoðun og réðu því rök þau sem áður eru nefnd. Fræðsluráð, svo og fræðsluskrifstofa fræðsluumdæmanna, hljóta eðlilega að koma mjög við sögu fullorðinsfræðslunnar.

Í öðrum flokki eða b-lið greinarinnar eru aðilar vinnumarkaðarins tilnefndir sem eðlileg forystusveit í þeirri fullorðinsfræðslu sem tengist „atvinnulífínu í viðtækustu merkingu“ eins og segir í niðurlagsþætti 1. greinar. Þessir aðilar vinnumarkaðarins eru ekki skilgreindir nánar, en til þess ætlast að svo verði gert í reglugerð eða reglugerðum sem kveða nánar á um einstakar greinar og einstök atriði frumvarpsins, þegar og í því formi sem það verður að lögum. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst höfð í huga heildarsamtök tengd atvinnulífínu og vinnumarkaðnum, svo sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Ísland, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna og fiskimannasamband Íslands. Þá líka

stéttarfélag ýmiss konar sem eiga hlutdeild í vinnumarkaðnum og atvinnulífinu. Enn kynnu að koma til álita sem aðilar að fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið starfsmannafélög og einstök fyrirtæki eða vinnustaðir svo og samtök iðnnema.

Í þriðja flokki eða c-lið þessarar greinar er svo gerð tilraun til að flokka alla þá mörgu aðila, sem vafalaust hljóta að koma við sögu hins „frjálsa náms og fristundamenntunar“, enda þótt sumir þessara aðila muni einnig koma við sögu skólanámsins, hliðstæðu frummenntunarinnar svo og starfsnámsins í tengslum við atvinnulífið, en þannig munu málin vafalaust skipast varðandi þá aðila, sem hér eru nefndir „fræðslusambönd í landinu öllu.“ — Þeim mörgu aðilum, sem hér um ræðir, er skipað í þrjá flokka og þá miðað við þau svæði er þeir starfa á fremur en þau verkefni, er þeir takast á hendur. Sé starfsemi félags er annast vill fullorðinsfræðslu sem frjálst nám og fristundamenntun takmörkuð við ákveðinn stað, hrepp, sveitarfélag eða bæjarfélag er það kallað **fræðslufélag** í frumvarpi þessu. Hafi hins vegar félagsheild er vinnur að sömu eða sams konar verkefnum heilt fræðsluumdæmi eða svæði landshlutasamtaka að starfsvettvangi kallast hún **fræðslusamtök**. Nái starfsemin aftur á móti til landsins alls, er heitið **fræðslusamband** notað, þó því aðeins að viðkomandi félagsskapur hafi hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins til þess að bera það heiti og njóta þeirrar sérstöðu er fræðslusamböndin njóta samkvæmt lögum þessum (sbr. 13. gr. og 34. gr.) (Sbr. sænskar heimildar um fræðslusamböndin: SFS 193: 463 og Kungl. Maj:ts proposition nr. 54, ár 1973, bls. 10).

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um ábyrgð opinberra aðila varðandi fullorðinsfræðsluna. Þeir opinberu aðilar sem hér er átt við eru: Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.

Í hugtakinu ábyrgð felst í þessu sambandi allt í senn: **frumkvæði**, **skipulagning** og **framkvæmd**. Viðkomandi aðilar eiga að ábyrgjast að þau fyrirheit, sem felast í frumvarpinu um fullorðinsfræðslu, verði ekki dauður bókstafur þegar og ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Ábyrgð ríkisins í þessum efnum er tvíþætt samkvæmt ákvæðum laganna. Annars vegar ber ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Er þar fyrst og fremst átt við fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu og látin er í té í skólastofnunum sem ríkið rekur að mestu eða öllu leyti, svo sem í framhaldsskólum og háskóla, þótt grunnskólinn sé einnig hafður í huga svo og námsflokkar og námshópar. Hins vegar ber svo ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem er tengd atvinnulífinu eða beinlínis þáttur í mótun þess og skipulagningu. Þar sem í síðara þættinum er um fullorðinsfræðslu að ræða er lítið sem ekkert hefur verið rækt eða til stofnað í landi okkar, er það sérstaklega mikilvægt að hér verði frumkvæðið, skipulagningin og framkvæmdin í höndum ríkisins og það ábyrgist þannig að þessi þáttur fullorðinsfræðslunnar verði frá upphafi metinn að verðleikum og honum sómi sýndur.

Ábyrgð fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður með öðru móti. Frumkvæði, skipulagning og framkvæmd hlýtur að koma frá fræðsluumdæmunum og sveitarfélagunum sjálfum og verða síðan að sammingsatriði milli fyrrgreindra aðila og Menntamálaráðuneytisins. — Í því eiga að felast forréttindi að geta tryggt íbúum fræðsluumdæma og sveitarfélaga sem mesta og fjölpættasta fullorðinsfræðslu á sama hátt og það er keppikefli að vera ekki afskiptur á vettvangi frumfræðslunnar. — Má fastlega gera ráð fyrir því að forráðamenn fræðsluumdæma og sveitarfélaga muni leggja metnað sinn í að hafa hér það frumkvæði sem þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir og telji mikilvægt að eiga þess kost að geta borið ábyrgð á fullorðinsfræðslu í þeim stofnunum er hlíta forsjá þeirra að meira eða minna leyti. Átt er hér líka við fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frumfræðslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þótt ætla megi að námsflokkastarfseminnar muni víða gæta mjög og hún geti auðveldast náð til allra þriggja þátta fullorðinsfræðslunnar.

Um 5. gr.

Hér er vikið að fjárframlögum opinberra aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á ábyrgð þeirra, sjálfra hinna opinberu aðila. Þar sem hér er um að ræða þátt sem að verulegu leyti tekur til sjálfrar skipulagningar fullorðinsfræðslunnar og skapar henni markmið þótti rétt að þau ákvæði stæðu í I. kafla frumvarpsins, enda þótt þeim verði gerð fyllri skil síðar, þ. e. í IV. kafla sem ber heitið *Fjárveiting til fullorðinsfræðslu og fleira*.

Sá aðili, sem mest hlýtur að leggja af mörkum til fullorðinsfræðslunnar, er að sjálfsögðu ríkið. Þau fjárframlög ná auðvitað til þeirrar fullorðinsfræðslu sem ríkið sjálf ber ábyrgð á og nefnd var í 4. grein. En ríkið hlýtur líka að gera öðrum aðilum kleift að rækja fullorðinsfræðslu og virkja þannig áhuga og frumkvæði sem fyrir hendi er. Þetta verður að sjálfsögðu ekki gert á annan hátt en með beinum fjárframlögum, stuðningi við fræðslustarfsemi viðkomandi aðila á sviði fullorðinsfræðslunnar. Hér getur verið um marga aðila að ræða. Þeim er í a-lið skipað í tvo flokka til glöggvunar. Í öðrum flokknum eru aðilar atvinnulífsins og hefur áður í þessari greinargerð verið vikið að hverjir þeir aðilar gætu verið, enda þótt sú upptalning væri engan veginn tæmandi. — Í hinum flokknum, sem eðlilegt mætti telja að hlyti fjárstyrk frá ríkinu til þess að rækja fullorðinsfræðslu, eru svo fræðslufélög einstakra staða eða félög sem sinna ákveðnum verkefnum, fræðslusamtök sem starfa í fræðsluumdæmum, en þó alveg sérstaklega fræðslusamböndin er hafa landið allt sem starfsvettvang og ítarlega var gerð grein fyrir í skýringum við 3. grein. Eins og þar kemur fram og síðar verður áréttað hljóta fræðslusamböndin að hafa algerlega sérstöðu meðal annarra fræðsluaðila en hinna opinberu.

Það hlýtur að teljast öldungis eðlilegt að fræðsluumdæmin og sveitarfélögin styrki þá fræðsluaðila sem takmarka starfsemi sína annars vegar landfræðilega við umdæmin og sveitarfélögin, en hins vegar verkefnalega við viðfangsefni sem tengjast ákveðnum aðstæðum staða og tíma. Að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda fræðsluumdæmin eða sveitarfélögin til slíks, en hitt sýnist auðsætt að menningarstarfsemi eins og fullorðinsfræðslan hlýtur að stuðla að hagsæld og framsækni íbúanna á viðkomandi svæðum. Er því talið eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga láti styrkveitingar þessar og þann hvata, sem þær eru efnahagslega og menningarlega, til sín taka og hafi forgöngu um að móta stefnu og gera tillögur til Menntamálaráðuneytisins, en á þeim tillögum verði síðan grundvallaðar reglur um heinar og óheinar styrkveitingar.

Um 6. gr.

Í þessari grein segir frá sérstökum aðila, er gegna skal ráðgefandi og mótandi hlutverki varðandi fullorðinsfræðsluna, svokölluðu fullorðinsfræðsluráði. Það hefur áður komið fram í þessari greinargerð (sbr. skýringu við aðra grein) að Norðmenn hófu skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu þar í landi svo að verulega um munaði með því að tryggja stofnun og starfsemi tveggja aðila, annars vegar fullorðinsfræðsluráðs, 7—9 manna, hins vegar með stofnun fullorðinsfræðsludeildar innan Kirkju- og menntamálaráðuneytisins. — (Sbr. norskar heimildir um fullorðinsfræðsluráð svo og fullorðinsfræðsludeild: St. prp. nr. 92 (1964—1965) bls. 24: Vaksenopplæring for alle, bls. 65).

Fullorðinsfræðslunefndin litur svo á að hyggilegt sé að fylgja fordæmi Norðmanna að þessu leyti og koma á fót fullorðinsfræðsluráði, er gegni sams konar hlutverki og samsvarandi ráð hefur til þessa gegnt í Noregi.

Um samsetningu ráðsins hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að tillögur þar að lútandi skuli ekki vera um of hindandi í sjálfum lögnum um fullorðinsfræðsluna. Mikilvægara sé hitt að finna eðlilegt og réttlátt hlutfall milli þeirra þriggja heilda, sem fulltrúa hljóti að eiga í ráðinu. Þær þrjár heildir, sem hér um ræðir, eru: a) hið opinbera, b) aðilar vinnumarkaðarins og c) fræðslusamböndin. Hinar stóru fræðslueiningar sem reka fræðslustarf í landinu öllu. Um það varð samkomulag í nefndinni að leggja til að hlutur atvinnulífsins og vinnumarkaðar-

ins yrði sýnu stærstur. Verður að kveða nánar á um í reglugerð hvaða aðilar vinnumarkaðarins skulu eiga fulltrúa í fullorðinsfræðsluráði en eðlilegt virðist að **Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna starfsmanna ríkis** og bæja ættu þar aðild.

Minnstur verður að tiltölu hlutur hins opinbera, tveir fulltrúar: ríkisins, landshlutasamtakanna svo og sveitarfélaganna. Gæti virst eðlilegt að stjórnarráðið tilnefndi annan fulltrúann og Samband íslenskra sveitarfélaga hinn.

Þriðja heildin sem á að tilnefna fulltrúa í **fullorðinsfræðsluráðið** er svo fræðslusamböndin. Þar sem þau eru raunverulega með öllu óþekkt stærð og ekkert fræðslusamband í landinu, sem hlotið hefur þá viðurkenningu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir (sbr. 13. gr.), er að sjálfsgöðu litlar ábendingar hægt að gefa um hverjir þar ættu að tilnefna fulltrúa. **Menningar- og fræðslusamband alþýðu, MFA** er nú eina ótvíræða fræðslusambandið, sem starfar í landinu, enda þótt líta megi á önnur félagssamtök sem fræðslusambönd að meira eða minna leyti, svo sem **Kvenfélaga-samband Íslands** að dæmi sé tekið. — Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir að þróunin verði hin sama hér og í nágrannalöndum okkar að fræðslusambönd verði stofnuð og það heldur fleiri en færri. Vekja má athygli á því að stjórnmalaflokkar á Norðurlöndum hafa á síðustu árum keppt við að stofna fræðslusambönd og breytt ákveðnum þáttum starfsemi sinnar þannig að þeir gætu uppfyllt þau skilyrði sem sett eru til slíkrar viðurkenningar. Mætti rita um þetta langt mál, þótt hér verði látið staðar numið.

Niðurlagsmálsgrein þessarar 6. greinar frumvarpsins að ráðið kjósi formann úr sínum hópi og setji sér starfsreglur sem síðan hljóti staðfestingu Menntamálaráðuneytisins er í fullu samræmi við þá heildarstefnu frumvarpsins að reyna að tryggja frumkvæði „neðan frá“, ef svo mætti að orði komast, frá þeim aðilum sjálfum, sem fullorðinsfræðsluna eiga að hafa með höndum og njóta hennar. Kemur þessi afstaða nefndarinnar einnig fram í 4. grein b-lið svo og 5. gr. b-lið. Hins sama gætið víðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að fullorðinsfræðslan vaxi með eðlilegum hætti vegna þess að sem flestir hafi skynjað þörfina fyrir hana, en hún komi ekki sem valdboð ofan frá og verði skilin á þann veg að henni sé raunverulega þröngvað upp á skólakerfið, atvinnulífið og almennig.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur á margan hátt sérstöðu og kemur það væntanlega í ljós í þeirri greinargerð sem fylgir.

Greinin tekur til **fullorðinsfræðslunefnda** í fræðsluumdæmum. Eins og greinin er orðuð, gætið í henni tveggja sjónarmiða, sem ekki verða á einfaldan hátt sameinuð. Annað er sjónarmiðið um sérstöðu fullorðinsfræðslunnar og mikilvægi þess að sá aðili sem fara á með stjórn frumfræðslunnar í fræðsluumdæmunum, þ. e. **fræðsluráðin**, hafi ekki sjálfðæmi um hlutdeild og framkvæmd þessa annars þáttar menntakerfisins, ævimenntunarinnar. — Hins vegar er svo það sjónarmið að eðlilegt sé að líta á menntakerfið sem heild og greina ekki alltof skarpt og ákveðið milli hinna tveggja þátta, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu. Enda er ljóst að skilin verði ekki alltaf glögg og skýr. Því ber að hagnýta starfskrafta og stjórnunaraðstöðu í þágu beggja fræðsluþáttanna eftir því sem samrýmist ákvæðum 21. og 22. greinar þessa lagafrumvarps. — Reynt er í greininni eins og hún er orðuð að taka tillit til beggja sjónarmiðanna. Það er í fullu samræmi við fyrra sjónarmiðið að skipaðar skuli í fræðsluumdæmunum sérstakar fullorðinsfræðslunefndir og í þeim nefndum skuli vera 5 fulltrúar frá aðilum, sem ekki eiga sjálfskipaðan fulltrúa í **fræðsluráðum** umdæmanna. Af þessum 5 fulltrúum skulu þrír vera frá aðilum vinnumarkaðarins, en tveir frá fræðslufélögum og fræðslusamböndum. Með þessu móti verður hlutur aðila utan hins opinbera verulegur í fullorðinsfræðslunefndunum. — Til móts við hið síðara sjónarmið, sem áður var nefnt, er komið á tvönnan hátt: Annars vegar með því að allt **fræðsluráð** umdæmanna tekur sæti í fullorðinsfræðslunefndunum, alls 5 fulltrúar eða jafnmargir og hinir sem áður

hafa verið nefndir, hins vegar er svo fræðsluráðinu ætluð bein aðild að þeirri stefnumótun og þeim verkefnum sem fullorðinsfræðslunefndin hefur gert ályktanir um og þá auðvitað höfð í huga aðstaða þess til stjórnunar og framkvæmda. Þetta síðara atriði er áréttað í upphafsorðum 7. greinarinnar, þar sem segir að fræðsluráð fari með stjórn fullorðinsfræðslu í umdæmi sínu ásamt með o. s. frv. Á þann hátt er undirstrikað að fræðsluráð skal sinna fullorðinsfræðslunni og ætla henni verulegan hlut í þeirri aðstöðu sem ráðinu verður búin úti í fræðsluumdæmunum.

Eðlilegt má teljast að fullorðinsfræðslan fái að þróast úti í fræðsluumdæmunum á Íslandi og reynt verði að gera sem flesta þátttakendur í þeirri þróun og ábyrgja fyrir henni án þess þó að stuðla að því á nokkurn hátt að togstreita skapist milli aðila frumfræðslunnar og fullorðinsfræðslunnar (sbr. danska heimild um að gera tvö mismunandi ráð sem nú eru skolekmission og fritidskommission að einu ráði, undervisningskommission. Udkast til Forslag om ændring af skolestyrelsesloven, udkast, juni 1973, bls. 5).

B

II. KAFLI

Fræðslan.

Öðrum kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í fimm þætti, þannig:

a) 8. og 9. gr. fjalla um fullorðinsfræðslu sem á hliðstæðu í frumfræðslunni (sbr. 1. gr. a-lið).

b) 10.—12. gr. taka til fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og vinnu-
markaðinn (sbr. 1. gr. b-c).

c) 13.—15. gr. lúta að þeirri fullorðinsfræðslu sem að mestu leyti er frjálst
nám og frístundamenntun (sbr. 1. gr. c-lið).

d) 16. og 17. gr. eru um svokallaða fullorðinsdeild svo og aðalform eða þætti
fullorðinsfræðslunnar.

e) 18. og 19. gr. eru um aðild fullorðinsfræðslunnar að væntanlegri kennslu-
gagnastofnun ríkisins og um kennslufræðilegar stöðvar vegna fullorðinsfræðslunnar
í fræðsluumdæmum landsins.

Mun nú leitast við að skýra einstakar greinar eftir því sem ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun. Um þennan þátt fullorðinsfræðslunnar skal setja fyrirmæli í reglugerð, er Menntamálaráðuneytið lætur semja. Skal sú reglugerð kveða á um eðli þessa náms, hvað kenna skuli, á hvern hátt kennslan fari fram og eins hitt að hvaða áfanga í hinu hefðbundna skólakerfi sé stefnt. Skal þá jafnan miða við að um raunverulega fullorðinsfræðslu sé að ræða, en kennsla og framsetning taki ekki mið af þeirri frummenntun einni, sem ætluð er börnum og unglingum sem nám stunda á þeim áfanga frumfræðslu er um ræðir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um prófvottorð og námsmat í fullorðinsfræðslu sem hliðstæð er frumfræðslunni. Hún er því raunverulega beint framhald af 8. grein eins og áður hefur verið bent á. Hins vegar taldi nefndin rétt að hafa greinarnar tvær en ekki eina, þ. e. a. s. skeyta efni 9. greinar við hina 8. Þar sem fyrri greinin, sú 8. er í sjálfu sér harla viðamikil, spannar raunverulega yfir nærri allt það í fullorðinsfræðslunni, sem á einhvern hátt getur talist hliðstæða frumfræðslunnar, svo er og efni 9. greinarinnar það sérstætt, að nauðsyn ber til að greina það frá og setja fram í sjálfstæðri grein. Prófvottorð þau eða námsmat, sem átt er við, taka til eftirtalinna áfanga: Grunnskólaprófs, stúdentsprófs, sérskólaprófs svo og háskólaprófa úr ýmsum deildum. — Þar sem inntak og lokamark þess þáttar full-

orðinsfræðslunnar, sem er hliðstæð frumfræðslunni, er hið sama (sbr. 8. grein og skýringu við hana) sýnist auðsætt og algert réttlætismál að prófvottorð eða námsmat sem kveður upp dóm um árangur þeirrar menntunar, sé að engu talið minna en verið væri að dæma um námsárangur í frumfræðslunni. Þar með er því hins vegar ekki slegið föstu að á allan hátt verði fylgt gildandi aðferðum við mat á árangri þeirra sem taka þátt í fullorðinsfræðslu hliðstæðri frumfræðslunni. Gæti reyndar ýmislegt mælt með því að svo yrði ekki gert.

Um 10. gr.

Þessi grein er að dómi fullorðinsfræðslunefndarinnar sérlega mikilvæg, enda á raunverulega að grundvallast á henni sá þáttur fullorðinsfræðslunnar, sem nefndin telur að verða muni þýðingarmikill og fjölbreytilegur og hefur áður verið að því vikið í greinargerð þessari. — Það hefur líka komið fram í greinargerðinni að sá þáttur sem hér um ræðir, fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið eða þáttur í skipulagningu og þróun vinnumarkaðarins, er sums staðar í nágrannalöndum okkar slitinn úr tengslum við aðra þætti fullorðinsfræðslunnar og umsjón hans og yfirstjórn í höndum Atvinnumálaráðuneytis viðkomandi lands, en ekki Menntamálaráðuneytisins. Af því leiðir að sjálfsögðu einnig að um þennan þátt er fjallað í sérstökum lagabálki sem tekur til hans eins. — Fullorðinsfræðslunefndin leit hins vegar svo á að slík aðgreining væri með öllu óeðlileg hér á landi þar sem einingar allar eru miklu minni. Því taldi hún rétt að fylgja um þetta fordæmi norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Nefndin leggur því til að á þessari 10. grein grundvallist reglugerð um fullorðinsfræðslu, sem líta beri á sem þátt í atvinnulífinu í þeim skilningi að hann skapi möguleika til að styrkja atvinnuvegina. Nefndinni er ljóst að sú reglugerð sem hér um ræðir hlýtur að verða allviðamikil, enda er mikilvægt að tekið sé þar tillit til sem flestra þátta atvinnulífsins og skapaðir möguleikar til margháttáðrar fræðslustarfsemi, eftir því sem við á í einstökum og ólíkum tilvikum. Hér gæti verið um að ræða heinar fræðslustofnanir einstakra eða fleiri atvinnugreina, en einnig er hugsanleg mjög takmörkuð fræðslustarfsemi á ákveðnum vinnustöðum eða á vegum fyrirtækja. Er þetta tvennt, svo ólíkt sem það nú er innbyrðis, nefnt sem dæmi um vanda og viðfeðmi umræddrar reglugerðar.

Um 11. gr.

Greinin tengist 10. grein og myndar ásamt henni og hinni 12. sérstakan þátt í þessum kafla frumvarpsins eins og áður hefur komið fram. Greinin fjallar um það hvernig staðið skal að framkvæmd fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og markar að því leyti nokkra stefnu í sambandi við reglugerð þá, sem vikið er að í 10. grein og frekar er fjallað um í skýringu þeirrar greinar.

Fullorðinsfræðslunefndin telur það mjög áriðandi að takast megi sem breiðust og víðtækust samstaða um fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið svo mikilvægur sem sá þáttur er að mati nefndarinnar. — Sú samstaða þarf að taka til þriggja aðila og eru þeir nefndir í greininni. Það eru: a) Skólayfirvöld á hverjum stað svo að tryggja megi alla þá aðstoð og aðstöðu, sem skólar og skólastofnanir geta látið í té. Er þar bæði um að ræða kennslukrafta og húsnæðisaðstöðu og enn fremur samhæfingu og samræmingu námsefnis eftir því sem ástæður þykja til um þennan þátt fullorðinsfræðslunnar og þá frumfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnuvegunum og efla þá. Skóli og atvinnulíf þarf að mati fullorðinsfræðslunefndarinnar að tengjast mun meira en nú er og verður að gera allt sem hægt er til að stuðla að slíkri þróun og koma í veg fyrir að tortryggni skapist milli skólayfirvalda og þeirra sem hefjast vilja handa um að koma á fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið. b) Samtök starfsfólks svo að sá eða þeir aðilar vinnumarkaðarins geri sér ljóst hve mikill ávinningur er að móttun og sköpun þessa þátta fullorðinsfræðslunnar og gerist því virkir aðilar að skipulagningu og framkvæmd, en ekki aðeins óvirkir þolendur og þiggjendur fræðslu sem á lítinn sem

engan hljómgrunn í vitundarlífi starfsfólksins. c) **Samtök atvinnurekenda** svo að einnig þau leggi sitt af mörkum að framkvæmd og fyrirgreiðsla geti orðið sem best, að fræðslan komi að notum og verði bæði til að efla atvinnulífið, tryggja persónuþroska og verkmenningu og auka ábyrgðartilfinningu, og skapa greiðari og meiri upplýsingamiðlun milli allra þeirra, sem sameiginlegra hagsmuna hafa að gæta.

Um 12. gr.

Þessi grein er í sjálfu sér nokkuð sérstæð, þar sem hún fjallar um fullorðinsfræðslu, sem falin er atvinnufyrirtæki eða framkvæmd á ákveðnum vinnustað. Hún er eins og áður hefur komið fram dæmi um það með hvaða móti framkvæma má fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu. Í henni felst einfaldlega árétting á því að starfsnám í atvinnulífinu má aldrei verða að sérnáli eins aðila, hér forsvarsmanna fyrirtækis eða vinnustaðar, enda þótt frumvarp þetta eigi að stuðla að því að slíkt nám eða slík fræðsla geti farið fram í fyrirtækinu og á vinnustaðnum. — Komi til þess að fyrirtækið eða vinnustaðurinn verði vettvangur fullorðinsfræðslu, sem sé þáttur í eflingu atvinnulífsins, eiga forráðamenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins ekki að hafa sjálfðæmi um það hvernig þeirri fræðslu skuli hagað og hvaða tilgangi og markmiði hún skuli þjóna. Þar verða einnig til að koma starfsmenn fyrirtækisins eða fulltrúar þeirra. Hér reynir á samstarf og samvinnu, enda vænlegast til árangurs að frá upphafi sé sem flestum ljóst hvað gera á, og hægt sé að nota góðar ábendingar og tillögur frá sem allra flestum. — Þessi sömu vinnubrögð eiga allt eins við í þeim fyrirtækjum eða á þeim vinnustöðum, þar sem sérstakur maður hefur það starf með höndum á vegum fyrirtækisins eða vinnustaðarins að annast fræðslu eða upplýsingastarfsemi. Slíkur starfsmaður á ekki að geta skipulagt eða staðið að framkvæmd fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks. í samráði við eigendur eða forystumenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins eina saman. Einnig í slíkum tilvikum eiga starfsmennirnir að geta haft áhrif á tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslunnar fullkomlega til jafns við áðurnefndan starfsmann og forystulið fyrirtækisins eða vinnustaðarins.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um fræðslusamböndin, þær sérstæðu félagsheildir sem fullorðinsfræðslunefndin telur að eigi að njóta verulegrar sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu sem víða erlendis er kölluð „frjáls og óháð“ til aðgreiningar frá hinum tveim þáttum fullorðinsfræðslunnar, skólanáminu og starfsnáminu. Það álit nefndarinnar byggist ekki á því einu að fræðslusamböndin hljóti að hafa sérstöku og mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við þann þátt fullorðinsfræðslu sem í 1. grein e-lið er kölluð „frjálst nám og frístundamenntun“. Hitt kemur jafnframt til að fullorðinsfræðslunefndin álitur að fræðslusamböndin muni einnig koma við sögu fullorðinsfræðslunnar í tengslum við atvinnulífið, svo og að nokkru þeirrar fullorðinsfræðslu, sem hliðstæð er frumfræðslunni (sbr. niðurlag 16. greinar).

Nefndin telur eðlilegt að gerðar séu tilteknar kröfur og þær verulegar til slíkra fræðslusambanda. Kröfur þær sem taldar eru upp í greininni eru raunverulega fimm. Fyrsta krafan er sú að fræðslusambandið hafi á sínum vegum fræðslustarf í landinu öllu, enda er það hin upphaflega skilgreining á fræðslusambandi (sbr. skýringu á 3. grein frumvarpsins). Slíkt fræðslusamband hlýtur því eðli sínu samkvæmt að vera myndað af einstaklingum um land allt, félögum eða félagsheildum, og er hið síðartalda mun eðlilegra. Önnur krafan sem gerð er til fræðslusambands er sú að það hafi sjálfstæða stjórn, það sé ekki hvað stjórn og ákvarðanatekt snertir aðeins ósjálfstæður hluti einhverrar annarrar félagsheildar. Þessi önnur krafa er mjög mikilvæg til að fyrirbyggja misnotkun. Um verði að ræða frjálst og opið fræðslustarf sem fyrst og fremst þjóni hagsmunum þeirra er fræðslunnar eiga að njóta, en þannig um leið beint og óbeint hagsmunum félagsheilda, svo og samfélagsins. — Þriðja krafan sem gerð er til fræðslusambandanna er sú að þau hafi aðskilinn fjárhag. Í því felst að sjálfögðu ekki að fræðslusamböndin geti ekki

notið fjárhagslegs stuðnings annarra aðila en hins opinbera eða ríkisins eins. En í því felst hitt að þeim fjárframlögum fylgi ekki umráðaréttur og bein ákvarðanatækt af hálfu þess eða þeirra sem fjármunina leggja fram. Fjárhagur fræðslusambandanna skal vera aðskilinn, þ. e. að fjármunum sambandanna verði varið að vilja stjórnar og félagsmanna og félagsheildanna, en ekki utanaðkomandi aðila. Bókhald fræðslusambandanna skal vera háð opinberu eftirliti til að koma í veg fyrir misnotkun opinberra styrkja.

Fjórða krafan sem gerð er til fræðslusambandanna svo að þau geti notið þeirra sérréttinda sem þeim eru tryggð í frumvarpi þessu er sú að **Menntamálaráðuneytið** hafi viðurkennt þau.

Fimmta og síðasta krafan er sú að fræðslusamböndin hliti þeim reglum sem ráðuneytið setur.

Um 14. gr.

Um fræðslusamtök í fræðsluumdæmunum, svo og fræðslufélög í sveitarfélögum, gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og um fræðslusamböndin, nema hér kemur ekki við sögu **Menntamálaráðuneytið**, heldur fullorðinsfræðslunefndir umdæmanna sem veita skulu fræðslusamtökunum og fræðslufélögnum viðurkenningu að uppfylltum hliðstæðum kröfum þeim sem nefndar voru í 14. grein varðandi fræðslusamböndin. Slík viðurkenning gerir viðkomandi fræðslusamtök og fræðslufélög styrkhæf, en veitir þeim á engan hátt hliðstæða stöðu og aðstöðu og fræðslusamböndin hljóta með viðurkenningu **Menntamálaráðuneytisins**. Mikilvægt er engu að síður að gengið sé úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir fyrimælum greinar þessarar og fullt sjálfstæði fræðslusamtaka og fræðslufélaga tryggt, bæði varðandi stjórn og fjárhag eins og áður hefur verið fjallað um í skýringu við 13. grein.

Um 15. gr.

Grein þessi er hin síðasta af þrem er sérstaklega fjalla um þriðja hóp aðila, samkvæmt skilgreiningu 2. greinar c-liðar, þ. e. fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga. Greinin er raunverulega í þrem liðum, sem eðlilegast væri að kalla a, b og c þótt ekki sé það reyndar gert.

Í upphafi greinarinnar er starfssvið og starfsvettvangur þessara þriggja aðila skilgreindur og leitast við að hafa þá skilgreiningu sem opnasta og víðfeðmasta svo að hún geti á engan hátt orðið til að draga úr fjölbreytni fræðslustarfsins og lokað einhverjum leiðum. Hugtökin sem notuð eru „menningarstarfsemi“ og „fræðslustarfsemi“ eiga einmitt að tryggja þá túlkun og þann skilning fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á hugtakinu **menningarstarfsemi**, en með því er verið að áréttta hið nána samband milli fullorðinsfræðslunnar og allrar menningarstarfsemi í víðtækustu merkingu. Svo sem alkunna er, eru nú víða tvö ráðuneyti hlið við hlið, sérstakt **Menntamálaráðuneyti** og annað **Menningarmálaráðuneyti**, en eins og að líkum lætur verður verkaskiptingin milli þeirra stundum heldur óljós og erfitt að draga skýra markalínu. Í þessu sambandi mætti vitna í ummæli minnihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970, þar sem hann leggur til að tengja saman fullorðinsfræðslu og menningarmál í sveitarfélögum. (Sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 125 og 126). Það eru einmitt tengsl menningarlífs og fræðslustarfsemi sem nefndin hefur í huga þegar hún áréttar að unnrædd fullorðinsfræðsla geti náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi.

Annar liður 15. greinar fjallar um þann styrk er áður nefndir aðilar, fræðslusambönd, fræðslusamtök og fræðslufélög eiga að geta átt kost á frá ríkinu. Fjárhæð sú sem lögð verður til þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar verður að sjálf-sögðu ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Þar verður þó vafalaust aðeins um heildarupphæð að ræða. Nokkuð af þeirri heildarupphæð er bundið í samræmi við síðari greinar frumvarps þessa, þær er lúta að fjárveitingu til fullorðinsfræðslu (sbr.

IV. kafla frumvarpsins) og má þar sérstaklega benda á fjárstyrki til fræðslusambandanna (sbr. 34. grein.) En að öðru leyti setur Menntamálaráðuneytið reglur um styrkhæfni hinna mismunandi þátta menningar- og fræðslustarfseminnar og er hér fyrst og fremst sú starfsemi höfð í huga sem gerð er fyllri skil í 33. grein frumvarpsins enda þótt ekki beri að lita á upptalningu þá, sem þar er birt, sem tæmandi.

Í síðustu málsgr. 15. gr. er svo fjallað um styrk frá fræðsluumdæmunum til fræðslusamtaka í fræðsluumdæmunum og fræðslufélaga í sveitarfélögum. Eins og fram var tekið í skýringum við b-lið 5. gr. frumvarpsins er til þess ætlast að fullorðinsfræðslan komi ekki samkvæmt beinni fyrirskipun frá stjórnvöldum, að ofan, heldur vaxi hún upp með eðlilegum hætti úr jarðvegi hinna mismunandi byggðarlaga og geti þá að verulegu leyti endurspeglað aðstæður á hverjum stað og þann áhuga, sem þar er fyrir hendi, á að hagnýta sér þau tækifæri sem í boði eru. Það hlýtur því að vera hinn eðlilegi gangur mála í fræðsluumdæmunum að þær reglur sem Menntamálaráðuneytið setur og snerta umræddar styrkveitingar byggist á tilögum þar að lútandi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur komið á framfæri við ráðuneytið. — Má að þessu leyti lita svo á að frumkvæðið geti verið að jöfnu Menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ekki síður hins síðarnefnda aðila, þar sem hér er um að ræða ráðstöfun á þeim fjármunum fræðsluumdæmanna sem landshlutasamtökin og sveitarfélögin hafa lagt af mörkum til menningar- og fræðslustarfsemi.

Um 16. gr.

Í þessari og næstu gr. frumvarpsins er fjallað um skipan fullorðinsfræðslunnar, þau form eða gerðir, sem hún fær í upphafi. Af ásettu ráði hefur fullorðinsfræðslunefndin reynt að takmarka formin sem mest má verða og leitast jafnframt við að vekja athygli á þeim fornum fullorðinsfræðslunnar sem þegar hafa verið gerðar tilraunir með hér á landi og náð vinsældum. Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá að treysta stöðu þeirra og búa sem best að þeim.

16. gr. fjallar að visu í fyrstu málsgrein um þá sjálfsögðu staðreynd að fullorðinsfræðsla sem hliðstæð er frummenntun og stefnir þá að sama marki og hún, þ. e. áfangaprófum á hinum mismunandi skólastigum, — geti verið með ýmsu móti eftir því sem eðli hennar og markmið segir til um. — En aðalefni greinarinnar er engu að síður að skýra hugtakið fullorðinsdeild sem ákveðið kennsluform, enda hafi það sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu, sem á hliðstæðu í frummenntun. Sérstaðan felst í mörgu. Fullorðinsdeildin veitir fullorðnum menntun hliðstæða frummenntun, en þó skal fræðslan miðuð við þroska, aldur og reynslu fullorðinna, ekki barna og unglínga. Hlýtur þetta að hafa veruleg áhrif á námsefni jafnt sem kennsluáferðir. Í annan stað hefur fullorðinsdeildin þá sérstöðu að hana má fela skólastofnunum frumfræðslunnar og er það bæði eðlilegt og æskilegt með tilliti til þess að hægt sé að hagnýta í senn kennsluáðstöðu skólastofnanna og sérhæfni kennaranna. Þegar svo er um fullorðinsdeildina skal hún samkvæmt þessari gr. frumvarpsins njóta styrks eftir sömu reglum og sjálf frummenntunin. En sérstaða fullorðinsdeildarinnar kemur í þriðja lagi fram í því að hægt er að veita fræðslusambandi heimild til að taka að sér þá starfsemi. Samsvarandi heimild er í lögum annars staðar á Norðurlöndum og hafa forráðamenn fræðslusambandanna talið mikla lyftistöng fyrir aðild þeirra að fullorðinsfræðslu. Eins hafa og forsvarsmenn hins lögbundna skólakerfis litið svo á að sú samkeppni, sem þessi heimild veitir, sé stofnunum þeirra til ávinnings. Um hitt eru allir sammála að á þennan hátt verður náð til mun fleiri úr hópi fullorðinna en annars hefði verið. — Hlýtur það að teljast mjög æskilegt. Framlag hins opinbera til fullorðinsdeildar á vegum fræðslusambanda er ákveðið í 32. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í gr. þessari er haldið áfram að telja upp þætti, form og flokka fullorðinsfræðslunnar. Lögð er áhersla á þrjá aðalþætti hennar: Námsflokka, námshópa og bréfaskólanám. Fullorðinsfræðslunefndin telur eins og áður er sagt að sjálfsgæti sé að búa vel að þessum aðalþáttum, þar sem þeir hafa allir þegar sannað ágæti sitt hér á landi og treysta og bæta stöðu þeirra og aðstöðu.

Fullorðinsfræðslunefndin telur rétt að Menntamálaráðuneytið gefi sem fyrst eftir gildistöku laga þessara út reglugerð er kveði á um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta.

Jafnframt þessum þrem aðalþáttum fullorðinsfræðslunnar telur nefndin eðlilegt að einnig sé reynt að búa sem best að þrem öðrum þáttum eða formum fullorðinsfræðslu, þ. e. námskeiðum, stuðningskennslu og fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða.

Fullorðinsfræðslunefndin telur ekki nauðsynlegt að skýra og skilgreina nánar hin einstöku hugtök sem notuð eru um fræðsluformin umfram það sem felst í orðalagi 17. gr., enda er það eitt af meginatriðum reglugerðar þeirrar, sem setja verður, að orða þær skilgreiningar svo að ljóst verði við hvað er átt og hve veigamikil hvert fræðsluformið um sig verði talið.

Um 18. gr.

Í grein þessari er vikið að stórmáli í íslenskri fræðslulöggjöf, að komið verði á fót kennslugagnastofnun ríkisins. Þar sem fullorðinsfræðslunefndinni er kunnugt um að nefnd hefur verið skipuð á vegum Menntamálaráðuneytisins til að undirbúa og semja frumvarp um slíka stofnun, telur nefndin ekki í sínum verkahring að fjalla á annan hátt um þetta stórmál en tryggja í þessu frumvarpi að aðilar fullorðinsfræðslunnar skuli hafa sama rétt að hagnýta umrædda stofnun, þegar hún er orðin að veruleika, og aðilar hins lögbundna skólakerfis. Að öðru leyti vitnar fullorðinsfræðslunefndin til ítarlegrar greinargerðar um þess konar námsgagnastofnun, sem birtist í bók norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970 (sbr. Vedlegg 1 á bls. 135 nn í Vaksenopplæring for alle).

Um 19. gr.

Síðasta gr. þessa annars kafla frumvarpsins fjallar um „kennslufræðilega stöð vegna fullorðinsfræðslu“ í fræðsluumdæmum. Átt er við stofnun er hafi með höndum tilraunastarfsemi á sviði fullorðinsfræðslunnar. Greinin gerir aðeins ráð fyrir að heimilt sé að koma slíkum rannsóknarstöðvum á fót í fræðsluumdæmum, en þó því aðeins að ósk um slíkt komi frá fullorðinsfræðslunefnd umdæmisins. Er eðlilegt að slík rannsóknar- og tilraunastöð sé í tengslum við hliðstæða stofnun á sviði frumfræðslunnar, en háðar tengdar fræðsluskrifstofu, sem verður í reynd fræðslumiðstöð viðkomandi fræðsluumdæmis. Þar sem tilrauna- og rannsóknarstofnanir, er hafa verkefni og markmið sem hér um ræðir, hljóta að verða mjög dýrar bæði að stofn- og rekstrarkostnaði verða fullorðinsfræðslunefndir fræðsluumdæma, sem óska þess að fá heimild til starfrækslu slíkra stöðva, að gera sér fulla grein fyrir þeirri fjárhagsbyrði sem fylgir stofnun og starfrækslu slíkra stöðva. Um styrk ríkisins til slíkra stofnana er fjallað í 35. gr. frumvarpsins.

C

III. KAFLI

Kennarar og nemendur

Þriðja kafla frumvarpsins má skipta í þrjá þætti, á þessa leið:

a) 20.—22. gr. fjalla um menntun þeirra og hæfni sem hafa eiga á hendi kennslu, leiðbeiningu eða forsjá fullorðinsfræðslu. Þá eru hér einnig heimildarákvæði varðandi störf skólastjóra og námsleiðbeinenda.

b) 23.—25. gr. segja frá þátttakendum í fullorðinsfræðslu, fyrst og fremst almennt, en einnig að því er tekur til sérstakra hópa, ennfremur fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið.

c) 26.—27. gr. lúta að aðild þátttakenda í skipulagningu fullorðinsfræðslunnar, svo og framlagi þátttakenda í formi námsgjalda þegar um slíkt er að ræða.

Um 20. gr.

Þar sem líklegt má telja að veigamiklir þættir fullorðinsfræðslunnar verði á vegum hins opinbera, þ. e. ríkis, fræðsluumdæma og sveitarfélaga, er eðlilegt að sérstök grein laganna fjalli um menntun, ráðningu og launakjör þeirra sem kennslu munu annast á vegum þeirra. Er gert ráð fyrir að þar verði höfð hliðsjón af þeim ákvæðum er gilda „um kennara frummenntunarinnar að því leyti sem við getur átt.“

Á vegum ríkis, fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður að sjálfsögðu að verulegu leyti sú fræðsla fullorðinna sem er hliðstæð frummenntuninni — (sbr. þó ákvæði 16. gr. og skýringar við hana). Er auðsætt að um menntun, ráðningu og launakjör kennara, er slíka fræðslu veita fullorðnum, hljóta að gilda þau ákvæði er taka til hliðstæðra þátta frummenntunarinnar á hvaða stigi hennar sem slík fræðsla er veitt, svo sem grunnskólastigi, framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Á vegum hinna opinberu aðila, sem hér hafa verið nefndir, verður svo vafalaust líka að einhverju eða verulegu leyti starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið í viðtækustu merkingu, en þar er ekki síst átt við sjálfa starfsmenn hins opinbera, er þurfa á simenntun að halda sem gerir þá hæfa að rækja störf sín. Þá verður enn á vegum hinna opinberu aðila um að ræða námsflokkastarfsemi er telst til hins frjálsa náms og frístundamenntunar. Enda þótt ljóst sé að þessi fræðsla verður annars eðlis en frummenntunin og á engan veg bein hliðstæða hennar er engu að síður rétt að miða menntun, ráðningu og launakjör kennara við ákvæði frummenntunarinnar að svo miklu leyti sem við getur átt.

Um 21. gr.

Þessi grein fjallar um kennara og leiðbeinendur í þeirri fræðslu fullorðinna sem ekki er á vegum opinberra aðila, en segja má engu að síður um að hinir opinberu aðilar beri verulega ábyrgð á þar sem þeir kosta umrædda fræðslu „að meira en hálfu leyti“. Um kennara sem annast slíka fræðslu er þrennt tekið fram í þessari grein og mun vikið að hverju fyrir sig.

Það sem fyrst er tekið fram varðandi umrædda kennara og leiðbeinendur er að Menntamálaráðuneytið skal meta hvort tveggja, hæfni þeirra og starfsreynslu.

Ekki skal í þessu ákvæði felast að Menntamálaráðuneytið geti beinlínis sagt fyrir um það hvaða mönnum séu falin kennslu- og leiðbeinendastörf á vegum þeirra fræðsluaðila er fá styrk til einhverrar starfsemi sinnar „að meira en hálfu“. Hér skal vera um hitt að ræða að ráðuneytið fellst á að þeim mönnum, sem umræddir fræðsluaðilar hafa valið eða ráðið, verði falin kennslu- og leiðbeinendastörf. Skal dómur Menntamálaráðuneytisins byggjast á hvoru tveggja, hæfni og starfsreynslu. Að sjálfsögðu ber að meta óskir og vilja forráðamanna fræðsluaðilanna og forðast afskipti af fræðlustarfsemi þeirra að öðru leyti en því sem mat þetta um hæfni og starfsreynslu gerir kröfur til.

Næst er lögð áhersla á að kennarar og leiðbeinendur við fullorðinsfræðslu, sem ekki er á vegum opinberra aðila, skulu eiga kost á kennslufræðilegri menntun og/eða leiðbeinendapjálfun. Til þess er ætlast að slík þjálfun sé veitt umræddu fólki á vegum Menntamálaráðuneytisins fyrst og fremst, enda skal þjálfunin vera að nokkru forsenda fyrir mati þess á hæfni og reynslu. Gert er þó ráð fyrir að fræðslusambönd, sem hlotið hafa viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins, fái til þess styrk að halda námskeið fyrir leiðbeinendur sína (sbr. 34. gr. c-lið).

Loks er í þriðja lagi í þessari grein gert ráð fyrir því að þeir kennarar fullorðinna, sem greinin fjallar um sérstaklega og reyndar allir kennarar fullorðinna sem ekki er tryggð áframhaldandi menntun í öðrum lögum um fræðslumál, skuli eiga kost á kennslufræðilegu framhaldsnámi. Fullorðinsfræðslunefndin telur það nauðsynjamál að Menntamálaráðuneytið setji reglur um slíka kennslufræðilega framhaldsmenntun og geri hana að óbeinni skyldu svo að kennarar fái haldið viðurkenningu þess og þar með rétti til kennslustarfa. Breytingar á kennsluefni, svo og kennsluháttum, hljóta að verða svo miklar og örar að ekki verður hjá því komist að setja slík ákvæði í lög og reglugerðir á þann hátt sem hér er ætlast til.

Um 22. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að fullorðinsfræðsla ákveðinnar stofnunar geti orðið svo umfangsmikil að nauðsyn beri til þess að fela sérstökum skólastjóra forstöðu hennar og ráða jafnframt námsleiðbeinanda við stofnunina, einn eða fleiri. — Hér er vikið að vandasómu atriði í skipan fullorðinsfræðslunnar er varðar í senn sérstöðu hennar svo og tengsl hennar við frumfræðsluna. — Það gefur auga leið að fullorðinsfræðslan er á margan hátt sérstæð og má ekki um of taka mið af náms-efni og því síður kennsluháttum frummenntunarinnar. Hér ber fyrst og fremst að hafa í huga þarfir og forsendur hinna fullorðna sem námsins eiga að njóta. Þó verður einnig að taka tillit til fjárhagsgetu landsmanna og þess ekki síst að miða verður hönnun og skipulag íslenskra menntastofnana við það í framtíðinni, að þar fari fram að verulegu leyti báðir þættir hins nýja menntakerfis, ævimenntunarinnar, þ. e. a. s. frumfræðslan og fullorðinsfræðslan. Þegar svo er komið, hlýtur sú spurning að vakna, hvenær fullorðinsfræðslan sé orðin svo umfangsmikil að ætla verði henni sérstaka forstöðu og sérstaka námsleiðbeinendur.

Í frumvarpsdrögum norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar eru hliðstæð ákvæði og hér er lagt til að sett verði í íslenska lögjöf. Til skýringar á hinum hliðstæðu ákvæðum í frumvarpsdrögunum norsku er vitnað til sænskra laga er kveða á um sérstaka skólaeiningu eða sjálfstæða stofnun til fullorðinsfræðslu. Þar segir: „Setja má á stofn sérstaka skólaeiningu/stofnun á námskeiðagrundvelli, ef námskeiðastarfsemin samsvarar að magni til minnst 16 punktum, en hver punktur er metinn 550 námsstundir. Við slíka fræðslustarfsemi skal starfa skólastjóri/rektor í fullu starfi og við sérstakar aðstæður að auki námsleiðbeinandi (studierektor) í fullu starfi. Sé fullorðinsfræðslan falin fræðslustofnun er annast menntun unglinga, skal engu að síður vera sérstakur námsleiðbeinandi í starfi er annast námskeiðsstarfsemina“. (sbr. Kungl. Maj:ts proposition nr. 27 ár 1971 — þá vitnar norska fullorðinsfræðslunefndin í Kungl. Maj:ts kungjörelse om kommunal och statlig vuxenutbildning 27 mai 1971, gr. 57, 62, 63, 64, 65. — Úr Vaksenopplæring for alle, bls. 113.) Að sjálfsögðu verður hér á landi að miða við íslenskar aðstæður og hefð. — Ekki ber að skilja fyrri málsgr. þessarar gr. laganna svo, að hún eigi við aðra fullorðinsfræðslu en þá sem er beinlínis á vegum opinberra aðila.

Síðari málsgr. 22. gr. gerir líka ráð fyrir annarri skipan en rætt hefur verið um hér að framan, sem sé þeirri að fullorðinsfræðsla verði annar þáttur í starfsemi sameiginlegrar menntastofnunar ævimenntunarpáttanna beggja. Verði þá um sameiginlega yfirstjórn að ræða, en sérstakur námsleiðbeinandi ráðinn er annist umsjón og skipulagningu fullorðinsfræðslunnar einvörðungu. — Um þennan hluta 22. gr. er það sama að segja og fyrri málsgreininna að hann á eingöngu við um menntastofnanir á vegum opinberra aðila, enda felst í því frekari takmörkun að

menntastofnanirnar, sem hér um ræðir, skulu veita frummenntun samkvæmt lögum. Fyrri málsgreinin er að því leyti viðtækari að hún getur líka átt við opinberar fræðslustofnanir er annast fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið, svo og opinberar fræðslustofnanir er annast námsflokkastarfsemi eða samsvarandi fullorðinsfræðslu.

Um 23. gr.

Með 23. gr. hefst nýr þáttur í þriðja kafla frumvarpsins er nær yfir þrjár greinar. Í þessari grein er fjallað sérstaklega um þátttöku og þátttakendur í fullorðinsfræðslu. Þrennt er tekið fram er sérstök athygli skal vakin á í þessari greinargerð.

Í fyrsta lagi er fjallað um reglur er ráðuneytið setur um þátttöku í fullorðinsfræðslu. Þær reglur skulu bæði ná til fyrstu þátttöku í fræðslunni, svo og áframhaldandi nám þeirra sem innritast hafa. Reglur Menntamálaráðuneytisins um þátttöku skulu fyrst og fremst tryggja, að fræðslan sé frjáls, þ. e. a. s. koma í veg fyrir að fullorðinsfræðslan verði hagnýtt í auglýsinga- eða áróðursskyni. — Um hliðstæð ákvæði í frumdrögum meirihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar segir: „Það hlýtur að vera algild regla að starfsemi fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks, sé öllum frjáls“. (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 115). — Um þetta sama segir í álitni minnihlutans: „Minnihluti nefndarinnar, Fjæstad og Hansen telja nauðsynlegt að leggja einnig á það áherslu, að þátttakendur hafi með-ákvörðunarrétt og „rétt neytandans“ í fullorðinsfræðslunni“ (sbr. sama rit, bls. 129). — Útilokunarstefna eða úrvalsstefna skal ekki ráða neinu stigi fullorðinsfræðslunnar, hvorki að því er tekur til aðgangs að þeirri menntun né áframhaldsins.

Í annan stað er í grein þessari kveðið á um lágmarksaldur þátttakenda í fullorðinsfræðslu. Lágmarksaldur skal vera 14 ár. Þetta aldurstakmark er miðað við ákvæði í sænskum lögum á ákvæðnu sviði fullorðinsfræðslu, þ. e. þátttöku í leshring. Segir svo í umræddum lögum: „9. gr.: Um ríkisstyrk, sem gert er ráð fyrir í 8. gr. (inngangi kaflans um Leshringastarfsemi) skulu gilda eftirfarandi reglur: d) Í öðrum leshringum en þeim er taka til tónlistar, mega þeir einir taka þátt sem orðið hafa 14 ára á almanaksárinu. Í leshring, sem fjallar um tónlist, mega jafnvel taka þátt þeir sem ekki hafa náð fyrrgreindum aldri. Fjöldi yngri þátttakenda má aldrei vera meiri en helmingur allra þeirra er þátt taka í leshringum“. (Sbr. Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag til det fria och frivilliga folksbildningsarbetet SFS 1963: 463, tekið upp sem Vedlegg 2a i Vaksenopplæring for alle, bls. 152—159, hér er um að ræða bls. 155). — Eðlilegt virðist að fylgja fordæmi Svíanna að þessu leyti, enda hafa þeir lengsta hefð að haki og mesta reynslu á sviði fullorðinsfræðslunnar og þá alveg sérstaklega að því er til leshringastarfsemi tekur. Er fullkomlega eðlilegt að láta þetta aldursákvæði ná til námsflokka, námshópa og leshringastarfsemi hér á landi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bág við önnur ákvæði laga um námsskyldu og námsrétt. sbr. skýringu við síðustu málsgreinar þessarar lagagreinar.

Í síðustu málsgreininni eru hikaus fyriræli um það, að hið rúma ákvæði greinarinnar um lágmarksaldur megi aldrei túlka á þá lund, að það leysi börn og unglínga undan fyrirmælum laga um skyldunám. Nemandi, sem fengið hefur heimild til að taka þátt í fullorðinsfræðslu eftir ákvæðum þessarar greinar, getur ekki á þeim forsendum afsakað eða réttlætt vanrækslu skyldunáms.

Um 24. gr.

Þessi grein fjallar um fullorðinsfræðslu opinberra starfsmanna, svo og annarra aðila eða starfshópa er tryggt hafa sér rétt til slíkrar menntunar í sérstökum samningum. Hún leggur á það áherslu að frumvarnið, sem hér liggur fyrir, verði hvorki til að skerða rétt né leysa aðila undan skyldum. — Skyldur hins opinbera, svo og skyldur annarra aðila í þessum efnum, skulu ræktar engu að síður þótt í lögum þessum kunní að finnast ákvæði er orðið gætu til að auka möguleika sömu aðila á frekari fræðslu. — Greinina má heldur ekki skilja svo eða túlka að hún

takmarki möguleika opinberra starfsmanna né heldur annarra, er ákvæði hafa í samningum sínum um fullorðinsfræðslu, við þau ákvæði ein, ef annars staðar væri ákvæði í lögum þessum er tryggt gætu viðbætur og aukningu.

Um 25. gr.

Síðasta greinin í þessum kafla, er kveður á um þátttöku í fullorðinsfræðslu, lýtur að þátttakendum í starfsnámi í tengslum við atvinnulífið. Í greinargerð fullorðinsfræðslunefndarinnar fyrir 10. gr. var ítarlega fjallað um sérstöðu þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar og þá jafnframt getið um nauðsyn þess að setja reglugerð er kveði á um sem flest atriði er tengdust umræddu starfsnámi. Eitt þeirra atriða, sem reglugerðin hlýtur að kveða á um, snertir að sjálfsögðu þátttakendurna. Verður þar vafalaust fylgt meginstefnu þeirri sem mörkuð er í 23. gr. laganna að fræðslan sé frjáls, en að öðru leyti hlýtur reglugerðin að taka mið af ólíkum aðstæðum og þörfum hinna mörgu atvinnugreina svo og vinnustaða og fyrirtækja, en á þá sundurgreiningu hefur áður verið bent í þessari greinargerð.

Um 26. gr.

Tvær síðustu greinar III. kaflans mynda lokabátt hans að nokkru sjálfstæðan eins og áður hefur verið vikið að.

Fyrri greinin, þ. e. 26. gr. frumvarpsins, kveður á um aðild þátttakendanna að skipulagningu fullorðinsfræðslunnar. Er þar gert ráð fyrir að meginstefnan verði sú að tryggja þátttakendum þá aðild að henni að þeir geti „samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna“, eins og segir í greininni. — Hér er vikið að viðhorfi sem nú er mjög á dagskrá, vanda sem nú er í sviðsljósinu, þ. e. „nemendalýðræði“ eða því sem líklega væri réttara að nefna „skólalýðræði“. Það er skoðun fullorðinsfræðslunefndarinnar, að hiklaust skuli ganga til móts við þær kröfur nemenda eða þátttakenda í fræðslu að á þá sé litið sem einn af virkustu aðilum menntunarinnar. Þeir eiga því að hafa rétt til að koma skoðunum sínum á fræðslunni á framfæri og jafnframt skal tryggja þeim meiri aðild að ákvarðanatækt, enda þótt þeim verði ekki gefið sjálfðæmi. — Um þetta atriði er fullorðinsfræðslunefndin samdóma minnihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar, en í upphafi 33. gr. í frumdrögum hennar segir: „Fullorðinsfræðslu skal skipuleggja þannig að þátttakendurnir hafi áhrif á kennsluna í samræmi við lýðræðislegan ákvörðunarétt“. Ákvæði þetta rökstyðja þeir Knut Fjæstad (fulltrúi Samnefnda for studiesarbeid) og Hilmar Hansen (fulltrúi Landsorganisasjonen i Norge) þannig: „Fullorðinsfræðsla á okkar dögum hefur ekki aðeins að forsendu að kennslan miðist við aðstæður hinna fullorðnu að því er nám snertir og þarfir þeirra fyrir menntun. — Kröfur í samtíðinni um ákvarðanatækt á lýðræðisgrundvelli hljóta einnig að ná til fullorðinsfræðslunnar, að þátttakendur hafi áhrif á kennsluna. Gott andrúmsloft og samstarfsvilji tryggja mikinn árangur. — Það hlýtur að hafa margvíslegan vanda í för með sér að veita tugþúsundum þátttakenda rétt til áhrifa á áætlanagerð og skipulagningu. Um er að ræða flókið verkefni og tímafrekt. — En þátttakendur verða að eiga þess kost að láta álit sitt í ljós þegar þeir geta gert sér grein fyrir árangri erfiðis síns. Álit þeirra hlýtur að hafa áhrif á framhald námsins. Það er mikilvægt að geta á þennan hátt tryggt „rétt neytandans“. Þótt ekki sé um mikil þein útgjöld að ræða ber á hitt að líta að tími þátttakendanna er dýrmætur og koma verður til móts við kröfur um gæði“ (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 129 og 130). — Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst að hinir þrír höfuðþættir fullorðinsfræðslunnar og hin mörgu afbrigði þeirra eru misjafnlega til þess fallin að tryggja nemenda- eða skólalýðræði. Hún er að engu síður á einu máli um hitt að alls staðar þar sem því verður við komið, beri að hagnýta alla möguleika til að tryggja sem mesta og besta samstöðu og samvinnu um fullorðinsfræðsluna.

Um 27. gr.

Lokagrein III. kaflans fjallar svo um námsgjöld þeirra er þátt taka í fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun. Það er meginstefna greinarinnar að nemendur skuli ekki greiða námsgjöld þegar um slíka fræðslu er að ræða, enda ekki krafist kennslugjalda í skólum hins opinbera, þeim er frumfræðslu veita. Hið sama skal gilda um þá fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun og rækt af opinberum aðilum. — Hins vegar er samkvæmt 16. gr. laga þessara fræðslusamböndum veitt heimild að annast samsvarandi kennslu, þ. e. a. s. hafa fullorðinsdeildir. Var í skýringum við 16. gr. fjallað ítarlega um þær ástæður er til þess liggja að nefndin mælir með að fræðslusamböndum sé veitt þessi heimild og verða þær ekki endurteknar hér. Þar sem 32. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að slík fullorðinsdeild á vegum fræðslusambands skuli fá ríkisstyrk er nemur 75% kostnaðar má telja réttlætismál að fræðslusamböndum sé heimilt að krefjast greiðslu frá þáttakendum. Greiðsla þátttakenda skal því ekki vera eiginlegt námsgjald, heldur innritunargjald, þ. e. a. s. kostnaður vegna skrásetningar og skýrslugerðar.

D

IV. KAFLI

Fjárveiting til fullorðinsfræðslu

Fjórði kafli frumvarpsins skiptist í fjóra þætti. Skiptingin er þessi:

a) 28. og 29. gr. fjalla um framlög opinberra aðila til ákveðinna þátta fullorðinsfræðslunnar, þ. e. tveggja aðalþáttanna, annars vegar fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu og hins vegar fullorðinsfræðslu sem er starfsmenntun í atvinnulífínu.

b) 30.—33. gr. kveða á um ríkisstyrk til fullorðinsfræðslu er fram fer eftir tilgreindum fræðsluformum. Þegar fræðsluformin eru þau, sem um getur í nefndum greinum, skal styrkur veittur eftir ákvæðum 30.—33. greinar, enda þótt þar geti verið um að ræða fullorðinsfræðslu sem eðli sínu samkvæmt fellur undir þá tvo aðalþætti sem fjallað er um í 28.—29. gr. Ber að hafa þennan mun, er grundvallast á sjálfum fræðsluformunum, ríkt í huga.

c) 34. gr. fjallar einvörðungu um ríkisstyrk til fræðslusambanda.

d) 35.—37. gr. skýra frá styrkjum ríkisins til kennslufræðilegra stöðva í fræðsluumdæmunum, svo og frá hagnýtingu kennsluhúsnaðis opinberra aðila til fullorðinsfræðslu, en líka hversu ákveða skuli greiðslu til annarra aðila er láta í té húsnaði fyrir slíka fræðslu.

Um 28. gr.

Grein þessi er raunverulega í tveim liðum. Fjallar sá fvrri um kostnað þeirrar fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun. Síðari liðurinn er svo um rétt þeirra, er þann þátt fullorðinsfræðslu stunda, til námslána og styrkja.

Í fyrri lið greinarinnar er gert ráð fyrir að ríki. fræðsluumdæmi (landshlutasamtök) og sveitarfélög standi straum af kostnaði við téða fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvæðum laga um frumfræðslu ef annað er ekki tekið fram í lögum þessum. Með síðustu viðbótinni er átt við sérstöðu fullorðinsdeilda á vegum fræðslusambanda sem 32. gr. fjallar um, svo og 27. gr eins og áður hefur verið skýrt í greinargerðinni. Er því í fyrri hluta greinarinnar um að ræða fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun og opinberir aðilar hafa á sínum vegum. Kostnaðarhlutdeild hiuna opinberu aðila er að sjálfsgöðu misjöfn eftir því hvort um fullorðinsfræðslu er að ræða sem er hliðstæð grunnskólamenntun, framhaldsskólamenntun eða háskólamenntun.

Síðari hluti greinarinnar á að tryggja þeim, er njóta fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frummenntun, sama rétt til námslána og styrkja og hinum er hliðstætt nám

rækja sem frummenntun. Hér er bæði átt við dvalar- og ferðastyrki, þar sem gert er ráð fyrir þeim í hinu lögbundna skólakerfi, og námsstyrki og námslán, þar sem um slíkt er að ræða. Hér er á ferðinni réttlætismál sem ekki þarfnast skýringa eða réttlætningar. — Hitt er svo annað mál að nokkur vafi getur á því leikið hvort nógu langt sé hér gengið að tryggja fullorðnum fjárhagslegan styrk að stunda nám hliðstætt frumfræðslu, hafi þeir verið í atvinnulífinu um sinn og eignast eigið heimili með þeim framfærsluskyldum er því fylgja. Vísast til skýringar við næstu grein í þessu sambandi, en þar verður sérstaklega vikið að þeim reglum er gilda í nágrenna- löndum okkar um fjárhagsstuðning til fullorðinna, hafi þeir látið af störfum um lengri eða skemmri tíma til að auka menntun og starfshæfni.

Um 29. gr.

Greinin tekur til meðferðar styrk sem veittur skal til starfsmenntunar fullorðinna í atvinnulífinu. Ekki er hægt að vísa til hefðar í sambandi við slíkan styrk. Er enn sem fyrr áréttað að hér verði til að koma ákvæði reglugerðar sem fyrst getur í 10. gr. frumvarps þessa og síðan hefur verið vikið að í skýringum við 25. gr. — Að sjálfsgöðu er ekki unnt hér að kveða á um efnisatriði nefndrar reglugerðar, heldur verður það menntamálaráðherra og Menntamálaráðuneytisins að taka ákvarðanir og bera ábyrgð á reglugerðinni. Í 29. grein er þó engu að síður vikið að tveim atriðum sem fullorðinsfræðslunefndin telur óhjákvæmilegt að reglugerðin kveði á um. Annað atriðið er að kostnaður við starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu verði greiddur af ríkinu. Hitt atriðið er að þátttakendum verði bætt vinnutap.

Í báðum tilvikunum, þ. e. varðandi kostnað við fræðsluna, svo og bætur fyrir vinnutap, er í verulegum atriðum fylgt fordæmi Norðurlandþjóða. Um þetta gilda eftirfarandi reglur í Svíþjóð: „Ríkið greiðir allan kostnað við fræðslu í tengslum við vinnumarkaðinn, svo og í þeim skólum ríkisins sem fullorðnum eru ætlaðir. Ríkið greiðir enn fremur kostnað við dagskrá fullorðinsfræðslu í útvarpi og sjónvarpi og nær sá kostnaður bæði til framleiðslu og flutnings fræðsluefnisins“ (sbr. **Vuxenutbildning i Sverige**, En kortläggning på uppdrag av sekretariatet för nordisk kulturellt samarbete, Utbildningsdepartementet, bls. 21). „Ennþá umfangsmeiri félagsleg aðstoð er látin í té í sambandi við fræðslustarfsemi vinnumarkaðarins. Námsstyrkurinn á að vera hvatning til menntunar og verður því að vera það riflegur að sá sem hann hlýtur geti bæði séð sjálfum sér og fjölskyldu sinni, ef um fjölskylduföður er að ræða, farborða án þess það hafi í för með sér allt of mikla sjálfsofn. — Námsstyrkurinn nær til frumstyrks (grunnbidrag), húsnæðisstyrks, fæðiskostnaðar, barnameðlags og auk þess svokallaðs sérstyrks. — Frumstyrkurinn er frá 1. júlí 1973 allt að kr. 665.00 á mánuði til heimilisföður, en allt að 615.00 til annarra. Húsaleigustyrkur getur mest orðið sannanlegur kostnaður við húsnæði og er hiti meðtalinn. Barnameðlag er allt að kr. 150.00 á mánuði fyrir hvert barn. Samanlagt mega þessir þrír liðir ekki nema hærri fjárhæð en 1.700.00 kr. á mánuði. Nefnd á vegum ríkisins, komitéen för studiestöd åt vuxna, S.V.U.X., hefur meðal annars það verkefni að gera tillögur um á hvern hátt má efla hið félagslega styrkjakerfi, að séð verði betur fyrir þörfum hinna fullorðnu er nám stunda“ (sama rit, bls. 24). Þá ber enn fremur að vekja athygli á því að árið 1944 var í Svíþjóð komið á fót Arbetsmarknadens Yrkesråd (AY), en það er stofnun er tryggir samstarf Svenska Arbetsgivareföreningen og Landsorganisationen i Sverige á sviði iðnaðar- og iðjufræðslu í tengslum við atvinnulífið.

Varðandi kostnað við fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu í Noregi ber að vekja sérstaka athygli á samningi verkalýðssamtakanna norsku og vinnuveitendasambandsins um stofun fræðslusjóðs. Um hann segir: „Samningur LO og NAF um fræðslu- og þróunarsjóð hefur að markmiði að kosta eða styrkja framtak til eflingar fræðslu og menntunar í norsku atvinnulífi. Sjóðurinn er fjármagnaður með 1.50 kr. á viku á starfsmann. Af framlaginu greiðir vinnuveitandinn kr. 1.00 og vinnuþegi kr. 0.50. Heildarframlagi er skipt jafnt milli LO og NAF.“ (sbr. sam-

svarandi greinargerð vegna gagnasöfnunar á sviði fullorðinsfræðslu, **Voksenopp-læring i Norge**, bls. 12). Þá segir í sömu greinargerð: „Á árunum 1958/1959 efndi yfirstjórn atvinnumála til námskeiða fyrir fullorðna á sviði iðju- og iðnaðar, fyrst og fremst til að vinna gegn verulegu atvinnuleysi víða um landið. Þessi starfsemi hefur síðan þróast á þá lund að vera einkum hagnýtt í sambandi við vandamál ummenntunar er leiðir af breyttum þjóðfélagsháttum. — Tilgangurinn er tvíþættur: Hinn einstaki vinnuþegi skal fá fræðslu er tryggir nægilega og stöðuga atvinnu og fræðslan á að miðast við þá þörf fyrir vinnuafli sem fyrir hendi er á hverjum tíma á vinnumarkaðinum“, (sama rit, bl. 14). Um framlög til að bæta vinnutap segir svo í norsku greinargerðinni: „Vítækust félagsleg aðstoð á sér stað í sambandi við verkmenntun fullorðinna sem er þáttur í stefnumótun atvinnulífsins. Styrkurinn, sem greiddur er af almannatryggingum, bætir tap vinnulauna, tryggir fjölskyldunni lífeyri og greiðir ferðakostnað. Ríkisframlag til námskeiða trúnaðarmanna (námskeið ætluð fulltrúum þeirra sem þátt taka í atvinnulífni), bætir að fullu vinnulaun“ (sbr. sama rit bls. 26). „Sé um að ræða framhaldsnám hvort heldur um almenna eða verkmenntun er að ræða sem tekur ákveðinn tíma og ekki verður stunduð ásamt starfi er hægt að fá námsstyrk úr Statens Lånekasse for utdanning. Styrkur er aðeins veittur til náms er varir 3½ mánuð, en lán því aðeins að um 7 mánaða tíma sé að ræða“, (sama rit, bls. 27).

Um starfsmenntun í dönsku atvinnulífi segir svo í greinargerð Dana um fullorðinsfræðslu: „Að verulegu leyti fer fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið fram samkvæmt reglugerð frá 2. júní 1971 á grundvelli laga um atvinnumenntun sérhæðra verkamanna (specialarbejdere) og fleiri svo og ummenntunar (Bekendtgørelse af 2. juni 1971 af lov om erhvervsmaessig uddannelse af specialarbejdere m.m. og omskoling), en fræðsla sú er á ábyrgð Atvinnumálaráðuneytisins. — Vegna tæknipróunar eru þeir verkamenn sem áður voru ófaglærðir (ikke faglærte) orðnir sérhæfðir verkamenn (specialarbejdere). Frá 1960 hefur verið sköpuð ákveðin námsbraut fyrir hina sérhæfðu verkamenn. Námið er skipulagt í mismunandi starfsgreinum verkamanna (brancher) af þar til kjörnum starfsgreinaneftum (27 talsins), en í þeim eru fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins. Meginið af kennslunni fer fram í skólum hinna sérhæfðu (Specialarbejderskolene), en þeir eru 27 talsins (20 sjálfseignarstofnanir, 7 ríkisskólar). Námskeiðin eru venjulega stutt (u. þ. b. 144 kennslustundir) og fylgt er ákveðinni námskrá sem byggð er á samræmdri áætlun. Menntunin er í áföngum, áframhaldandi námskeið þar sem hvert fyrir sig er sjálfstæð eining. — Önnur gerð fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið fer einnig fram undir yfirstjórn Atvinnumálaráðuneytisins, en það er menntun hinna faglærðu. Námskeiðin, sem þar er um að ræða, eru bæði skipulögð og haldin í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og tæknistofnanirnar (de teknologiske institutter, en þær eru þrjár og er stjórn þeirra á vegum Viðskiptamálaráðuneytisins) svo og verslunarskóla og tækniskóla, sem stjórnað er af Menntamálaráðuneytinu, deild er nefnist Direktoratet for erhvervsuddannelserne. Námskeiðin eru byggð upp á sama hátt og námskeið þau sem ætluð eru sérhæfðum verkamönnum og eru þau einkum haldin sem dagnámskeið. Auk þess sem slíkum námskeiðum er ætlað að treysta undirstöðumenntunina með því að taka mið af nýjungum, þá er tilgangurinn með þeim einnig sá að veita þátttakendum hæfni og hagnýta þekkingu sem að gagni kemur í nýjum framleiðsluaðferðum og nýrri tækni. — Þá ber að lokum að geta ummenntunarinnar sem ætlað er að auðvelda því fólki umskiptin sem standur frammi fyrir því að breyta atvinnu sinni og taka að sér ný störf, en jafnframt auðvelda þeim sem horfið hafa frá vinnumarkaðinum að leita þangað aftur sem fullgildu starfslíði. Námskeið ummenntunar eru venjulega fólgin í mjög hagnýtri fræðslu. Frumkvæðið að slíkum námskeiðum geta atvinnufyrirtæki átt eða aðilar vinnumiðlunar (sem hafa 27 aðalskrifstofur), en einnig félagasamtök vinnumarkaðarins. Í sambandi við ummenntunina fer fram almenn kynning á atvinnulífi, efnahagsmálum og félagsmálum (oftast u.þ. b. 40 kennslustundir). Ummenntunin tekur venju-

lega lengri tíma en námskeið þau sem ætluð eru til að mennta sérhæfða verkamenn eða eftirmennta faglærða“; (sbr. dönsku greinargerðina: Kortlægning af voksen-undervisning i Danmark, bls. 22—23).

Um 30. gr.

Næstu fjórar greinar mynda eins og fyrr segir sérstaka heild í IV. kafla laganna. Þær fjalla allar um kostnaðarhlutdeild ríkisins í framkvæmd fullorðinsfræðslu í ákveðnum formum.

30. gr. er um fullorðinsfræðslu í formi námsflokka og námshópa. Þar er um að ræða fræðsluform sem hagnýtt hafa verið með góðum árangri hér á landi, enda hafa þau náð vinsældum. Fullorðinsfræðsla í þessum formum hefur verið rekin af opinberum aðilum, borgar-, bæjar- og sveitarfélögum, svo og ýmiss konar fræðslufélögum. Í hugtakinu námshópur felst m. a. fræðsluform það sem kallað er leshringur. Sá er aðalmunur námsflokka og námshópa (sbr. 17. gr.) að námsflokkur nýtur kennslu leiðbeinanda (kennara), en námshópur handleiðslu leiðbeinanda sem þarf ekki að vera kennari að menntun og er stundum einn af þáttakendum hópsins. Það virðist sanngjarnt að húið sé vel að þessum fræðsluformum fullorðinsmenntunarinnar og telur nefndin eðlilegt að ríkið greiði „75% af sannanlegum kostnaði“. Með því er átt við allan raunverulegan kostnað sem hægt er að gera grein fyrir með því að leggja fram reikninga. — Fullorðinsfræðslunefndin álitur að framkvæmdin á ákvæðum þessarar greinar verði næsta einföld þegar framlag ríkisins er ákveðið á fyrrgreindan hátt. Í drögum meirihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar er lagt til að framlag ríkisins verði á grundvelli svokallaðrar námseiningar „studie-eining“. Hún er skilgreind þannig: „„Námseining“ er hér notuð sem mælieining í fullorðinsfræðslu sem fram fer í formi bréfaskólaleshrings (brevring) og námshóps (studiering). Meirihluti nefndarinnar álitur að meta beri framlag til slíkrar fræðslu annars vegar eftir því hve mikill tími fer í nám, kennslu, undirbúning, hins vegar eftir því hve margir þátttakendur eru. Ætti að vera hægt að finna ákveðinn stuðul til að meta slíka námseiningu eftir, þannig: Námstíminn alls = x klukkustundir, þátttakendurnir alls = y að tölu. Á þessum grundvelli ætti að vera hægt að breyta námsvinnu ákveðins hóps í slíkar einingar. Til dæmis ætti námsverkefni, sem tekur 30 eða 60 kennslustundir að leysa, en skráðir þátttakendur eru 5 talsins, að reiknast 3 eða 6 námseiningar. Væru skráðir þátttakendur fleiri, yrði styrkur meiri, þó innan marka sem sett hefðu verið.“ (Sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 120).

Í síðari málsgrein 30. greinar kveður á um lágmarksfjölda nemenda í námsflokki eða námshópi. Er gert ráð fyrir að lágmarksfjöldi nemenda sé 8. Þó má veita undanþágu, þegar sérstaklega stendur á og miða þá við lágmarksfjöldann 5. Til samanburðar má geta þess að meirihluti norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar leggur til að miða við 8 þátttakendur sem lágmark, en tekur þó fram að veita megi undanþágur og nefnir í því sambandi „sérstök námskeið og dreifbóli“. Samsvarandi reglur sænskar gera ráð fyrir að þátttakendur séu 12 (sbr. Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivilliga folkbildningsarbetet). Í dönsku lögunum. Fritidsloven, er tekið fram að nemendur skuli ekki vera færri en 10 með þeirri undantekningu þó að hægt sé að veita allt að tveim nemendum fræðslu í þessu formi þegar um algera sérkennslu er að ræða. — Miðað við aðstæður hér á landi virðist réttmætt, að námsflokkur eða námshópur teljist styrkhæfur, enda þótt þátttakendur séu ekki fleiri en 5. Bæði strjálbólið svo og sérhæfing þess námsefnis sem boðið verður fram í þessu fræðsluformi, gera það að dómi nefndarinnar óhjákvæmilegt.

Um 31. gr.

Hér ræðir um framlag ríkisins til fullorðinsfræðslu í formi bréfaskólakennslu. Greinin fjallar um tvo aðalkostnaðarliði sem nefndin leggur til að ríkið greiði að $\frac{3}{4}$ hlutum. Þar er annars vegar um að ræða rekstrarkostnað, hins vegar útgáfu-

kostnað. Með rekstrarkostnaði er hér átt við skrifstofuhald og önnur þau útgjöld sem fylgja bréfaskólarekstri svo sem burðargjöld, auglýsingakostnað og aðra þjónustu, sem óhjákvæmilegt er að slík starfsemi veiti, að ógleymdum launum kennara og annarra leiðbeinenda þar sem það á við. — Hinn kostnaðarliðurinn er svo útgáfukostnaður nýs kennsluefnis (ritlaun, prentun eða fjölritun) og nauðsynleg endurnýjun eldra kennsluefnis. Samkvæmt 17. grein frumvarps þessa á Menntamálaráðuneytið að setja reglur um skipan og fyrirkomulag bréfaskólanáms og hefur þannig á valdi sínu að veita aðilum viðurkenningu eða heimild til rekstrar bréfas skóla. — Í 31. grein er einnig tekið fram að Menntamálaráðuneytið verði að fallast á útgáfu kennsluefnis bréfaskóla, áður en til útgáfu kemur, eigi hún að njóta styrks á grundvelli þessarar greinar.

Rétt þykir í þessu sambandi að vekja athygli á stöðu bréfaskólafræðslunnar í tveim löndum þar sem hún hefur náð mikilli útbreiðslu og er því orðin harla þróuð, en það er í Svíþjóð og Noregi. Greinargerðin er að mestu sótt í heimildir þeirrar gagnasöfnunar um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum sem áður hefur verið skýrt frá.

Um bréfaskólafræðsluna í Svíþjóð segir svo: „Tvær menntastofnanir eru áhrifamestar í bréfaskólafræðslunni í Svíþjóð, Hermods og Brevskolan. Námskeiðin á vegum Brevskolan leitast við að fullnægja þörfum hinna margvíslegu félagasamtaka. Skólinn gefur út mikinn hluta þess fræðsluefnis sem notað er í leshringa starfseminni. Kennslubríf Hermods eru fyrst og fremst miðuð við nám er stefnir að hæfnisprófi. Hefðbundin bréfaskólafræðsla hefur á síðari árum verið samræmd og tengd fræðslu í öðru formi, leshringum, svo og útvarps- og sjónvarpskennslu. Komið hefur í ljós að slík fræðsla í fleiri formum hefur orðið mun áhrifaríkari en bréfaskólanám eitt saman“ (sbr. *Vuxenutbildning i Sverige*, bls. 15). Ríkisstyrkur til venjulegra leshringa á vegum fræðslusambandanna er 75% af kennslu- og náms-efniskostnaði, þó nemur hann aldrei hærrí fjárhæð en 30 kr. á hverja kennda stund sem styrkhæf er. Ríkisstyrkur til þeirra leshringa er sérstöðu hafa (þ. e. a. s. leshringar í námsefninu: sænska, enska, stærðfræði og félagsfræði), skal nema 100% nefndra kostnaðarliða, en þó aldrei hærrí upphæð en 45 kr. á hverja kennda stund. Ríkisstyrkur til kennslu innflytjenda skal nema 100%. Þá er og veittur ríkisstyrkur til stjórnunarkostnaðar fræðslusambandanna, svo og kennslufræðilegra starfa á vegum þeirra (sbr. sama rit. bls. 22).

Um bréfaskólafræðsluna í Noregi segir svo: „Vegna landfræðilegra aðstæðna í Noregi hefur bréfaskólafræðslan öðlast sérstaka hvöldingu. Fyrir fullorðna er það mikilvægt að sjálft fræðsluformið veiti tók á breytilegum námstíma og námshraða. — Bréfaskólafræðslan lýtur fyrirmælum laga um bréfaskóla (lov om brevskoler) svo og þeim fyrirskipunum sem Menntamálaráðuneytið hefur gefið varðandi starfsemi bréfaskólanna, ennfremur varðandi bréfaskólaráðið (Brevskolerådet) sem hefur umsjón með bréfaskólakennslunni. Það veitir hinum einstöku bréfaskólum viðurkenningu og samþykkir það námsefni bréfaskóla sem hoðið er fram. Þátttakendur í bréfaskólanámi skiptast í tvo aðalhlópa: einstaka nema og námshópa (brevringer). Ríkisstyrkur til námshópa er veittur af framlagi til fullorðinsfræðslu og nemur allt að kr. 20.00 á hvern þátttakanda og skal renna til bréfaskólans. Námshópar á vegum fræðslusambanda fá einnig ríkisstyrk til að greiða bóknun leiðbeinenda, sömuleiðis styrk til stjórnunar. Einstakir nemar er stunda bréfaskólanám til undirbúnings opinberum prófum, fá til þessa styrk frá ríkinu er nemur kostnaði náms-efnis og kennslu. Sama gildir um áfangapróf eftir ákveðnum reglum. Frumvarp til laga um ríkisstyrk til bréfaskólanáms St. meld nr. 118 (1972—1973) sem lagt var fram í Stórþinginu í júní 1973, hefur að geyma ákvæði um að veita ríkisstyrk til bréfaskólanáms án þess að um sé að ræða undirbúning undir próf, en sá styrkur skal nema 65% af námskostnaði“ (sbr. *Voksenopplæring i Norge*, bls. 16).

Rétt er að lokum að geta þess, að meirihluti norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar leggur til að ríkisstyrkur til bréfaskólanáms á sviði fullorðinsfræðslu „verði

veittur á grundvelli kostnaðareiningar, sem sé nemandabréf er lokið hafi verið við (pr. fullfórt elevbrev)“. — Nefndin skýrir tillögu sína þannig: „Með nemandabréfi, sem lokið hefur verið við, er átt við bréf frá bréfaskóla, sem boðið hefur verið fram, en nemandinn keypt, svarað og fengið leiðrétt. — Er ætlunin að leggja til grundvallar meðalkostnaðarverð á slíkum námsbréfum í mismunandi kennslubræfaefni“, (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 120).

Um 32. gr.

Það er að vissu leyti óþarft að eyða mörgum orðum til að skýra þessa grein svo mjög sem áður hefur verið fjallað um fullorðinsdeild í sambandi við greinargerð 16. greinar frumvarpsins, svo og 27. greinar. Hugtakið fullorðinsdeild var skilgreint í 16. gr. Í 27. gr. var gerð undantekning frá þeirri meginreglu að fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frummenntun, skuli með öllu ókeypis, en þar er gert ráð fyrir að fræðslusambönd, er hafa slíka deild á sínum vegum, megi krefjast innritunargjalds er brúti að nokkru bilið milli þess kostnaðarhlutfalls er ríkið greiðir, þ. e. 75% kostnaðar, og raunverulegs heildarkostnaðar. Vekja má athygli á því að minnihluti norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar hefur gert þessum kostnaði skil í tveim lagagreinum í frumvarpsdrögum sínum. Þar er um að ræða eftirfarandi: „44. gr.: Fullorðinsdeild á vegum skólakerfisins, sem ekki hefur stefnumótun vinnumarkaðarins að forsendu, fær styrk frá ríkinu sem nemur 75% og frá sveitarfélaginu styrk sem nemur 25% af kostnaðareiningu sem byggð er á kenndri stund (pr. lærertimme).“ „45. gr.: Fullorðinsdeild á vegum fræðslusambands, sem fullorðinsfræðslunefnd hefur samþykkt, fær ríkisstyrk er nemur 75% og styrk frá sveitarfélaginu er nemur 25% af kostnaðareiningu sem byggð er á kenndri stund (pr. lærertimme).“ Áður hefur hugtakið fullorðinsdeild „voksenklasse“ verið skilgreint í drögum minnihlutans þannig: „36. gr.: Fullorðinsdeild er eftir lögum þessum fræðsla sem er hluti lögboðinnar frummenntunar.“

Í niðurlagi 32. greinar er það skilyrði sett fyrir styrk frá ríkinu til fullorðinsdeilda á vegum fræðslusambands að nemendur séu ekki færri en 15. Telur fullorðinsfræðslunefnd slíka kröfu af hálfu ríkisins eðlilega, þar sem fræðslusamböndunum er veitt mikilvæg sérstaða með því að heimila þeim að hafa fullorðinsdeildir á sínum vegum. Þarf að koma í ljós að um raunverulega þörf fyrir slíka starfsemi sé að ræða.

Um 33. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa þar sem hún gerir ráð fyrir reglugerð Menntamálaráðuneytisins um önnur fræðsluform og skapar um leið möguleika að veita fleiri aðilum styrk til að hafa fullorðinsfræðslu á sínum vegum en þeim sem áður voru taldir. — Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða sem hagnýtt verða eftir því sem fjárframlög og aðstæður leyfa á hverjum tíma.

Um 34. gr.

Grein þessi er eins og áður hefur komið fram sérstæð innan IV. kafla frumvarpsins. Hún er einnig sérstök undirstrikun á þeirri skoðun fullorðinsfræðslunefndarinnar að búa skal betur að fræðslusamböndunum en öðrum aðilum og gera þeim á þann hátt kleift að rækja starfsemi sína. Með því einu móti geta þau orðið fullorðinsfræðslunni á Íslandi sú lyftistöng er hliðstæð sambönd hafa orðið annars staðar á Norðurlöndum. Hefur áður verið vikið að fræðslusamböndunum sérstaklega í greinargerð þessari og skal það ekki endurtekið (sbr. skýringar við 3. gr. c-lið, 6. gr. c-lið, svo og einkum 13. grein).

Fullorðinsfræðslunefndin er sammála um að fræðslusambönd skuli fá ríkisstyrk er nemur 75% af fjórum kostnaðarliðum sem taldir eru upp í greininni. Er ekki ástæða til að fjalla um hvern einstakan lið fyrir sig þar sem þeir skýra sig að verulegu leyti sjálfir.

Skilyrði fyrir styrkveitingum ríkisins til fræðslusambands er að Menntamálaráðuneytið hafi áður samþykkt áætlanir þess um þá fjóra kostnaðarliði sem nefndir eru. Verður því styrkur ríkisins 75% af kostnaðinum eins og hann er áætlaður af fræðslusambandinu og samþykktur af Menntamálaráðuneytinu enda þótt hann reyntist meiri en samþykkt áætlun mælir fyrir um.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um styrk ríkisins til kennslufræðilegra stöðva í fræðsluumdæmum að því leyti sem slíkar stöðvar taka til fullorðinsfræðslu. Um stöðvar þessar, hlutverk þeirra og stofnun var rætt ítarlega í skýringum á 19. gr. frumvarpsins.

Varðandi framlög ríkisins til slíkra stöðva er í meginatriðum miðað við tilögur norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar. Einnig hefur náðst samkomulag um það í norsku nefndinni að leggja til að ákvæði laganna verði orðað sem hér segir: „60. gr.: Ríkið veitir styrk til kennslufræðilegra stöðva í sveitarfélögum og fylkjum sem hér segir: 1) 25—83% af launum sérmenntaðs starfslíðs. 2) 50% af skrifstofukostnaði. 3) Til bygginga upphæð af fjárveitingu þeirri til skólabygginga sem Stórþingið veitir ár hvert og ráðuneytið úthlutar.“ (sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 132).

Um 36. gr.

Greinin á að áréttta það, sem áður hefur komið fram í greinargerð þessari, að hagnýta ber eftir því sem kostur er allt það kennsluhúsnæði og alla þá kennslu- aðstöðu sem ríkið, fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafa yfir að ráða til menntakerfisins í heild, þ. e. ævimenntunarinnar, bæði frummenntunar og fullorðinsfræðslu. Eins og aðstæður og ákvæði laga hafa verið hingað til hefur húsnæði þetta verið hagnýtt til frummenntunarinnar einvörðungu og þá verið frá upphafi miðað við þarfir hennar. Á þessu hlýtur að verða breyting í framtíðinni. Húsnæði menntastofnana framtíðarinnar verður hannað fyrir og hagnýtt af báðum þáttum ævimenntunarinnar. Þær aðstæður eru ekki nú fyrir hendi, en tryggja ber fullorðinsfræðslunni afnot og hagnýtingu þess kennsluhúsnæðis, sem til er, og þeirrar kennslu- aðstöðu sem þar má veita. Verður því nauðsynlegt að takmarka nefnda hagnýtingu að hún skerði ekki umráðarétt þeirra aðila er hafa yfirstjórn frummenntunarinnar með höndum. Þannig ber að áliti nefndarinnar að líta á þær takmarkanir sem felast í síðustu málsgrein 36. gr.

Um 37. gr.

Gera verður ráð fyrir að hagnýta þurfi til fullorðinsfræðslu húsnæði og kennslu- aðstöðu sem aðrir aðilar en ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafa umráðarétt yfir eða eignarhald á. Er því nauðsynlegt að sett verði um það sérstök ákvæði í reglugerð hvernig greiðslu fyrir afnot af slíku húsnæði verði hagað og hvaða kröfum það þarf að fullnægja um heilbrigðishætti. Eins þarf að setja skýr ákvæði um greiðslur fyrir afnot af slíku húsnæði. Hlýtur Menntamálaráðuneytið að gefa út reglugerð um þau atriði sem nefnd hafa verið.

E

V. KAFLI

Sérákvæði

Í þessum síðasta kafla eru tvær greinar sem ekki þarfnast sérstakra skýringa. Þar er kveðið á um nánari reglur sem Menntamálaráðuneytið setur varðandi framkvæmd fullorðinsfræðslulaganna eftir því sem nauðsyn krefur. Þá er einnig ákvæði um gildistöku laganna svo sem venja er.

IV
HEIMILDIR

1. Frá Norðurlöndum.

Auk þeirra laga og reglugerða um fullorðinsfræðslu, sem getið er um í II. kafla greinargerðarinnar bls. 13—15 ber að nefna eftirtaldir heimildir frá Norðurlöndum:

a) Danskar heimildir.

Forslag til Lov om fritidsundervisning m.v. Udkast/Undervisningsministeriet 16.—2. — 1968.

Til lovforslag nr. 69. Blad nr. 606.
Folketinget 1966—67 (2. samling).

Betænkning vedrørende Fritidsundervisning for voksne.
Betænkning nr. 396 1965.

Administrativ vejledning: Fritidsundervisning for voksne.
Undervisningsministeriet: Direktoratet for Ungdomsundervisning, 1970.

Lov om styrelsen af kommunernes skolevæsen og af virksomhed efter lov om fritidsundervisning m.v. Lov nr. 44 af 9. februar 1970.

Fritidsloven, ved N. Munch Christensen og Preben Strandskov.
Forlaget I dag, 7. reviderede oplag af Den nye fritidslov, 1971.

Voksenundervisning i 70 ene, En håndbog. Udgivet af Pædagogisk Arbejdsudvalg for Vokseundervisning. Redigeret af Carl Stjerne. — G.E.C. Gad 1970.

Voksenundervisning, en behovsundersøgelse i Frederiksborg Amt ved Lars Thorkild Björn. — Arbejdsformidlingen — Erhvervsvejledningen 1971.

Livslang uddannelse/udvikling. — Grundtrækkene i en integreret uddannelsespolitik. — Under redaktion af Per Himmelstrup, Frantz Kjærsum, Helge Severinsen og Carl Stjerne. — Gyldendal 1972.

Nyt om livslang uddannelse/udvikling. — Udgivet i forbindelse med Unesco's 3. verdenskonference om voksenundervisning, No. 4—9 1972. — Debathæfte nr. 1 — 1973.

Uddannelsesteknologi. — Planlægningsrådet for de højere uddannelser. — Rapport afgivet af den af Planlægningsrådet for de højere uddannelser nedsatte arbejdsgruppe vedrørende uddannelsesteknologi. — August 1972.

Voksenpædagogisk forskning og uddannelse. Rapport fra et arbejdsmøde 4.—7. juni 1973 i Helsingør. — Direktoratet for ungdomsundervisningen. 1973.

b) Norskar heimildir.

Skolelover — Tillegg til Norsk skole Nr. 2 for 1971.

Om voksenopplæring — to foredrag av Bjartmar Gjerde. — Arbejdernes opplysningsforbund.

Arbetsdelingen i voksenopplæringen. — Et arbeidsdokument fra Voksenopplæringsrådet. — Universitetsforlaget 1971.

Samnemnda for studiearbeid. — Årsmelding for 1971 og 1972.

Innstilling om Statsstøtte til brevundervisning. — Fra et utvalg oppnevnt av Kirke- og undervisningsdepartementet 28. august 1968. — Innstilling avgitt 4. desember 1969.

St. prp. nr. 150 (1971—72): Om opprettning av et Norsk voksenpedagogisk institutt.

Samnemnda for studiearbeid: Framlegg til årspengar 1974 (utrekna på grunnlag av årsmeldingane 1972).

Reglar for statstilskott til kveldskurs.

Föresegner om brevskoleskipnad, opplæring og godkjenning av styrarar og lærarar.

Samnemnda for studiearbeid: Representantskapsmötet 13.—14. juni 1973.

St. meld. nr. 118 (1972—73): Om statsstøtte til brevundervisning.

Voksenpedagogisk dokumentasjonstjeneste 1973: 1 — April 1973. — Norsk pedagogisk studiesamling.

Innstilling om videreutdanning for artianere m.v. — Innstilling nr. 4 fra Komiteen til å utrede spørsmål om videreutdanning for artianere og andre med tilsvarende grunnutdanning: Om Etterutdanning. — Innstillingen avgitt 3. juli 1969.

Etterutdanningspolitikk. — Red. Åke Dalin. — Universitetsforlaget 1970.

Universitetets rolle. — Forholdet mellom de akademiske institusjoner og arbeids- og næringslivet.

Redaktör: Åke Dalin. Universitetsforlaget 1969.

c) Sænskar heimildir.

Kungl. Maj:ts proposition nr. 37 år 1971.

Vuxna utbildning — Studiefinansiering — Kommittén för studiestöd åt vuxna Stockholm 1971 SOU 1971:80.

ABF utredningen 1965: Organisation — konstitution.

Aktuellt från skolöverstyrelsen. Årg. 26 1972/1973 Nr. 5: Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivilliga folkbildningsarbetet.

Aktuellt från skolöverstyrelsen. Årg. 26 1972/1973 Nr. 6: Forteckning över studiemateriel som är godkänt för studiecirkclar med tilläggsbidrag.

Uppsökande verksamhet för cirkelstudier inom vuxenutbildningen. — Delbetänkande avgivet av kommittén för försöksverksamhet med vuxenutbildning. Stockholm 1972. SOU 1972:19.

Vuxna lär — av Torsten Husén m. fl. Förutsättningar och metoder i vuxenundervisningen. — Vuxenpedagogiska semenariet vid Stockholms universitet — under ledning av professor Torsten Husén — Tredje upplagan. — Bogförlaget Lieber — Stockholm 1968.

d) Samnorrænar heimildir.

Kortlægningen af voksenundervisningen i Norden. — Öllum gögnum safnað saman í tvær stórar möppur. Þar er að finna allar heimildir er varða gagnasöfnunina. Sömu leiðis er haldið til haga hinum 3—4 mismunandi drögum frá hverju landi varðandi nefnda gagnasöfnun.

The Nordic WEAs and Adult Education. —

Rapport fra „Nordisk ekspertutvalg for forskning på voksenopplæringens område.“ Del 1: Forskningsoppgaver som er specielle for voksenopplæringen, prioritering og organiseringen av nordisk samarbeid.

Utvalget oppnevnt i brev fra Nordisk Kulturkommisjon, sekjon III, 11. mai 1966. — Rapporten avgitt 7. februar 1969.

Rapport fra „Nordisk ekspertutvalg for forskning på voksenopplæringens område“, Del 1 — Appendix. — Oversikt over voksenpedagogisk forskning og forskerutdanning i de nordiske land.

2) Heimildir frá Evrópuráðinu.

Permanent Education. — A compendium of studies commissioned by the Council for Cultural Co-operation. — A contribution to the United Nations' International Education Year. — Strasbourg 1970.

Permanent Education — Synopsis of fifteen studies (CCC/EES (70) 133). Strasbourg, February 1971.

Permanent Education — Fundamentals for an integrated educational policy. — Strasbourg, October 1971.

Today and tomorrow in European adult education. — A study of the present situation and future developments, by J. A. Simpson. Strasbourg 1972.

Permanent Education. — The basis and essentials. — Strasbourg 1973.

Systems development in adult language learning. — A European unit/credit system for modern language learning by adults. — Strasbourg 1973.

3) Heimildir frá Efnahags- og framfarastofnuninni, O.E.C.D.

Recurrent Education. — A strategy for lifelong learning — Centre for educational research and innovation — 1973.

Recurrent Education: Policy and development in O.E.C.D. countries:

- a) Recurrent education in the state of New York, by Peter F. Regan, Norman Solkoff, Walter F. Stafford, July 1972.
- b) Recurrent education in Norway, by Åke Dalin, July 1972.
- c) The Swedish view of recurrent education, by Jarl Bengtsson, August 1972.
- d) Recurrent education in the Federal Republic of Germany, by Hedwig Rudolph in co-operation with Ullrich Boehm and Gisela Dybrowski of the Max-Planck Institute for Educational Research, Berlin, Oktober 1972.
- e) Recurrent education in Yugoslavia, November 1972.

- 4) Heimildir frá Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco.
Unesco's Conference on Adult Education.

Third International Conference on Adult Education — Convened by Unesco -- Tokyo, 25 July — 7 August 1972. Final Report Paris, 26 October 1972.

Information notes: Adult Education: Division of Adult Education, Unesco,

Nr. 5. January — February 1974:
Adult and Higher Education.

Nr. 6. April — May:

The Conclusions of an International Symposium on Functional Literacy in the framework of adult education.

Viðauki 1.

DRÖG AÐ FRV. TIL LAGA UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

Till. meiri hl. norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar.

I. KAFLI MARKMIÐ OG SKIPULAG

1. gr.

Markmið fullorðinsfræðslu er að vera þáttur kerfis, sem skapar öllum skilyrði til þroska ævilangt, bæði sem einstaklingum og samfélagsverum, með menntun í starfi og/eða tómstundum.

Fullorðinsfræðsla er fræðslustarf, sem ekki er frumfræðsla skv. lögum eða á annan hátt tengt slíkri menntun, en er ætluð fullorðnum.

2. gr.

Ríkið er ábyrgt fyrir fullorðinsfræðslu, sem samsvarar þeim hluta frumfræðslunnar, sem ríkið stendur að, svo og starfsmenntun fullorðinna, sem er þáttur í stefnumótun vinnumarkaðarins.

3. gr.

Fylki er ábyrgt fyrir fullorðinsfræðslu, sem samsvarar þeim þætti frumfræðslunnar, sem fylkið hefur með höndum, að því marki, sem aðrar sérstakar reglur kveða ekki á um.

4. gr.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á fullorðinsfræðslu, sem samsvarar þeim þætti frumfræðslunnar, sem sveitarfélagi er skylt að annast, að svo miklu leyti, sem sérstakar reglur gilda ekki þar um, svo og annarri fullorðinsfræðslu, sem ekki fellur undir 2. og 3. gr.

5. gr.

Sveitarfélagið, fylkið og ríkið geta séð fyrir fullorðinsfræðslu á stofnunum, sem þau sjálf starfrækja og/eða með styrk til annarra, sem annast fullorðinsfræðslu.

6. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem fylki eða ríki ber samkvæmt gildandi reglum að annast, er þeim heimilt að fela sveitarfélögum eða fylkjum, ef þeir aðilar samþykkja, gegn greiðslu.

7. gr.

Séu færri umsækjendur um námskeið fullorðinsfræðslu en ríkinu er heimilt að styrkja, getur fylkis- eða sveitarstjórn vísað umsækjendum á kennslu í nágrenna-sveit eða fylki, sem þá er skylt að taka við nemendunum gegn greiðslu, ef náms-efni og rými leyfir.

8. gr.

Starfsmenntun fullorðinna sem er hluti af stefnumótun vinnumarkaðarins skal fara eftir reglum, sem konungur setur.

9. gr.

Kostnaður við skipulagningu starfsmenntunar fullorðinna í atvinnulífinu skal greiðast með fjárveitingum frá Stórbpinginu.

10. gr.

Fullorðnum, sem dveljast á stofnunum fyrir fatlaða, skal séð fyrir fullorðinsfræðslu, ef þeir geta hagnýtt sér hana. Fullorðinsfræðsludeild gefur nánari fyrir-mæli þar um.

11. gr.

Aðilar, sem styrkhæfir eru samkvæmt þessum lögum um fullorðinsfræðslu, eru:

- 1) Fræðslusamtök (studiesamskipnad), sem hafa að meginmarkmiði fræðslustarf fyrir fullorðna um land allt, hafa sjálfstæða stjórn og fullorðinsfræðsludeild hefur viðurkennt styrkhæf.
- 2) Landssamband (Ríkssamband) fræðslusamtaka (studiesamskipnad), sem fullorðinsfræðsludeildin hefur viðurkennt og nefnd eru í 1. mgr.
- 3) Fræðslusamtök (studiesamskipnad), sem hafa að meginverkefni að sinna fullorðinsfræðslu innan fylkis og hafa sjálfstæða stjórn, og fræðsluráð fylkisins hefur viðurkennt.
- 4) Fylkissamband fræðslusamtaka samkv. 3. mgr., sem fræðsluráð fylkisins hefur viðurkennt.
- 5) Fræðslusamtök í sveitarfélagi, sem hafa að meginmarkmiði að annast náms- og fræðslustarf fyrir fullorðna og hafa til þess sjálfstæða stjórn, og skólanefnd sveitarinnar hefur viðurkennt.
- 6) Sveitarsamband fræðslusamtaka skv. 5. mgr., sem skólanefnd hefur viðurkennt.

12. gr.

- 1) Skólanefnd stjórnar þeirri fullorðinsfræðslu, sem sveitarfélagið annast.
- 2) Skólanefnd ber ábyrgð á að fullorðinsfræðslan sé í samræmi við gildandi lög og reglur og samþykktir sveitarstjórnar.
- 3) Skólanefnd tekur afstöðu til hvaða tilboða um fullorðinsfræðslu frá frjálsum samtökum skuli taka.
- 4) Skólanefnd hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu, sem fram fer skv. 4. gr.
- 5) Skólanefnd kýs nefnd til að annast eftirlit með fullorðinsfræðslu, skv. nánari fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins. Sú nefnd getur haft ákvörðunarvald í málum í umboði skólanefndar.

13. gr.

- 1) Fylkisfræðsluráð annast stjórn fullorðinsfræðslu á vegum fylkisins.
- 2) Fylkisfræðsluráð sér um að fullorðinsfræðslan sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og samþykktir fylkisstjórnar.
- 3) Fylkisfræðsluráð tekur ákvörðun um hvaða tilboðum skuli tekið frá frjálsum samtökum um fullorðinsfræðslu.
- 4) Fylkisfræðsluráð hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu, sem starfrækt er skv. 3. gr.
- 5) Eftir reglum, sem ráðuneytið setur kýs fylkisráð fullorðinsfræðslunefnd. Sú nefnd getur haft ákvörðunarvald í umboði fylkisfræðsluráðs.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með fullorðinsfræðslu á háskólastigi.

15. gr.

Fullorðinsfræðsludeild er stjórnunarlegur og sérfræðilegur aðili á vegum ráðuneytisins í öllu, er lýtur að fullorðinsfræðslu. Deildin samræmir eftirlit með fræðslu, sem fram fer samkv. lögum þessum.

II. KAFLI FRÆÐSLAN O. FL.

16. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frumfræðslu skv. lögum, hlítir sömu reglum og það nám, sé ekki annað fram tekið, og að því leyti, sem við getur átt. Fræðslan getur farið fram í áföngum (deltid), á námskeiðum og í námshringum (studiering).

17. gr.

Fullorðinsfræðsla skal skipulögð með það fyrir augum að veita nemendum fræðilega og almenna yfirsýn yfir námsefnið. Fræðsluna skal veita af umburðarlyndi og með virðingu gagnvart skoðunum annarra og stefna að því að styrkja sjálfstæða hugsun og skoðanamyndun.

18. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem stefnir að því að veita sannanlega samsvarandi þekkingarstig og kunnáttu og frumfræðslan samkv. lögum veitir, verður að lúta reglum, sem ráðuneytið setur. Sú kennsla getur byggst á útvarps- eða sjónvarpskennslu, bréfaskóla, samblandi af bréfaskóla og stuðningskennslu kennara, eða frjálsum námi.

19. gr.

Prófvottorð, sem byggð eru á fullorðinsfræðslu skv. þessum lögum, jafngilda prófvottorðum samsvarandi stigs frumfræðslu skv. lögum. Nánari reglur setur ráðuneytið.

20. gr.

Námshringur er samkv. lögum þessum hópur áhugamanna, sem starfar saman eftir áætlun til að læra ákveðið námsefni eða kynna sér efnisvið.

21. gr.

Háskólanámshringur er samkv. lögum þessum hópur áhugamanna, sem sameinast um nám á sambærilegu stigi við háskólanám.

22. gr.

Undirstöðuefni náms í námshring, sem fær styrk af opinberu fé, verður að hafa hlotið viðurkenningu landsfræðslusamtaka eða fræðsluráðs fylkis eða skólafélags sveisitarfélags.

23. gr.

Tilhögun náms í háskólanámshring skal hlíta reglum, sem ráðuneytið setur.

24. gr.

Kennslutækjastofnun er stofnun, sem sér fyrir kennslugögnum í fræðslukerfinu, fyrir iðnfræðslu fullorðinna í atvinnulífinu og fullorðinsfræðslu almennt. Ráðuneytið setur nánari reglur um verkefni stofnunarinnar.

25. gr.

Kennslufræðilegar miðstöðvar má stofnsetja þar, sem þörf krefur. Ráðuneytið setur nánari reglur þar um.

III. KAFLI KENNSLUKRAFTAR O. FL.

26. gr.

Ákvæði um kennslukrafta í lögum um frumfræðslu gildir einnig um starfslið, sem annast fullorðinsfræðslu á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags, eftir því sem við á, sé annað ekki fram tekið.

27. gr.

Kennara má ráða í fast starf eða stundakennslu með kennsluskyldu að hluta, ýmist í stofnun er veitir frumfræðslu samkv. lögum og/eða að hluta til fullorðinsfræðslu, hvort heldur er á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags, eða einvörðungu til fullorðinsfræðslu.

Laun, kennsluskylda o. fl. fer eftir kjarasamningum (regulativ).

28. gr.

Fastakennurum eða stundakennurum við stofnanir, sem lögum samkvæmt eða á öðrum grundvelli annast frumfræðslu samkv. lögum á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags, ber skylda til að mæta utan kennslustunda til þess að ræða og skipuleggja fullorðinsfræðslu, ef viðkomandi stjórnvöld koma henni á fót við stofnunina. Einnig eru þeir skyldir til að kenna við fullorðinsfræðsludeild þær námsgreinar, sem þeir hafa hæfni til.

29. gr.

Kennarar, hvort heldur eru fastráðnir eða stundakennarar við skóla og/eða fullorðinsfræðslu, sem ríki, fylki eða sveitarfélag starfrækir, eru skyldugir til þess að takast á hendur, gegn greiðslu, kennslu í greinum, sem þeir hafa kunnáttu til, einnig að prófa eða vera prófdómendur við opinber próf, sem aðrir en reglulegir nemendur skólans gangast undir, séu þeir til þess kvaddir.

30. gr.

Stofna má stöðu rektors og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinenda (inspektor) fyrir ákveðnar skólacéiningar fullorðinsfræðslu, eða stöðu námsleiðbeinanda vegna fullorðinsfræðslu við stofnun, er veitir frumfræðslu skv. lögum.

Laun, kennsluskylda o. fl. styðst við gildandi kjarasamninga.

31. gr.

Sömu menntakröfur og gilda um kennara við almenna skóla skulu gilda um kennara við fullorðinsfræðslu, að því leyti sem við á.

32. gr.

Kröfur um menntun og reynslu kennara fyrir námshópa í háskóla (universitetsring) fara eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

33. gr.

Ráðuneytið setur nánari ákvæði um kröfur til menntunar og reynslu kennara fullorðinna, sem 31. og 32. gr. ná ekki til.

34. gr.

Landssamtök (ríkssamskipnád) og landssamband (ríkssamband) fræðslustarfs skal hafa á að skipa námsstjóra (studiesjef) með þá menntun og reynslu, sem ráðuneytið ákveður.

35. gr.

Þeir sem ætla að takast á hendur leiðsögn í fullorðinsfræðslu verða að afla sér kennslufræðilegrar og/eða leiðbeinandaþjálfunar. Kennarar fullorðinna fá kennslufræðilegt framhaldsnám og setur ráðuneytið reglur þar um.

IV. KAFLI
NEMENDUR O. FL.

36. gr.

Um fullorðinsfræðslu á vegum ríkis, fylkis eða sveitarfélags og/eða skv. öðr-
unn ákvæðum í starfssamningum (aftale regulert arbeidshöve), gilda reglur kjara-
samninga (regulativ).

37. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem ekki fellur undir 36. gr., 8. gr. eða sérstakar reglur
skv. 9. gr., getur notið styrks samkvæmt reglum, sem settar eru í sérstökum lögum.

38. gr.

Ráðuneytið getur sett reglur um inntökuskilyrði og skilyrði fyrir að halda
áfram á námskeiðum fullorðinsfræðslu.

39. gr.

Nemi á námskeiði fullorðinsfræðslu, sem stefnir að inngöngu í skóla í hinu
almenna menntakerfi og nýtur styrks skv. 41. gr., skal ekki greiða námskeiðagjald.

40. gr.

Ráðuneytið getur sett reglur um prófgjöld.

V. KAFLI
FJÁRVEITING TIL FULLORÐINSFRÆÐSLU O. FL.

41. gr.

- a) Fullorðinsfræðslunámskeið, sem fræðsluráð sveitarfélags eða fylkis skipuleggja,
en ekki er efnt til sem þáttar í stefnumótun vinnumarkaðarins,
og
- b) fullorðinsfræðslunámskeið, sem fræðslusamtök (samskipnad for studiearbeit),
sem skólafyrirvöld í sveitarfélagi eða fylki hafa komið sér saman um (að
viðurkenna) sbr. 5. og 12. gr. nr. 3 og 13. gr. nr. 3, skulu njóta ríkisstyrks á
kostnaðareiningu, sem miðuð er við kennslustund („lærartime“), samkv. þeim
hundraðshluta, sem ákveðinn er fyrir viðkomandi sveitarfélag eða fylki.

Fyrir fullorðinsfræðslu, sem um er getið í b-lið, greiðir sveitarfélagið eða
fylkið mismun á ríkisstyrk og kostnaði.

42. gr.

Ríkisstyrkur er veittur til:

- a) bréfaskóla (brevundervisning) í þágu fullorðinsfræðslu skv. 41. gr., sem nemur
kostnaðareiningu á hvert námsbréf, sem nemandinn lýkur,
- b) bréfaskólahring (brevring), sem miðast við sérstaka námseiningu (studie ein-
ing),
- c) námshring (studiering), sem svarar kostnaði á hverja námseiningu (studie
eining).

43. gr.

Háskólanámshringir fá greiddan ríkisstyrk í samræmi við kostnað á kennslu-
stund (lærartime).

44. gr.

Landssamtök (rikssamskipnad) fá ríkisstyrk til fyrirlestrahalds.

45. gr.

Styrkur til stjórnunar er veittur þessum fræðsluaðilum (oplygingsorganisa-sjoner):

- a) Landssamtökum (rikssamband) mynduð af fræðslusamböndum (samskipnad) og ríkisfræðslusamtökum (samskipnad).
- b) Fylkjasamtökum (samband) mynduð af fræðslusamböndum og fylkjafræðslu-samböndum (samskipnad).
- c) Sveitarfélagasamtökum, mynduð af fræðslusamböndum og sveitarfélagasambönd-um,

á þann hátt, sem hér segir:

- a) Landssamtök (rikssamband) fá hundraðshluta, sem þingið ákveður af fjár-veitingu til þessarar fræðslu.

Ríkisfræðslusambönd (samskipnad) fá hundraðshluta, sem Stórþingið ákveður af fjárveitingu, sem samböndin fá til fræðslustarfs skv. 41., 42 c og 43. gr. í lögum þessum.

- b) Fylkissamtök (samband) fá ákveðinn hundraðshluta af fjárveitingu fylkisins. Ríkið endurgreiðir fylkinu helming þeirrar upphæðar.

Fylkisfræðslusamband (samskipnad), sem ekki er í rikissambandinu, fær frá fylkinu hundraðshluta af þeirri fjárveitingu, sem ríki og fylki greiða saman-lagt til fræðslustarfsins, skv. 41., 42 c og 43. gr. laga þessara. Ríkið endur-greiðir fylkinu helming þess fjár.

- c) Sveitarfræðslusamtök (samband) fá hundraðshluta af ákveðinni fjárveitingu sveitarsjóðs. Ríkið endurgreiðir helming upphæðinnar.

Fræðslusamband, sem ekki er í fylkissambandi eða rikissambandi, fær hundraðshluta af fjárveitingu ríkis og sveitarfélags til fræðslustarfsins, skv. 41., 42 c og 43. gr. laga þessara. Ríkið endurgreiðir sveitarsjóði helming.

46. gr.

Sveitarfélög og fylki fá ríkisstyrk til stjórnunarkostnaðar, vissan hundraðs-hluta af fjárveitingu þingsins til fullorðinsfræðslu, skv. 41., 42. c og 43. gr. þess-ara laga.

47. gr.

Sveitarfélög, fylki eða ríki lætur í té eftir nánari ákvæðum húsnæði, kennslu-tæki, ljós, hita, ræstingu og húsvörslu sem framlag til fullorðinskennslu, sem ríki, fylki eða sveitarfélag styrkir.

48. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar miðstöðvar (pedagogiske centra) í sveitarfé-lögum eða fylkjum sem hér segir:

- a) 20—85% af nettólaunum kennslufræðilega menntaðra manna,
- b) 50% af útgjöldum vegna skrifstofufólks,
- c) til bygginga hluta af þeirri fjárhæð, sem þingið veitir árlega til skólabygginga og ráðuneytið úthlutar.

Ráðuneytið ákveður hve margar stöður undir a- og b-lið skuli njóta styrks.

VI. KAFLI SÉRÁKVÆÐI

49. gr.

Ráðuneytið eða aðili (instans) sem það veitir umboð getur kveðið nánar á um ýms atriði varðandi lög þessi.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi, er konungur hefur undirritað þau.

Viðauki 2.

DRÖG AÐ FRV. TIL LAGA UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

frá Knut Fjæstad og Hilmar Hansen.

I. KAFLI SKILGREINING OG MARKMIÐ

1. gr.

Fullorðinsfræðsla er þáttur í menntunartilboði, sem hefur að markmiði að skapa öllum ævilöng þroskaskilyrði, bæði sem einstaklingum og samfélagsverum, með starfsmenntun og fristundanámi.

Fullorðinsfræðsla er sú fræðslustarfsemi, sem ekki er lögbundin eða á annan hátt hluti frumfræðslu skv. lögum, og er ætluð fullorðnum.

Fullorðinsfræðsla er jafn rétt há frumfræðslu skólakerfisins.

2. gr.

Meginstefna laga þessara er, að hver maður eigi rétt á að fá þá menntun, sem hann kýs, auk grunnmenntunar, sem er skylda að lögum.

Allir skulu eiga þess kost að sanna þekkingu sína með opinberu námsmati og/eða prófi.

Ríki, fylki og sveitarfélagi er skylt að skapa sem bestar aðstæður til að þessu markmiði verði náð.

3. gr.

Fullorðinsfræðslu skal skipuleggja þannig, að skilyrði skapist til að námsefni verði greint af raunsæi og víðsýni.

Hana skal veita af umburðarlyndi og virðingu fyrir þeim, sem ólíkar skoðanir hafa og þroska hæfileika nemenda til sjálfstæðrar hugsunar og skoðanamyndunar.

II. KAFLI SKIPTING ÁBYRGÐAR Á MILLI OPINBERRA AÐILA

4. gr.

Lög þessi byggja á þeirri forsendu, að opinberar kennslustofnanir, fræðslusamtök og aðilar vinnumarkaðarins séu þátttakendur í fullorðinsfræðslu. Aðalhlutverk opinberra aðila er að örva víðtæka starfsemi og tryggja gæði í starfi.

5. gr.

Samkvæmt lögum þessum ber ríkið ábyrgð á:

- 1) með tilstyrk eigin stofnana:
fullorðinsfræðslu á háskólastigi og á sama stigi í héraðsháskólum, kennslu í sjónvarpi og útvarpi, fullorðinsfræðslu sem þáttur í stefnumótun vinnumarkaðarins, rannsóknnum og tilraunastarfi,
- 2) að veita styrki til:
skólastofnana í fylkjum og sveitarfélögum,
fræðslusambanda (oplysningsorganisasjónir),
samtaka atvinnulífsins.

6. gr.

Samkvæmt lögum þessum bera fylkin ábyrgð á:

- 1) að koma á fót fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð framhaldsnámi lögbundins menntakerfis,
- 2) að styrkja fræðslusambönd og önnur samtök í samræmi við stefnu, sem Menntamálaráðuneytið markar lögum samkvæmt.

7. gr.

Sveitarfélög bera samkvæmt lögum þessum ábyrgð á:

- 1) að koma á fót fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð grunnskólamenntun,
- 2) að styrkja fræðslusambönd og önnur samtök í samræmi við stefnu, sem Menntamálaráðuneytið markar lögum samkvæmt.

8. gr.

Fullorðinsfræðslu, sem ríki eða fylki ber lögum samkvæmt að annast, má fela fylki eða sveitarfélagi gegn greiðslu, ef aðilar eru sammála þar um.

III. KAFLI STJÓRNARSTOFNANIR

9. gr.

Fullorðinsfræðsludeild er stjórnunar- og ráðgefandi aðili ráðuneytisins í málum, sem varða fullorðinsfræðslu. Hún samræmir eftirlit með fræðslu, sem veitt er samkvæmt lögum þessum. Konungur setur deildinni nánari reglur.

10. gr.

- 1) Fullorðinsfræðslunefnd fylkisins, kosin á fylkisþingi, stjórnar þeirri fullorðinsfræðslu og menningarstarfsemi, sem sveitarfélagið beitir sér fyrir. Nefndin starfar í samráði við skólayfirvöld, fræðslusambönd og aðrar menningarstofnanir, ásamt samtökum í atvinnulífinu.
- 2) Nefndin ber að öllu leyti ábyrgð á að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi fái vaxtarskilyrði í fylkinu.
- 3) Nefndin sér um, að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi sé rekin í samræmi við gildandi lög og reglur og samþykktir fylkisstjórnar.
- 4) Nefndin hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu í fylkinu.
- 5) Nefndin hefur aðstöðu á fræðsluskrifstofu fylkisins, hafi ekki verið stofnað sérstakt stjórnkerfi fyrir fullorðinsfræðslu og menningarstarfsemi.
- 6) Nefndin hagar að öðru leyti störfum sínum samkvæmt leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur í té.

11. gr.

- 1) Fullorðinsfræðslunefnd sveitarfélagsins, sem sveitarstjórn tilnefnir, stjórnar þeirri fullorðinsfræðslu og menningarstarfsemi, sem sveitarfélagið beitir sér fyrir. Nefndin starfar í samráði við skólayfirvöld, fræðslusambönd og aðrar menningarstofnanir, ásamt samtökum í atvinnulífinu.
- 2) Nefndin ber að öllu leyti ábyrgð á að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi fái vaxtarskilyrði í sveitarfélaginu.
- 3) Nefndin sér um, að fullorðinsfræðsla og önnur menningarstarfsemi sé rekin í samræmi við gildandi lög og samþykktir sveitarstjórnar.
- 4) Nefndin hefur eftirlit með fullorðinsfræðslu í sveitarfélaginu.
- 5) Nefndin hefur skrifstofuaðstöðu hjá fræðslustjóra (skolesjefen), þar til talið er nauðsynlegt að koma á sjálfstæðri stjórnunaraðstöðu.
- 6) Nefndin hagar að öðru leyti störfum sínum samkvæmt leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur í té.

IV. KAFLI

FULLORÐINSFRÆÐSLA HLIÐSTÆÐ OPINBERU MENNTAKERFI O. FL.

12. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem ríki, fylki eða sveitarfélög eða aðrir annast og á sér hliðstæður í frumfræðslu skv. lögum, hlítir sömu reglum og frumfræðslan, sé ekki annað fram tekið og að því leyti, sem við á.

13. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem stefnir að því að sanna með prófskilríkjum hliðstæða þekkingu og leikni og krafist er í frumfræðslu skv. lögum, og fram fer með fullorðinsfræðslu í útvarpi, sjónvarpi, bréfaskóla eða samblandi af bréfaskóla og stuðningskennslu — eða sem háskólanámshringur í frjálsu námi, allar þessar fræðslugreinar verða að fá viðurkenningu samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur.

14. gr.

Allir skólar, sem réttindi hafa til að veita próf og njóta opinbers styrks, eru skyldir að leyfa þeim að gangast undir próf, sem þess óska, skv. reglum, sem ráðuneytið setur.

15. gr.

Vottorð um námsmat. byggt á fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, færir sönnur á að fullnægt sé sömu námskröfum og gerðar eru í frumfræðslu skv. lögum. Ráðuneytið setur nánari reglur.

16. gr.

Fullorðinsfræðslu skal komið á fyrir þá sem dveljast á stofnunum fyrir fatlaða og hennar þarfnast.

V. KAFLI

FRÆÐSLUSAMBÖND

17. gr.

Þau fræðslusambönd, sem veita má opinberan styrk til fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, eru:

- 1) Fræðslusambönd, sem í eru einstaklingar eða félagsheildir, sem hafa með höndum fræðslustarf fyrir fullorðna í öllu landinu og hafa til þess sjálfstæða stjórn og eru aðilar að Samnemnda for studíearbeid, svo og deildir slíkra samtaka í einstökum fylkjum og sveitarfélögum.
- 2) Samnemnda for studíearbeid og samstarfsnefndir hennar í fylkjunum.
- 3) Önnur fræðslusambönd, sem hafa það verkefni í fylki eða sveitarfélagi að annast náms- og fræðslustarfsemi fyrir fullorðna og hafa til þess sjálfstæða stjórn, og fullorðinsfræðslunefnd fylkis eða sveitarfélags viðurkennir styrkhæf.

VI. KAFLI

FULLORÐINSFRÆÐSLA Í ATVINNULÍFINU

18. gr.

Fullorðinsfræðsla sem þáttur í stefnumótun vinnumarkaðarins skal fara eftir reglum, sem konungur setur.

19. gr.

- 1) Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið skal hafin með samvinnu milli aðila skólakerfisins á staðnum, atvinnufyrirtækja og landssamtaka þeirra svo og samtaka starfsfólksins.
- 2) Þegar fræðslustarfsemi, sem nýtur opinbers styrks er lögð atvinnufyrirtæki í hendur, þá skal hún skipulögð og henni stjórnað sameiginlega af fulltrúum atvinnurekenda og starfsmanna fyrirtækisins.

**VII. KAFLI
KENNSLUKRAFTAR**

20. gr.

Um kennslukrafta til fullorðinsfræðslu, sem ríki, fylki eða sveitarfélag starfrækja, gilda sömu fyrirmæli og um kennslukrafta í frumfræðslu skv. lögum, sé ekki annað fram tekið og að því leyti, sem það getur við átt.

21. gr.

Kennara má ráða í fullar stöður eða til tímakennslu með kennsluskyldu að hluta í frumfræðslu skv. lögum og að hluta til fullorðinsfræðslu, sem viðkomandi yfirvöld eða sveitarfélag reka, eða eingöngu við fullorðinsfræðsluna. Laun, kennsluskylda o. fl. skulu ákveðin samkvæmt gildandi kjarasamningum (regulativ).

22. gr.

Fast- eða lausráðnir kennarar við stofnanir frumfræðslu skv. lögum, sem ríki, fylki eða sveitarfélag starfrækir, eru skyldugir til að kenna þær greinar, sem þeir eru hæfir til að kenna, ef viðkomandi stjórnvöld koma fullorðinsfræðslu á við umrædda stofnun.

23. gr.

Fast- eða lausráðnir kennarar, sbr. 21 gr., eru skyldugir til að taka að sér gegn greiðslu að prófa og gegna prófdómarastörfum á opinberum prófum fyrir utan skólanemendur í greinum, sem þeir eru hæfir til.

24. gr.

Stofna má stöðu rektors og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinanda (inspektor) við sérstakar skólaeiningar fyrir fullorðinsfræðslu, eða stöðu námsleiðbeinanda fullorðinsfræðslu við stofnanir frumfræðslu skv. lögum.

Skilyrði fyrir stofnun slíkra embætta skulu sett með hliðsjón af gildandi kjarasamningum um laun, starfsskyldu o. fl.

25. gr.

Lög um menntunarkröfur kennara í skólum gilda um kennara fullorðinsfræðslu að því leyti sem við á.

26. gr.

Kröfur um menntun og reynslu kennslukrafta við háskólanámshringi ákveður ráðuneytið.

27. gr.

Ákvæði um menntunar- og reynslukröfur kennara í fullorðinsfræðslu, sem ekki falla undir 25. og 26. gr., skulu sett af ráðuneytinu.

28. gr.

Fræðslusamband skal hafa leiðbeinanda, sem ráðuneytið samþykkir.

29. gr.

Þeir sem vilja mennta sig til kennslustarfa við fullorðinsfræðslu, fá menntun samkvæmt reglum, sem settar eru af Norsk voksenpedagogisk institutt.

Ráðuneytið setur nánari reglur.

30. gr.

Kennslufræðilegar miðstöðvar má stofna í héruðum. Ráðuneytið setur nánari reglur.

31. gr.

Kennslugagnamiðstöð (institut for læremiddel utvikling) skal sjá fyrir kennslugögnum handa skyldustigi skóla, starfsþjálfun fullorðinna í atvinnulífinu og fullorðinsfræðslu almennt.

Ráðuneytið setur stofnuninni nánari reglur.

VIII. KAFLI ÞÁTTAKENDUR

32. gr.

Ráðuneytið getur sett reglur um þátttöku og skilyrði fyrir áframhaldandi námi þeirra, sem innritast í fullorðinsfræðslu.

33. gr.

Skipuleggja skal fullorðinsfræðslu þannig, að þátttakendur geti samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna.

Þeir þátttakendur, sem telja sér ekki tryggðan áhrifarétt og sæmileg kennslugæði, eiga rétt á að senda þeim stjórnvöldum skriflega kvörtun, sem veita styrk til fræðslunnar.

34. gr.

Eigi skulu þeir nemendur greiða námsgjald, sem taka þátt í fullorðinsfræðslu, sem er hluti af hinu opinbera menntakerfi. Fræðslusambönd geta að öðru leyti krafist innritunargjalds.

35. gr.

Ráðuneytið má setja reglur um prófgjöld.

IX. KAFLI SKILGREINING Á FORMUM FULLORÐINSFRÆÐSLU O. FL.

36. gr.

Fullorðinsdeild (voksenklasse) er samkvæmt lögum þessum kennsluform, sem er hluti af frumfræðslu skv. lögum.

37. gr.

Námshringur (studiering) er samkvæmt lögum þessum áhugamannahópur, sem ætlar að afla sér kerfisbundinnar fræðslu um ákveðið námsefni eða efnissvið. Námshringur getur starfað sem leiðbeinindahringur (lederring) og með verkefni frá bréfaskóla (brevring).

38. gr.

Háskólahringur (universitetsring) er samkvæmt lögum þessum hópur áhugamanna, sem ætlar að stunda kerfisbundið nám um ákveðið efni eða efnissvið, í meginatriðum á sambærilegu stigi við háskólanám.

39. gr.

Erindaflutningur er samkvæmt lögum þessum einstakt erindi eða erindaflokkur, sem miðlað er til fræðslusambanda og lýðháskóla frá fyrirlestramiðlun. Ráðuneytið setur nánari reglur.

40. gr.

Fagnámskeið (emnekurs) eru samkvæmt lögum þessum námskeið, sem standa skemmst tvo daga og fjalla um ákveðið efni eða efnissvið, eða veita innsýn í ákveðið verkefni innan félagssamtakanna.

41. gr.

Undirstöðunámsefni námshrings verður að hafa hlotið viðurkenningu miðstjórnar viðkomandi fræðslusambanda til þess að njóta opinbers styrks.

42. gr.

Námsefni háskólanámshringa verður að hljóta viðurkenningu samkv. reglum, sem ráðuneytið setur, til þess að hann sé styrkhæfur.

X. KAFLI

ÁKVÆÐI UM STYRKVEITINGAR O. FL.

43. gr.

Sveitarfélagið, fylkið og ríkið standa straum af kostnaði við fullorðinsfræðslu eftir reglum, sem settar eru lögum samkvæmt.

44. gr.

Fullorðinsdeild, sem stofnað er til sem hluta af menntakerfinu, en er ekki á vegum vinnumarkaðsaðila, skal fá 75% kostnaðar greiddan af ríki og 25% frá sveitarfélagi, miðað við kostnað á kennda stund (lærartime).

45. gr.

Fullorðinsdeild, sem fræðslusamband efnir til og fullorðinsfræðslunefnd hefur samþykkt, fær 75% kostnaðar á kennda stund (lærartime) frá ríki og 25% frá sveitarfélagi.

46. gr.

Sé tala umsækjenda um nám í fullorðinsdeild lægri en ríkið styrkir, er sveitarfélagi heimilt að vísa nemendum til náms í annað sveitarfélag, og er því sveitarfélagi skylt að taka við þeim nemendum gegn gjaldi, svo fremi að fræðsla þar henti nemendum og rými sé til að veita þeim viðtöku.

47. gr.

Fræðsla, sem er að hluta í fullorðinsdeild og að hluta í bréfaskóla (sbr. 44. og 45. gr.), fær í styrk frá ríki 75% og frá sveitarfélagi 25% kostnaðar miðað við kennda stund (lærartime).

48. gr.

Stuðningskennsla í sambandi við bréfaskólanámshring (brevring) fær styrk, 75% frá ríki og 25% frá sveitarfélagi miðað við kennda stund (lærartime).

49. gr.

Einstakur nemandi í bréfaskóla fær endurgreitt námskeiðsgjald eftir reglum í lögum þar að lútandi.

Bréfaskólanemendur, sem vinna saman í starfshópi, fá námskeiðsgjald endurgreitt eins og einstakir nemendur væru.

50. gr.

Námshringur (studiering) fær 75% styrk frá ríki og 25% styrk frá sveitarsjóði af kostnaði við hvern námstíma (studietime).

51. gr.

Háskólanámshringur fær styrk frá ríki, sem nemur 75% kostnaðar. Háskólanámshringur, sem fullorðinsfræðslunefnd hefur viðurkennt, fær 25% styrk frá sveitarsjóði miðað við kennda stund.

52. gr.

Fræðslusambönd fá styrki frá ríki til erindaflutnings samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur.

53. gr.

Fræðslusambönd fá ríkisstyrk til fagnámskeiða (emnekurs), er nemur 50% af kennaralaunum, kennsluefni, dvalar- og ferðakostnaði leiðbeinenda og nemenda og í sumum tilfellum 50% af heildarkostnaðinum við námskeiðið. Fylkið veitir styrk, sem nemur allt að 50% kostnaðar.

54. gr.

Fagnámskeið (emnekurs) fyrir leiðbeinendur í frjálsu námi, námshringum og öðru fræðslustarfi, sem og til annarra starfa í fræðslusamböndum, fá ríkisstyrk, sem nemur 50% af kostnaði og frá fylki 50% af kostnaði, sem talinn er upp í 53. gr.

55. gr.

Ráðuneytið ákveður kostnaðarliðina og skilyrðin fyrir styrkjum til fullorðinsfræðslubekkja, til blandaðrar fræðslu, stuðningskennslu í sambandi við bréfaskóla, námshringa, háskólanámshringa, fyrirlestrahalds og fagnámskeiða (44., 45., 47., 48., 50., 51., 52., 53. og 54. gr.).

56. gr.

Samkvæmt nánari reglum, sem fullorðinsfræðsludeild setur, skal veita ríkisstyrk, sem nemur öllum raunhæfum kostnaði við:

- 1) Námskeið við heimavistir fyrir fatlaða, þar með talinn ferðakostnaður og, — ef þörf krefur, — kostnaður fylgdarmanns.
- 2) Námskeið við heimavistarskóla fyrir foreldra og aðra aðstandendur fatlaðra barna.
- 3) Laun ráðunauta og námsstjóra hjá samtökum fatlaðra, sem og ferðakostnað þeirra.
- 4) Sérstök áhöld og tæki og sérstök kennslugögn, sem nauðsynleg eru til þjálfunar fatlaðra.
- 5) Bókasöfn fyrir blindraletur og segulbönd til blindrakennslu ásamt sendingarkostnaði á slíku efni.

57. gr.

„Samnemda for studiearbeið“ og aðilar hennar fá styrk til stjórnunarkostnaðar, einnig styrk til námsráðunautar og leiðbeinenda frá ríki, fylki og sveitarfélagi, samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur. Ríkið endurgreiðir 50% af styrkjum, sem fylki og sveitarfélög veita.

58. gr.

Starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu fær styrk samkvæmt reglum, sem þingið setur.

59. gr.

Sveitarfélag og fylki fá endurgreidd 15% af þeim styrk, sem þau veita í stjórn-unarkostnað fullorðinsfræðslu skv. 44., 47. og 48. gr.

60. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar miðstöðvar í fylki eða sveitarfélagi þannig:

- 1) 25—83% af nettólaunum sérmenntaðs starfsliðs.
- 2) 50% af kostnaði vegna skrifstofufólks.
- 3) Byggingarstyrk af þeirri fjárhæð, sem þingið veitir árlega til skólabygginga og ráðuneytið skiptir.

61. gr.

Sveitarfélag eða fylki eða ríki lætur ókeypis í té samkvæmt nánari fyrirmælum kennsluhúsnæði og tæki, ásamt ljósi, hita, ræstingu og húsvörslu vegna fullorðins-fræðslu, sem réttir hlutaðeigendur: sveitarfélög, fylki eða ríki veitir fjárstyrk.

XI. KAFLI SÉRÁKVÆÐI

62. gr.

Ráðuneytið eða sá aðili, sem það veitir umboð til, geta sett nánari reglur um allt það, er lýtur að frekari framkvæmd laga þessara.

63. gr.

Lög þessi taka gildi frá þeim tíma, sem konungurinn ákveður.

Viðauki 3.

PRJÚ ERINDI UM FULLORÐINSFRÆÐSLU eftir sr. Guðmund Sveinsson.

Unesco og fullorðinsfræðslan.

Erindi flutt á ársfundi MFA 13. nóvember 1972.

1. Inngangur.

Í þessu erindi mun ég leitast við að gera grein fyrir þætti Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Unesco, stofnunar sem í senn er kennd við menntun, vísindi og menningu, í fullorðinsfræðslu, adult education, eins og hún er kölluð á enskri tungu, voksenundervisning eða voksenopplæring eins og hugtak bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum hljómar. — Ástæðan er ekki síst sú að síðastliðið sumar, nánar tiltekið daganna 25. júlí til 7. ágúst var haldin þriðja alþjóðlega ráðstefnan um fullorðinsfræðslu í Tokió í Japan. Þáttur Unesco í fullorðinsfræðslunni er næsta sérstæður og því ástæða til að gera sér grein fyrir honum, enda má segja að Unesco hafi með nokkrum hætti mótað og þróað hugmynd fullorðinsfræðslunnar og ekki síst fyrir tilstilli þeirra merku alþjóðasamtaka er fullorðinsfræðslan raunverulega orðin það sem hún nú er víða, víðast mætti segja sérstæður þáttur við hlið og víða samofinn hinu hefðbundna skóla- og fræðslukerfi. Svo er meira að segja nú komið að farið er að líta á fullorðinsfræðsluna sem sérstakan vott um þróun og ágæti menntakerfis í hinum ýmsu löndum. Því fullkomnara sem fræðslukerfið er því meiri er hlutur fullorðinsfræðslunnar og öfugt. Þar sem þessi þróun er lengst á veg komin er talið að vart megi á milli sjá, hvor þátturinn sé orðinn fyrirferðarmeiri, hin hefðbundna kennsla eða fullorðinsfræðslan, og fjárframlag til hvors þáttarins um sig næsta áþekkt. Þannig á þessu nú þegar að vera farið í Ráðstjórnaríkjunum og Bandaríkjunum, risaveldunum tveimur, sem keppa um yfirburði á sviði hinna margvíslegu fræða, tækni og fjölbreytni atvinnuháttanna. Í vanþróuðum löndum aftur á móti er hugmynd fullorðinsfræðslunnar enn sem komið er næsta þökukennnd, ef menn á annað borð hafa heyrt hugtaksins getið.

2. Ráðstefna í Helsingør 1949.

Það var árið 1949 að Unesco boðaði til hinnar fyrstu ráðstefnu um fullorðinsfræðslu og þá í Helsingør í Danmörku. Það var engin tilviljun að Danmörk var valin sem fyrsti mótsstaður ráðstefnu af þessu tagi. Það var gert í fullri vitund þess að lýðháskólahugmyndir Grundtvigs voru í raun og veru þessa eðlis, en lýðháskólar til þess stofnaðir að veita fullorðnu fólki tækifæri að öðlast fræðslu, meira vekja það til vitundar um hæfileika sína og skapa því trú á sjálfst sig og möguleika sína að vera virkir aðilar í samfélaginu, brennandi af áhuga að vinna Drottins veröld til þarfa. — Lýðháskólahreyfingin danska eða norræna sem líklega væri réttara að kalla hana hratt af stað mikilli vakningu og alþýðuhreyfingar á Norðurlöndum svo og á Vesturlöndum yfirleitt hafa á margvíslegan hátt notið þeirrar vakningar, enda hún senn verið kvika og kveika. — Að gera menn lifandi og virka var meginatriði lýðháskólastefnunnar. — Það kom greinilega í ljós á hinni fyrstu alþjóðaráðstefnu um fullorðinsfræðslu í Helsingør árið 1949, en í forseti var þar daninn Johannes Novrup, að stefnt skyldi að slíku marki. Það var einkenni þessarar ráðstefnu sem haldin var aðeins fjórum árum eftir lok síðari heimstyrjaldar að horft var aftur til liðins tíma, horft var aftur til hildarleiksins og harmleiksins á styrjaldarárunum, þegar tugþúsundir manna og kvenna urðu að hverfa frá námi og starfsgreinum að sinna kalli ófriðarins. Þessu fólki varð

að veita tækifæri að bæta sér upp það tjón, sem það hafði orðið fyrir menningarlega og félagslega. — En þetta var aðeins einn þátturinn. Annar þáttur og engu ómerkari var sá að skapa þyrfti og þróa sameiginlega menningu að komið yrði í veg fyrir að skil mynduðust í þjóðfélögunum og annars vegar væri fámennur hópur, úrval, elite, eins og þetta var kallað, sem notið gæti menningarverðmætanna og ráðið stefnu samfélagsins, hins vegar fjölmennur hópur, múgur, sem þyrfti að sætta sig við annan og minni hlut, hljóta stimpil fákunnáttu og getuleysis og fara á mis við það sem ágætast var og raunverulega eftirsóknarverðast. — Þriðja verkefnið sem við blasti á hinni fyrstu ráðstefnu í Helsingör var svo það að komið yrði á í öllum löndum fræðslu er hefði það að markmiði öðru fremur að vekja athygli á merkingu og innihaldi, þegar hugað var að lífinu og tilverunni, en sú hættu vofði ekki síst yfir hinum ungu að þeim fyndist allt án tilgangs og takmarks. Hinir ungu uxu úr grasi á tímaskeiði, þegar hin fyrri verðmæti, andleg og menningarleg voru að heita mátti úr sögunni og við blasti tóm og tilgangsleysi að því er harla mörgum fannst. Menn höfðu á nokkrum árum upplifað algera umturnun og stóðu framandi og ráðvilltir í róti nýs tíma. Aldrei höfðu jafnmargir skynjað firringuna, sem svo er kölluð, rótleysið, finna sig í hringiðu framandi lífs, fyrirbæra og nýrra tjáningarforma. — Þannig urðu á hinni fyrstu ráðstefnu í Helsingör greindir þrjú veigamiklir þættir fullorðinsfræðslunnar: Í fyrsta lagi að skapa fullorðnum ný tækifæri að öðlast þá menntun og þjálfun, sem þeir einhverra orsaka vegna höfðu farið á mis við áður eða e. t. v. skynjuðu fyrst síðar á ævinni að þeir höfðu þörf fyrir eða sérstakan áhuga á. Í öðru lagi að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum sameiginlegan menningargrundvöll er kæmi í veg fyrir misrétti og órétti, kæmi í veg fyrir það, sem síðar hefur verið nefnt félagslegt og menningarlegt ólæsi, en hugtakið ólæsi hefur reyndar orðið harla áhrifamikið tískuhugtak, notað í hinum margvíslegustu blæbrigðum. — Í þriðja og síðasta lagi að hamla gegn því að ból tilgangsleysis og vonbrigða gripi um sig og yrði að sjúklegri þrá til að gefast upp eða gefa sig á vald andfélagslegum fyrirbærum eða skapaði flóttahneigð er menn teldu til einskis að vinna, lífið og tilveran í senn óskiljanleg, án takmarks og tilgangs.

Á hinni fyrstu ráðstefnu í Helsingör árið 1949 mættu 79 þátttakendur frá 25 löndum. Af þeim voru 54 frá 14 löndum Vestur-Evrópu, aðeins 4 mættu frá Asíu, 1 aðeins frá Suður-Ameríku, og eina Afríkuríkið, sem fulltrúa átti á ráðstefnunni, var Egyptaland. Heitið sem ráðstefnunni var valið var aðeins „Fullorðinsfræðsla — Adult Education“. Hér skyldi um könnun að ræða fyrst og fremst, komið saman að bera saman bækurnar. — Það var almennt viðhorf á ráðstefnunni, að fullorðinsfræðsla væri viðbótar- og uppþóttaþáttur, í rauninni hvorki sérlega stór í sniðum eða þyrfti hlutur hans að vera tiltakanlega mikill eða hafa í för með sér fjárframlög er nokkru næmu. Það var ekki óalgeng skoðun meðal fulltrúanna að fela mætti fullorðinsfræðsluna svo til eingöngu félagssamtökum, sem til væru, en opinber afskipti þyrftu ekki að vera mikil.

3. Ráðstefna í Montreal árið 1960.

Næsta ráðstefna á vegum Unesco um fullorðinsfræðslu var haldin í Montreal í Kanada árið 1960. Á þeirri ráðstefnu mættu 112 fulltrúar frá 51 landi. Þá átti Afríka þar 9 fulltrúa, Asía 17, Suður-Ameríka 19 og frá Arabalöndunum voru mættir 6 fulltrúar. Þannig hafði hinn svo kallaði þriðji heimur eða þróunarlöndin komið til sögunnar. Auk þess áttu 46 alþjóðlegar stofnanir áheyrnarfulltrúa á ráðstefnunni. Nú voru Ráðstjórnarríkin einnig með og fulltrúar frá þrem öðrum ríkjum Austur-Evrópu.

Yfirskriftin yfir hinni annarri ráðstefnu Unesco um fullorðinsfræðslu var „Fullorðinsfræðsla í breytilegum heimi — Adult Education in a Changing World.“ — Það kom greinilega í ljós að miklar breytingar höfðu orðið á afstöðu manna til fullorðinsfræðslu og enn meiri á hugmyndum manna um gildi og mikilvægi

slikrar fræðslu. — Mestur var munurinn að því er laut að sjálfri stöðu fullorðinsfræðslunnar í menntu og menningu hinna ýmsu þjóða. Augljóst var að lengur var ekki litið á fullorðinsfræðslu sem viðbót eða uppbót. Hún var nú skoðuð og skilgreind sem sjálfsagður og sjálfstæður þáttur menntunar. — Þetta nýja viðhorf birtist einna ljóslegast í því að í vitund manna var að fæðast nýtt hugtak, sem skýra átti hvað til grundvallar lægi. Ógreinilegt og hikandi var þetta hugtak eða hugtök, því þau áttu eftir að verða þrjú áður en lyki. En það sem varð til á sjálfri ráðstefnunni í Montreal og gaf stefnubreytinguna til kynna var hugtakið **ævimenntun, life-long-education** eða svo notuð sé lengri mynd þessa hugtaks, **life-long intergrated education**, ævimenntun felld með eðlilegu móti inn í störf manna og atvinnu svo að úr yrði samræmd og samfelld heild. — Margt varð til þess að skapa þetta nýja menntunarhugtak svo og hin tvö er hliðstæð voru, — hugtak Evrópuráðsins, sem tók einnig að fjalla um fullorðinsfræðslu, en það var hugtakið **Permanent Education**, stöðugt áframhaldandi þáttur menntunar og loks hugtak Efnahags- og framfarastofnunarinnar, **O.E.C.D. Recurrent Education**, menntun sem á sér stað aftur og aftur, símenntun hefur þetta hugtak Efnahags- og framfarastofnunarinnar **O.E.C.D.** verið kallað á íslensku. — Margt varð til þess að skapa þessi menntunarhugtök og verður fátt rakið hér. Eftirfarandi er augljóst: Ný tækni hafði bylt atvinnulífi margra landa og haft í för með sér umturnun félagslega og efnahagslega. Þróðustu samfélögin voru að hverfa frá frumstigi iðnvæðingarinnar, industrialismans, til síðara stigs iðnvæðingar, sem stundum er kallað **super-industrialismi**, frá iðnaðarsamfélaginu til þjónustusamfélagsins eins og þessi umskipti hafa líka verið skilgreind. Við þessar umturnanir misstu tugir og jafnvel hundruð þúsunda atvinnu sína og það oft á tíðum atvinnu, sem menn höfðu búið sig undir með löngu bók- og verknámi. Hér þurfti að fara fram endurmenntun. Skapa þurfti hinum mikla fjölda ný tækifæri að búa sig undir önnur störf er buðust og það oft á tíðum störf sem áður þekktust ekki og hin nýja tækni hafði búið til beint eða óbeint. — Önnur meiri háttar breyting sem orðið hafði á 6. áratugnum frá 1950—1960 eða milli hinna tveggja ráðstefna var hin ótrúlega **þekkingarbylting** sem átt hafði sér stað, ef taka mætti svo furðulega til orða. Menn höfðu fyrir satt að á hálfri öld, frá aldamótum til 1950 hefði þekkingarforði mannkynsins tvöfaldast og þóttu firn mikil. En hvað sögðu menn þá um hitt er talið var sannleikanum samkvæmt að þekkingarforðinn hefði aftur tvöfaldast og það aðeins á 10 árum frá 1950—1960? — Sýnilegt þótti að svo væri sem skriðu hefði verið hleypt af stað og hér væri verið við upphaf nýrrar þróunar en ekki ris eða endalok. Áfram myndi þekkingarforðinn halda áfram að tvöfaldast og tíminn, sem það gerðist á, verða styttri og styttri. — Til allra þátta þekkingar og starfa myndi aukningin ná, og meira hefði aukningin þegar náð og þannig myndi þetta halda áfram. Af þessu leiddi einfaldlega að hver einasti maður yrði að ætla sér ákveðinn tíma á vissu árabili til að endurnýja þekkingarforða sinn svo að hann stæði raunverulega í stað að því er hæfni og kunnáttu snerti. Hér hlyti til að koma mikil og margþætt fullorðinsfræðsla, sem væri í nánum tengslum við atvinnulíf og efnahagsafkomu. — Þá var í þriðja lagi aukning frítímans og stytting vinnutímans í mörgum löndum mikil eggjun að auka möguleika manna til menntunar og gera þeim kleift að njóta annarra og fjölbreyttari menningarþátta en verið hafði.

Það sagði sig sjálft að áhrif Montreal-ráðstefnunnar á vegum Unesco árið 1960 urðu sýnu meiri heldur en Helsingör-ráðstefnunnar. — Að því stuðlaði ekki minnst að margir aðilar, stjórnvöld margra landa, frjáls félagasamtök svo og hagsmunasamtök margvisleg og þá ekki síst verkalyðshreyfingar og samtök vinnuveitenda, en þar komu fram tveir megináðilar vinnumarkaðarins, létu fullorðinsfræðsluna til sín taka og það svo um munaði. Þá var hitt einnig til að glæða skilning á mikilvægi þessa þátta að ríkjahæildir, er leituðust við að efla menningarlega og félagslega samstöðu, svo sem Evrópuráðið, fylgdu eftir ályktunum þeim sem gerðar höfðu verið á ráðstefnu Unesco svo og ábendingum ýmsum er þar höfðu komið fram. — Urðu af öllu þessu mikil umbrot í menntamálum flestra landa og

þá ekki sist meðal vestrænna þjóða. Er það og mála sannast að eftir 1960 hefur fræðslukerfum flestra Vesturlanda verið breytt svo verulega að telja má til byltingar. Jafnframt hinu hefðbundna fræðslukerfi, the formal education, eins og þetta er kallað á enskri tungu eða formelle undervisning á máli frænda okkar á Norðurlöndum hefur verið tekin upp skipuleg fullorðinsfræðsla. Fullorðinsfræðslan hefur verið greint í þrennt. Í fyrsta lagi hefur verið um að ræða fullorðinsfræðslu, sem gerði mönnum mögulegt að ljúka ýmsum áföngum hins hefðbundna skólakerfis og fullorðnum sköpuð aðstaða til að stunda það nám, án þess að þurfa að þræða sömu braut og hinir ungu. Þá hefur í annan stað verið komið á fjölþættari fullorðinsfræðslu í formi endurmenntunar og áframhaldandi menntunar þeirra sem rækja ákveðin störf í þjóðfélaginu, en telja sér nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum og afla sér viðbótarþekkingar. Þessi annar þáttur fullorðinsfræðslunnar er einkum og sér í lagi tengdur atvinnulífinu og skipulagður og að ýmsu framkvæmdur af aðilum vinnumarkaðarins. — Í þriðja lagi hefur verið komið á fullorðinsfræðslu að sinna fyrst og fremst hinu félagslega og menningarlega. Þessi þáttur fullorðinsfræðslunnar er einkum ræktur af frjálsum félagasamtökum, en nýtur engu að síður stuðnings hins opinbera heldur en hinir tveir fyrri þættir sem greint var frá.

4. Ráðstefna í Tokió árið 1972.

Hinn öri vöxtur fullorðinsfræðslunnar á 7. áratug aldarinnar frá 1960—1970 í nær öllum löndum heims og þá alveg sérstaklega á Vesturlöndum og í Ráðstjórnarríkjunum gerði það eðlilegt að enn væri efnt til ráðstefnu um þennan þátt á vegum Unesco. Sú ráðstefna var undirbúin með sérstöku móti. Sameinuðu þjóðirnar lýstu árið 1970 alþjóðlegt menntaár, International Education Year, og hvöttu til þess að taka menntamál veraldar til gagngerrar endurskoðunar. Jafnframt var því lýst yfir að haldin myndi ráðstefna um fullorðinsfræðslu í byrjun 8. áratugarins á vegum Unesco og aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna svo og Unesco beðnar að undirbúa ráðstefnuna með margvíslegum athugunum, skýrslugerðum og gagnasöfnun.

Vestur-Evrópuþjóðir hófu undirbúning þennan innan Evrópuráðsins og fólu því að hafa frumkvæði svo og að gera drög að framtíðarskipan í fræðslumálum á Vesturlöndum.

Hér var ekki látið sitja við orðin tóm. Fyrir ráðstefnu Unesco sem getið var í upphafi þessa máls og haldin var dagana 25. júlí til 7. ágúst í Tokió hafði verið gengið frá þrem merkjum rannsóknum er lágu fyrir frá þjóðum Vestur-Evrópu. Sú fyrsta leiddi til mikil rits er hefur að geyma 15 ritgerðir og kallast ritgerðasafnið: Permanent Education, ævimenntun. Hin önnur bar þann árangur að búið var út mikið vinnuskema er kallast Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu, Fundamentals for integrated educational policy. Og hin þriðja hefur skapað hið merkasta fræðirit Evrópsk fullorðinsfræðsla nú og í framtíðinni, To-day and tomorrow in european adult education.

En að það voru ekki evrópsku þjóðirnar einar sem um fullorðinsfræðsluna hugsuðu eða gerðu hana að sérstæðu menningarframlagi, um það bar ráðstefnan á síðasta sumri gleggst vitni. — Á þeirri ráðstefnu mættu 400 þátttakendur frá 82 löndum, en 37 alþjóðlegar stofnanir áttu þar áheyrnarfulltrúa. Yfirskrift hinnar þriðju ráðstefnu Unesco var: Fullorðinsfræðslan sem þáttur ævimenntunar, Adult Education in the Context of Life-long Education. — Allt bendir til að enn hafi verið brotið blað í menntamálum veraldar og við eigum eftir að kynna árangri ráðstefnunnar í framkvæmdum og nýmyndunum fræðslumála á þessum nýbyrjaða áratug 20. aldarinnar.

Fullorðinsfræðsla — ævimenntun

Menntastefnur samtíðarinnar.

Útvarpserindi flutt í maí 1973.

L.

Góðir hlustendur.

Ég hyggst í tveim erindum ræða við ykkur um fræðslumál. Í fyrra erindi mínu mun ég leitast við að gera nokkur skil tveim hugtökum, sem mjög eru á dagskrá um þessar mundir erlendis, hugtökunum: Fullorðinsfræðslu og ævimenntun. Í síðara erindi mínu mun ég aftur á móti gera tilraun til að kafa dýpra og reyna að kanna forsendur þessara hugtaka svo og þess mikla áhuga, sem nú er hvarvetna á fræðslu- og menntamálum. Í því erindi mun ég þess vegna fjalla um menntastefnur samtíðarinnar.

Að fyrra erindi mínu mun ég hafa nokkurn formála og sný mér að honum.

1. FORMÁLI

Það hefur vafalaust ekki farið fram hjá neinum að menntun og fræðsla hefur verið mjög á dagskrá á síðustu árum. Til marks um það hér á landi er gagnger endurskoðun fræðslulaga, sem nú síðast hefur leitt til samningar frumvarps um ný lög skyldunámsstigsins hin svokölluðu grunnskólalög ásamt með öðru frumvarpi að lögum um skólakerfi. Hið síðara lagafrumvarp er í þessu sambandi forvitnilegra. Er þar gert ráð fyrir þrem stigum menntunar, grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, þar undir sérskólar og loks háskólastigi. Öll mynda þessi stig, þegar lög þau sem um ræðir hafa verið samþykkt, eina heild og er í nágrannalöndum okkar valið sérstakt heiti, í Noregi t. d. førstegangsopplæring, í enskumælandi löndum formal education, en hugsanlegt væri að kalla á íslensku frumfræðslu og hefur reyndar þegar verið gert.

En það er harla ljóst að svo mikilvæg sem þessi frumfræðsla er og svo fyrirferðarmikil sem hún hlýtur að vera, þá fær hún á engan hátt leyst allan vanda fræðslu og menntunar í nútímaþjóðfélagi. Til þarf að koma annar þáttur sem gera verður skil og það í vaxandi mæli, enda þegar svo komið í nokkrum löndum, að hann fer að flestu leyti að vera jafnoki hins, þ. e. frumfræðslunnar bæði hvað snertir magn, fjármagnspörf svo og skipulagningu og lagasetningu. Þessi annar þáttur menntunar og fræðslu hefur verið kallaður fullorðinsfræðsla, voksenopp læring á Norðurlöndum, adult education í enskumælandi löndum. — Sá þáttur er líka þrískiptur.

Fullorðinsfræðsla er í fyrsta lagi frumfræðsla, þ. e. grunnskólanám, framhaldsskólanám og háskólanám í nýjum búningi miðað við þroska þeirra og forsendur, sem um lengri eða skemmri tíma hafa tekið þátt í atvinnulífínu, en æskja af einhverjum ástæðum að auka við frumfræðslu sína. Þessi þáttur fullorðinsfræðslu verður af eðlilegum ástæðum í nánnum tengslum við, ef ekki beinlínis ræktur af stofnunum frumfræðslunnar. En leggja ber á það ríka áherslu að þetta er aðeins einn af þrem þáttum fullorðinsfræðslu.

Annar þáttur fullorðinsfræðslunnar er menntun sem veitt skal þeim sem eru starfandi og þátt taka í atvinnulífínu og skal ná til allra þátta atvinnulífsins. Hér verður um að ræða námskeiðahald eða önnur þau fræðsluform sem tiltæk eru og hægt er að hagnýta, þar á meðal hljóðvarp og sjónvarp

að sjálfsgöðu að viðhalda bæði starfsmenntun og bókmenntun vinnandi fólks svo viðkomandi verði ekki lakari starfskraftar en þeir voru í upphafi miðað við breyttar aðstæður og nýjar kröfur til kunnáttu og hæfni. Hluta þessa annars þáttar fullorðinsfræðslunnar kalla frændur okkar á Norðurlöndum etterutdanning, endurmenntun — fræðslu sem síðar er veitt. En í þessum öðrum þætti fullorðinsfræðslunnar er jafnframt um að ræða annan möguleika, er líka skal veitast atvinnulífinu og í nánnum tensglum við það, en það er viðbótarfræðsla, möguleikinn að geta raunverulega aukið við menntun sína og orðið hæfari bæði hvað snertir starfsmenntun og bókmenntun en viðkomandi hafi nokkru sinni verið áður. Til þess að eiga verulegan hlut að þessari fræðslu eru kvaddir sjálfir aðilar vinnu- markaðarins, atvinnulífsins og það er hið nýja og óvenjulega í þessum þætti fullorðinsfræðslunnar. Sjálfir vinnustaðirnir, sjálf fyrirtækin geta orðið að fræðslu- og menntasetrum í nýrri merkingu þess orðs að sjálfsgöðu. Við það hefur sjálft skólahugtakið orðið nýtt og hlutur menntunar orðið allur annar en fyrr. Sumir munu lita svo á að þessi annar þáttur fullorðinsfræðslunnar sé um margt sérstæðastur og merkilegastur.

En þriðji þáttur fullorðinsfræðslunnar er samt eftir. Það er sá þáttur, sem snertir félagslíf og menningarlíf og tengist hinum fjölmörgu félögum, félagasamböndum og heildarsamtökum frjálsra félaga sem vinna að hvers kyns félags- og menningarstarfsemi, hvort sem hún er kennd við ungmenni, kvenréttindi, íþróttir, stjórnsmál, trúsmál, annast söngstarfsemi, leikstarfsemi eða hvar þessi félög kunna að hafa haslað sér völl. Hér er um að ræða svo merkan þátt að eðlilegt er að gera sér þess fulla grein hvaða aðild honum má ætla í fræðslu, menntun og öllu því sem einu nafni má kalla menning. Það er mála sannast að margir hafa í hinum frjálsu félagasamtökum hlotið þá menntun og þann undirbúning undir lífið sem notadryggtur hefur reynst og markað lífi þeirra stefnu og gefið því innihald.

Þetta er þá annar þáttur fræðslu og menntunar og virðist auðsætt að hann á fulla kröfu til að vera metinn til jafns við frumfræðsluna og ætti sú viðurkenning ekki að fella neinn skugga á þá fræðslu nema síður sé.

Til þess hins vegar að gera sér fulla grein fyrir fullorðinsfræðslunni og sérstöðu hennar verður að átta sig á tveim öðrum verkefnum er fullorðinsfræðslunni tengjast. — Annað er fólgið í nýjum menntastefnum og viðhorfum til menntunar og fræðslu almennt, en þar liggja rætur hins mikla áhuga á fullorðinsfræðslunni og menntun almennt. Mun því efni gerð skil sérstaklega. — Hitt er svo algjörlega frábrugðið menntakerfi því sem við nú þekkjum, svokölluð **ævimenntun** þar sem háðir þættirnir frumfræðsla og fullorðinsfræðsla hafa verið tengdir saman, eða felldir saman í æðri eining ef nota mætti svo fræðilegt eða svo dialektísk hugtak með fullri virðingu fyrir Friedrich Hegel, Karli Marx og Karli Barth svo nefnd séu í sömu andrá þrjú stórmenni, þrjár risar dialektískra fræða og dialektískrar hugsunar.

Eftir þennan inngang mun ég þá snúa mér að hinum tveim hugtökum, er ég hef hugsað mér að skýra í þessu erindi: fullorðinsfræðslu og ævimenntun.

2. FULLORÐINSFRÆÐSLA

a) Skilgreining.

Ég geri fullorðinsfræðslunni fyrst skil og byrja á skilgreiningu. Í sambandi við þá skilgreiningu er af nógu að taka.

Menningar- og fræðslustofun Sameinuðu þjóðanna, Unesco, hefur sett fram eftirfarandi skilgreiningu, sem gengið var frá á þingi, námskeiði um samannburð fullorðinsfræðslu, sem haldið var í Exeter í Massachusett í Bandaríkjunum árið 1966. Hin svokallaða Exeter skilgreining er þá þannig:

„Fullorðinsfræðsla er fræðsluform, sem veitir fólki, er ekki lengur er þátt-takendur í venjulegu skólanámi á þann hátt sem það er skipulagt, aðstöðu til að stunda áframhaldandi nám og taka þátt í skipulögðu námsstarfi í því augnamiði að geta fylgst með breytingum, sem orðið hafa og lúta að þekkingu, skilningi, hæfni, mati og afstöðu eða í þeim tilgangi að gera sér grein fyrir og leysa persónulegan eða félagslegan vanda.“

Frá nefnd á vegum Norðurlandaráðs, „Nordisk ekspertudvalg for forskning på voksenopplæringens område“, nefnd sérfræðinga er hafa skyldu á hendi rannsókn á sviði fullorðinsfræðslunnar, er þessi túlkun frá árinu 1969:

„Fullorðinsfræðsla er menntun sem veitt er fullorðnum. Sú fræðsla er látin í té eftir að viðkomandi hefur lokið ákveðnum hluta frumfræðslu. Þeir sem njóta fræðslu af þessu tagi hafa langoftast meiri eða minni kynni af atvinnulífinu og hafa hlotið menntun til ákveðinna starfa, ýmiss konar atvinnufræðslu.“

Frá árinu 1972 er svo þessi skilgreining frá Danmörku gerð nokkru fyrir þing Unesco um fullorðinsfræðslu á stöðasta sumri, júlí—ágúst í Tokíó:

„Fullorðinsfræðsla nær yfir allt það nám og alla þá menningarstarfsemi, sem fullorðnir taka þátt í, hvort sem um er að ræða frjálsa þátttöku eða ekki og hvort sem hún verður í vinnutíma eða utan hans, ef líta má á það nám eða menningarstarfsemi sem áframhald eða viðbót við þá undirstöðumenntun, sem viðkomandi hefur hlotið.“

b) Ástæður fullorðinsfræðslunnar.

Næst skal þá vikið að ástæðum þess að fullorðinsfræðsla er svo mjög á dagskrá.

Það er auðvitað ljóst að fullorðinsfræðsla er í sjálfu sér ekki ný af nálinni. Hitt er ljóst að hún hefur færst verulega í aukana og það er fyrst á síðustu áratugum að hún hefur komið fram í sviðsljósið með þeim hætti sem nú er orðið. Menn spyrja því hverjar ástæðurnar kunni að vera til þessa. — Ég hygg að flestir muni þar á einu máli að greina fjórar meginástæður til þess að fullorðinsfræðsla er orðin svo ríkur og vaxandi þáttur sem raun ber vitni um. — Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar spáði því í byrjun þessa áratugar, hins 8. áratugar aldarinnar að hann myndi verða með sérstöku móti áratugar fullorðinsfræðslunnar. Hinar fjórar ástæður eru:

Fyrsta ástæða: Sjálfsagt þykir að gefa því fólki, sem horfið hefur að störfum í þjóðfélaginu, tækifæri til að hefja nám er það síðar finnur hjá sér löngun eða þörf til að menntast á ákveðnu sviði, sem gerði það hlutgengt til starfa þar.

Önnur ástæða: Breytingar í atvinnulífinu gera það nauðsynlegt að fólk eigi kost á endurmenntun, annað hvort vegna þess að störf þau er það áður stundaði hafa breyst svo verulega að þau krefjist annars undirbúnings og annarar hæfni og þekkingar en áður — eða störfin eru ekki lengur fyrir hendi vegna þess að ný tækni eða sjálfvirkni hefur komið til og því er nauðsynlegt fyrir viðkomandi að leita á önnur mið, búa sig undir önnur störf, hljóta ummenntun.

Þriðja ástæða: Nútímaþjóðfélag gerir aðrar og meiri kröfur til þegna sinna og þá ekki síst lýðræðisþjóðfélögin, en skapa þarf þjóðfélagsþegnum nýja meðvitund er geri þá að virkum þjóðfélagsþegnum, sem taka þátt í félagslegri baráttu, er gera sífellda þróun og stöðugar breytingar mögulegar.

Fjórdá ástæða: Hinn aukni frítími, sem virðist á flestum stöðum vaxandi vandamál, hlýtur að hafa áhrif á menntunarmöguleika manna, að gefinn verði kostur á margvíslegri fræðslu sem til þess er ætluð að hjálpa einstaklingum og

hópum að njóta frístundanna, gera þær að sönnum ávinningi en ekki hefndargjöf eins og sumstaðar virðist vera, að menn fyndu ráð til að gera tómstundirnar að tíma sköpunar og lífsnautnar, en ekki tíma lífsleiða, sem kallaði fram þrá og þörf að drepa tímann.

c) Skipting fullorðinsfræðslunnar.

Áður hefur lítillaga verið vikið að þessu atriði og þá gerð grein fyrir þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar: a) í fræðslu hliðstæða frumfræðslunni, b) í fræðslu úti í atvinnulífinu og c) fræðslu á vegum hinna frjálsu félagasamtaka.

Jóhann Hannesson, fyrrum skólameistari á Laugarvatni hefur í ágætu erindi gefið yfirlit sem er í meginatriðum hliðstætt þessu, en gæti verið rétt að skýra frá til samanburðar. Hann bendir á ferns konar nám, sem telja megi til fullorðinsfræðslu og lýsir þannig:

I. Skólanám. — Þar er um þrenns konar nám að ræða:

- a) Undirbúningur undir almenn heildarpróf skóla (landspróf, gagnfræðapróf, stúdentspróf, háskólapróf).
- b) Undirbúningur undir inntöku í sérskóla.
- c) Upprifjun námsefnis eins skólastigs til undirbúnings undir nám á næsta stigi eftir að hlé hefur orðið á námi.

II. Atvinnunám. — Þar er líka um þrískiptingu að ræða:

- a) Viðbótarnám til að auka hæfni í starfsgrein.
- b) Endurmenntun vegna tilkomu nýrrar þekkingar eða tækni og úreldingar fyrri kunnáttu.
- c) Ummenntun vegna atvinnuskipta.

III. Tómstundanám. — Enn þrískipting:

- a) Til menningar og fróðleiksauka.
- b) Til dægradvalar.
- c) Til heimilisþarfa — efnahagslegra og félagslegra.

IV. „Borgaranám“. — Þar eru þættirnir tveir:

- a) Til undirbúnings undir virk afskipti í þjóðmálum.
- b) Til undirbúnings undir meðferð vandamála í nánasta umhverfi.

Í Noregi hefur í nokkur ár verið til svokallað Fullorðinsfræðsluráð skipað fulltrúum frá ýmsum aðilum atvinnu- og menningarlífs. Það hefur gefið út harla merkilega greinargerð sem nefnist Verkaskiptingin í fullorðinsfræðslunni, Arbeidsdelingen í voksenopplæringen. Rit þetta er röskar 90 blaðsíður og ég ætla ekki hér að reyna að gera grein fyrir innihaldi þess, en aðeins benda á tvenns konar heildarskiptingu sem þar er vikið að. Fyrri skiptingin lýtur að formi fullorðinsfræðslunnar. Samkvæmt skilgreiningu Fullorðinsfræðsluráðsins norska getur hún verið þessi:

Í fyrsta lagi: Fullorðinsfræðsla sem miðast við prófundirbúning og á að þessu leyti hliðstæður í hinu almenna og hefðbundna skólakerfi.

Í öðru lagi: Fullorðinsfræðsla sem hefur tengsl við atvinnulífið.

Í þriðja lagi: Fullorðinsfræðsla sem ekki stefnir að prófi eða sérstöku mati á því sem lært er eða fræðst um.

Hin síðari skipting miðast svo við þá aðila, sem ættu að hafa fullorðinsfræðsluna með höndum. — Að áliti norska Fullorðinsfræðsluráðsins ætti þar einnig að vera um þrískiptingu að ræða.

Í fyrsta lagi: Fræðslusambönd og félög svo og einkastofnanir.

Í öðru lagi: Aðilar atvinnulífsins, aðilar vinnumarkaðarins.

Í þriðja lagi: Opinberir aðilar: í Noregi — ríki, fylki og sveitarfélög.

d) Kostnaður við fullorðinsfræðslu.

Að síðustu skal svo litillega drepjið á fjárframlög til fullorðinsfræðslu í nágrannalöndunum. Ég hef undir höndum gögn er sýna þessi fjárframlög í Danmörku og Svíþjóð miðað við kennsluárið 1971/1972.

Í Danmörku er niðurstaðan þessi: Áætlaður heildarkostnaður fullorðinsfræðslunnar í Danmörku umrætt kennsluár er talinn hafa numið 570 millj. danskra króna. Þessi kostnaður er talinn 7% af opinberu framlagi til menntamála, en það framlag áætlað um 8 milljarða danskra króna þegar námsstyrkir eru taldir með. Námsstyrkir í sambandi við fullorðinsfræðslu eru um 80 milljónir króna. — Þá segir í þessari áætlun að einstök félög og aðilar vinnumarkaðarins muni hafa lagt af mörkum til fullorðinsfræðslu ca. 100 milljónir danskra króna. — Væri um hlutfallslega sömu framlög að ræða á Íslandi, þá ættu framlög opinberra aðila að nema næstum 300 milljónum króna, en framlög félaga og aðila atvinnulífsins að vera milli 50—60 milljónir. — Á fjárlögum okkar fyrir árið 1973 eru ætlaðir 4 milljarðar 20 milljónir og 23 þúsund krónur til menntamála, 7% þeirrar upphæðar yrði röskar 280 milljónir sem væri næsta hliðstæð upphæð.

Fyrir kennsluárið 1971/1972 fullyrðir menntamálaráðherra Svíþjóðar Sven Moberg að framlög sænska ríkisins til fullorðinsfræðslu myndu nema einum milljarð sænskra króna, sem er verulega hærri upphæð en Danir áætluðu að ráðstafað yrði til fullorðinsfræðslu. — Það myndi samsvara því að íslenska ríkið legði fram um 500 milljónir íslenskra króna eða ca. 12% þeirrar upphæðar sem ætluð er til menntamála á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár.

2) ÆVIMENNTUN

a) Skilgreining.

Ég sný þá máli mínu að síðara meginhugtaki þessa erindis: ævimenntun.

Fyrst kemur þá skilgreining á því sérstæða hugtaki, sem felur í sér tvo meginþætti: frumfræðslu og fullorðinsfræðslu. Ekki væri óeðlilegt að hefja kynningu á hinu nýja kerfi með því að athuga litillega þau hugtök, sem um það hafa verið notuð erlendis og þá samsvarandi eða hliðstæð orð og hugtök íslensk. Það vill svo einkennilega til að þrjár merkar stofnanir hafa komið á framfæri hver sínu hugtaki:

Fyrst skal getið um það heiti, sem Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco hefur valið hinu nýja menntakerfi. Það er á ensku hugtakið **Life-long education**, sem frændur okkar Danir hafa þýtt með: Livslang uddannelse/udvikling — þeir þýða enska orðið education með tveim hugtökum: menntun — þroski/þróun að fram komi ólík blæbrigði. Heiti Unescos er eðlilegast að þýða á íslensku með **ævimenntun**.

Efnahags og framfarastofnunin, O.E.C.D. hefur valið þessu menntakerfi framtíðarinnar hugtakið Recurrent Education, þ. e. a. s. menntun sem fram fer aftur og aftur og hefur þetta hugtak verið réttilega þýtt á íslensku með orðinu **símenntun** og hefur mátt sjá það skjóta upp kollinum í frásögnum blaða og tímarita.

Loks hefur svo Evrópuráðið kynnt hið nýja menntakerfi sem **Permanent Education**, hin stöðuga, varanlega menntun, það er að segja menntun sem stöðugt þarf endurnýjunar og tekur á sig nýjar og breyttar myndir, er stöðug í breytileika sínum og fjölbreytni og verður þannig að stöðugum, varanlegum þætti í menningu samtíðarinnar.

b) Ástæður.

Svo vikið sé næst að ástæðum sem taldar eru gera nauðsynlegt að koma á hinu nýja fræðslukerfi með þáttunum tveim, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu, þá mætti endurtaka margt af því sem áður hefur verið sagt. Það mun ekki gert heldur tveim nýjum ástæðum bætt við.

Annað er hin sérstæða breyting sem menn telja sig hafa orðið vara við á þjóðlagsforminu á Vesturlöndum. Sumir hafa fyrir satt að greina megí í sögu Vesturlanda til þessa þrjú þjóðfélags eða samfélagsform, en hið fjórða búi þegar í vitund okkar sem framtíðardraumar. Hin þrjú þjóðfélagsform, sem þegar hafa birst eru: Fyrst: **Sigurvinningsamfélagið**, þegar nær allt var talið undir því komið fyrir hinar einstöku þjóðir Vesturlanda að ná ítökum og áhrifum, helst um heim allan, vinna sem flesta sigra í orustum og sanna þannig yfirburði sína. — Þetta samfélag var síðan leyst af hólmi af orkusamfélaginu, kílóvatta-samfélaginu eins og sumir kalla það, en áhrifa þess og viðhorfa hefur á síðustu áratugum gætt meir og meir. — Nú er þetta orkusamfélag aftur á móti að missa að nokkru ljóma sinn eða kannski væri réttara að segja er húið að sannfæra mennina um það hvaða orkulindir eru fyrir hendi hið ytra í náttúrunni og hvaða aðferðum er hægt að beita til að heisla þær og hagnýta. — Því er nú svo komið að þriðja þjóðfélagsformið er í uppsiglingu og henni hraðri og fyrirferðarmikilli, það er **þekkingarsamfélagið**. Mennt er máttur, segir íslenskt máltæki. Það er ljóst að það er annars konar orka, sem nú á að virkja heldur en sú sem orkusamfélagið heindi athyglinni að. Það er hæfni mannsins sjálfs og hæfileikar sem nú skulu leystir úr læðingi. Í hæfni sinni og hæfileikum býr maðurinn yfir óvenjulegri orku, sem hægt er að virkja til þess að gera líf einstaklinganna og heildanna auðugra og svinmeira. Nýr áfangi á bróunarbraut er hafinn og enginn fær séð fyrir hvert hann skilar mannkyninu, en hitt má telja víst að hann gefur mikil fyrirheit. — Það er svo draumur framtíðarinnar, er sagt að **þekkingarsamfélagið** Cogno Society umbrevtist eða þróist yfir í **menningarsamfélag**, þar sem hver maður fær að jöfnu tækifæri til að njóta og skapa.

Hitt atriðið sem ég vil hér draga fram er staðreynd hinnar svokölluðu **þekkingarbyltingar**. Staðreynd hennar skýrist best með eftirfarandi athugunum: Menn höfðu fyrir satt að á hálfri öld, frá aldamótunum 1900 til 1950 hefði þekkingarforði mannkynsins tvöfaldast og þóttu firn mikil. En hvað gátu menn þá sagt, þegar talið var sannleikanum samkvæmt að þekkingarforðinn hefði aftur tvöfaldast og það aðeins á tíu árum, frá 1950—60. — Sýnilegt þótti að svo væri sem skrifu hefði verið hlevpt af stað og hér væri verið við upphaf nýrrar þróunar, en ekki ris eða endalok. Áfram myndi þekkingarforðinn halda áfram að tvöfaldast og tíminn, sem það gerðist á, verða styttri og styttri. Til allra þátta þekkingar og starfa myndi aukningin ná, og meira hefði aukningin náð og þannig myndi þetta halda áfram.

c) Þróunarferill ævimenntunarmugtaksins til þessa dags.

Segja má að ævimenntunarmugtakið komi verulega í sviðsljósið á þingi, sem Unesco hélt um fullorðinsfræðslu í Montreal í Kanada árið 1960, en það var annar alþjóðafundurinn um þau mál á vegum stofnunarinnar, hinn fyrsti var haldinn í Helsinki árið 1949. Yfirskrift eða tema ráðstefnunnar í Montreal var: „Fullorðinsfræðsla í breytilegum heimi.“ — Í álvktun þingsins segir svo: „Fullorðinsfræðsla er þáttur menntunar sem varir ævina alla. Stjórnvöld allra landa verða að viðurkenna hana og líta á hana sem eðlilegan og fullkomnlega nauðsynlegan þátt í heildarfræðsluskipan sem þannig verður önnur og fullkomnari.“

Ég held að athyglisvert fyrir okkur hér og nú væri að gera okkur stuttlega grein fyrir hlut Evrópuráðsins að ævimenntun, en ráðið hefur sérstaklega látið fjalla um þetta atriði með það fyrir augum að stuðla að framgangi þess sameigin-

legum hjá hinum 17 ríkjum, sem aðild eiga að ráðinu. — Evrópuráðið var stofnað af 10 ríkjum 5. maí 1949.

Þeir aðilar sem unnið hafa að framgangi ævimenntunar á vegum Evrópuráðsins, í þeirri stofnun þess sem kölluð er ráð eða nefnd menningarsamvinnu, The Council for Cultural Co-operation, en hún var sett á laggirnar í ársbyrjun 1962 — telja að greina beri milli tveggja tímasteiða, eða tveggja þátta að því er ævimenntunina snertir. Fyrra skeiðið kalla þeir: Hugtakaskreiðið og telja að staðið hafi frá 1966—1971, en árið 1966 hóf nefnd menningarsamvinnunnar afskipti af málinu. Merkasti áfangi þessa skeiðs gerðist árið 1970 á hinu svonefnda alþjóðlega menntaári, International Education Year, eins og Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir að það ár yrði kallað. Á því ári var unnið að samningu og útgáfu 15 ritgerða um ævimenntun á vegum Evrópuráðsins. — Árið 1971 kom út annað merkilegt plagg í þessu sambandi: „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu“, en á það plagg má líta sem einskona stefnuskrá og stefnuyfirlýsingu.

Á síðasta ári, 1972, hófst svo annað skeið ævimenntunarinnar, framkvæmdaskreiðið eins og það er kallað, en gerðar hafa verið áætlanir um hvernig að framgangi málsins skuli staðið til ársins 1978. Hefur verið skipuð stjórnarnefnd, Steering Group til að hafa forgöngu, svo og ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri í þessu skyni, en það er annar af aðalhöfundum plaggssins, sem áður var getið um.

Ég mun ljúka erindi mínu með því að greina frá nokkrum þáttum í ritinu „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu“ Fundamentals for an integrated educational policy.

Í formála ritsins eru settar fram fimm kröfur sem gera þarf til fræðslukerfis ævinmenntunar. Þær eru þessar:

Nauðsynlegt er að fræðslukerfið sé næsta sveigjanlegt og geti tekið breytingum.

Tryggja ber á öllum stigum menntunar, að sú menntun sem veitt er sé í senn: almenn, starfræn, menningarleg, félagsleg og taki tillit til borgaralegra skyldna og réttinda.

Menntakerfið verður að byggjast á stöðugri handleiðslu, ekki þeirri afstöðu að vilja losna við nemendur.

Örva þarf í námi sköpunarhæfni, viðbragðsflýti og gagnrýnishneigð.

Sjálfsnám þarf að glæða og gera öllum ljóst hvert gildi það getur haft.

Fyrsti kafli ritsins fjallar um fjögur meginatriði, þessi: 1) Þarfir einstaklingsins (öryggi, tjáning og samstaða). 2) Þarfir hópsins (vöxtur, samheldni, skipulag). 3) Árekstrar og loks 4) Samfélagið og menntakerfið.

Annar kafli ritsins tekur þrennt fyrir: 1) Hvernig á að tryggja að hver einstaklingur geti sjálfur skipulagt og stuðlað að framförum sínum og menntun? 2) Hvernig má hjálpa fólki í hinum snöggu umskiptum í atvinnulífinu? 3) Hvernig má virkja sköpunarhæfni hvers og eins og tryggja að persónuleikinn fái þroskast og mótast?

Þriðji og fjórði þáttur lýsa svo hinu nýja kerfi í meginatriðum. En þar skal hér einungis bent á tvennt:

Annars vegar hugmyndina um algerlega nýja skólagerð, hina samræmdu eða alhliða menningarmiðstöð, sem veiti sérhverjum þá menntun og þá handleiðslu, sem hann eða hún óskar eftir.

Hins vegar vandann hvernig hugsanlegt væri að menn öðluðust rétt til áframhaldandi menntunar í þessu nýja kerfi. — Hafa menn þá hugsað sér að tengja mætti hið nýja skólakerfi hinu almenna tryggingakerfi landanna, en réttur til menntunar ætti að verulegu leyti að miðast við vinnudaga. Mætti hugsa sér að

fyrir hvern unninn dag öðlaðist viðkomandi rétt til einnar kennslustundar, sem hann fengi að fullu greidda bæði námskostnað og eins bætt vinnutap meðan nám væri þreytt.

Ég hef lokið fyrra erindi mínu og fjallað stuttlega um hugtökin tvö **fullorðinsfræðslu og ævimenntun**.

Fullorðinsfræðsla — ævimenntun

Menntastefnur samtíðarinnar.

Útvarpserindi flutt í maí 1973.

II.

Góðir hlustendur.

Ég fjallaði í fyrra erindi mínu um hugtökin tvö: **fullorðinsfræðslu og ævimenntun**. — Í þessu síðara erindi ætla ég að kanna forsendur þessara tveggja hugtaka og þeirra fyrirbæra, sem þau vísa til og túlka.

1. FORMÁLI

Það fer ekki á milli mála að hin mikla kvika, sem orðið hefur vart í mennta- og fræðslumálum á síðustu árum á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til nýrra viðhorfa, nýrra menntastefna sem grundvallast hafa á ákveðnum heimspekikenn-ingum eða lífsskoðunum, hvort hugtakið sem menn vilja nú heldur nota. — Þessar nýju stefnur hafa tvennt í för með sér og ber að gera sér grein fyrir hvoru tveggja. Annars vegar hafa hin nýju viðhorf valdið eins konar uppgjöri, átökum væri kannski mildara orð við eldri og ríkjandi menntastefnur. Hins vegar hafa svo hin nýju viðhorf stækkað sjóndeildarhringinn almennt og orðið til þess að menn hafa séð samfélagið, menntun og menningu í nýju ljósi.

Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að þeim átökum milli hinna eldri og yngri viðhorfa, eldri og yngri menntastefna, sem ég gat um áðan. Að vísu má fara varlega með hugtökin eldri og yngri, því oft fer það svo þegar dýpra er skoðað að fullyrðing Prédikarans reynist rétt „að ekkert er nýtt undir sólinni.“ Nýtt verður viðhorf oft við það eitt að sviðsljósinu er sérstaklega á það brugðið eða það eignast sérstakan hlómgrunn við ákveðnar aðstæður eða á ákveðnum tíma.

Að mínu viti eru merkustu og athyglisverðustu átök í menntastefnum á okkar dögum tengd þeirri fornu menntastefnu, sem kennd er við úrval, **elite** annars vegar og hinn nýju eða nýrri menntastefnu sem kennd er við jafnrétti, jafnan rétt, **égalité** hins vegar. Hvað felst þá í þessum tveim meginviðhorfum „eða aðalmenntastefnum? — Stefna sú, sem kennd er við úrval, **elite-stefnan** eins og hún er nefnd grundvallast á þeirri sannfæringu að tilgangur menntunar og fræðslu sé að finna þá sem menntunar séu verðir umfram aðra, finna úrvalið. Þá sem yfir hæfileikumum og gáfunum búa. Þeim skulu allar gáttir opnaðar til æðstu mennta og síðan samsvarandi met-orða, en öðrum lokaðar er sýnt hafi að minna megi af þeim vænta og lítill ávinningur sjálfum þeim eða samfélaginu að eyða tíma og fjármunum þeirra vegna. Við þessa menntastefnu hlýtur að skapast skil í samfélaginu milli úrvalsins sem talið er því betra sem það er fámennara og annarra, lýðsins sem kannski ekki er lengur talinn hölvaður, en af öðru sauðahúsi, enda líka heinlínis að þeim skilum stefnt og þau talin öllum, líka þeim sem dæmdir eru úr leik, sannur ávinningur. — Forsvarsmenn hinnar menntastefnunnar, þeirrar sem kennd er við jafnan rétt, **égalité-stefnan**, jafnréttisstefnan líta öðru vísi á. Þeir telja alla heilbrigða menn búa yfir meiri hæfileikum en nokkurn tíma sé hugsanlegt að leysa úr læðingi. Vegna þessa

eigi allir heilbrigðir menn að eiga jafnan rétt á því að hæfileikar þeirra séu viðurkenndir og virkjaðir. Þá muni hitt líklega í annan stað vera réttara að tala um mismunandi hæfileika manna heldur en fullyrða að sumir séu hæfileikum gæddir en aðrir ekki, þótt ekki skuli þar með neitað að við ákveðnar aðstæður eða ákveðin verkefni nýtast hæfileikar eins betur en annars. Hitt skuli samt haft ríkt í huga að enginn veit fyrir hverjar breytingar og hver umskipti geta orðið og þá geti líka skipt um ágæti hinna mismunandi hæfileika. Þá megi heldur ekki gleyma því, en hafa ríkt í huga að menntun og fræðsla skal ekki stefna að því að skapa skil í samfélögum manna, heldur þvert á móti leitast við að koma í veg fyrir að skil skapist. Menntun og fræðsla á að gera sameiginlegan hugmyndaforða sem mestan og sem flesta þætti menningar að sameign allra. Því betur sem það hlutverk menntunar hefur verið rækt því betur hefur til tekist. Sé um keppni að ræða ætti hún að felast í því að sem mest geti komist til skila af hæfileikum og þeir nýst sem best, en ekki í hinu að útiloka aðra frá því að njóta sín á þeim sviðum er þeir geta orðið sjálfum sér og samfélaginu að mestum notum og orðið heilsteypdir menn og gæfumenn.

Sem beint framhald af þessum átökum **élíte-stefnunnar** og **egalité-stefnunnar** er snerta úrval og jafnan rétt eru önnur átök á sviði menntamála. Átökin snúast um tvenns konar gáfur, **lærdómsgáfur** sem hægt er að mæla með **gáfnaprófum annars** vegar og **skapandi gáfur**, sem erfiðara er að mæla á þennan hátt hins vegar. Þessi átök hófust að verulegu ráði á 6. tug aldarinnar á Vesturlöndum. Á þeim áratug virtist Vesturlandabúum sem þeir væru að bíða lægri hlut í keppni þeirri sem fram fór um forystu á sviði vísinda og tækni í veröldinni og væru Sovétmenn að því komnir að taka forystuna. Af þessu dapurlega hugboði leiddi meðal annars endurskoðun á menntun og fræðslu og var þá sviðsljósinu ekki síst beint að þeim forsendum sem gefnar væru fyrir að velja ákveðinn hóp manna til menntunar umfram aðra. Við þær umræður og athuganir sem fram fóru þóttust margir komast að því að til myndi vera tvenns konar hugar- og vitsmunastarfsemi eða tvær aðalforsendur hugsunar að leita lausnar á verkefnum og vanda. — Margir fylgdu þarfordæmi bandaríska sálfræðingsins J. P. Guilford's og töluðu um tvær gerðir hugsunar. Önnur gerð hugsunarinnar væri fólgin í því að geta fellt saman, tengt saman eða raðað þekkingaratriðum eftir ákveðnum forskriftum og á ákveðinn, kerfisbundinn hátt sem auðvelt væri að meta. Sú hugsun var því kölluð „sambverf hugsun“, konvergent tænkning á Norðurlandamálum, en convergent thinking á enskri tungu. Hin gerðin væri með allt öðrum hætti og var sú gerð kölluð „fráhverf hugsun“, divergent tænkning á Norðurlandamálum en divergent thinking á ensku. Til voru samt þeir sem vildu kalla þessa gerð „hliðar hugsun“, lateral tænkning eða lateral thinking. Báðar nafngiftirnar skýra að nokkru hvæð við er átt. Þessi gerð hugsunar leitar ekki lausnar eftir ákveðnum forskriftum á kerfisbundinn hátt að hægt sé að segja fyrir um hver lausnin muni verða eða á hvern veg hún muni verða fundin. Bæði leitin að lausninni og lausnin sjálf mun koma á óvart og hvort tveggja verða óvænt og jafnvel sýnast framandi, jafnvel fráleitt í upphafi, en sé betur að gætt verður annað upp á teningnum. Hin „fráhverfa hugsun“ hefur brotið nýja braut, skapað nýja þekkingu í ýmsum tilfellum og veitt nýtt hugboð í öðrum. — Af því sem nú hefur verið sagt kemur naumast á óvart að þegar frá leið var farið að kalla aðra gerð hugsunarinnar **lærdómshugsun**, en hina **skapandi hugsun** og kenna þær við tvenns konar afbrigði gáfna, lærdómsgáfur og skapandi gáfur. — Aðrir hafa gengið enn lengra í þessum efnum og talað beinlínis um mun **greindar** og **sköpunarhæfni**, greindin er fólgin í gáfum sem hægt er að meta í hefðbundnum skólalærdómi, sköpunarhæfni er fólgin í gáfum, sem ekki verða metnar á þann hátt, en sanna sig í árangri á mörgum sviðum, þótt oft falli utan hins hefðbundna skólalærdóms. — Hafa eftirfarandi fjórar fullyrðingar verið settar fram og reyndar taldar niðurstaða viðamikillar könnunar: Í fyrsta lagi er náð samband á milli greindarmælinga og skólaárangurs. Í öðru lagi er lítið samband á milli greindarmælinga og árangurs á þeim sviðum (lífsins), sem ekki lúta að skólanámi. Í þriðja

lagi er lítið samband milli árangurs í hefðbundnu námi og árangurs á öðrum sviðum. Í fjórða lagi er náíð samband milli árangurs á öðrum sviðum og sköpunarhæfni að því leyti sem reynst hefur mögulegt að dæma slíka hæfni og meta. — Áður en ég skil við þetta efni um þau átök sem orðið hafa milli menntastefna eða gamalla og nýrra viðhorfa í menntamálum varðandi lærdómsgáfur og skapandi gáfur tel ég rétt að geta mjög sérstæðrar tilraunar sem gerð var af tveim fræðimönnum, L. Jacobson og Robert Rosenthal til að renna stoðum undir það hugboð þeirra og reyndar fleiri að fyrirfram skoðun og álit kennara og reyndar nemenda líka hefði áhrif á árangur þeirra á prófum og námsárangur yfirleitt. Rosenthal og Jacobson höfðu sagt kennurum að nokkrir nemendur sem þau tiltóku „myndu ná sérstökum árangri og auka verulega við sig á næsta ári.“ Töldu kennarar þessa fullyrðingu byggða á fræðilegu mati, en Rosenthal og Jacobsen höfðu valið nemendurna af handahófi og ekkert tillit tekið til neinna greindarmælinga eldri eða yngri. Átta mánuðum síðar var árangur hinna umræddu nemenda metinn og kom í ljós að spárnar höfðu í verulegum atriðum staðist. — Þess sem kennurunum hafði verið sagt að vænta af nemendunum það kom fram. — Andhverfa hins kunna dóms Stephans G. Stephanssonar birtist: „Falin er í illspá hverri / ósk um hrakför sýnu verri“, eins felst í spám og eftirvæntingu um árangur og afrek ósk sem hefur sín áhrif í þá átt að óskin rætist.

2. MENNTASTEFNUR

Næst skal þá vikið að menntastefnum sem hægt er að líta á, eins og áður er sagt, sem hinar eiginlegu forsendur þeirra átaka sem vikið hefur verið að svo og því að menntun og fræðsla hefur verið skoðuð í nýju ljósi og nýtt mat fengist á tilgangi og markmiði.

Ég veit ekki hvort allir kunna að vera mér sammála, en ég tel að menntastefnum samtíðarinnar megi skipa í fjóra aðalflokka og miða þá skiptingu að nokkru við það á hverju mest áhersla hvílir í framsetningu og túlkun. Hinir fjórir aðalflokkar verða þá:

Í fyrsta flokki eru menntastefnur sem leggja mesta áherslu á eðli eða náttúru, og verða þannig að náttúrustefnum, í einu eða öðru formi. Þær kunna að leggja megináherslu á hið árangursríka, hið pragmatíska, eða hið rómantíska. En sameiginlegt þessum stefnum er það samt, að það eitt er satt og hefur gildi sem sýnir að það á samsvörun í eðli mannsins, sem er í senn einstætt og algilt (universalt).

Í öðrum flokki eru menntastefnur, sem ekki nægir eðli eða náttúra, heldur beina athygli að hinu innsta eðli, kjarna eða því sem mestu skiptir að gera sér fyllstu grein fyrir. Þær verða því að stefnum hins varanlega, hins innsta eðlis, hins essentiala og eru stundum einu nafni við það kenndar, stefnur essentialisma. Þær geta birst í mörgum blæbrigðum allt eftir því hvort hið innsta eðli er talið hugrænt og hugsjónalegt, idealistíkt en hugur og hugsjón æðstur veruleiki, eða áherslan hvílir á hinu raunsæja, hinu realistíska og hlutrænn veruleiki álitinn traustastur og óbrotgjarnastur. Líka getur þessi flokkur menntastefna rúmað þau afbrigðin sem telja vitið sjálft hið innsta eðli tilverunnar og hljóta túlkan í hinni sígildu heimspeki, *Philosophia Perennis*. Þessi afbrigði eru ekki fá, en þau tvö kunnust sem leggja áherslu á vitræna mannúðarstefnu annars vegar, en skólaspæki kaþólskra hins vegar.

Í þriðja flokknum eru svo menntastefnur er leggja vilja ríkasta áherslu á að allt beri að skoða í ljósi heildar. Á hvaða stigi sem menntun og fræðsla er veitt þá er hún tvennt í senn: Hún er hluti heildarsýnar, heildarskipulags, heildarmyndar annars vegar. Hún býr hins vegar yfir þætti sem stefnir til annarar og fullkomnari heildar eða myndar. Þessar stefnur verða því það sem kallað er *strukturnalistiskar stefnur*, þar sem þær leggja svo ríka áherslu á mótið, formið, heildina, struktúrinn. En eftir því hvort áherslan hvílir á sjálfri heildinni eða hinu að ný mynd býr

að baki eru blæbrigðin kennd við organisma, hina lífrænu heild eða endurskipan, rekonstruktion.

Þá er að mínu áliti aðeins einn flokkur menntastefna eftir. Er þar um að ræða þær menntastefnur, sumir myndu að vísu aðeins hafa orðið menntastefna í eintölu, sem telja að mikilvægast sé að gera mönnum grein fyrir sérstöðu mannlegs veruleika, en á þeim grunni einum sé hægt að byggja allar hugmyndir um menntun og fræðslu. Sérstaða mannlegs veruleika er að áliti formælenda þessara menntastefna í því fólgin að maðurinn er ekki fæddur með neitt innsta eðli eða kjarna, essence. Slíkt innsta eðli, slíkan kjarna getur hann hins vegar öðlast í lífi sínu og í því að vera til, eksistera á ábyrgan og sjálfstæðan hátt, með fullri vitund um möguleika sína og takmarkanir. Í samræmi við þessar hugmyndir eru þær menntastefnur sem hér um ræðir kenndar við eksistens, eða „það að vera á mennska vísu“ eins og formælendurnir myndu telja að í því hugtaki fælist.

3. TVEIR HEILDARFLOKKAR

a) Inngangur.

Eftir þennan almenna inngang um menntastefnur samtíðarinnar hyggst ég vekja sérstaka athygli á tveim þeirra fjögurra flokka, sem ég hef getið um, það er á öðrum og fjórða heildarflokksnum sem ég gat um, en svo sem fram hefur komið var sá annar kenndur við essentialisma, hið innsta eðli, eða kjarna og hinn fjórði kenndur við eksistentialisma, mennskan veruleik sem ekki býr yfir innsta eðli frá fæðingu heldur öðlast það í lífi og baráttu. Það má því segja að með þessu vali sé enn vikið að augljósum andstæðum, þótt sú hafi reyndar ekki verið veigamesta ástæðan til að þessir aðalflokkar urðu fyrir valinu. Hitt er mér ekki minna atriði að menntastefnur fyrri aðalflokksins hafa áköfustu túlkendur sína og talsmenn meðal þeirra sem stærstan hlut ætla fræðurum og uppalendum, en menntastefnur hins síðari eiga mestu fylgi að fagna meðal þeirra sem nema vilja burtu skilin milli kennara og nemenda og líta á alla sem jafna þátttakendur í vafðasamasta verkefni tilverunnar, að gera úr manneskjunni það sem hægt er úr henni að gera að „hún verði ekki hið eina alls lífandi sem neitar að vera það sem hún er eða henni ber“, eins og franskri rithöfundurinn Albert Camus óttaðist.

b) Heildarstefnur essentialisma.

Við skulum þá fyrst líta á framlag þess flokks menntastefna sem kenna má við essentialisma, til hinna nýju viðhorfa til menntunar og fræðslu, sem áður hefur verið gefið til kynna. Eins og áður segir má greina á milli menntastefna þessa flokks eftir því hvort megináhersla er lögð á hið hugræna og hugsjónalega, idealismi er þetta afbrigði kallað, eða hið raunsæja og hlutlæga, en þá er um realisma að ræða. Loks er svo hlutur hins þriðja afbrigðis, *Philosophia Perennis*, þeirrar vísku sem er ein og eilíf, þótt búningur hennar beri merki staðar og tíma. Leiða ber hugann stuttlega að framlagi hvers afbrigðis fyrir sig:

Idealisminn hefur á síðustu árum lagt á það hina ríkustu áherslu að því aðeins geti maðurinn öðlast vitneskju um sjálfan sig og tilveru sína að honum takist að brúa bilið milli hins innra og hins ytra. Ekki er nóg að þekkja ytra borð tilverunnar. Úr því verður engin heimsmynd. Í menntun og fræðslu á maðurinn möguleika að eignast veröld sem er hans, hugræn, vitræn og siðræn. En til þess að svo megi verða þarf það tvennt að ljúkast upp vitund manns og skynjun sem mikilvægast er, en það er annars vegar **ímynd og vera sannleikans**, hins vegar **ímynd og vera góðleikans**. — Lærdómur sem þessa leitar verður vísdomur ekki vonarsnaud víska.

Realisminn hefur á síðustu árum orðið æði fyrirferðamikil fræðslustefna. Veruleikatúlkun hans hefur þar miklu valdið, en lagt er mest upp úr að kynnast og meta hinn hlutræna veruleika, sem óháður sé hugrænum fyrirbærum. — Þekking á hlutrænum veruleika felur í senn í sér örvun og laun, stimulus and response. Það er mannum nauðsyn að beygja sig undir lögmál efnisheimsins, því einungis á þann hátt getur maðurinn hlotið arð erfiðis síns í sýnilegum og áþreifanlegum árangri. — Sams konar undirgefni hlýtur maðurinn og að sýna andspænis félagslegri og menningarlegri hefð (tradition), því einungis á þann veg getur maðurinn fundið lífi sínu gildi og merkingu. — Og samvisku sína finnur maðurinn einnig í undirgefni við valdboð sem í senn byggist á lögum náttúrunnar og lögmálum félagsheildarinnar. — Þannig grundvallast hin þrjú svið mannlegrar tilveru á menntun og fræðslu, þekkingu þess sem var, er og verður.

Philosophia Perennis — hefur eins og áður er greint frá einkum birst á síðari árum í tveim afbrigðum, vitrænni mannúðarstefnu, vitrænum humanisma rational humanisme og skólaspeki kaþólskra. — Framlag hinnar vitrænu mannúðarstefnu hefur verið það helst á síðustu árum að sýna fram á hversu vit mannsins og skynsemi getur greint á milli hinna tveggja þátta veruleikans, þess þáttar sem er grundvallandi, essential, kjarni og innsta eðli, og hins sem er háður atvikum og aðstæðum, er accidental. Hið grundvallandi er alltaf eitt og samt, uniformt; það sem aðstæðum og atvikum er háð getur hins vegar verið breytilegt, variabelt. Þannig getur vit og skynsemi gert sér fulla grein fyrir því hvað breyst getur og breytast hlýtur í tilveru manna svo og hinu sem ekki verður breytt og ekki má breyta. Einmitt í slíkri skynsemisrækt finnur maðurinn yfirburði menntunar og þekkingar svo og áttar sig á hvar frelsi hans er fólgið. En hvort tveggja er hið mikilvægasta. — Framlag skólaspeki kaþólskra er ekki einskorðað við rómversk kaþólska, heldur nær langt út fyrir raðir bæði kristinna og svokallaðra trúaðra manna, sé hægt að nota það hugtak til aðgreiningar svo að nokkurt vit sé í. — Skólaspekin hefur í nýjum búningi í samtíðinni lagt ríka áherslu á hina tvenns konar skipan eða tvenns konar lögmál tilverunnar. Þar er annars vegar um að ræða lögmál og skipan hinnar ytri náttúru, hins vegar er um að ræða skipan og lögmál hins yfirskilvitlega, hins yfirnáttúrulega eða hins innra veruleika, ef menn kjósa heldur að komast þannig að orði. — Allt nýtt og óvænt sem vart verður í skipan náttúrunnar og fyrirbærum hins ytra verður aðeins greint og skynjað vegna þess að til er annar óbreytanlegur veruleiki til viðmiðunar, hið eilífa, yfirnáttúrulega. — Í menntun og fræðslu ber að leggja sérstaka áherslu á frelsið og sérstöðu þess í mennskri tilveru. Þess ber þá sérstaklega að gæta að frelsið er tvenns konar. Annars vegar er til einstaklingsbundið frelsi, sem er algerlega háð vilja þess sem frelsið hefur. Það er frelsi til að velja og hafna því sem fram er boðið. En þetta er einfaldasta og frumstæðasta form frelsisins. Til er annað og stórbrotnara, en um leið vandasamara form. Það er hið félagslega frelsi og felur í sér félagsleg forréttindi í samræmi við þann þroska, sem sýndur hefur verið í því að meta og virða félagslegan visdóm aldanna. Að hinu síðara frelsi stefnir menntun og fræðsla fyrst og fremst, en til þess að öðlast möguleika hins síðara verður nemandinn að hafa hagnýtt hið fyrra á skynsamlegan og ábyrgan hátt.

c) Heildarstefnur eksistentialisma.

Næst mun ég snúa mér að framlagi þess flokks menntastefna samtíðarinnar, sem kenna má við eksistentialisma, stefnu hinnar mennsku tilveru, svo sem fyrr sagði, hinnar mennsku tilveru sem hefur það að megineinkenni að greina sig frá stíga út úr, en til grundvallar nafngiftinni eksistentialismi er gríska sögnin eksistemi, sem reyndar hefur þá merkingu. Eksistentialismi er annars heitið á einni af áhrifamestu heimspekistefnum samtíðarinnar og eru blæbrigði hennar harla mörg og skal ekki gerð grein fyrir þeim hér. Þessi heimspekistefna hefur mótað

verulega menningarlíf Vesturlandabúa eftir síðari heimstyrjöldina, bókmenntir og listir alveg sérstaklega, en einnig hin ýmsu afbrigði fræða, þar á meðal guðfræði, uppeldisfræði og kennslufræði. — Það er sérstætt fyrir heimspekinga eksistentialismans að þeir leggja mjög ríka áherslu á hin svokölluðu verufræði, ontologíu. Þau fræði eru í sjálfu sér harla forn, en hafa á síðustu árum aftur komið mjög fram í sviðsljósið. Að hverju hér er stefnt gæti ef til vill skýrst litillega við þá breytingu sem eksistentialistinn franski Jean Paul Sartre gerði á hinni alkunnu fullyrðingu Descartes: Ég hugsa, þess vegna er ég til, Cogito, ergo sum. Í framsætningu Sartres varð setningin aftur á móti: Ég er ekki, þess vegna hugsa ég, Non sum, ergo cogito. — Það er að segja, við það að skynja vöntun mína og skort, við að skynja hvað ég er ekki, en kynni að geta orðið, við þá skynjun vaknar hugsunin, við þá reynslu verður vitsmunabátturinn til. — Skynjun þess sem ekki er er þannig engu ómerkari þáttur í lífi og tilveru mannsins heldur en skynjun þess sem er, eða þess sem þegar er orðið. — En þessi skynjun vöntunar og skorts er engan veginn þægileg og auðveld. Þvert á móti. Til hennar má rekja í verulegum atriðum ótta mannsins og kviða, en hvort tveggja er hverjum manni eðlilegar tilfinningar og eðlileg skynjun. — Manninum hlýtur að finnast sem honum hafi verið þeytt inn í þessa tilveru án þess að fá nokkru um það ráðið, Geworfen sein og af því leiðir kviða, áhyggjur, Sorge um afdrif sín og árangur. Af því stafar líka sú hætta að vilja hverfa inn í hópinn, viljalaus og hugsunarlaus, hætta að breytast úr manni í það sem er minna en maður, sem e. t. v. mætti kalla menni. — Vandí mannsins verður heldur ekki minni þegar hann uppgötvar staðreynd dauðans og kemst að raun um að líf hans er vera til dauðans, „Sein zum Tode“ og alla ævidaga sína býr hann og berst í skugga þeirrar vitneskju og fullvissu. — Það er því ekki að ófyrirsynju að forsvarsmenn eksistentialismans hafa leitað að von og birtu að gera tilveru manna skaplegri og bærilegri. Þá von hafa sumir fundið í trúnni á hið transcendentu, það sem fyrir handan er og talið augljóst að þá birtist undur mennskrar tilveru mest þegar verulega reyndi á og komið væri að mörkum mannlegrar getu, við aðstæður og atvik hinna ýtrustu takmarka kæmi best í ljós yfir hve miklum styrk og stórhug maðurinn gæti búið, enda kæmi þá til hjálp og náð, sem maðurinn ætti aðgang að. — Aðrir hafa aftur á móti lítið von og birtu í þeirri sérstæðu hæfni mannsins að geta blandað geði við aðra menn. Til er það mót sem manna er einna svo og alls þess sem býr yfir persónuleika. Að eiga þess kost að tala um sjálfan sig í fyrstu persónu sem ég og þann sem blandað er geði við í annarri persónu, þú er lykill að óvenjulegri og einstæðri reynslu. Hætta er aðeins sú að hið ópersónulega, hlutræna trúfli og komi í veg fyrir þessa reynslu og það því fremur sem margt í lífi okkar og menningu leggur svo ríka áherslu á hina hlutrænu skynjun.

Eftir þennan langa formála að skýra meginforsendur eksistentialismans er rétt að koma beint að því efni hvað hann hefur lagt þeim flokki menntastefna sem á honum byggjast til og hvert sé þá hið nýja framlag þeirra. — Sérstætt er það framlag þessa flokks menntastefna að líta beri á nám og menntun sem kveikju nýrra þáttaskila í lífi mannsins. Þroski mannsins er ekki stöðugur og jafn. Þroski og þekking fæst aðeins fyrir átök og baráttu og má segja að undanfari hverra þáttaskila að þessu leyti sé kreppa, andleg, hugræn og siðræn. Því aðeins verður bundinn endi á þá kreppu að um einhvers konar vakningu eða hugljómun sé að ræða. Ný lausn sé fundin, ný innsýn og yfirsýn hafi veist. Að slíkri hugljómun eða vakningu á öll menntun og fræðsla að stefna. Þess vegna má hún ekki verða ítrosla eða utanbókarlærdómur, heldur handleiðsla og örvun, sameiginleg baráttu nemenda og kennara, en kennarinn á að líta á sjálfan sig sem nemanda er hefur það eitt fram yfir þann sem hann aðstoðar að hann veit betur og þekkir takmarkanir sínar, veit eins og Sókrates forðum að hann veit ekkert, veit ekkert eins og hægt er að vita og skynja í nýrri dýpt þekkingar og hugljómunar. — Það er því annað meginframlag þessa flokks menntastefna að hafa vakið nemendurna sérstaklega til vitundar um stöðu sína

og rétt. Frá henni hefur í verulegum atriðum stafað sú kvika, sem orðið hefur vart meðal nemenda á ýmsum skólastigum á Vesturlöndum, en alveg sérstaklega þeim skólastigum sem ofar eru í menntakerfinu. Tvenns konar öfga hefur að vísu gætt í þessari kviku og varla við öðru að búast. Er annars vegar um að ræða hreyfingu hippanna, sem hefur næsta ómótaðar skólahugmyndir enda um að ræða flokk ungmenna sem ekki vilja á neinn hátt setta sig við félagslega ábyrgð eða skyldur. Hins vegar er svo um að ræða flokk aktivistanna, hins athafnasama unga fólks sem vill láta taka tillit til skoðanna sinna, skilnings síns og ekki síst tilfinninga sinna. Þessi flokkur ungmenna hefur ákveðnar skólahugmyndir og er á margan máta hinn ábyrgasti, þótt öfgamenn af ýmsu sauðahúsi hafi stundum sett um of svip á athæfi og tiltektir. Nemendalýðræði svo og aðrar hugmyndir um aðild og ábyrgð nemenda á til þessa rætur sínar að rekja í verulegum atriðum. — Þá er það hið þriðja framlag þessa flokks menntastefna að hafa komið fram með ábendingar sem síðan hafa leitt til slagorðamyndunar, góðra og lélegra eftir því hvernig á málin er litið. Fjögurra slíkra skal getið án þess að nánar verði farið út í að skýra þau, sem samt hefði verið harla æskilegt. Hin fjögur slagorð eru þessi: **Kynslóðabilið — stofnunin eða kerfið, firringin og loks sjálfstjáníning** eða kannski öllu fremur skortur sjálfstjáníningar. — Þá er loks síðasta framlagið sem hér skal vikið að, en það felst í því að benda á hinar sérstæðu spurningar Kants sem hann á sínum tíma taldi að mikilvægastar væru: Hvað get ég vitað? Hvernig ber mér að breyta? Hvers má ég vænta? Hvað er maðurinn? Um dýpstu rök skal spurt og þá ekki síst hiklaust dvalið við staðreynd dauðans, vitandi það að mikill sannleikur er fólgin í eftirfarandi fullyrðingu: „Er í raun og veru hægt að telja þann mann nafa komist í snertingu við menntun og fræði, sem ekki í fullri alvöru hefur verið látinn búa sig undir að mæta dauðanum?“ Getur sá maður sem hliðrar sér hjá mestu og dýpstu spurningum mannverunnar lifað sem mennsk vera og notið þess lífs sem hann á kost á?

4. NIÐURLAG

Greinargerð minni um menntastefnur samtíðarinnar er lokið og þar með hef ég leitast við að vekja athygli á forsendum hinna tveggja hugtaka og fyrirbæra sem ég fjallaði um í fyrra erindi mínu, **fullorðinsfræðslu, ævimenntun**. Allt vikur að einum punkti: skóla lífsins. Lífið er undur sem maðurinn hefur öðlast.

Heimildir:

- Achton, Steen og Clausen,**
Sten Krog: **Kreativitet, Munksgaard, 1971.**
- Brubacker, John S.:** **Modern Philosophies of Education, Fourth Edition,**
Mc Graw-Hill Book Company, New York 1969.
- Bruner, Jerome S.:** **Uddannelsesprocessen,**
Gyldendals pædagogiske Bibliotek,
2. oplag, København 1972.
- Bruner, Jerome S.:** **Bidrag til en undervisningsteori.**
Gyldendals pædagogiske Bibliotek, København 1972.
- Buber, Martin:** **I and Thou. Second Edition, T. & T. Clark,**
Edinburgh, 1958.

- Buber, Martin:** **Between Man and Man.** Collins, The Fontana Library, London, 1947.
- Buber, Martin:** **The Way of Response, Martin Buber.** Selections from his writings. Edited by N. N. Glatzer. — Schocken Books, New York. Third Printing, 1971.
- Bugge, K. E.:** **Pædagogiske grundideer,** Berlingske Forlag, København, 1969.
- Butcher, H. J.** **Human Intelligence, Its Nature and Assessment,** Methuen & Co Ltd, London 1970.
- Butcher, H. J.:**
and Lomax, D.E. (ed.): **Readings in Human Intelligence** Methuen & Co Ltd, London 1972.
- Conant, James Bryant:** **Shaping Educational Policy,** Mc Graw-Hill Book Company, New York 1964.
- Dewey, John:** **Experience and Nature.** Dover Publications Inc. New York 1958.
- Frankl, Viktor; Frøland, Erling; Sirnes, Tollak B:** **Det frigjorte sinn.** Olaf Norlis Forlag, Oslo 1970.
- Furth, Hans G.:** **Piaget for teachers.** Prentice-Hall, Inc. New York 1970.
- Grundtvig, N.F.S.:** **Grundtvigs skoleverden I—II.** Udgivet af Knud Eyvin Bugge G. E. C. Gads Forlag, København 1968.
- Husén, Torsten:** **Skolans Kris och andra uppsatser om utbildning,** Almqvist & Wiksell, Stockholm 1972.
- Hutchingson, Michael and Young, Christopher:** **Educating the Intelligent,** Penguin Books, 1972.
- Hutchins, Robert M.:** **Robot eller menneskesamfunn?** H. Aschehoug & Co (W. Nygaard), Oslo 1969.
- Huxley, Julian:** **Essays of a Humanist,** Penguin Books, 1969.
- Lawrence, Elizabeth:** **The Origins and Growth of Modern Education,** Penguin Books, 1970.
- Maritain, Jacques:** **The Degrees of Knowledge.** Geoffrey Bles, London 1959.
- Matthías Jónasson:** **Nám og kennsla. Menntun í þágu framtíðar.** Heimskringla 1971.

- Myers, Edward D.:** **Education in the Perspective of History.**
Longmans, London 1963.
- Myhre, Reidar:** **Pedagogisk Idéhistorie,**
Fabritius & Sønners Forlag, Oslo 1970.
- Neill, A. S.:** Summerhillskolen. Hans Reitzel, København, 6. oplag.
- Neill, A. S.:** **Hjerter — ekki hjerner i skolen.**
Hans Reitzel, København 1968.
- Neill, A. S.:** **Problemfamilien.** Hans Reitzel, København 1967.
- Neill, A. S.:** **Problemlæreren.** Hans Reitzel, København, 1968.
- Nyquist, Ewald B.
and Hawes, Gene R.:** **Open Education.**
A Sourcebook for Parents and Teachers,
Bantam Books, New York 1972.
- Olsen, Tom Ploug:** **Nysgerrighed og indlæring. — D. E. Berlynes teori.**
Munksgaard 1970.
- Peters, R. S.:** **The Concept of Education.**
Routledge & Kegan Paul London, Third impression
1968.
- Piaget, Jean:** **Barnets opfattelse af den fysiske verden.**
Tekster fra Jean Piagets værker.
Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.
- Piaget, Jean:** **Barnets imitation, leg og symbolbrug.**
Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans
Reitzel. København, 1970.
- Piaget, Jean:** **Barnets opfattelse af tal, rum og bevægelse.**
Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans
Reitzel, København 1971.
- Piaget, Jean:** **Barnets opfattelse af årsag og virkning.**
Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans
Reitzel, København, 1971.
- Piaget, Jean** **Main Trends in Psychology.**
George Allen & Unwin, 1973.
- Piaget, Jean:** **Main Trends in Inter disciplinary Research.**
George Allen & Unwin 1973.
- Read, Herbert:** **Education through Art.** Faber and Faber, London 1958.
- Richardson, Ken
and Spears, David (ed.):** **Race, Culture and Intelligence.**
Penguin Books, 1972.
- Young, Michael:** **The Rise of the Meritocracy.**
An Essay on Education and Equality.
Penguin Books 1970.“

Fylgiskjal I

Um fjárframlög til fræðslu fullorðinna.

I.

Fullorðinsfræðslunefndin leggur til að bætt verði nýrri málsgrein við 2. grein frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu:

„Fjárlög ríkisins mæla fyrir um framlög til fullorðinsfræðslu hverju sinni. Aldrei skal minni fjárhæð varið til nefndrar fræðslu en sem svarar 5% hækkun á heildarframlögum til menntamála.“

II.

Greinargerð.

Eins og fyrr segir leggur fullorðinsfræðslunefndin til að nýrri málsgrein verði bætt við 2. grein frumvarpsins, er kveði á um tvennt:

- 1) Alþingi ákveður hverju sinni framlög til fullorðinsfræðslu og tekur þá mið af fjárþörf og fjárhagsgetu.
- 2) Lágmarksframlög til fullorðinsfræðslu skulu vera 5% miðað við heildarframlög til menntamála.

Nefndin telur eðlilegt að hvað fjárframlög snertir sé tekið mið af kostnaði þeim sem fullorðinsfræðsla hefur í för með sér hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Að visu skal viðurkennt að erfitt er að afla öruggra heimilda um þau fjárframlög, en eftir því sem næst verður komist urðu fjárframlög á almanaksárinu 1972 eða skólaárinu 1972—1973 í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð þau sem nú verða greind:

1) Danmörk: Til menntamála var á skólaárinu 1972—1973 varið röskum 7 milljörðum danskra króna, er skiptust þannig: Skyldunámsskólinn hlaut ca. 4 milljarða, framhaldsskólastigið ca. 1.2 milljarða, háskólastigið ca. 1.5 milljarða og fullorðinsfræðslan ca. 400 milljónir danskra króna. Síðasta fjárhæðin nemur tæpum 6% af heildarframlagi til menntamála. — En í þessu fellst ekki allur sannleikurinn um framlög dana til fullorðinsfræðslu á nefndu skólaári. Heildaryfirlit lítur þannig út:

a) Til beinnar kennslu	375—400 milljónir d.kr.		
b) Til viðbótar og stuðnings (ráðunautar, kennaramenntun og fleira)	80—85	—	—
c) Framlög til þátttakenda að bæta vinnutap og fleira (á vegum atvinnuáráðuneytisins)	100	—	—
d) Framlög á forsendum félagsmálalöggjafar	75	—	—
e) Útlagður stofnkostnaður	25	—	—
Heildarframlög ríkisins	650	—	—
f) Framlög sveitarfélaganna	100—125	—	—
g) Framlög forystuaðila (initiativtagere) fyrirtækja og þátttakenda sem næst	400	—	—

Fullorðinsfræðsla dana hefur þannig kostað rúmlega milljarð danskra króna skólaárið 1972—1973 eða sem næst 20 milljörðum íslenskra króna. Það samsvarar fjórum þúsundum íslenskra króna á hvern íbúa Danmerkur.

2) Finnland: Engar heimildir eru til varðandi fjárframlög finna til fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu. Til annarrar fullorðinsfræðslu greiddu finnar sem hér segir árið 1972.

a) Til fullorðinsfræðslu sem tengist atvinnulífínu	100 700 000 f.mörk
b) Til fullorðinsfræðslu sem er frjálst nám og frístundamentun	59 889 000 f.mörk

Alls 160 589 000 f.mörk

Samkvæmt þessu verða framlög ríkisins til tveggja af þrem aðalþáttum fullorðinsfræðslu í Finnlandi sem svarar 5 milljörðum íslenskra króna almanaksárið 1972 eða sem næst eitt þúsund og sjöttu krónur á hvern íbúa. — Í þessar tölur vantar styrki, er nemendur njóta í formi félagslegs stuðnings. — Má ætla að sá styrkur svo og framlög til fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu hækki þennan kostnað til muna og væri ekki fjarri lagi að framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu myndu nema sem svarar tveim þúsundum á hvern íbúa. — Væri svo framlag sveitarfélaga í Finnlandi svo og einkaaðila hliðstætt og í Danmörku myndi mega áætla að finnar legðu fram sem næst þrem þúsundum íslenskra króna á hvern íbúa.

3) **Noregur:** Einna erfiðast virðist að fá tölulegar upplýsingar um framlög norðmanna til fullorðinsfræðslu. Helst er hægt að taka mið af gagnasöfnun norsku Unesco-nefndarinnar, er safnaði upplýsingum frá öllum ráðuneytum í Noregi að leggja fram á alþjóðaráðstefnunni í Tokió sumarið 1972. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að framlög ráðuneytanna til fullorðinsfræðslu hefðu alls numið árið 1970 116 174 891.00 norskra króna. Af þessum heildarframlögum lagði kirkiu- og menntamálaráðuneytið fram sem næst 30 milljónum eða tæpan fjórða hluta og námu útgjöldin á 295. kafla fjárlaga (voksenopplæringskapitelet på statsbudsjettet) þá kr. 15 407 000.00 norskra króna. Þá var framlag atvinnumálaráðuneytisins um 20 milljónir norskra króna. Af öðrum meiri háttar framlögum árið 1970 fóru 10 milljónir norskra króna til Statens teknologiske institutt og 12 milljónir til fullorðinsfræðslu á vegum hersins (Forsvarets Sivilonlæring). — Útgjöldin á 295. kafla fjárlaga voru á fjárlögum ársins 1973 áætluð 39 583 000 00 norskar krónur eða höfðu aukist um 175%. — Með hliðsjón af því mætti ætla að heildarframlög ráðuneytanna norsku hefðu numið sem næst 320 millj. norskra króna árið 1973, eða sem svarar sjö milljörðum íslenskra króna á núverandi gengi eða um níttján hundrad íslenskum krónum á hvern íbúa. Samkvæmt þessu ætti að mega áætla heildarframlög norðmanna til fullorðinsfræðslu um þrjú þúsund og fimm hundruð íslenskar krónur á íbúa væru sömu forsendur gefnar og þær sem hagnýttar voru að meta framlög finna á þessu sviði.

4) **Svíþjóð:** Í skýrslu sem fulltrúar svía lögðu fram vegna gagnasöfnunar fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum í ágúst mánuði 1973 komu eftirfarandi upplýsingar varðandi kostnað fram:

Á fjárhagsárinu 1972—1973 voru framlög samfélagsins til fullorðinsfræðslu (samhällets utgifter för vuxenutbildning) samtals 871 milljón sænskra króna. Skiptingin var í aðalatriðum þessi:

a) Fullorðinsfræðsla á vegum sveitarfélaga (kommunal vuxenutbildning), sem hliðstæð er frumfræðslu	165 millj. s.kr.
b) Fullorðinsfræðsla tengd atvinnulífinu	330 — —
c) Fullorðinsfræðsla sem er frjálst nám og frístundamenntun	234 — —
d) Lýðháskólamenntun	127 — —
e) Önnur fullorðinsfræðsla (Löntagernas centrala kursusverksamhet, statens skolor för vuxna)	15 — —

Samtals 871 millj. s.kr.

Auk þessa var miklum fjárhæðum varið til styrktar þeim, er fullorðinsfræðslunnar nutu, einkum þeim er stunduðu fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið, en styrkur til slíks gat numið alls 1700 kr. sænskum á mánuði auk ferðakostnaðar og dagpeninga í sambandi við ferðir. Slík félagsleg aðstoð í sambandi við námið (studie socialt stöd) nam á sama fjárhagsári alls 460 milljónum sænskra króna.

Þá voru greiddar vegna afnota af húsnæði (og sérstakrar aðstöðu) nefnt ár 60 milljónir sænskra króna.

Heildarútgjöld samfélagsins í sambandi við fullorðinsfræðslu urðu þannig í Svíþjóð fjárhagsárið 1972—1973 alls 1391 milljón sænskra króna eða rúmlega 37,5 milljarðar íslenskra króna, en það nemur um fimm þúsund íslenskum krónum á íbúa. Með framlagi annarra forystuaðila, fyrirtækja og þátttakenda yrði framlag svía á hvern íbúa aldrei undir fimm þúsund og fimm hundruð íslenskum krónum.

Með hliðsjón af því yfirliti yfir framlög frænda okkar á Norðurlöndum sem leitast hefur verið við að gefa virðist engin ofrausn að framlög íslenska samfélagsins til fullorðinsfræðslu yrðu 5% af heildarfjárframlögum til menntamála. Heildarframlög til menntamála eru samkvæmt frumgerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1975 áætluð 7,5 milljarðar íslenskra króna. Væri gert ráð fyrir að 5% þeirrar upphæðar yrði bætt við til fullorðinsfræðslu næmu þau framlög um 375 milljónum íslenskra króna. Fullorðinsfræðslunefndin álitur að með þeirri fjárveitingu væri hægt að bæta úr brýnustu þörf í þeim þrem þáttum nefndrar fræðslu, sem margsinnis hefur verið gerð grein fyrir:

- a) Fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu.
 - b) Fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulíf og vinnumarkað.
- Íbúa. Með framlagi annarra forystuaðila, fyrirtækja og þátttakenda yrði framlag
- c) Fullorðinsfræðslu sem er frjálst nám og frístundamenntun.

Fullorðinsfræðslunefndin leggur á það ríka áherslu að fjárframlögum verði skipt á eðlilegan hátt milli hinna þriggja þátta og mið tekið af raunverulegum þörfum, en engum einum þætti ívilnað á kostnað hinna eða hann látinn draga til sín stærstan hluta fjárens.

Samþykkt á fundi fullorðinsfræðslunefndar, laugardaginn 16. nóvember 1974.

Guðmundur Sveinsson.

Sigríður Thorlacius.

Andrés Björnsson.

Stefán Guðmundsson.

Gunnar Grímsson.

Matthías Jónasson.

Ragnar Georgsson.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 8. desember 1975.

Til menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík.

Nefnd sú, er menntamálaráðuneytið skipaði upphaflega 26. okt. 1971 til að semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, og skilaði frumvarpi og greinargerð í júní 1974, en fékk síðan til umsagnar greinargerðir og athugasemdir ýmissa aðila, sem nefndin fjallaði um, — og var loks falið með bréfi dags. 18. júní 1975 að endurmeta frumvarp það, sem lagt var fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974, hefur nú endanlega lokið störfum og vill af því tilefni koma eftirfarandi á framfæri við hið háa menntamálaráðuneyti:

1) Nefndin leggur til að frv. til l. um fullorðinsfræðslu verði að nýju lagt fyrir Alþingi í upphaflegu formi. Þó hefur nefndin fallist á að breyta síðustu grein frumvarpsins, og skal hún hljóða þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, en komi til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárlögum til hinna ýmsu þátta fullorðinsfræðslunnar, er þau kveða á um. Þó skulu ákvæði 30. og 31. gr. laganna koma til framkvæmda eigi síðar en á fjárhagsárinu 1977“.

Niður falli viðbót við 2. gr., er kveður á um fjárframlög til fullorðinsfræðslu (sbr. till. nefndarinnar 16. nóv. 1974, fskj. I).

2) Nefndin leggur til að umsagnir hinna 24 aðila, er nefndinni voru sendar, verði birtar sem sérstakur viðauki við greinargerð frumvarpsins. Þá verði svar

fullorðinsfræðslunefndar, dags. 19. febrúar 1975, þar sem fjallað er um athugasemdir við frumvarpið, einnig birt.

3) Nefndin leggur einnig til, að umsagnir hinna ýmsu deilda Háskóla Íslands verði birtar sem sjálfstæður viðauki við greinargerðina, svo og athugasemdir fullorðinsfræðslunefndar við þær.

4) Fullorðinsfræðslunefnd lítur svo á að hún hafi hér með endanlega lokið störfum og gefur ekki kost á frekari umfjöllun nefnds frumvarps eða athugasemda, sem síðar kunna að berast.

Sankvæmt umboði nefndarinnar er þessu hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Sveinsson, formaður.

Sigríður Thorlacius, ritari.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 19. febrúar 1975.

I.

Fullorðinsfræðslunefnd hefur þrívægis borist erindi frá menntamálaráðuneytinu í formi umsagna ýmissa aðila er fengu til athugunar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu ásamt greinargerð er nefndin samdi og skilaði ráðuneytinu í júní 1974. Bréf þau frá menntamálaráðuneytinu er fylgdu umsögnunum eru dagsett sem hér segir:

- 4. nóvember 1974, umsagnir sextán aðila,
- 13. desember 1974, umsagnir sjö aðila,
- 29. janúar 1975, umsögn eins aðila.

Hafa þannig borist til fullorðinsfræðslunefndar alls 24 umsagnir og álitserðir varðandi nefnt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fullorðinsfræðslunefndin hefur rætt erindi menntamálaráðuneytisins, en ráðuneytið óskaði að sendar umsagnir yrðu teknar „til athugunar og umsagnar“ af nefndinni, á 7 fundum. Hafa umsagnir hver og ein verið teknar til gaumgæfilegrar könnunar og vandlegs endurmats. Munu niðurstöður þeirrar könnunar svo og viðbrögð nefndarinnar kynnt í aðalatriðum og komið á framfæri við hæstvirt menntamálaráðuneyti.

II.

1. Jákvæð viðbrögð.

Það er fullorðinsfræðslunefndinni mikið ánægjuefni hve viðbrögð þeirra 24 aðila, sem umsagnir hafa sent, eru jákvæð og flest á þann veg að óskað er eftir að frumvarpið verði samþykkt og komi til framkvæmda sem lög hið bráðasta. Má jafnvel ganga svo langt að fullyrða að þessi jákvæðu viðbrögð einkenni umsagnirnar öðru fremur. Og það sem ánægjulegast er er að þessi jákvæðu viðbrögð birtast í umsögnum samtaka og aðila, er tengjast hinu lögbundna skólakerfi eins og það er nú, engu síður en aðila vinnuamarkaðarins svo og hinna fjölmörgu frjálsu og óháðu félagasamtaka, er tekið hafa frumvarpið til athugunar og umsagnar. Ber í þessu sambandi að vekja sérstaka athygli á umsögnum eftirfarandi heildarsamtaka kennara:

- a) Sambands íslenskra barnakennara
- b) Bandalags háskólamanna
- c) Landsambands framhaldsskólakennara.

Að vísu gætir nokkurra mótsagna í meðhöndlun síðasta aðilans, Landsambands framhaldsskólakennara, sem stafar vafalaust af því að þeir, sem umsögnina hafa samið, hafa ekki því miður gert sér fulla grein fyrir hvað felst í hugtakinu „fræðslusamband“ eins og það er hugsað og túlkað í frumvarpinu og greinargerð þess.

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð nærri allra þeirra aðila, er umsagnir sendu, ber því ekki að neita að mörgum finnst í mikið ráðist að samþykkja rammalög er haft gætu í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkið fyrst og fremst, en einnig aðra aðila svo sem landshlutasamtök og sveitarfélög. — Er því af nokkrum aðilum lagt til að frumvarpið, þótt að lögum yrði, kæmi ekki til framkvæmda nema í áföngum. Þessi er afstaða t. d. fræðsluráðs Reykjavíkur svo og Sambands íslenskra sveitarfélaga. — Fullorðinsfræðslunefndin telur að slík viðbrögð og slíkar viðvaranir séu í fyllsta máta eðlilegar, enda var viðbótargrein nefndarinnar við lögin, sú sem fjallar um fjárframlög sett og skýrð vegna óskar er barst frá menntamálaráðuneytinu, raunverulega við það miðuð að lögin kæmu til framkvæmda í áföngum, væri frumvarpið samþykkt (sbr. viðbót við 2. grein frumvarpsins).

2. Athugasemdir.

Eins og að líkum lætur og eðlilegt er birtast í umsögnum hinna 24 aðila ýmis konar athugasemdir við frumvarpið svo og gagnrýni á störf fullorðinsfræðslunefndarinnar. Flestar eru athugasemdirnar settar fram af háttprýði og byggðar á málefnalegum forsendum og gagnrýninni miklu meira í hóf stillt en lof það og hrós sem á nefndina er hlaðið í mörgum umsögnunum. Athugasemdunum má skipta niður í nokkrar heildir, þannig:

- a) Frumvarpið er of mjög undir áhrifum erlendra fyrirmynda og tekur ekki að sama skapi mið af íslenskum aðstæðum. Gagnasöfnun skortir á Íslandi.
- b) Frumvarpið gerir ráð fyrir sköpun annars fræðslukerfis við hlið þess sem nú er og mun af þeim sökum auka á yfirbyggingu og torvelda framkvæmdir.
- c) Frumvarpið er varla tímabært, þar sem brýnasta verkefnið á sviði fræðslumála er nú endurskoðun og endurskipulagning framhaldsskólastigsins.
- d) Frumvarpið nær til verk- og tæknimenntunar í landinu og fær ekki leyst nema að takmörkuðu leyti þann vanda, sem þar er við að glíma. Verk- og tæknimenntun er nú Akkillesar hæll framhaldsskólastigsins og fram hjá risastórum verkefnum hennar má ekki ganga.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir afstöðu fullorðinsfræðslunefndarinnar til þeirra athugasemda, er raktar hafa verið.

a) Erlendar fyrirmyndir — Skortur á söfnun gagna um fullorðinsfræðslu á Íslandi:

Það er vissulega rétt að fullorðinsfræðslunefndin tók við samningu frumvarpsins í verulegum atriðum mið af lagasetningu í nágrannalöndunum og þá fyrst og fremst lögum og lagafrumvörpunum frá Norðurlöndum. Slíkt hlaut að vera í fyllsta máta eðlilegt, þar sem um algera frumsmíð er að ræða, en hingað til hafa engin lög verið samþykkt á Alþingi íslendinga, er fjalla um fullorðinsfræðslu hvorki heildarlög né lög um einstaka þætti þeirrar fræðslu. — Í nágrannalöndum okkar er hins vegar um lagahefð að ræða lengri og skemmri. — Reynt var að meta hin norrænu lög, sem gilda um fullorðinsfræðslu og hagnýta þau sem fyrirmyndir að svo miklu leyti sem fullorðinsfræðslunefndin taldi mögulegt og eðlilegt. — Þá var það enn fremur afstaða fullorðinsfræðslunefndarinnar að fá sem gleggsta innsýn í þróun lagasetningarinnar og kjósa til handa okkur íslendingum það form er í senn byggi

yfir mestri breidd, en veitti jafnframt möguleika til umbreytinga og endurmats eftir því sem aðstæður og viðfangsefni gæfu tilefni til. Fullorðinsfræðslunefndin hafði frá upphafi í huga heildar rammalöggjöf, er útilokaði helst engan þátt og engin verkefni fullorðinsfræðslu, þegar fjármagn og áhugi væri fyrir hendi að sinna þeim og leysa.

Það er ekki rétt, að fullorðinsfræðslunefndin hafi vanrækt að safna gögnum um núverandi stöðu fullorðinsfræðslunnar í landinu eða enga úttekt gert á henni sem forsendu frumvarpsgerðarinnar og tillagna sinna. — Frá gagnasöfnun nefndarinnar greinir sérstaklega í inngangskafli greinargerðar hennar fyrir frumvarpinu, bls. 5—9. — Mun stuttlega að þessum þætti í starfi nefndarinnar vikið, þar sem fyrrnefnd frásögn virðist ekki hafa forðað frá þeim leiða misskilningi, sem hér um ræðir. Nefndin hóf störf sín síðla árs 1971. Þegar í ársbyrjun 1972 hóf nefndin sjálf könnun á stöðu fullorðinsfræðslunnar með því að rita á þriðja tug aðila, er einkum höfðu látið slíka fræðslu til sín taka, bréf og bera fram fyrirspurnir um ýmis atriði þeirrar fræðslu. Var á þessa fyrstu könnun litið sem algera byrjun meiri háttar rannsóknar. Ekki reyndust undirtektir uppörvandi, því að aðeins 12 aðilar svöruðu bréfum nefndarinnar og flestir þá fyrst þegar eftir svörum var gengið. — Í septembermánuði árið 1972 urðu hins vegar þáttaskil í gagnasöfnuninni. Á vegum Norrænu menningarstofnunarinnar, Nordisk kulturelt Samarbejde, NKS var skipuð samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu, Styringsgruppe for voksenundervisningen i Norden. Nefnd þessi var skipuð fyrir atbeina embættismannanefndar NKS og átti hvert Norðurlandanna að eiga þar einn fulltrúa. Formaður íslensku fullorðinsfræðslunefndarinnar, Guðmundur Sveinsson, var tilnefndur sem fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni. Nefndin hlaut tvö verkefni sérstaklega til úrlausnar og fólst annað í gagnasöfnun um fræðslu fullorðinna á Norðurlöndum, kallað „Kortlægnings-projektet“ og snerti eins og að líkum lætur verulega störf fullorðinsfræðslunefndarinnar íslensku. — Það var upphaflega ætlun Norrænu menningarstofnunarinnar að sænskur skóla- og fræðimaður Erik Norberg að nafni annaðist gagnasöfnunina einn svo og úrvinnslu hennar, en fengi aðstoð frá heimamönnum á Norðurlöndunum fimm. Var fulltrúunum í stjórnarnefndinni falið að koma á þeim tengslum, er æskileg hlytu að teljast, en í upphafi átti að tryggja að samin yrði yfirlitsgrein í hverju landi, þar sem aðalþættir fullorðinsfræðslunnar væru raktir og greint frá upphafi þeirra og þróun eftir því sem tök væru á í tiltölulega stuttu máli. — Formaður fullorðinsfræðslunefndarinnar íslensku tók að sér að semja yfirlitsritgerð þá, sem hér um ræðir, en naut til þess aðstoðar samnefndarmanna sinna og bar ritgerðina, er hún var samin, undir fullorðinsfræðslunefndina til kynningar og álita. Yfirlitsritgerðin, sem er 12 vélritaðar síður, nefndist *Voksenundervisning i Island* og er skrifuð á dönsku. — Það kom brátt í ljós að fulltrúarnir í norrænu stjórnarnefndinni töldu ekki að hægt væri á viðunandi hátt að standa að gagnasöfnuninni með því að ætla einum manni að annast framkvæmd verksins, til þess væri fullorðinsfræðslan of yfirgripsmikil á Norðurlöndum, hefði enda þróast á mismunandi hátt í hinum fimm þjóðríkjum. Var í desembermánuði 1972 samþykkt að leggja til við Norrænu menningarstofnunina að framkvæmdinni yrði breytt á þann veg, að tilteknir aðilar í hverju hinna fimm landa tæki að sér að sjá um framkvæmdir. Var lagt til að Norræna menningarstofnunin greiddi fyrir gagnasöfnunina heildarfjárhæð er ákveðin var fimmtán þúsund danskar krónur og skyldu þrjú þúsund danskar krónur koma í hlut hvers hinna fimm landa. — Tillögur stjórnarnefndarinnar voru samþykktar í ársbyrjun 1973. — Að fenginni þeirri samþykkt var fullorðinsfræðslunefndinni íslensku falið að annast gagnasöfnunina og ráða mann til verksins. Nefndin réð Hrafn Magnússon, sem þá var kennari við Samvinnuskólann Bifröst. Hann hóf þegar vorið 1973 að vinna að gagnasöfnuninni. Hrafn fékk menntamálaráðuneytið til að hirta auglýsingu um gagnasöfnunina, tilgang hennar og aðalverkefni. Var þess óskað að allir einstaklingar eða félög sem haft hefðu fullorðins-

fræðslu á hendi gæfu sig fram og létu ráðuneytinu eða fullorðinsfræðslunefndinni umbeðnar upplýsingar í té. — Þá skrifaði Hrafn Magnússon 175 félagum, stofnunum og einstaklingum bréf þar sem gerð var grein fyrir gagnasöfnuninni og lét fylgja spurningarlista er útfylla átti. — Hrafn fylgdi bréfum sínum eftir með látlausum viðtölum og ræddi persónulega við langflestu þá aðila, er á einn eða annan hátt voru tengdir fullorðinsfræðslunni, höfðu slíka starfsemi með höndum eða studdu hana beint og óbeint. Vann Hrafn mikið starf af kostgæfni og nákvæmni að tryggja að allar þær upplýsingar, sem tiltækar væru, kæmu fram og úr þeim mætti vinna að fá sem gleggsta og skýrasta mynd af stöðu fullorðinsfræðslunnar. Hrafn hafði þegar á miðju sumri 1973 safnað það miklum og margvíslegum gögnum að hann gat í byrjun ágústmánaðar lokið við fyrstu frumdrög að skýrslu um fullorðinsfræðsluna á Íslandi. Var sú skýrsla lögð fram á fundi sem haldinn var í Lýðskólanum í Skælskør á Sjálandi. Þar voru saman komnir allir þeir einstaklingar, sem unnu að gagnasöfnun um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum ásamt hinni samnorrænu stjórnarnefnd fullorðinsfræðslunnar. Af Íslands hálfu mættu á fundinum Hrafn Magnússon og Guðmundur Sveinsson. Þarna voru rædd hin fyrstu drög að margnefndri gagnasöfnun á Norðurlöndunum fimin. Nokkuð þótti skorta á að samræmi væri í könnun og úrvinnslu gagna. Var því á fundinum í Skælskør gengið frá formi eða munstri sem lagt skyldi til grundvallar áframhaldandi könnun, en þó einkum framsetningu og niðurröðun einstakra þátta og atriða. Fulltrúar Íslands voru ekki alls kostar ánægðir með þetta munstur, er greinargerð gagnasöfnunarinnar skyldi felld í, þar sem munstrið var fyrst og fremst miðað við aðstæður í skandinaviskum löndunum þrem, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, enda með fram ætlað til að auðvelda samannburð milli nefndra þriggja landa. Varð þannig samannburður fullorðinsfræðslunnar á Norðurlöndum eitt af aðalverkefnum gagnasöfnunarinnar, en ekki bein og óhindruð könnun á stöðu og fjölbreytileika svo og mismun fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Var þessu breytta viðhorfi mótmælt af fulltrúum Íslands sem skynjuðu að með þessu móti yrði gagnasöfnunin á Íslandi um of bundin og háð skandinaviskri fyrirmynd. Má segja að fundurinn í Skælskør hafi að þessu leyti torveldað íslensku gagnasöfnunina og valdið óþarfa erfiðleikum í sambandi við fyrstu tilraun til að skapa heildarmynd af núverandi ástandi og aðstæðum. — Mótmæli fulltrúa Íslands voru ekki tekin til greina og í samræmi við ákvarðanir fundarins í Skælskør var síðan unnið að nýrri gerð skýrslu um fullorðinsfræðslu hér á landi, enda hafði enn bæst verulega við upplýsingar einstakra þátta og aðila og gagnasöfnunin orðið mun umfangsmeiri en áður. Önnur gerð skýrslu Hrafns um fullorðinsfræðslu var tilbúin í byrjun október 1973 og lögð fram á samnorrænum fundi í þeim mánuði. — Þrátt fyrir þetta var gagnasöfnuninni enn haldið áfram og þriðja og síðasta skýrslan frá Íslandi tilbúin til afhendingar í maí-mánuði 1974. Hafði fullorðinsfræðslunefndin þá skýrslu handbæra þegar endanlega var gengið frá frumvarpi og greinargerð svo og fyrri drög skýrslunnar jafnóðum og þau voru tilbúin. Gagnasöfnunin um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum var síðan gefin út í bókarformi, **Voksenopplæring i de nordiske land**, en kortlegging, en útgefandi var Sekretariatet for Nordisk Kulturelt Samarbeid. Bókin kom út í október 1974. Þriðji kafli bókarinnar er skýrsla Íslands. — Samnorrænn fundur var haldinn í Grenå á Jótlandi dagana 20.—24. janúar síðast liðinn til þess meðal annars að fjalla um hina sameiginlegu gagnasöfnun. Á þeim fundi mættu fjórir fulltrúar frá Íslandi: Guðmundur Arnlaugsson, Guðmundur Sveinsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður A. Magnússon. Á fundinum var lögð fram viðbótarskýrsla og greinargerð um fullorðinsfræðsluna, þar sem ný atriði eru dregin fram og skýrð frá nýjustu viðhorfum til fullorðinsfræðslu á Íslandi og þeirri þróun og þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu mánuðum.

Af því sem nú hefur verið sagt ætti að vera augljóst að gögn um núverandi stöðu fullorðinsfræðslunnar á Íslandi skortir ekki og nefndin hefur hagnýtt þau í störfum

sínum og tekið mið af þeim í frumvarpsgerðinni svo og greinargerð þeirri sem frumvarpinu fylgir.

b) Tvö fræðslukerfi hlið við hlið. — Óhófleg og þarflaus yfirbygging.

Í nokkrum umsögnum um fullorðinsfræðslufrumvarpið er sú gagnrýni borin fram að frumvarpið geri ráð fyrir tveim frábrugðnum fræðslukerfum hlið við hlið og muni af leiða óhóflega og þarflausu yfirbyggingu menntamála.

Fullorðinsfræðslunefndin harnar þann misskilning eða þá túlkun frumvarpsins sem hér um ræðir. Það var aldrei hugmynd eða ætlun nefndarinnar að fræðslukerfi landsins skyldu tvö aðskilin og aðgreind, enda segir svo í 1. grein frumvarpsins að eitt skuli menntakerfi þjóðarinnar, en þættir þess hins vegar tveir: frummenntun annars vegar og fullorðinsfræðsla hins vegar. Hið eina samræmda og samfellda menntakerfi lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins og hlitir þeirri skipan sem ráðuneytið sjálfst ákveður á grundvelli eðlilegrar verkaskiptingar. Minnihluti fullorðinsfræðslunefndarinnar leggur að vísu til, að sérstök deild innan menntamálaráðuneytisins, fullorðinsfræðsludeild skuli „stjórnunaraðili í málum sem varða fullorðinsfræðslu og samræma eftirlit og fræðslu sem veitt er samkvæmt lögum þessum“ (sbr. skýringu á 2. gr. frumvarpsins, Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, Reykjavík 1974, bls. 17—18). Þetta ákvæði breytir hins vegar engu um yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. — Þá gerir frumvarpið einnig ráð fyrir að fræðsluráð í fræðsluumdæmunum ásamt viðbótaraðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka skipi fullorðinsfræðslunefnd umdæmisins, en hún starfi í samræmi við reglur sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga (sbr. 7. grein frumvarpsins). — Með þessu svo og fleiri greinum frumvarpsins skal tryggð að hinir tveir þættir menntakerfisins verði ekki að tveim óháðum og sjálfstæðum kerfum heldur samtengdir í stjórn og framkvæmd. — Þá gefur það og auga leið að fullorðinsfræðsla sem hliðstæð er frumfræðslunni verður að mestu ef ekki öllu leyti í höndum aðila frummenntunarinnar og fer fram í menntastofnunum sem hannaðar verða fyrir báða þættina.

Hið eina stjórnskipunarlega nýmæli sem fram kemur í frumvarpinu til laga um fullorðinsfræðslu er ákvæði 6. gr. þar sem kveðið er á um stofnun níu manna fullorðinsfræðsluráðs, sem vera skal „ráðgefandi og mótandi aðili í málum sem varða fullorðinsfræðsluna“. Ráðið setur sér starfsreglur sem menntamálaráðuneytið staðfestir og er algerlega háð ráðuneytinu varðandi framkvæmdir svo og ákvæðum fjárlaga hverju sinni, þegar teknar eru ákvarðanir um fjárveitingar til fullorðinsfræðslu.

Því er að sjálfsgöðu ekki að leyna að hinn nýi þáttur menntakerfisins hefur óhjákvæmilega í för með sér vöxt stjórnsýslu og skipulagningar þegar á heildina er litið, en hann á hins vegar á engan hátt að þurfa að valda tvískiptingu innan kerfisins eða ýta undir þróun í þá veru, raunar fremur hið gagnstæða þar sem með tilkomu hans skapast heildaryfirsýn yfir menntakerfið, fjölbreytni þess og eðlilegan hlut einstakra þátta þess og verkefna.

c) Röðun verkefna á sviði menntamála og forgangur hinna brýnustu.

Í nokkrum þeirra umsagna, er bærust um fullorðinsfræðslufrumvarpið, er hreyft þeirri gagnrýni að ætla beri öðrum verkefnum og þáttum menntakerfisins forgang og því sé frumvarpið til laga um fullorðinsfræðslu ótímabært, þar sem athygli sé beint frá brýnni verkefnum, en lausn þeirra þoli enga bið. Er í þessu sambandi einkum rætt um tvennt, annars vegar endurskipan grunnskólastigsins

á forsendu hinna nýju laga um grunnskóla en sú endurskipan sé nú aðeins á byrjunarstigi, hins vegar þurfi eftir samþykkt grunnskólalaganna að hefjast handa um framtíðarskipan framhaldsskólastigsins með það fyrir augum að móta stefnu og fá sett rammalög fyrir allt stigið, menntun aldursárganganna frá 16 til 20 ára. Hvorugt verkefnið er talið þola bið og þó enn meira verk og margslungnara að fá heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið.

Fullorðinsfræðslunefndin vill á engan hátt draga réttmæti þeirra viðhorfa sem gerð hefur verið grein fyrir í efa eða gera lítið úr heim risaverkefnum sem nefnd hafa verið. Á hitt vill nefndin hins vegar benda að lög in um skólakerfi, sem einnig voru samþykkt á síðasta vori, marka í stórum dráttum framtíðarstefnuna að því er tekur til frummenntunarinnar. Þá er hitt og staðrevnd að nú þegar er hafin endurskipulagning framhaldsskólastigsins. Hefur sú endurskipulagning þegar hafist á tveim stórum geirum framhaldsskólamenntunarinnar, þar sem er viðskiptamenntun í viðtækustu merkingu þess hugtaks er ætla má að milli 20%—25% aldursárganganna frá 16—20 ára muni stunda í framtíðinni, svo og iðnfræðsla, sem veita mun framhaldsmenntun álika stórum hundradshluta nemenda. Frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi hefur þegar verið lagt fram og biður afgreiðslu Alþingis, en frumvarp til laga um iðn- eða verkmenntun á framhaldsskólastigi er í mótun hjá iðnfræðslulaganefnd, sem starfað hefur að frumvarpssmiðinni nú á þriðja ár. Menntaskólageiri framhaldsstigsins hefur verið í stöðugri endurskipan á síðustu árum, en þar hlióta milli 25%—30% aldursárganganna menntun á framhaldsskólastigi. Þá hafa einnig á framhaldsskólastigi verið samþykkt lög um tilraunaskóla, fjölbrautaskóla. en þar er um hvort tveggja að ræða, stórfellda stefnumörkun svo og tækifæri til sköpunar reynslu sem hlýtur að teljast ómetanleg áður en horfið verður að samþykkt þess heildarskipulags fyrir framhaldsskólastigið sem auglýst hefur verið eftir. — Af þessu er ljóst að framhaldsskólastigið í heild er þegar í endurskoðun og hefur samt fátt eitt verið rakið af því sem verið er að gera á vegum menntamálaráðuneytisins að leysa þann vanda sem réttilega hefur verið bent á í umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fullorðinsfræðslunefndin hlýtur hins vegar að mótmæla og andæfa þeim viðhorfum að fullorðinsfræðslan geti beðið eftir endurskoðun og endurskipan frummenntunarbáttarins, sem í sjálfu sér er eilífðar verkefni. Endurskoðun og endurskipan frumfræðslubáttarins má aldrei ljúka. Hitt hefur þegar dregist alltof lengi að meta gildi fullorðinsfræðslubáttarins og gera honum fyrstu skil í rammalöggjöf. Án tilkomu þessa veigamikla báttar verður líka endurskipan frummenntunarbáttarins hálf gert kák, þar sem veigamiklum og afdrifaríkum verkefnum er sleppt til ómetanlegs ljóns fyrir íslenskt þjóðfélag, efnahagslíf þjóðarinnar og menningu hennar. Við verðum að átta okkur á reynslu annarra þjóða í þessum efnun og taka mið af framsýnustu menntastefnum samtíðarinnar. Í þessu sambandi mætti minna á rit það hið mikla, sem Unesco, menningar- og visindastofnun Sameinuðu þjóðanna gaf út árið 1972, *Learning to be. The world of education today and tomorrow*. Í riti þessu er á áhrifamikinn hátt fjallað um ævimenntunarkerfið með háttunum tveim frummenntun og fullorðinsfræðslu. Er vandséð hversu við fáum haldið hlut okkar í síbreytilegum heimi án síðari fræðslubáttarins sem býr yfir mestum möguleikum til endurnýjunar og umsköpunar.

d) Verk- og tæknimenntun — Akkillesarhæll íslenska skólakerfisins — og fullorðinsfræðslan.

Það er ljóst af nokkrum umsögnum er borist hafa um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu að það er lítið hornauga af aðilum er telja sig öðrum fremur málsvara verk- og tæknimenntunar og líta sumpart á framkomið frumvarp sem

hugsanlega torfæru á vegi verk- og tæknimenntunar, sumpart sem vafasama nýskipan verk- og tæknimenntunar. — Bæði þessi viðbrögð komu fullorðinsfræðslunefndinni gersamlega á óvart. Taldi fullorðinsfræðslunefndin eðlilegt að halda sérstakan fund með formanni og framkvæmdastjóra Iðnfræðsluráðs þeim Óskari Hallgrímssyni og Óskari Guðmundssyni, að takast mætti að eyða tortryggni og fá fram hreinskilin skoðanaskipti. Fundurinn bar að hyggju fullorðinsfræðslunefndarinnar tilætlaðan árangur. Í ljós kom að fulltrúar Iðnfræðsluráðs höfðu þrennt við frumvarpið að athuga öðru fremur: 1) Frumvarpið var viðtækt og yfirgripsmikið og krafðist mikils tíma til þess að átta sig fyllilega á eðli þess og innihaldi, en naumur tími og stopull hafði gefist til að nota það og kanna áður en umsögn skyldi berast. — 2) Frumvarpið var af hálfu fulltrúa og starfsmanna Iðnfræðsluráðs skilið á þann veg að með lögfestingu þess væru öll ákvæði annarra laga er snerta fræðslu- og skólamál og lúta að endurmenntun, viðbótarmenntun og öðru því er túlka má á einn eða annan veg sem fullorðinsfræðslu úr gildi felld. — 3) Frumvarpið var af sömu aðilum skilið svo að með því væri á annan og ólíkan hátt fjallað um alla verkmenntun, sem á einhvern hátt hefði tengsl við atvinnulífið og vinnumarkaðinn í landinu. — Fullorðinsfræðslunefndin gat vel fallist á fyrstu athugasemdina sem gerð var af fulltrúum Iðnfræðsluráðs, enda hafði nefndin þurft á þriðja ár til frumvarpsgerðarinnar, kynningar á verkefninu, aðdráttu fróðleiks, rannsóknar gagna og loks niðurröðunar, samningar og greinargerðarinnar. — Hin tvö atriðin töldu nefndarmenn á misskilningi byggð og færðu fram eftirfarandi rök fyrir því:

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu er alger frumsmíð á sínu sviði og fellir engin lög úr gildi þeirra sem nú taka til fræðslu- og skólamála. Þetta á líka við um þau ákvæði annarra laga er fjalla um endurmenntun, viðbótarmenntun svo og annað er túlka má sem fullorðinsfræðslu. Frumvarpið sjálf ber þetta líka með sér, þar sem hvergi er að finna ákvæði um að önnur lög eldri falli úr gildi við tilkomu þessara nýju laga. Þá ber frumvarpið það líka ljóslega með sér að fullorðinsfræðsla sem er hliðstæð frumfræðslunni skal rækt af aðilum frumfræðslunnar að svo miklu leyti sem þess er kostur (sbr. 16. grein og skýringar við hana).

Frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu er ekki ætlað að koma í stað laga um verkmenntun eða gera slíka lagasmíð óþarfa. Frumvarpið snertir á engan hátt frumfræðslu verkmenntunar nema að því leyti sem það gefur fyrirheit um að fullorðnir fái aðstöðu til að öðlast þá þekkingu sem frumfræðslan veitir og þá í því formi og samkvæmt þeim kennsluháttum, sem miðaðir eru við þarfir og þroska fullorðinna, enda þótt sú fullorðinsfræðsla verði rækt af stofnunum frumfræðslunnar að því leyti og í þeim mæli, sem þær geta rækt og veitt slíka fræðslu. — Hitt er alveg rétt að frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu skapar aðra og nýja möguleika til menntunar í tengslum við atvinnulífið og á vegum aðila vinnumarkaðarins heldur en hægt er að veita á grundvelli laga um frummenntun einum saman. Er þar í senn tekið mið af óskum fjölmargra aðila á Íslandi svo og fylgt fordæmi annarra þjóða, en umræddar óskir hafa ekki að litlu leyti verið fram settar með skírskotun til langrar og athyglisverðrar reynslu grannþjóða okkar.

Það er von fullorðinsfræðslunefndarinnar að fundurinn með fulltrúum Iðnfræðsluráðs hafi orðið til að eyða tortryggni og leiðrétta misskilning og mistúlkun frumvarpsins, enda var svo að heyra á fulltrúunum, þegar upp var staðið.

III

Fullorðinsfræðslunefndin telur ekki ástæðu til að fjölyrða um önnur atriði sem fram komu í umsögnum hinna 24 aðila er bærust menntamálaráðuneytinu, enda hefur nú verið dvalið við þau, sem nefndin telur mestu máli skipta. Er athugunum og umsögnum fullorðinsfræðslunefndarinnar hér með komið á framfæri við hæstvirt menntamálaráðuneyti.

Virðingarfyllt

f. h. fullorðinsfræðslunefndarinnar

Guðmundur Sveinsson, formaður. Sigríður Thorlacius, ritari.

ÁLYKTUN STJÓRNAR L.S.F.K. UM FRUMVARP TIL LAGA UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

I. L.S.F.K. telur frumvarpið jákvætt og styður þá stefnu frumvarpsins að fullorðinsfræðsla sé sett jafnréttá hinu lögbundna skólakerfi.

Nú þegar er hafin ýmiss konar fullorðinsfræðsla m.a. hjá námsflokkum og M.F.A. og er vafalaust tímabært að reyna að samræma kennsluna og skipuleggja.

Margs ber að gæta við frumvarp sem þetta og vill stjórn L.S.F.K. aðallega benda á eftirfarandi atriði, þó erfitt sé að meta frumvarpið í heild, þar sem í nokkrum atriðum er vísað til reglugerða sem á eftir að semja.

II. L.S.F.K. telur að leysa beri fullorðinsfræðsluna m.a. á eftirfarandi hátt:

A. Námsflokkar reknir af sveitarfélögum undir umsjá fræðsluskrifstofa í hverju fræðsluhéraði.

B. M.F.A. og hliðstæð fræðslusamtök fái fyrirgreiðslu ríkisins.

C. Inntökuskilyrði í H.Í. og aðra framhalds- og sérskóla ber að rýmka eins og tíðkast í öðrum löndum.

Því leggur L.S.F.K. áherslu á undirbúning þeirra nemenda sem æskja inngöngu í skólana og ekki fullnægja kröfum um inntökuskilyrði eða hafa ekki náð tilskildum árangri á inntökuprófi.

L.S.F.K. telur að leggja beri höfuðáherslu á að í öllum skólahéruðum landsins sé tiltækt skólahúsnæði og sé vafasamt að eyða hundruðum milljóna í frjálst áhuganám, meðan enn hefur ekki tekist að skapa viðunandi aðstöðu við lögbundið nám. Fyrirsjáanlegur er nú niðurskurður á opinberum framkvæmdum. L.S.F.K. leggur áherslu á að ekki verði dregið úr fjárveitingum til nýbygginga skóla og telur jafnframt að eðlilegt sé að við fullorðinsfræðsluna sé nýtt það kennsluhúsnæði sem fyrir er í landinu og henta þá vel kvöldskólar og sumarnámskeið. Varast ber að gera fullorðinsfræðslukerfið of viðamikilið, heldur reyna eftir megni að nýta það kerfi sem fyrir er. Nauðsynlegt er, miðað við þjóðfélag okkar í dag, að aðgreina nám er lýkur með prófi/prófum og undirbýr undir starfsmenntun og er eðlilegt að ríkið beri kostnað af því. Athugandi er hvort ríki á að greiða eins stóran hluta af kostnaði náms er fólk stundar aðeins vegna áhuga og löngunar til fræðslu. Hlutur verkmenntunar sé einnig metinn jafn og hlutur bóklegrar menntunar.

III. Athugasemdir við einstakar greinar.

3. gr. c) liður falli niður. Nægilegt er að þeir aðilar er um er getið í a) og b) lið sjái um fræðsluna.

6. gr. Eðlilegt er að kennarasamtökin eigi aðild að fullorðinsfræðsluráði. c) liður breytist því þannig: 1 fulltrúi M.F.A., 2 fulltrúar kennarasamtakanna.

7. gr. Í stað „tveir fulltrúar fræðslufélaga og fræðslusamtaka“ komi: 1 fulltrúi fræðslufélaga og fræðslusamtaka og 1 fulltrúi kennarasamtakanna í landinu.
15. gr. Falli niður.
16. gr. „en hlýtur styrk o.s.frv.“ falli niður.
19. gr. Æskilegt er að kennslufræðilegar stöðvar séu í fræðsluumdæmunum. Engin slík stöð er til í dag fyrir hið lögbundna skólakerfi. Sýnir þessi grein vel hve skólakerfi okkar í dag er langt á eftir anda þessara laga. Kennslufræðilegar stöðvar verði reknar af fræðsluskrifstofum og því sameiginlegar fyrir alla aðila sem þurfa þeirra við.
21. gr. Varhugavert ákvæði varðandi ráðningu kennara og leiðbeinenda. Gera verður fyllstu kröfur til kennara og leiðbeinenda fullorðinsfræðslunnar ekki síður en við frummenntunina.
29. gr. Eðlilegt er að stéttarfélög í landinu semji um slík atriði í kjarasamningum.
30. gr. Lágmarksfjöldi nemenda í bekk til undirbúnings grunnskólaprófs (þ.e. 8. og 9. bekk) er 12 nemendur. Fjöldi nemenda getur því ekki lokið grunnskólanámi í sinni heimabyggð. Slíkt óréttlæti ber að leiðrétta áður en samþykkt eru lög um 5 nemenda lágmark í námsflokki.
34. gr. Falli út.
- IV. L.S.F.K. er til umræðu um lagafrumvarp þetta og er reiðubúið til að senda fulltrúa hvenær sem þess verður óskað til viðræðna.

Janúar 1975.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. desember 1974.

Ráðuneytið sendir fullorðinsfræðslunefnd hér með til athugunar umsagnir eftirgreindra aðila um frv. til laga um fullorðinsfræðslu:

- | | |
|---|----------------------------------|
| 1) Fræðsluráðs Reykjavíkur, | 5) Iðnnemasambands Íslands, |
| 2) Skólanefndar Keflavíkur, | 6) Skólanefndar Neskaupstaðar og |
| 3) Fræðslumyndasafns ríkisins, | 7) Sambands isl. sveitarfélaga. |
| 4) Vinnumálasambands samvinnufélaganna, | |

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

29. október 1974.

Á fundi fræðsluráðs 28. október s.l. voru lögð fram og rædd drög að umsögn um framlagt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Fræðsluráð fellst á umsögnina og fylgir hún hér með.

Þá fylgir einnig hér með fyrri umsögn fræðsluráðs Reykjavíkur um sama frumvarp.

Virðingarfyllst,

Kristján J. Gunnarsson.

Lagt fram í fræðsluráði 28. október 1974.

Samþykkt.

Fræðsluráð Reykjavíkur hefur rætt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu á nokkrum fundum og fræðsluráðsmenn hafa haft frumvarpið til athugunar milli funda.

Fræðsluráð lýsir ánægju sinni með forvinnu nefndarinnar að því er varðar hugmyndafræðilegan grundvöll frumvarpsins og er samþykkt almennri stefnumörkun hennar og fræðilegum skilgreiningum. Hins vegar vill fræðsluráð gera eftirfarandi athugasemdir og tillögur um framkvæmdahlið málsins:

Þarfir fyrir bætt menntakerfi og menntunarskilyrði eru mun meiri en geta opinberra aðila til að uppfylla þær og því nauðsynlegt, að verkefnum sé raðað og ekki of mikið færst í fang í einu, en það gæti leitt til ófullnægjandi framkvæmdar á öllum sviðum.

Að mati fræðsluráðs Reykjavíkur skortir ennþá mjög á, að ríki og sveitarfélög geti látið í té nægilegt fjármagn til að hægt sé að uppfylla kröfur núverandi fræðslulaga um menntun og menntunaraðstöðu. Meðan svo er, telur fræðsluráð Reykjavíkur varhugavert að lögfesta svo viðtækar skyldur og heimildir um fullorðinsfræðslu sem í frv. felast, einkum þar sem þar er gert án þess að nokkur grein sé gerð fyrir kostnaði við framkvæmd frumvarpsins.

Frv. um fullorðinsfræðslu virðist einkum byggt á erlendum fyrirmyndum og ekki sem skyldi tekið mið af íslenskum aðstæðum og reynslu.

Þrátt fyrir langa og ýtarlega greinargerð, er þar enga vitneskju að finna um þá fræðslu fullorðinna, sem á sér þó stað á Íslandi og hefur farið fram allengi með mismunandi hætti hjá ýmsum aðilum.

Augljóst er að með frumvarpi þessu er stofnað til nýs fræðslukerfis við hliðina á því sem fyrir er.

Áætlun um fullorðinsfræðslu á Íslandi hlýtur að byggjast framur öllu á nákvæmri vitneskju um ríkjandi ástand í þessum efnunum.

Á grundvelli þeirrar reynslu sem fyrir hendi er, ættu lög um fullorðinsfræðslu fyrst og fremst að byggja með þeirri vikkun viðfangsefna og aukningu opinberrar aðstoðar, sem út frá raunsæjum forsendum yrði talið unnt að koma í framkvæmd. Má þar til nefna sérstaklega t.d. fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frummenntunar (sbr. 16. gr. frv.), námsflokkastarf á vegum fræðsluumdæma, en innan þess getur rúmast margt það sem frv. gerir ráð fyrir, bréfaskóla og skipulagningu ævimenntunar vegna atvinnuveganna. Vandlega þarf að íhuga hvort ekki er unnt að komast hjá að setja upp sérstakt stjórnkerfi vegna fullorðinsfræðslu í þeim mæli sem frv. gerir ráð fyrir og hvort framkvæmd væntanlegra laga getur ekki að mestu fallið undir skólayfirvöld skv. almennum fræðslulögum (grunnskóla og framhaldsskóla), þar sem tekið yrði tillit til sérstöðu t.d. atvinnuvega með skipun nefnda er störfuðu á vegum skólayfirvalda.

Fræðsluráð Reykjavíkur mælir með því að sem fyrst verði sett lög um fullorðinsfræðslu, en telur að endurskoða þurfi það frv. sem nú liggur fyrir, með það markmið fyrir augum að skýrt verði kveðið á um, hvað í frv. á að koma til framkvæmda strax og hvað líta beri á sem framtíðarmarkmið, sem ekki sé unnt að framkvæma að svo stöddu, og yrði þá annaðhvort fellt burt úr frv. eða kveðið á um frestun þess.

Samkvæmt beiðni nefndar þeirrar, sem vann að samningu þessa frumvarps sendi þáverandi fræðsluráð Reykjavíkur (1973) nefndinni umsögn um drög að frumvarpinu. Fræðsluráð leyfir sér að vísa til þessarar umsagnar, sem hér fylgir, og lýsir sig í meginatriðum efnislega samþykkt henni.

UMSÖGN UM DRÖG AÐ FRUMVARPI UM FULLORÐINSFRÆÐSLU

Um hugtök.

Notuð verði hugtökin aðalmenntun = fræðsla í reglubundnu skólahaldi fræðslukerfisins á tilælluðu aldurskeiði.

Eftirmenntun = fræðsla utan reglubundins skólahalds fræðslukerfisins og á öðru aldurskeiði.

Nálgun vandamálsins.

Eftirmenntun er í dag rekin af ýmsum aðilum. Ekkert skipulegt yfirlit er til um þá starfsemi. Þá eru hugmyndir um markmið engan veginn skýrar, hvorki með unnræðu í þjóðfélaginu né með pólitískum ákvörðunum stjórnvalda.

Vitneskja um núverandi ástand og æskilegt ástand (þ.e. markmið) er þó skilyrði þess, að unnt sé að komast að niðurstöðu um leiðir eða aðgerðir. Slík öflun upplýsinga er forsenda þess að hægt sé að móta löggjöf um eftirmenntun á viðtækum grundvelli. Meðan þessi forvinna hefur ekki verið unnin, er hætt við að lagasetning verði í ýmsum atriðum óljós og óraunsæ og hlýtur þess að gæta nokkuð í drögum að frumvarpinu, enda engin leið t.d. að gera sér grein fyrir hverjar yrðu fjárhagslegar skuldbindingar opinberra aðilja, ef drögin yrðu óbreytt að lögum.

Aðkallandi lausn þekktra vandamála.

Vegna vitneskjuskorts er nauðsynlegt, að löggjöf um eftirmenntun takmarkist fyrst í stað við lausn aðkallandi og þekktra vandamála. Vitað er að eftirmenntun á öllum sviðum er að mestu rekin í dag í nafni ríkis og sveitarfélaga og aðeins að takmörkuðu leyti af „frjálsum og óháðum fræðslusamtökum“. Þetta er að sjálf-sögðu mjög grófur dómur um núverandi ástand, sem upplýsa verður nánar með könnun.

Síðasta frumkvæði í eftirmenntun og það sem brýnast er að örva frekar er útbreiðsla námsflokka á vegum sveitarfélaga að fyrirmynd Rvíkurborgar. Taka ætti upp kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á þessari tegund af fræðslu, sem svaraði a.m.k. til þess sem gerist í núverandi skyldunámi. Taka þarf afstöðu til styrkveitinga til þeirrar eftirmenntunar, sem í dag er rekin af „frjálsum og óháðum fræðslusamtökum“ eins og bréfaskóla A.S.Í. og S.Í.S. og binda með tæmandi upptalningu í lög e. t. v. með heimild fyrir ráðherra til að beita löggjöfnun á önnur samtök, sem síðar kynnu að fara fram á slíkt. Á þann hátt yrði girt fyrir þá miklu hættu, sem er í núverandi drögum, að sérhvert félag eða jafnvel sýndarfélag krefjisi styrks og góðhjartaður ráðherra láti undan á veikri stundu, og jafnframt verði krafist alvarlegs frumkvæðis af þeim samtökum, sem styrks kynnu að njóta.

Styrkur veittur af sveitarfélögum til fræðslusamtaka ætti að endurgreiðast að hluta af ríkinu eftir kostnaðarskiptingarreglu. Ber þá ekki síst að hafa í huga hina almennu skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga, sem ekki gefur tilefni til hraðs vaxtar fræðsluútgjalda sveitarfélaga, hvar sem er á landinu.

Stjórnsýslukerfi eftirmenntunar.

Jafnvel þótt gert væri ráð fyrir verulegum vexti eftirmenntunar er ekki þörf á sérstöku stjórnsýslukerfi. Megininntak í opinberri stjórnun þessara mála er styrkveitingar, mat á þeim og eftirlit, svo og endurgreiðsla eftir kostnaðarskiptingarreglum. Ber því að nota það stjórnsýslukerfi, sem til er í fræðslumálum og gert er ráð fyrir í grunnskólafrumvarpi, enda er eftirmenntunarkerfið til stuðnings aðalmenntunarkerfinu og til að fylla í eyður þess að nokkru.

Engin tilnefningarráð ættu að vera, þaðan kemur sjaldnast frumkvæði. Hins vegar mætti vera heimildarákvæði um, að verði stofnuð samtök framkvæmdar- aðila eftirmenntunar í héraði og/eða á landsvísu ber að líta á stjórnir þeirra sem ráðgefandi aðila fyrir stjórnvald sama stigs.

Ýmis atriði.

Hugmyndum um kennslugagnamiðstöðvar og kennslufræðilegar miðstöðvar ætti að vísa strax til menntamálaráðuneytisins og taka upp í grunnskólafrumvarp. Hér eru á ferðinni stórmál, sem taka þarf upp í stærra samhengi.

Í 3. gr. draganna að frumv. er að mestu leyti um að ræða sjálfgefin atriði, sem auk þess beint eða óbeint koma fram á öðrum stöðum í drögunum, en um ábyrgð opinberra aðilja á þessari tegund fræðslu ættu að gilda almenn ákvæði fræðslulaga. Það er helst setningin: „Ríkið ber ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu, sem er þáttur í mótun atvinnulífsins“ — sem á rétt á sér. Þessi tegund eftirmenntunar sem snertir mótun atvinnulífsins er óskilgreind í drögunum enda skortir sjálf-sagt mest á vitneskju um ástand hennar. Tveggja kosta er völ við meðferð þessarar tegundar:

- a. Að sleppa henni alveg nú og láta fara fram rækilega könnun á henni.
- b. Taka upp í frumvarpið beinum orðum brýna þætti að mati samtaka vinnu- markaðar og að undangenginni kostnaðaráætlun til nokkurra ára (sbr. tillögu um málsmeðferð hér að framan).

Í greinargerð frumvarps ættu að vera allar tiltækar tölulegar upplýsingar um ástand og þróun eftirmenntunar. Ennfremur ætti að taka skýrt fram, að hér sé á ferðinni fyrsta átak í þessum málum, sem miði að lausn aðkallandi og þekktra vandamála.

Sérstökum athugunum verði hleypt af stokkum og eftirmenntunarmálin endur- skoðuð eftir nokkur ár.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Keflavík, 4. október 1974.

Á fundi skólanefndar Keflavíkur þann 3. október var tekið fyrir bréf yðar frá 9. september og gerð svohljóðandi bókun:

„6. Lesið upp bréf frá menntamálaráðuneyti Íslands, þar sem beðið er um- sagnar um frumvarp til laga, um fullorðinsfræðslu, sem lagt verður fyrir Alþingi í haust.

Skólanefnd ræddi frumvarpið og lýsir yfir stuðningi sínum við það.“

Virðingarfyllst,

f. h. skólanefndar Keflavíkur,
Gunnar Sveinsson, form.

FRÆÐSLUMYNDASAFN RÍKISINS

Reykjavík, 21. október 1974.

Stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins hefur fjallað um frv. til l. um fullorðins- fræðslu, sem hæstvirt ráðuneyti hefur sent til umsagnar. Stjórnin er almennt mjög hlynnt máli þessu, en telur rétt að takmarka umsögn sína við það, sem snert gæti Fræðslumyndasafnið.

Í því efni er rétt að taka fram, að safnið hefur staðið og mun standa opið hverjum þeim aðila, sem heldur uppi fullorðinsfræðslu, og reyni safnið ekki síður að verða þeim að liði á sviði nýsitækni en öðrum fræðslustofnunum.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir kennslugagnastofnun ríkisins, en lög um hana hafa sem kunnugt er ekki verið afgreidd. Þessi grein gæti átt við Fræðslumyndasafnið og staðfest þá framkvæmd, sem að ofan getur, þar til kennslugagnastofnun verður til.

Virðingarfyllst,
Benedikt Gröndal.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

VINNUMÁLASAMBAND SAMVINNUFÉLAGANNA

Reykjavík, 15. nóvember 1974.

Vér höfum móttengið heiðrað bréf yðar dagsett 9. september s.l., þar sem farið er fram á umsögn vora um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Vinnumálasamband Samvinnufélaganna fagnar því sérstaklega að nú skuli vera stefnt að löggjöf um fullorðinsfræðslu. Sem aðilum að vinnumarkaðinum er oss ljós hin vaxandi þörf fyrir aukna þekkingu og bættu starfsmenntun við hin ýmsu störf í atvinnulífinu. Vaxandi samkeppni á innlendum og erlendum vettvangi, ásamt breyttum framleiðsluháttum og örri þróun á sviði tækninýjunga, gerir endurmenntun nauðsynlega. Viljum vér í því sambandi nefna endurnýjun og viðhald fyrri starfsmenntunar, viðbótarmenntun vegna nýjunga í sömu starfsgrein og um menntun, þar sem breyttir framleiðsluhættir leysa af hólmi eldri starfsgreinar og beina þarf starfsmenntun starfsmanna inn á ný svið.

Má benda á í sambandi við ofanritað að samtök vinnumarkaðarins hafa í nokkrum tilfellum þegar í samningum sínum milli ákvæði um endurmenntun, sem aðilar hafa sameiginlega unnið við að koma á fót.

Í umræddu frumvarpi er fjallað um rammalöggjöf. Þar af leiðir að hlutverki aðila vinnumarkaðarins sérstaklega er ekki gerð nán skil og ákvæði frumvarpsins almenns eðlis í þessu sambandi. Leggjum vér áherslu á að við setningu laga og ieglugerða á grundvelli umræddrar rammalöggjafar, sem sérstaklega snerta vinnumarkaðinn og hlutverk það, sem aðilum hans verður ætlað, þá verði haft náið samstarf við samtök vinnumarkaðarins.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins viljum vér taka fram eftirfarandi:

Um 6. og 7. gr.

Í sambandi við aðild að fullorðinsfræðsluráði og fullorðinsfræðslunefndum viljum vér sérstaklega benda á þýðingu samvinnuhreyfingarinnar úti á landsbyggðinni þar sem atvinnurekstur samvinnurélaganna er víða beint og óbeint helsti burðarásinn í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga.

Um 12. gr.

Í reynd má gera ráð fyrir að ákveðnum aðila, leiðbeinanda eða fræðslustjóra innan fyrirtækisins verði falið að sjá um og stjórna fræðslustarfsemi innan fyrirtækis í það og það sinn eða að jafnaði eftir atvikum. Teljum vér eðlilegt að ráðuneytið samþykki slíkan aðila, sem síðan hefði samráð bæði við stjórnendur og starfsfólk og ráðuneyti um stjórn fræðslustarfseminnar.

Um 22. gr.

Vér teljum óæskilegt að lögin skuldbindi aðila til þess að ráða fastan starfskraft sérstaklega, sem námsstjóra eða leiðbeinanda ef ekki er ástæða eða bolmagn til þess. Hins vegar teljum vér eðlilegt að fyrirætlanir um fræðslu eða námskeið, sem styrks eiga að njóta skv. lögum, verði bornar undir viðkomandi ráðuneyti sem samþykkti stjórnanda starfseminnar í þessu sambandi.

Um 27. gr.

Eðlilegt virðist að aðilar vinnumarkaðarins gætu á sama hátt og fræðslusamtök krafist innritunargjalds í sambandi við fræðslustarfsemi.

Um 31. gr.

Hér er fjallað um mikilvæga þætti, sem snerta samtök vinnumarkaðarins og því rétt að ítreka nauðsyn þess að samráð verði haft við samtökin þegar reglur verða mótaðar í þessu sambandi.

Um 35. gr.

Nauðsynlegt er að aðilar vinnumarkaðarins fái styrk til þess að mennta leiðbeinendur á sínum vegum. Er hér til dæmis átt við sérhæfða starfskrafta í einstökum starfsgreinum, eða aðra starfskrafta sem þjálfaðir yrðu til leiðbeiningarstarfa á sínu sviði.

Um 36. gr.

Oss virðist greinin almenns eðlis, en vér teljum eðlilegt að lögín gerðu ráð fyrir styrk til fræðsluaðila, sem koma upp á eigin kostnað fræðsluaðstöðu, sem nauðsynleg verður talin og fellur undir lög um fullorðinsfræðslu.

Með mikilli virðingu,

f. h. Vinnuálagssambands samvinnufélaganna,
Júlíus Kr. Valdimarsson.

Til menntamálaráðuneytisins,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 16. nóv. 1974.

Menntamálaráðuneytið
c/o Birgir Thorlacius
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Ráðuneytið hefur óskað umsagnar Iðnnemasambands Íslands um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Fræðslunefnd sambandsins hefur haft frumvarpið til meðferðar og komist að eftirfarandi niðurstöðu, sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórn I.N.S.Í.

I.N.S.Í. telur að meðan nám á framhaldsskólastigi er í endurmótun og þar sem það hlýtur að verða stærsti hluti þeirrar frumfræðslu, sem gert er ráð fyrir að veitt sé samkvæmt frumv. til l. um fullorðinsfræðslu, a. m. k. hvað varðar verk- og tæknimenntun, sé ekki ástæða til að samþykkja áður nefnt frumv., sem lög eins og það liggur fyrir. Enn fremur telur I.N.S.Í. að þó svo að samþykkt yrðu lög um fullorðinsfræðslu, sem fjölluðu um frumfræðslu, starfsmenntun, viðbótarmenntun, endurmenntun eða ummenntun í tengslum við atvinnulífið, sé ekki rétt að gera ráð fyrir að stjórnun þeirrar fræðslu sé undir öðrum aðilum en þeim sem stjórna þessari fræðslu nú þegar (hinum ýmsu deildum Menntamálaráðuneytisins, önnur ráðuneyti v/sérskóla, Iðnfræðsluráð o. fl.). I.N.S.Í. telur því að það stjórnkerfi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé algjörlega óþarft og nær væri að samræma starf þeirra stjórnunaraðila fræðslumála, sem fyrir eru í landinu en dengja nýjum aðila óni það öngþveiti.

Ýmsar greinar í frumvarpinu virðast að meira eða minna leyti vera óþarfar og einungis til þess fallnar að koma á þeim skilningi að fullorðinsfræðsla sé það sérstakt fyrirbrigði að nauðsynlegt sé að skilja það frá öðrum hlutum fræðslukerfisins, en I.N.S.Í. telur að nóg sé um stéttaskiptingu í menntakerfinu nú þegar

og því er slíkur aðskilnaður í einni eða annarri mynd óæskilegur. Einnig eru í frumv. ákvæði, sem að dómi I.N.S.Í. ættu að heyra til annarra laga, svo sem ákvæðin um fjármögnun frumfræðslunnar.

I.N.S.Í. álitur vænlegar til árangurs í fræðslu fullorðinna að í öll lög um fræðslu, sem við á séu sett ákvæði um fullorðinsfræðslu, sem innihaldi eftirfarandi atriði:

- a. Skilgreiningu á fullorðinsfræðslu, sem gæti farið fram samkvæmt viðkomandi lögum.
- b. Skyldu stjórnunaraðila viðkomandi laga til að skipuleggja og bjóða fullorðinsfræðslu.
- c. Um önnur atriði fullorðinsfræðslunnar, svo sem kennara, fjármál, námsinnihald, próf og þh. gildi sömu ákvæði og um frumfræðsluna.

Hins vegar telur I.N.S.Í. rétt að lögfest séu ákvæði um fjárstyrki opinberra aðila til fræðslusamtaka, sem annast fræðslu, sem opinberir aðilar láta ekki í té, cinkum á sviði félagsmála.

Virðingarfyllst, f. h. I.N.S.Í.

Björg Óskarsdóttir, ritari.

SKÓLANEFND NESKAUPSTAÐAR

Neskaupstað, 18. nóv. 1974.

Hjálagt sendi ég yður umsögn skólanefndar Neskaupstaðar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem Menntamálaráðuneytið sendi skólanefndinni til umsagnar í september s. l.

Í meðfylgjandi álitni skólanefndarinnar koma fram eftirtalin meginatriði:

1. Þótt æskilegt sé, að Alþingi móti á næstunni stefnu um fullorðinnafræðslu og hlúi að henni á ýmsan hátt, er ekki rétt að leggja umrætt frumvarp til grundvallar slíkri löggjöf, nema þá eftir rækilega endurskoðun.
2. Nauðsynlegt er að setja samræmda löggjöf um framhaldsskólastigið, að meðtalinni verk- og tæknimenntun, áður en sett verða yfirgripsmikil lög um fræðslu fullorðinna.
3. Æskilegt er að reynsla fái af starfi fræðsluráða í landshlutum (fræðsluumdæmum) að því er tekur til grunnskóla, áður en þeim verða falin ný og umfangsmikil verkefni varðandi önnur skólastig eða fullorðinnafræðslu.
4. Stuðningur ríkisins við fullorðinnafræðslu verði fyrst um sinn í margskonar óbeinu formi, en ekki þau „75% af sannanlegum kostnaði“, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. (Sjá að öðru leyti ábendingar skólanefndar undir lið 3. a—j).
5. Menntamálaráðuneytinu verði heimilað að starfrækja fullorðinnadeildir við skóla framhaldsstigsins fyrir fólk 21 árs og eldra, enda veiti þær fræðslu hliðstæða frummenntun og kostnaður verði þá greiddur af ríkinu á sama hátt og við frummenntun.
6. Hvatt verði til, að sveitarfélög komi sem víðast á námsflokkum með fjölbreyttu sniði undir stjórn skólanefnda og fulltrúa áhugaaðila með fjárhagsstuðningi sveitarsjóða og annarra heimaaðila, en óbeinum stuðningi ríkisins.
7. Atvinnurekendur standi straum af kostnaði við starfsþjálfun fullorðinna, sem er í beinum tengslum við atvinnurekstur og vinnustaði.

Um nánari tillögur vísast til umsagnar skólanefndarinnar.

Með vinsemd og virðingu,

f. h. skólanefndar Neskaupstaðar,
Hjörleifur Guttormsson, formaður.

13. nóvember 1974.

Umsögn um „frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“ og ábendingar um þann þátt fræðslumála.

Skólanefnd Neskaupstaðar hefur á nokkrum fundum rætt um „frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“, sem Menntamálaráðuneytið sendi nefndinni til umsagnar með bréfi dags. 9. sept. 1974 og fyrirhugað mun að flytja á yfirstandandi Alþingi.

Skólanefndin hefur á fundi sínum í dag, 13. nóv. 1974, orðið sammála um svofellda umsögn:

Skólanefnd Neskaupstaðar telur æskilegt, að á næstunni verði sett lög um fullorðinnafræðslu, er kveði á um helstu markmið, er stefna beri að á því sviði, tengsl við hið opinbera skólakerfi og beinan og óbeinan stuðning aðila við fullorðinnafræðslu. Margt í framkomnu frumvarpi horfir þar í rétta átt, en skólanefndin telur þó, að svo yfirgripsmikil löggjöf sem þessi um fræðsluþátt, sem mjög takmörkuð reynsla er fengin af hérlendis, sé ótímabær, og sitthvað í fyrirhugaðri stjórnsýslu og fjármögnun þurfi athugunar við, áður lögfest yrði.

Verður hér vikið að nokkrum atriðum, sem skólanefndinni þykir rétt að vekja athygli á varðandi frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

1. Tengsl við frummenntun.

Góður aðbúnaður opinberra aðila að frummenntun og skýr stefnumótun varðandi hana er þýðingarmikil forsenda fyrir fullorðinnafræðslu og tengsl beggja þessara þátta í fjölbreytilegri og gagnlegri ævimenntun. Í framtíðinni mun fullorðinnafræðslan víðast hvar á landinu þurfa að styðjast í ríki mæli við stofnanir og starfskrafta tengda frummenntuninni á öllum þremur stigum skólakerfisins. Af hálfu löggjafans vantar enn grundvallarstefnumótun varðandi framhaldsskólastigið og að nokkru um háskólastig. Þannig er afar brýnt, að í framhaldi af lögum um grunnskóla verði sett samræmd löggjöf um framhaldsskólastig, er m. a. taki til kostnaðar og innbyrðis tengsla allra skóla að grunnskóla loknum. Skiptir þar ekki minnstu máli svonefnd verk- og tæknimenntun, sem lengi hefur verið hornreka og vantað tengsl og jafnræði á við aðra fræðsluþætti. Skólanefndin teldi það vanhugsað, að fara að móta svo víðtæka löggjöf um fullorðinsfræðslu, sem ekki síst er ætlað að grípa inn á margháttaða starfsmenntun, áður en sett hefur verið löggjöf um framhaldsskólastig og starfsmenntun innan þess í reynd verið komið í viðunandi horf.

2. Stjórnsýsla.

Með frumvarpinu er lagt til, að stjórnun og eftirlit með fullorðinnafræðslu byggji í veigamiklum atriðum á nýmælum í löggjöf um grunnskóla að því er varðar fræðsluráð og fræðsluskrifstofur, sem landshlutasamtök sveitarfélaga yrðu aðilar að á móti ríkissjóði. Skólanefndin telur æskilegt, að reynsla verði látin skera úr um ágæti þessa kerfis, áður en farið verði að bæta þar við nýjum þáttum, svo sem fullorðinnafræðslunefndum (sbr. 7. gr.), en fræðsluskrifstofur gætu þó tekið að sér tiltekna þætti sem samræmingaraðili milli ríkis og sveitarfélaga og ýmiss konar fyrirgreiðslu í þágu fullorðinnafræðslu. Við teljum hins vegar, að stjórnun fullorðinnafræðslu að því er tekur til opinberra aðila eigi fyrst um sinn að vera í höndum Menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga. Ekki er óeðlilegt, að ríkinu til ráðuneytis komi fullorðinnafræðsluráð, kosið hlutfallslega af tilnefningaraðilum, og í sveitarfélögum viðkomandi skólanefnd í samvinnu við aðra aðila, svo sem aðstæður gefa tilefni til (launpegasamtök, fræðslufélög o. fl.).

Á þennan hátt mætti tryggja verulega aukinn stuðning við fullorðinnafræðslu og samræmingu að hálfu hins opinbera í samræmi við markaða stefnu, án þess að bæta við nýjum stjórnsýsluaðilum, fyrr en þá að fenginni reynslu.

3. Stuðningur ríkisins.

Skólanefndin telur, að meginreglan um fjárhagsstuðning ríkisins við fullorðinnafræðslu eigi fyrst um sinn að felast í margháttuðum óbeinum aðgerðum, en ekki í „75% af sannanlegum kostnaði“, sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem aðalviðmiðun um styrkveitingar.

Stuðningur ríkisins ætti m. a. að koma fram í eftirtöldu:

- a. Stjórnun og samræmingu fullorðinnafræðslu á vegum Menntamálaráðuneytisins og á vegum fræðsluskrifstofa í umboði þess.
- b. Skólarannsóknir ráðuneytisins taki einnig til fullorðinnafræðslu, og ríkið standi að og kosti námskeið fyrir leiðbeinendur.
- c. Ríkið launi sérþjálfaða námsleiðbeinendur (kennara), er starfi á vegum Menntamálaráðuneytisins sem eins konar farandkennarar, er taki að sér fræðslu og aðstoði við að koma henni af stað á vegum námsflokka í sveitarfélögum, á starfsþjálfunarnámskeiðum og víðar. Jafnframt geta þeir orðið mikilvægur felgiliður við skólarannsóknir og á annan hátt ráðgefandi um þróun fullorðinnafræðslu. Slíkum leiðbeinendum verði fjölgað smátt og smátt með hliðsjón af reynslu og æskilegri þróun.
- d. Skólarannsóknir beiti sér fyrir samningu og gerð fjölþætts námsefnis til fullorðinnafræðslu og stuðningi við útgáfu þess, einnig að því er varðar kennsluefni á vegum bréfaskóla.
- e. Veitt verði aðstaða án endurgjalds í skólahúsnæði eða öðru húsnæði í eigu ríkisins eða ríkis og sveitarfélaga, með aðgangi að kennslugögnum að bókasöfnum meðtöldum, að sjálfsögðu með fullu samkomulagi við umráðaaðila (sbr. 36. gr.).
- f. Í öllum nýbyggingum skóla og við breytingar á eldra húsnæði verði tekið tillit til þarfa fullorðinnafræðslu og gengið frá normum þar að lútandi á vegum Menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af tillögum ýmissa aðila, er standa að fullorðinnafræðslu.
Jafnframt verði þróuð kennslugagnastofnun ríkisins, er fullorðinnafræðsla eigi aðgang að til jafns við hið lögbundna skólakerfi (sbr. 18. gr.).
- g. Menntamálaráðuneytinu verði heimilað að starfrækja fullorðinnadeildir á vegum skóla framhaldsstigsins, enda veiti þær fræðslu hliðstæða frummenntun, einnig á sviði verk- og tæknimenntunar, og kostnaður greiddur á sama hátt og við hliðstæða frummenntun. Þess verði gætt að ákvarða aldursmark til innngöngu í slíkar deildir, að ekki verði stofnað með þeim til óeðlilegrar samkeppni við venjulega skólagöngu ungmenna, til dæmis miðað við 21 ár sem lágmarksaldur.
- h. Til stuðnings við starfsmenntun fullorðinna, sem þegar eru í starfi á vinnu- markaðinum veiti ríkið almenna stefnumarkandi forystu og aðstoði við að koma á sérstökum námskeiðum í samvinnu við starfsmannasamtök og fræðslu innan námsflokka og með öðrum hætti. Ríkið greiði kostnað vegna stjórnunar og skipulagningar slíks náms, stuðli að útgáfu námsefnis og launi sérhæfða kennslukrafta að vissu marki (sbr. c-lið), en á móti komi greiðslur frá starfsmannafélögum og úr atvinnuleysistryggingarsjóði, sbr. 24. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973, þar sem segir:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk, sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og

atvinnuleysisbætur eru samkvæmt 18. gr. a, fyrir hvern þáttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbætti þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda“.

Ekki teldum við heldur óeðlilegt, að fræðslusjóðir eða hliðstæðir sjóðir launþegasamtaka léttu undir með félagsmönnum með styrkveitingum eftir efnum og ástæðum til að eiga kost á fræðslu í slíkum námskeiðum og til þátttöku í öðrum greinum fullorðinnafræðslu.

Eðlilegt sýnist, að félagsmálafræðsla fyrir launþega verði tengd námsflokkestarfsemi á hverjum stað, enda eigi launþegasamtök aðild að stjórn námsflokka, eins og síðar verður að vikið. Gæti slík skipan komið í staðinn fyrir sérstakan félagsmálaskóla launþega á vegum ríkisins, sem hugmyndir hafa komið fram um, en stuðningur hins opinbera við félagsmálafræðslu komið inn í námsflokakerfið með öðrum hætti.

Kostnaður af starfsþjálfun fullorðinna í beinum tengslum við atvinnurekstur og vinnustaði ætti hins vegar að greiðast af atvinnurekendum einum eða samtökum þeirra, þótt ríki og stjórn námsflokka á hverjum stað gæti aðstoðað við skipulagningu. Í þessu sambandi tala höfundar frumvarpsins í greinargerð (bls. 24 efst) um þau markmið, „að fræðslan komi að notum og verði bæði til að efla atvinnulífið, tryggja persónuþroska og verkmenningu og auka ábyrgðartilfinningu og skapa greiðari og meiri upplýsingamiðlun milli allra þeirra, sem sameiginlega hagsmuna hafa að gæta.“ Sýnist eðlilegt, að atvinnurekendur beri einir kostnað af fræðslu, sem þannig er heinlínis ætlað að þjóna hagsmunum atvinnurekstrarins, og á meðan hljóta starfsmenn að eiga rétt á að halda óskertum launum.

Um réttindi til fræðslu, sem þegar eru bundin í kjarasamningum, t. d. hjá opinberum starfsmönnum, er óþarft að fjalla hér, en vel mætti hugsa sér að slík ákvæði yrðu regla í kjarasamningum launafólks, og þarf þá að tryggja lágtekniufólki, sem stendur utan stéttarfélaga (húsmæður, bændur) hliðstæð réttindi.

- i. Fræðsla í fjölmiðlum á vegum ríkisins, í hljóðvarpi og sjónvarpi, hefur verið stunduð lengi að því er varðar málakennslu í hljóðvarpi, og nokkur viðleitni hefur verið hjá sjónvarpinu í sömu átt. Þá fræðslustarfsemi þarf þó að efla mjög verulega sem fyrst. Einkum í sjónvarpi, og láta hana ná til fleiri sviða. Lenging á dagskrá sjónvarps ætti fyrst og fremst að heinast að slíku efni, sem fela ber umsjá fræðsluyfirvalda (Menntamálaráðuneytis) og sníða í senn að þörfum frummenntunar og fullorðinnafræðslu. — Skólasjónvarp þarf líka að bróa eftir föngum og nýta það há einnig í þágu fullorðinsfræðslu. Væri eðlilegt, að kennslugagnastofnun ríkisins hefði umsjón með uppbyggingu þess og framleiðslu efnis í þessu skyni.
- j. Um heina ríkisstyrki til almennasamtaka, er hafa ýmiss konar fræðslustarf á stefnuskrá sinni, er mikið fjallað í frumvarpinu, og sett fram þrískipting í fræðslusambönd, fræðslusamtök og fræðslufélög eftir landfræðilegri greiningu. Við erum þeirrar skoðunar, að slíkir styrkir séu tvíþent vopn, og geti allt eins orðið til að draga úr frumkvæði, áhugaanda og almennri þátttöku í starfi slíkra félaga, sem hafa þá tilhneigingu til að breytast í skriffræðistofnanir og nærast í reynd af ríkisframfærslu. Þar við bætist, hversu erfitt er að tryggja eftirlit með reikningshaldi slíkra aðila og gæðum þeirrar fræðslu, sem þeir standa fyrir, ekki síst úr fjarska.

Því ber að gjalda varhug við að fara út á þessa styrkjabraut, nema í takmörkuðum mæli, t. d. þannig að ótvíræð fræðslusambönd á landsvísu og bréfaskólar fái tiltekinn viðurkenningsstyrk á fjárlögum og staðbundin fræðslufélög hliðstæða viðurkenningu úr sjóði sveitarfélaga.

Samanburður við önnur Norðurlönd er ekki einhlítur mælikvarði í þessu efni, bæði vegna fólksfjölda og ekki síður almennt traustari menntunarundirstöðu og aðbúnaðar að frummenntun. Raunveruleg lengd vinnudags kemur hér einnig við sögu, og algengt vinnustrit héraendis hlýtur að draga úr fræðslusókn alþýðu miðað við grannlöndin, þótt aukið fræðsluframboð og bætt aðstaða gæti vissulega átt þátt í að snúa þeirri þróun við.

4. Stuðningur sveitarfélaga.

Ef frá er talið bréfaskólanám, starf fræðslusambanda, sérstök námskeið og fullorðinnadeildir við framhaldsskóla, hljóta sveitarfélögin með stuðningi ríkisins að verða hurðarás fullorðinnafræðslu á hverjum stað. Þar þarf að vera hægt að nýta skólahúsnæði sem best í þessu skyni til viðbótar við frumfræðslu, og taka tillit til þess í allri hönnun þess og búnaði. Mikilvægt er í þessu sambandi, að skólar séu einsetnir, þannig að fullorðinnafræðsla geti farið þar fram að loknum almennum vinnudegi fullorðinna án þess að valda truflun á frumfræðslu (almennu skólastarfi). Einnig virðist ákjósanlegt í þessu sambandi að tengja saman gagnasafn skóla og almenningsbókasafn, þannig að hvorttveggja nýtist báðum þáttum ævimenntunar, auk þeirrar hagkvæmni sem þessu fylgir í rekstri. Annað húsnæði, svo sem félagsheimili, skrifstofur og aðrir vinnustaðir geta og hentað vissum þáttum fullorðinnafræðslu.

Við erum sammála því sem kemur fram í frumvarpinu, að námsflokkar eða námshópar (hér sameinað undir heitinu námsflokkar) séu hið eðlilega form fyrir fullorðinnafræðslu innan sveitarfélags, og undir námsflokkastarfseminna megi einnig fella starfsmenntun samkvæmt h-lið hér á undan.

Eðlilegan aðila til að fara með stjórun fullorðinnafræðslu í sveitarfélagi teljum við vera viðkomandi skólanefnd að viðbættum fulltrúum frá samtökum launþega (verkalýðs- og starfsmannafélögum) og áhugamannafélögum um fræðslumál af ýmsu tagi. Gætu þessir aðilar kosið úr sínum hópi minni nefnd, er myndaði stjórn fyrir námsflokkum staðarins.

Um fjármögnun bendum við á aðrar leiðir en frumvarpið, þ. e. að heimaaðilar standi að fjármögnun í stað 75% styrks úr ríkissjóði, en ríkið legði þó fram margháttaðan stuðning, eins og á undan var rakið, og smám saman segði sá stuðningur meira til sín.

Fjármögnun heimamanna til fullorðinnafræðslu gæti komið frá ýmsum aðilum auk óbeins stuðnings í húsnæði og rekstri. Þar ætti að koma til fjárveiting úr sveitarsjóði (og ekki óeðlilegt að með henni sé reiknað við ákvörðun á tekjustofnum sveitarfélaga), úr sjóðum launþegasamtaka, atvinnuleysistryggingarsjóði, frá áhugafélögum, stofnunum og einstaklingum. Atvinnurekendur stæðu undir kostnaði við starfsþjálfun, sem beinlínis er tengd atvinnulífi og vinnustöðum, en gætu auk þess lagt fram fé að vild til námsflokkafræðslunnar.

Ekki er óeðlilegt, að með slíkum framlögum yrði myndaður einn sjóður, sem stjórn námsflokka hefði umráð yfir og notaði til að greiða óhjákvæmilegan kostnað af námsflokkastarfseminni, það sem á vantaði yrði að leggja með námsgjöldum á þáttakendur, en þá efnaminnstu og öryrkja þyrfti að styrkja sérstaklega.

Sveitarfélög, er stæðu sameiginlega að námsflokkum eða ættu þar þáttakendur, yrðu að jafna metin með samkomulagi sín á milli.

5. Lokaorð.

Með þeirri skipan, sem hér hefur verið reifuð, teljum við að renna megi í náinni framtíð stoðum undir fullorðinnafræðslu víða um land, þar sem áhugi og

efniviður er fyrir hendi, á raunsærri hátt og með skynsamlegri þróun en gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi frumvarpi. Vissulega felst þó margt gott í því, og ber það ljósan vott um, að höfundar þess vilja hag fullorðinnafræðslu sem bestan. Við þá er ekki að sakast, að ekki liggur fyrir enn samræmd löggjöf um framhaldsskólastigið, en setningu hennar teljum við brýnasta verkefni löggjafans nú á sviði menntamála, og þurfi hún að liggja fyrir áður en gengið verði frá mjög víðtækri lagasetningu um fullorðinnafræðslu.

Veikar hliðar frumvarpsins teljum við einkum þær, að á litlu er að byggja héraendis varðandi þennan fræðslubátt, en vaktar eru vonir um fjárveitingar til ýmissa aðila frá ríkinu, en hætt er við að þær yrðu naumt skornar í reynd og deildust á marga staði með óvissum árangri. Hlutur áhugafélaga er líka ætlaður meiri en rausætt er að okkar mati. Takmörkuðum fjárveitingum ríkisins til menntamála er að okkar dómi fyrst um sinn best varið til að styrkja undirstöðu frummenntunar og fullorðinnafræðslu á þann hátt, sem hér hefur verið að vikið.

Skólanefndin væntir þess, að framkomnar athugasemdir verði ekki túlkaðar á þann veg, að hún sé andsnúin fræðslu fullorðinna né lagasetningu og viðsýnni stefnumörkun um það efni. Við teljum hér afar brýnt málefni á ferð, sem rækja þurfi mun betur en gert hefur verið um leið og náð verði til sem flestra án tillits til efnahags og þjóðfélagsstöðu. Skólanefndin hefur haft til athugunar um hríð að beita sér fyrir námsflokkestarfsemi hér í kaupstaðnum og mun eiga um það samvinnu við ýmsa aðila. Kannski verðum við vitrari að þeirri tilraun lokinni og getum þá endurmetið afstöðu okkar. Hvaða lög sem sett verða um þessi efni, væntum við sem bestar samvinnu á grundvelli þeirra við þá aðila, sem til verða kvaddir að sinna fullorðinnafræðslu.

Í skólanefnd Neskaupstaðar:

Ágúst Jónsson, Björn Magnússon, Elínborg Eyþórsdóttir,
Hjörleifur Guttormsson, Sigrún Geirsdóttir.

Aðrir er um málið fjölluðu:

Gerður G. Óskarsdóttir, skólastjóri, Gísli Sighvatsson, skólastjóri,
Guðmundur Bjarnason, kennari, Randiður Vigfúsdóttir, varafulltrúi í
skólanefnd Neskaupstaðar.

Sent menntamálaráðuneytinu, menntamálanefndum Alþingis,
alþingismönnum Austurlands, bæjarstjórn Neskaupstaðar og
fræðsluráði Austurlands.

4. nóvember, 1974.

Hinn 9. september 1974 ritaði ráðuneytið svofellt bréf:

„Nefnd sú, sem ráðuneytið skipaði 26. október 1971 til þess „að gera tillögur um, hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna, en hafi m.a. að markmiði að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga“, hefur skilað tillögum sínum í formi frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu.

Ráðuneytið sendir yður frumvarp þetta til skjótrar umsagnar og væntir að umsögnin berist hingað eigi síðar en 21. október n.k.“

Bréfið ásamt frumvarpinu var sent:

Guðmundi Arnlaugssyni, rektor Menntaskólans við Hamrahlið, Kvöldskólanum, Fells múla 10, R., Námsflokkum Reykjavíkur, Námsflokkum Akureyrar, Náms-

flokkum Akraness, Námsflokkum Keflavíkur, Námsflokkum Hafnarfjarðar, Námsflokkum Kópavogs, Sambandi ungra jafnaðarmanna, Sambandi ungra sjálfstæðismanna, Ungmennafélagi Íslands, Iðnnemasambandi Íslands, Æskulýðssambandi Íslands, Stjórnunarfélagi Íslands, Félagsmálaskóla Framsóknarflokksins, Fylkingunni, baráttusamt. sósílista, Alþýðubandalaginu í Rvík, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, Fiskifélagi Íslands, Verkstjórnarfræðslunni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Verkamannafélaginu Dagsbrún, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Málaskólanum Mími, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Íslenskum ungtemplurum, Íþróttasambandi Íslands, Sambandi ísl. námsmanna erlendis, Iðnfræðsluráði, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landsambandi ísl. útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Rauða krossi Íslands, Áfengisvarnarráði, Bandalagi ísl. skáta, Bandalagi háskólamanna, Hinu ísl. prentarafélagi, Iðju, félagi verksmiðjufólks, Landvernd, Málm- og skiparsmiðasambandi Íslands, Sambandi bindindisfélaga í skólum, Sjómannasambandi Íslands, Trésmiðafélagi Reykjavíkur, Verkamannasambandi Íslands, Málaskóla Halldórs Þorsteinssonar, Bréfaskóla SÍS og ASÍ, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Háskólaráði, Fræðslumyndasafni ríkisins, Vinnumálasamb. samvinnufélaga, Ísl. þjóðkirkjunni, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fjórðungssambandi Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, Fræðsluráði Reykjavíkur, Fræðsluráði Kópavogs, Fræðsluráði Hafnarfjarðar, Fræðsluráði Akureyrar, Fræðsluráði Ísafjarðar, Fræðsluráði Vestmannaeyja, Fræðsluráði Seyðisfjarðar, Fræðsluráði Siglufjarðar, Fræðsluráði Ólafsfjarðar, Fræðsluráði Keflavíkur, Fræðsluráði Akraness, Fræðsluráði Sauðárkróks, Fræðsluráði Húsavíkur, Landssambandi framhaldsskólakennara, Sambandi ísl. barnakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, Alþýðusambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Skálholtshótelaginu.

Borist hafa umsagnir frá eftirgreindum:

Áfengisvarnarráði, Bandalagi Háskólamanna, Biskupi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Iðnfræðsluráði, Íþróttasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Námsflokkum Akureyrar, Rauða krossi Íslands, Sambandi íslenskra barnakennara, Skálholtshótelaginu, Stjórnunarfélagi Íslands, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Ungmennafélagi Íslands.

Sendast fullorðinsfræðslunefnd hér með ljósrít af umsögnunum til athugunar og umsagnar.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Til fullorðinsfræðslunefndar,
h/t sr. Guðmundar Sveinssonar, skólameistara,
Þórsgötu 14, Reykjavík.

ÁFENGISVARNARRÁÐ

Reykjavík, 9. október 1974.

Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 9. f.m., tjáir Áfengisvarnarráð yður að það hefur kynnt sér frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu sem bréfinu fylgdi.

Við sjáum enga ástæðu til að gera neinar athugasemdir við frumvarpið enda teljum við ljóst að bindindisfræðsla (þ.e. fræðsla um áfengi, tóbak og önnur ávana- og fíkniefni), sem til kann að verða stofnað utan lögboðinna og/eða greiddra kennslustunda, falli undir ákvæði laga þessara ef samþykkt verða.

Víða er nú kvartað um að bindindisfræðsla fari ekki fram eins og lög mæla fyrir og því teljum við þörf á námskeiðum í þeirri grein.

Ólafur Haukur Árnason.

Hr. Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri,
Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

Reykjavík, 31. október 1974.

Þökkum bréf yðar dags. 9. sept. s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Bandalag háskólamanna fól þeim Jóhanni S. Hannessyni menntaskólakennara og Kristjáni Bersa Ólafssyni skólastjóra að kynna sér frumvarpið og fylgir umsögn þeirra hér með.

BHM hefur látið sig þessi mál nokkuð varða og voru þau m.a. rædd á ráðstefnu BHM um hlutverk háskóla í mars s.l. og vonast BHM eftir að fá að fylgjast með framgangi þessara mála.

F. h. Bandalags háskólamanna,
Guðríður Þorsteinsdóttir.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6.

Til Bandalags háskólamanna,

Eskihlíð 8 A, Reykjavík.
26. október 1974.

Að beiðni Bandalags háskólamanna höfum við Kristján Bersi Ólafsson skólastjóri kynnt okkur frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu, sem lagt var fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974. Þótt naumur tími hafi verið til að bera saman ráð okkar, er ljóst að við erum á einu máli um öll meginatriði frumvarpsins, og varð að samkomulagi með okkur að ég gerði bandalaginu eftirfarandi grein fyrir sam-
eiginlegu álitum okkar.

Við teljum að fagna beri því, að frumvarp til laga um menntun fullorðinna hefir verið lagt fyrir Alþingi og þar með viðurkennt mikilvægi þessa þáttar í þjóðmenntuninni og nauðsyn þess að treysta með löggjöf stöðu hans við hlið annarra lögbundinna þátta og tryggja honum jafnan rétt við þá. Einnig teljum við rétt að fram komi viðurkenning á ágætu starfi nefndar þeirrar er frumvarpið undirbjó, ekki síst á hinni vönduðu greinargerð er frumvarpinu fylgir og ber ljósan vott um viðsýni og framsýni nefndarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins höfum við fát að segja. Hins vegar lítum við svo á að miðg víða í frumvarpinu sé þörf á að skilgreina mun nánar er gert er ýmis mikilvæg heiti og hugtök, sem mörg eru nýrri eða nýstárlegri en svo, að öruggt sé um einræða túlkun þeirra. Í greinargerð með frumvarpinu er aftur á móti að finna glöggá skilgreiningu á flestum þeirra heita og hugtaka í texta frumvarpsins, sem máli ekinfa, og þar er markmiðum fullorðinsfræðslunnar rækilega lýst. Í frumvarpinu er reglum og reglugerðum, er settar skulu af menntamálaráðuneytinu ætlaður geysistór hlutur í sambandi við framkvæmd laganna. Virðist okkur sem slíkar reglur og reglugerðir muni þeim mun örugglegar samræmast anda og markmiði laganna, sem lagabókstafurinn sjálfur er þar ótvíráðari leiðarvísir.

Teljum við því rétt að lagt verði til, að við meðferð frumvarpsins verði vandlega að því hugað, hvort ekki beri að finna skilgreiningum og markmiðalýsingum greinargerðarinnar stað í texta frumvarpsins sjálfs. Virðist okkur sem þetta megi gera án þess að fara út fyrir þau mörk sem þörfin á skynsamlegu svigrúmi við framkvæmd laganna setur.

Hér skulu aðeins nefndir örfáir staðir í frumvarpinu þar sem okkur virðist vafi leika á um merkingu heita og hugtaka eða orðalags yfirleitt, en greinargerð hinsvegar tekur þann vafa af:

1. gr. „jafnréttihá“.
4. gr. „ábyrgð“.
17. gr. „námsflokkar“, „náms hópar“.
20. gr. „að því leyti sem við getur átt“.
23. gr. „að fræðslan sé frjáls“. (Hér er einn þeirra sárafáu staða þar sem greinargerð virðist ekki fyllilega skera úr merkingu orða.)
27. gr. „innritunargjald“.

Til viðbótar því, sem þegar hefir verið sagt, skal aðeins drepjið á þrjú atriði:

1) Ekki virðist nægileg áhersla á það lögð, að fullorðinskennsla er um margt svo frábrugðin venjulegri skólakennslu, að ekki er öruggt að hæfni til skólakennslu sé um leið hæfni til fullorðinskennslu. Virðist ástæða til að hugleiða, hvort ekki beri að bæta í frumvarpið ákvæðum er tryggi annarsvegar tækifæri til sérmenntunar í kennslu fullorðinna og hinsvegar rétt fullorðinna til hæfra kennara. Ákvæðum 21. greinar virðist ekki ætlað þetta hlutverk.

2) Í stað heimildar þeirrar sem veitt er í 22. grein teljum við að koma ættu fyrir-mæli: „Stofna skal“ o.s.frv.

3) Í 24. grein virðist sem réttur opinberra starfsmanna sé einbundinn við þær reglur, sem ákveðnar eru í starfs- og kjarasamningum. Eflaust mun þó svo til ætlast, að auk slíkra reglna gildi um þá, jafnt og aðra þjóðfélagsþegna, öll almenn ákvæði laga um fullorðinsfræðslu.

Virðingarfyllt,
Jóhann S. Hannesson.

BISKUP ÍSLANDS

Reykjavík, 29. október 1974.

Frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu sem hið háa ráðuneyti hefur sent mér til umsagnar, hefur nefnd sem starfar á vegum kirkjunnar fengið til athugunar. Ég leyfi mér hér með að senda álit hennar á téðu frumvarpi.

Sigurbjörn Einarsson.

Menntamálaráðherra
Vilhjálmur Hjálmarsson
Hverfisgötu 6—8, Reykjavík.

Árið 1974, 11. október, var haldinn í Reykjavík fundur ráðgefandi nefndar, er starfar með menntamálanefnd þjóðkirkjunnar, og fjallar mest um kirkjulega skóla. Mættir voru allir nefndarmenn, sr. Guðmundur Þorsteinsson Reykjavík, formaður, sr. Heimir Steinsson Skálholti, Margrét Jónsdóttir skólastjóri Löngumýri, Jónas Pálsson skólastjóri Reykjavík og Páll Lýðsson bóndi Sandvík í Flóa.

Á fundi þessum var lagt fram til umræðu fyrir nefndina og til umsagnar „frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“ er lagt verður fram fyrir 95. löggjafarþing 1974. Nefndin ræddi frumvarpið ýtarlega og kynnti sér greinargerð fullorðinsfræðslu-nefndar og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Sérstaklega var tekið

til umræðu á hvern hátt löggjöf um fullorðinsfræðslu gæti orðið til góða því fræðslu- og menntunarstarfi, sem kirkjan stendur nú að.

Nefndin fagnar tilkomu þessa frumvarps, og telur, að það hafi tekið jákvæðum og veigamiklum breytingum frá þeim drögum, er voru einnig til umsagnar hjá nefndinni 2. sept. 1973. Þakka ber einnig, að menntamálanefnd þjóðkirkjunnar hefur verið boðið að segja álit sitt, og má telja það vott þess, að fræðslustarfi kirkjunnar er ætlaður staður innan laga um fullorðinsfræðslu.

Nefndin lítur svo á, að fræðslustarfi, sem þjóðkirkjan rekur nú, eða kann síðar að fitja upp á, og heimfæra má undir fullorðinsfræðslu, megi skipa á bekk með þeim þætti fullorðinsfræðslunnar, sem 3. grein frumvarpsins, c. liður nefnir: . . . „fræðslusambönd í landinu öllu“. Kemur sá skilningur nefndarinnar einnig heim við 13. grein frumvarpsins, en þar er rétt að skipa fullorðinsfræðslustarfi kirkjunnar í flokk með þeim félögum eða félagsheildum, er hafa með höndum fræðslustarf í landinu öllu, enda sé tiltölulega sjálfstætt landssamband í fyrirsvari fræðslustarfsins.

Hin frjálsa fræðslustarfsemi, sem nú er hafin með starfi Skálholtsskólafélagsins í Skálholti og fyrirhuguð er við framtíðarrekstur skólans á Löngumýri, telur nefndin, að falli vel undir vissa þætti væntanlegrar fullorðinsfræðslu, enda stofni þjóðkirkjan sjálfstætt fræðslusamband, er annist þennan starfsþátt í samræmi við löggjöfina.

Á ofanrituðum forsendum hvetur nefndin til þess, að frumvarpið fái jákvæðar undirtektir og samþykkt Alþingis. Áskilur hún sér einnig rétt til að endurskoða eða túlka betur álit sitt, ef framangreindur skilningur er ekki í samræmi við skilning fullorðinsfræðslunefndar. Ennfremur verði við afgreiðslu frumvarpsins gengið úr skugga um, að þessi verði einnig skilningur löggjafans. Óskar nefndin eftir að mega reifa mál þetta betur, ef frumvarpið breytist síðar í meðferð þingnefnda.

Guðmundur Þorsteinsson, formaður

Páll Lýðsson, fundarritari

FJÓRÐUNGSSAMBAND NORÐLENDINGA

Akureyri, 17. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6 Reykjavík.

Með bréfi dags. 9. september 1974 leitar ráðuneytið umsagnar Fjórðungssambands Norðlendinga um frumvarp um fullorðinsfræðslu. Menntamálanefnd sambandsins tók erindi yðar til umræðu á fundi sínum 15. október s.l. og gerði um það eftirfarandi ályktun:

„Menntamálanefnd Fjórðungssambands Norðlendinga er sammála þeirri meginstefnu er fram kemur í frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. Nefndin telur þó að stjórn fullorðinsfræðslunnar megi gera einfaldari og virkari en frumvarpið gerir ráð fyrir sbr. 6. og 7. grein og telur að athuga þurfi nánar ýmsa þætti er varða framkvæmd frumvarpsins, þó telur nefndin að raunhæfasta leiðin til fullorðinsfræðslu úti um land verði í sem nánustu samstarfi við það skólastarf er fyrir er á hverjum stað“.

Það skal tekið fram að nefndinni gafst ekki tími til að taka efnislega afstöðu til einstakra atriða eða til fjármálahliðar málsins.

f. h. Fjórðungssambands Norðlendinga
Áskell Einarsson.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Ísafirði, 21. október 1974.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði á fundi sínum í gær um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Stjórnin hefir jákvæð viðhorf gagnvart meginefni frumvarpsins, en vill vara við að leggja á sveitarfélögin ný útgjöld, án þess að jafnframt sé séð fyrir tekjustofni, sem nægi þeim til að standa undir hinum nýju útgjöldum.

Virðingarfyllst,

f. h. Fjórðungssambands Vestfirðinga,
Jóhann T. Bjarnason.

Til menntamálaráðuneytis,
Reykjavík.

Afrit sent til Sambands ísl. sveitarfélaga, Reykjavík.

IÐNFRÆÐSLURÁÐ

17. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

Um: Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, samanber bréf ráðuneytisins dagsett 9. september 1974.

Á fundi Iðnfræðsluráðs þ. 9. 10. 74 var lagt fram frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, en áður hafði sérhverjum meðlimi ráðsins verið sent eintak til yfirlstrar.

Iðnfræðsluráð ákvað að benda á þá skoðun sína að fullorðinsfræðsluna beri að tengja við þær fræðslustofnanir, er nú annast frumfræðslu á verkfræðslustigi og að ekki eigi að byggja upp annað fræðslukerfi samhliða hinu fyrra.

Í núverandi lögum um iðnfræðslu og lögum um tækniskóla er að finna heimildir um hvers konar námsskeið fyrir frumfræðslu, endurhæfingu og framhaldsnámsskeið, ásamt heimildum um fræðslu fyrir starfsfólk í verksmiðjuiðnaðinum.

Iðnfræðsluráð telur að leggja beri áherslu á að efla núverandi fræðslustofnanir, en að dreifa ekki fjármagni og kennslukröftum. Iðnfræðsluráð telur að menntun samkvæmt b-lið 1. greinar frumvarpsins verði að gerast með samstarfi við atvinnulífið innan núverandi og væntanlegs verkfræðslukerfis.

f. h. Iðnfræðsluráðs,
Óskar Guðmundsson.

ÍÐRÓTTASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 23. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
Hr. ráðuneytisstjóri Birgir Thorlacius
Hverfisgötu 6

Framkvæmdastjórn Í. S. Í. hefur athugað frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Framkvæmdastjórnin fagnar því að þessi mál eru nú komin í þann farveg sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hér er um að ræða mikilvægt mál, sem markar tímamót á sviði fræðslumála. Vér höfum engar athugasemdir fram að færa við orðalag frumvarpsins og leyfum oss að vænta þess að það nái samþykki Alþingis hið fyrsta.

Um framkvæmdina teljum vér að fara muni eftir þeim reglugerðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir ásamt því hve Alþingi verður örlátt á fé til þessarar starfsemi.

Eins og fulltrúi Í. S. Í. skýrði fullorðinsfræðslunefndinni frá s.l. haust, hefur framkvæmdastjórn Í. S. Í. beitt sér fyrir stofnun grunnskóla Í. S. Í. fyrir leiðbeinendur í íþróttum. Sýnist oss að sú starfsemi rúmist innan ramma lagafrumvarpsins um fullorðinsfræðslu og fagnar framkvæmdastjórn Í. S. Í. væntanlegu samstarfi við stjórn fullorðinsfræðslunnar um það viðfangsefni.

Virðingarfyllt
Íþróttasamband Íslands
Sigurður Magnússon.

KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 25. október 1974.

Með bréfi dags. 9. september þ.á. óskaði menntamálaráðuneytið eftir umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frv. til l. um fullorðinsfræðslu.

Stjórnin hefur á fundi sínum í dag rætt frv. þetta og vill gera eftirfarandi athugasemdir:

Við 4. gr.: Síðari málsgrein a-liðar falli niður. Vísast til ákvæða 5. gr. a, sem virðast fullnægjandi til þess, að atvinnuvegirnir fái þá styrki frá ríkinu, sem þeim eru nauðsynlegir.

Við 6. og 7. gr.: 7. gr. verði 6. gr. og 7. gr. verði svohljóðandi: Menntamálaráðuneytinu er heimilt að kalla fulltrúa frá öllum fræðsluráðum landsins til funda sem ráðgefandi aðila um fullorðinsfræðslu þegar ástæða þykir til.

Við 17. gr.: Stjórn K. Í. vill taka fram, að hún leggur þann skilning í orðið „stuðningskennslu“, að þar sé átt við kennara, sem t. d. veitir nemendum námshópa kennslu stuttan tíma í senn til skilningsauka á námsefninu.

Jafnframt vill stjórnin láta í ljósi ánægju sína yfir því, að frumvarp þetta er komið fram og telur æskilegt að það verði hið fyrsta samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt,
f. h. Kvenfélagasambands Íslands,
Sigurveig Sigurðardóttir, Margrét S. Einarsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir.

MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALÞÝÐU

Menntamálaráðuneytið
hr. Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri
Hverfisgötu 6

Reykjavík, 21. október 1974.

Við undirritaðir höfum fengið til umsagnar frá menntamálaráðuneytinu: Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Við teljum að frumvarpið, ef að lögum verður, muni marka tímamót í fullorðinsfræðslumálum hér á landi.

Jafnframt viljum við undirstrika það sjónarmið Stefáns Ögmundssonar fulltrúa Alþýðusambands Íslands í nefnd þeirri, er tók saman frumvarp til laga um fullorðins-

fræðslu, að sérstök deild verði sett á stofn í menntamálaráðuneytinu til að annast fullorðinsfræðslumál í samráði við fullorðinsfræðsluráð. Verði þetta ekki gert er hætta á því að dómi okkar, að fullorðinsfræðslan falli í skugga hins hefðbundna skólakerfis.

Þá teljum við að rétt hefði verið að geta þess í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins hverjir skipi meiri- og minni hluta nefndarinnar og stofnanir eða félagasamtök að baki þeirra.

Með vinsemd

Ólafur Hannibalsson, Hjörleifur Sigurðsson.

NÁMSFLOKKAR AKUREYRAR

Akureyri, 10. október 1974.

Menntamálaráðuneytið
hr. Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri
Reykjavík

Hér með sendi ég umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem ráðuneytið fól mér til umsagnar.

Virðingarfyllst,
Bárður Halldórsson.

Umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Inngangur.

Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur þeim þætti menntamála, sem snýr að fullorðnu fólki og þeim, sem hug hafa á endurmenntun og frístundamenntun hvers konar, lítið verið sinnt hér á landi og eru lög þar að lútandi vægast sagt fátækleg.

Æ meiri áhersla er nú hvarvetna lögð á menntun fullorðinna og virðist ljóst, að svo muni einnig verða hér á landi. Því ber að þakka það átak, sem ríkisvaldið hefur gert með skipan nefndar og flutning frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu. Mér er fullkomlega ljós sá mikli vandi, sem nefndinni var á höndum, er hún réðst í samning þessa frumvarps. Má reyndar segja, að í þessum þætti menntamála hafi hún „rennt blint í sjóinn“ — enda lítil sem engin hefð til staðar og pasturslítill grunnur að byggja á.

Það er því eðlilegt, að margt orki tvímælis í frumvarpinu og sitt sýnist hverjum. Ég hlýt að fagna frv. sem heild, þar sem það er talandi tákn þess, að menn eru að vakna til vitundar um þá miklu þörf, sem er í þjóðfélaginu fyrir hvers kyns fræðslu þess fólks, sem hingað til hefur notið þeirra forréttinda einna að mega með sköttum sínum og kyðum til samfélagsins standa undir æ kröfuharðari menntamannastétt.

Ég hlýt engu að síður að benda á nokkur atriði, sem ég tel að gætu staðið til bóta í frv. og gagnrýna það, sem ég tel verða til trafala — jafnvel skaðlegt þeirri meginhugsun, sem fram kemur í frv.

Athugasemdir.

Í 1. gr. frv. kemur réttilega fram, að fullorðinsfræðslan er engu ómerkari en sjálf frumfræðslan. Varasamt er hins vegar að ætla með lögum að binda svo hendur fjárveitingarvalds eins og nefndarmenn hafa í huga — sbr. greinargerð með frv. þar sem segir: „Báðir aðalþættir ævimenntunarinnar — frummenntunin og fullorðinsfræðslan, skuli jafnrétt háir, þ. e. a. s. eiga jafnan rétt á skipulagningu, fram-

kvæmdum og fjárframlögum eftir því sem fjárhagsgeta landsmanna leyfir“. Þarna er djúpt tekið í árinna, og þótt undirstrika megi hversu mikilvæg fullorðinsfræðslan er, tel ég vafasamt að ætla henni þegar í stað svipaðan sess í framkvæmdum og fjárveitingum eins og frummenntuninni hefur þegar verið skipaður.

Við þrískiptingu fræðslunnar hef ég ekkert að athuga.

2. gr.

Úr 2. gr. falli niður „í samráði við fullorðinsfræðsluráð“, sbr. athugasemdir við 6. gr. frv.

3. gr.

Ég tel eðlilegt, að þessi grein orðist svo:

„Fullorðinsfræðslu annast þessir aðilar: ríki og sveitarfélög í samráði við aðila vinnumarkaðarins, fræðslufélög á ýmsum stöðum, fræðslusamtök í fræðsluumdæmum og fræðslusambönd í landinu öllu.“

Varhugavert er að dreifa framkvæmd fræðslunnar á of margar hendur.

Fræðsluumdæmin eru ekki framkvæmdaaðili, heldur stjórnarsýsluaðili og hafa ekki sem slík neitt með framkvæmd laga að gera. Þar sem lög hafa ennþá ekki verið sett um valdsvið landshlutasamtaka, tel ég ekki rétt að ætla þeim ákveðið valdsvið í lögum um fullorðinsfræðslu. Hætt er við lítilli samræmingu sé framkvæmd laganna dreift í marga staði. Eftirlit menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga ásamt fullorðinsfræðslunefnd fræðsluumdæma, þar sem aðilar vinnumarkaðar eiga sína fulltrúa, ætti að vera næg trygging þess, að þörfum viðkomandi nemenda sé sinnt.

4. gr.

Hér er orðið ábyrgð notað í stað hins hefðbundna orðalags „annast framkvæmd“. Mér virðist vart vera hægt að láta ríkið „bera ábyrgð á“ fullorðinsfræðslu. Þetta felur í sér, að þeir, sem settir hafa verið yfir viðkomandi stofnanir séu þar með sviptir hefðbundinni og að mínum dómi eðlilegri ábyrgð forstöðumanna opinberra stofnana.

a-liður 4. gr. orðist því svo: „Ríki annast framkvæmd þeirrar fullorðinsfræðslu“ Í b-lið er enn talað um fræðsluumdæmi sem framkvæmdaaðila, sem eins og áður segir, er ekki rétt, þar sem fræðsluumdæmin eru stjórnarsýsluaðili en ekki framkvæmdar. Eðlilegt væri því, að þarna stæði: „Sveitarfélög annast framkvæmd o. s. frv.“

5. gr.

Í b-lið þessarar greinar komi „Ríkið“ í stað fræðsluumdæmi.

6. gr.

Ég legg til að greinin sem heild verði felld niður, þar sem engin ástæða virðist til að koma upp sérstakri yfirstjórn þessarar fræðslu — utan menntamálaráðuneytis — fremur en annarrar fræðslu. Auk þess virðist mér greinin bera þess allt of sterkan keim að hún sé eins konar framlenging þeirrar nefndar, sem frv. samdi. Í 7. gr. er lagt til að fullorðinsfræðslunefnd verði skipuð í fræðsluumdæmum og virðist mér engin ástæða til að koma upp annarri „silkihúfu“ upp af henni.

7. gr.

Í þessari grein svo og fleiri, sem á eftir fylgja, virðist mér alls ekki gert ráð fyrir hlutdeild þeirra aðila, sem fullorðinsfræðslan hefur fram til þessa mest mætt á, en þar á ég við námsflokka, sem reknir hafa verið af sveitarfélögunum. Má raunar líta svo á, að í þessari grein og þeim, sem á eftir koma, sé fyrst og fremst tekið mið af MFA og Bréfaskóla SÍS og ASÍ. Án þess að gert sé lítið úr hlut þessara aðila og framtíðarhlutverki í fullorðinsfræðslu, leyfi ég mér að efa, að hagkvæmt sé eða hentugt, að þeir hafi þau áhrif á stjórn og framkvæmd fullorðinsfræðslu, að þeim sé til að mynda falið að tilnefna fulltrúa í fullorðinsfræðslunefnd - enda hefur starf-

semi þeirra, svo dæmi sé tekið, nær eingöngu verið á einu sviði fullorðinsfræðslu — þ.e. á sviði fristundamenntunar. Ég legg því til, að í stað orðanna - „svo og tveim fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka í umdæmunum“ - komi - „svo og einum fulltrúa fræðslufélaga og einum fulltrúa frá námsflokkum viðkomandi umdæmis“. Sé dæmi tekið, má nefna, að í Norðurlandi eystra fer áreiðanlega vel röskur helm-ingur fullorðinsfræðslu fram á vegum Námsfl. Akureyrar og sé ég enga ástæðu til að svipta þá stofnun algerlega öllu áhrifavaldi í málefnum fullorðinsfræðslu, eins og frv. leggur til með skipan fullorðinsfræðslunefndar. Ég tel jafnframt eðlilegt, að fullorðinsfræðslunefnd gegni svipuðu hlutverki gagnvart ráðuneyti menntamála eins og fræðsluráðin - þ.e. „fari ekki með stjórn fullorðinsfræðslu“ - heldur verði ráð-gefandi aðili, enda skipi ráðherra formann nefndarinnar.

14.—19. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum mínum við 7. gr. tel ég frv. sem heild bera þess of mikinn svip, að mið sé tekið af fræðslusamböndunum - þ. e. Bréfaskóla SÍS og ASÍ og Menningar- og fræðslusamtökum alþýðu. Það er því aðeins sanngjarnt, að ég rökstyðji þessa fullyrðingu frekar.

13.—15. gr. (báðar incl.) fjalla eingöngu um réttarstöðu þessara fræðslusambanda og samtaka en í 17. gr. er aðeins dregið á það, að til séu starfandi námsflokkar í landinu og þá undir heitinu „aðrir aðalþættir fullorðinsfræðslu“. Ég tel eðlilegt, að þarna verði kveðið skýrar að orði og játa fúslega, að ég skil ekki hvað fyrir nefnd-armönnum hefur vakað. Vart hafa þeir ætlað að neita þeirri staðreynd, að aukning nemenda í námsflokkum alls staðar um landið hefur verið gífurleg - jafnvel margfald-ast sums staðar - en ekki hefur heyrst getið um svo verulega aukningu nemenda í fræðsluhópum samtaka eða sambanda. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika ræki-lega, að aðsókn hefur verið mjög mikil og er ört vaxandi í fullorðinsdeildir ýmiss konar (öldungadeildir menntaskóla og gagnfræðadeildir) - en svo virðist sem umtals-verður hluti fólks verði utan garðs í menntakerfi þjóðarinnar, þrátt fyrir lengingu skólaskyldu og aðrar „umbætur“ í skólakerfinu á síðustu árum.

Ástæður þess, að nokkur hluti fólks hættir ennþá námi innan skólaskyldualdurs, eru fyrst og fremst félagslegar, en þó einnig sálrænar og má ætla, að ekki verði þar úr bætt í einni sjónhending - þrátt fyrir skrautlega kastalasmíð grunnskælu.

Verður því að ætla fullorðinsfræðslunni að annast frummenntun verulegs hluta nemenda. Til þess að svo megi verða, verður að kveða skýrar að orðum um hlutverk þeirra stofnana, sem það hlutverk er ætlað.

Ég legg því til, að áðurnefndar greinar verði allar teknar til gagngerrar endur-sköðunar með það fyrir augum, að skýrt verði á kveðið um ákveðnar stofnanir í hverju fræðsluumdæmi, sem ætlað sé það hlutverk að sjá um fullorðinsfræðslu - einkum á sviði frummenntunar og fristundamenntunar. Mér virðist ástæðulaust að dreifa þeirri framkvæmd til alls kyns sambanda og félaga - enda verði hverjum sem er heimilt eftirleiðis sem hingað til að setja upp námskeið og námshópa og geti fengið til þess styrki úr ríkissjóði samkvæmt nánara ákvæði í reglugerð.

32. gr.

Þar sem hætt er við, að þátttaka í fullorðinsdeildum á landsbyggðinni verði fyrst í stað a.m.k. lítil, list mér tala þessi of há, og legg til að greinin orðist svo:

„..... skal fá ríkisstyrk, er nemur 75% kostnaðar miðað við 15 nemendur, en í hlutfalli við þá tölu, séu nemendur færri“.

34. gr.

Ég sé enga ástæðu til að taka þarna sérstaklega út úr fræðslusamböndin og legg því til að ákvæði þessarar greinar nái til allra stofnana, sem sjá um fullorðinsfræðslu.

Eftirmáli.

Svo sem fram kemur af þessum athugasemdum, virðist mér sitthvað að athuga við frv., en það haggar í engu þeirri skoðun minni, að með samningu þessa frumvarps hafi verið unnið gagnmerkt þjóðþrifaverk, þótt þeim, sem unnu að frumvarps-smíðinni, hafi verið mikill vandi á höndum og eins og eðlilegt er um byrjendaverk, ber frumvarpið þess greinileg merki, að ekki er við mikla hefð að styðjast. Athugasemdir mínar snerta því á engan hátt anda þessa frumvarps, heldur leitast ég við að færa það nær raunveruleikanum, en töluvert vantar á, að frumvarpið sé nógu nærri jörðinni.

Það er reyndar skoðun mín, að hér sé á ferð svo mikilvægt mál og umfangsmikið, að gagnger breyting þyrfti að verða á skólakerfinu og viðhorfum almennings til menntunar jafnhliða lögum um fullorðinsfræðslu.

Reynsla mín af þeim tveimur þáttum menntunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir - þ.e. sem kennari við menntaskóla og sem forstöðumaður Námsflokka Akureyrar - hefur sannfært mig um, að því fé, sem varið er í hið almenna skólakerfi, er miklu verr varið en því fé, sem varið hefur verið til fullorðinsfræðslu. Ekki þarf að taka fram, hve miklum mun „arðbærara“ og skemmtilegra starf að menntun fullorðinna er heldur en staglið í skólunum.

Ymis teikn eru á lofti, sem benda til þess, að fólk muni ekki í framtíðinni una því að standa undir rándýru skólakerfi, sem fæðir af sér kröfugerðarfólk - fólk, sem týnt hefur lækjunum úr lífi sínu - og verður í reynd argvítugt forréttindafólk. Almennigur hlýtur að gera í æ auknara mæli þær kröfur til menntunar, að hún verði almennari eign en hingað til hefur verið og að mönnum verði ekki skammtaður ákveðinn árafjöldi ævinnar á ákveðnu æviskeiði til menntunar. Nær hefði verið og miklu meir í anda jafnaðarstefnu þeirrar, sem grunnskólafumvarpið sigldi undir, að í lögum um grunnskóla hefði meira tillit verið tekið til sérstöðu nemenda, til margvíslegra aðstæðna, heldur en gert var. Í sumum tilfellum var grunnskólabálkurinn hliðstæða þess, að ákveðin meðalhæð fólks væri lögleidd á Íslandi. Í raun og veru væri skynsamlegt að stytta skólaskyldu, setja um leið ákveðnari reglur um afköst og hegðun og ætla síðan fullorðinsfræðslunni að taka við því fólki, sem ekki gæti einhverra hluta vegna fallið inn í „kerfið“. Um þetta mál mætti rita langa ritgerð, en ég læt hér staðar numið.

Virðingarfyllst,
Bárður Halldórsson.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Reykjavík, 9. október 1974.

Varðar: Fræðslustarfsemi fyrir fullorðna.

Rauði kross Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Eftir því sem okkur hefur gefist tími til athugana á umræddu frumvarpi, virðist okkur það vænlegt til að vísa veginn til framfara á mjög afræktu sviði.

Ekki skal hér lögð fram umsögn um frumvarpið í heild, þar sem það snertir aðeins að takmörkuðu leyti áhugasvið R.K.Í.

Hér skal aðeins minnst á örfá atriði sem Rauði kross Íslands og deildir hans hafa áhuga á.

1. Að fjárhagslegur og faglegur stuðningur sé veittur til undirbúnings námskeiðs-áætlana.
2. Að menntun kennara fyrir þau námskeið sem viðurkenningu hljóta sé studd fjárhagslega.
3. Að veitt sé aðstoð við fjármögnun námskeiða fyrir almenning eða sérstaka hópa með svipuðum hætti og gert er t.d. í Danmörku.

Þau námskeið sem við höfum fyrst og fremst í huga eru:

Skyndihjálp.
 Aðhlyning sjúkra í heimahúsum.
 Sjúkrastörf.
 Aðstoðarstörf í neyðarvörnum.
 Heilbrigðistrúnaðarmenn á vinnustöðum.
 Leiðtogar í félagslegu hjálparstarfi.

Raunar má hafa þessa upptalningu mun lengri en þessi gefur þó nokkra hugmynd um áhugasvið R.K.Í.

Að okkar dómi er mjög mikilvægt að jafnframt því sem hluti fjármögnunarkostnaðar sé samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum verði einnig möguleiki á að fá aðstoð greidda eftir á. Í dreifbýlinu er oft mjög torvelt að gera sér grein fyrir væntanlegri þátttöku og mjög mörg námskeið falla niður af ýmsum ástæðum.

Þannig væri mikilvægt að haft verði í huga, að bæði verði veittur styrkur fyrirfram og, þar sem áætlun verður ekki við komið, einnig eftir á.

Virðingarfyllst,
 Rauði kross Íslands,
 Eggert Ásgeirsson.

Menntamálaráðuneytið,
 Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Reykjavík, 21. október 1974.

Sambandi íslenskra barnakennara barst fyrir skömmu til umsagnar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Stjórn SÍB skipaði nefnd til að fara yfir frumvarpið og skila álit um það, Nefnd þessi lauk störfum 17. þ.m., og samþykkti stjórn SÍB að senda nefndarálitnið óbreytt sem umsögn samtakanna um frumvarpið.

Hjálagt er afrit af umsögn nefndar SÍB.

Virðingarfyllst,
 f.h. stjórnar SÍB,
 Svavar Helgason.

Álit nefndar á vegum SÍB um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Undirrituð hafa lesið, gaumgæft og rætt frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem samið er á vegum Menntamálaráðuneytisins, og sent hefur verið ýmsum aðilum til umsagnar.

Við fögnum þessu frumvarpi í heild og teljum það mjög vel unnið. Er þar að miklu leyti stuðst við lög og reynslu annarra norðurlandþjóða, en lagað að íslenskum aðstæðum. Sérstaka athygli vakti það hve skilningur á þörf strjálbýlisins á þessum menntunarpáttum er auðsær, og tillit til hans tekið.

Við bendum á, í sambandi við 19. grein, þar sem fjallað er um kennslufræðilega stöð, að fyrst þurfi að huga að lágmarksþörf skyldunámsstigsins, og síðar að bæta

við eftir þörfum fullorðinsfræðslunnar. Einnig bendum við á nokkra hættu á ofþenslu í „yfirbyggingu“ stjórnunaraðila. Ekki liggur ljóst fyrir um mörg framkvæmdaatriði, hvernig þau verða samræmd og/eða samofin hinu lögboðna skólakerfi, svo sem um húsnæði, kennslukrafta o. fl. Okkur virðist að mestur verði vandinn að leysa á viðunandi hátt þann þátt er varðar atvinnuhætti þjóðarinnar og tryggja endurmenntun, eða ummenntun þar vegna sibreyttra krafna um verk hæfni. Teljum við æskilegt að þeim þætti verði gefinn góður gaumur og ef til vill látinn ganga fyrir öðrum þáttum fullorðinsfræðslunnar.

Við teljum nauðsynlegt, að sem fyrst verði hafist handa um byrjunarframkvæmdir í samræmi við frumvarpið og mætti þá hefja þær, sem víðast með námsflokkafrirkomulagi.

Reykjavík, 17. október 1974.

Þórhildur Jónasdóttir.
Herdís Sveinsdóttir.
Pálmi Pétursson.

SKÁLHOLTSSKÓLAFÉLAGIÐ

Reykjavík, 21. október 1974.

Menntamálaráðuneytið hefur sent Skálholtsskólafélaginu frumv. til laga um fullorðinsfræðslu og beðið um umsögn félagsins um frumvarp þetta, og fer hún hér á eftir:

Á síðari árum hefur, hér á landi, vaknað mikill áhugi fyrir stofnun lýðskóla í anda norrænna lýðháskóla.

Á Alþingi 1955 var samþykkt þingsályktun þess efnis að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um stofnun eins eða fleiri æskulýðsskóla með lýðháskólasniði, án sambands við menntaskóla og sérskóla.

Á þinginu 1960 kom fram fyrirspurn um hvað liði undirbúningi löggjafar um óháða skóla og upplýsti þá menntamálaráðherra, að ákveðnum mönnum hefði verið falin athugun þessa máls og hefðu þeir skilað jákvæðu álit, en þar sem fyrir dyrum stæði heildarendurskoðun á fræðslulöggjöfinni, væri eðlilegt að mál þetta kæmi þá til frekari endurskoðunar.

Meðan á þessum drætti stóð höfðu kirkjulegir aðilar, kirkjuþing, prestastefna og kirkjuráð lýst sig samþykka stofnun slíks skóla, sem þá yrði reistur í Skálholti, og væri sú skólastofnun þáttur í endurreisn staðarins.

Þá var það, að áhugafólk um land allt, sem áhuga hafði á að stofnað yrði til frjálsra lýðskóla, stofnaði til félagsskapar lýðskólafólks um land allt með það markmið fyrst og fremst í huga að vinna að framgangi lýðháskólastofnunar í Skálholti.

Eins og lög félagsins bera með sér, en þau fylgja með umsögn þessari sem fylgiskjal, er hér um landsfélag að ræða eins og áður sagði, þar sem einn fulltrúi úr hverjum fjórðungi situr í stjórn þess, sbr. VI. gr.

Árið 1969, þ. 5. des., gekk stjórn félagsins á fund þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, og spurðist fyrir um lagasetningu um fyrirhugaða frjálsa skóla, sbr. það sem hér hefur verið að framan sagt um það mál.

Ráðherra tók erindi þessu mjög vel en benti á nokkur vandkvæði í sambandi við þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri frjálsra skóla, sem ætlað væri að störfuðu á skyldunámsstiginu, sem ríkið ætti eitt, lögum samkvæmt, að annast um. Allt öðru máli gegndi um skóla, sem störfuðu utan við skyldunámsstigið, svo sem verslunarskóla, sem nytu riflegs ríkisstyrks, eða skóla, sem stofnað kynni að vera til, ofan við skyldustigið, sem eins konar fjölgun á menntaleiðum að skyldunáminu loknu og

taldi ráðherra rétt að um slíka skóla yrðu sett sérstök lög og þá í sambandi við hin væntanlegu grunnskólalög, er þá voru í undirbúningi.

Í framhaldi af þessum umræðum við ráðherra, hlutaðist stjórn félagsins til um, að samdar voru tillögur um frumvarp til laga um lýðháskóla í Skálholti. En þar sem hér var um algert nýmæli að ræða og óvíst hversu tiltækist með aðsókn, var brugðið á það ráð að byrja með skóla, sem rekinn væri í tilraunaskyni um fimm ára skeið. Hús voru nægileg fyrir á staðnum til að byrja með en líklegra, að málið næði fram að ganga á þingi með þessum tilraunafyrirvara. Að öðru leyti voru tillögur þessar gerðar í samræmi við gildandi lög um lýðháskóla á Norðurlöndum og því frátöldu að þar er þátttaka ríkis í stofnkostnaði og rekstri víðast hvar meiri, eða allt að 85%.

Um markmið og starf þessa fyrirhugaða skóla er fjallað í 2. og 3. grein þessara frumvarpstíllagna, en tillögur þessar leyfum við okkur að senda með sem fylgiskjal, og séu þessar greinar bornar saman við það sem sagt er um markmið fullorðinsfræðslunnar í frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu á bls. 11, 4, er munurinn ekki ýkja mikill, fremur orð en hugsun.

Þá viljum við leyfa okkur að benda á 5. gr. þessara tíllagna, þar sem fjallað er um eignarhald og stjórn skólans.

Því þótt þjóðkirkjunni, sem falin var gæsla og yfirumsjón Skálholts, sé ætlaður þar ríkulegur þáttur, þá ætti aðild hinna ópólítísku landssamtaka svo sem Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skálholtsskólafélagsins, Ungmennafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands, að tryggja að hér er um landsskóla að ræða en ekki sérskóla ákveðinnar stofnunar. Það skal að lokum framtekið í þessu sambandi að allir þeir aðilar, sem hér hafa verið nefndir, hafa lofað aðild sinni að stjórn lýðháskóla í Skálholti, sem rekinn væri samkvæmt þessum tillögum.

Frumvarpstíllögur þessar voru sendar menntamálaráðherra, Magnúsi Torfa Ólafssyni, snemma árs 1973. Síðar á því sama ári var gengið á fund ráðherra og spurst fyrir um afdrif tíllagnanna.

Ráðherra kannaðist við þær og sagði að þær hefðu fengið jákvæðar undirtektir hjá sínum mönnum, eins og hann komst að orði, og sagðist hann vera frumvarpinu meðmæltur en þó ekki óbreyttu.

Ráðherra sagðist mundi leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórnina og, ef hún væri því samþykkt, kvaðst hann vilja flytja málið á þingi.

Þegar hér er komið sögu, höfðu fyrstu drög að lögum að fullorðinsfræðslu verið lögð fram, eða snemma á árinu 1973 eftir því sem segir í greinargerð frumvarpsins, bls. 7. Þetta mun svo valda því að frumvarpstíllögur um tilraunalýðháskólann leggjast á hilluna, að minnsta kosti taldi núverandi menntamálaráðherra Vilhjálmur Hjálmarsson, er hann var inntur eftir hvað liði málinu, að hann og þeir í ráðuneytinu, eins og hann orðaði það, álitu að lögín um fullorðinsfræðslu myndu einnig ná yfir það tiltekna form fullorðinsfræðslu, sem frumvarpsdrögin um lýðháskólann í Skálholti gerðu ráð fyrir.

Aðspurður sagði ráðherra það vilja sinn og skoðun, að starfsemi skólans ætti að falla undir þessi lög og kvaðst fús til, ef þessi skoðun hans og annarra í ráðuneytinu um ótvíræða aðild lýðháskólans að fullorðinsfræðslunni væri vafasöm, að hlutast til um breytingu á frumvarpinu.

Því má skjóta hér inn í til skýringar, að lög um lýðháskóla á Norðurlöndum, sem eru frá síðari hluta 19. aldar og lög um héraðsskóla á Íslandi frá því 1929 munu vera fyrstu lög sem sett eru í þessum löndum um fullorðinsfræðslu.

Við athugun á frumv. til laga um fullorðinsfræðslu, sem að visu eru rammalög, virðist ekki í fljótu bragði séð hvar lýðháskólar gætu komið inn eða undir hvaða ákvæði starfsemi þeirra geti fallið, ekki aðeins skólar sem settir eru á stofn á vegum kirkjunnar eins og Skálholtsskóli, heldur og almennir lýðháskólar svipaðir þeim, sem þekkjast á Norðurlöndum. Er það vafalaust slíkir skólar, sem þingmenn hafa í huga með ályktun sinni á þingi 1955 og minnst var á í upphafi þessara orða.

En eins og kunnugt er hafa þessir skólar reynst giftudrjúgar menningarstofnanir til þjóðarheilla.

Það er því ósk stjórnar Skálholtsskólafélagsins og á þá ósk leyfir hún sér að leggja ríka áherslu, að hæstvirt nefnd bendi á efalaus ákvæði í frumvarpinu, sem starfsemi lýðháskóla almennt gætu fallið undir, eða öðrum kosti hlutaðist til um að bætt yrði inn í frumv. t. d. 3. gr. þess, ákvæðum er tækju hér af allan vafa, hvort heldur væri sem viðbót við c) lið eða bætt við 4. liðnum, sem yrði þá d) liður, er kvæði á um að lýðskólar, reknir á vegum landssamtaka eins og t. d. Skálholtsskólafélagsins, sbr. 4. gr. laga þess, væru fullgildir aðilar til að taka þátt í þeirri fullorðinsfræðslu, sem frumv. gerir ráð fyrir. Síðar í lögnum kæmi svo ákvæði um það að þessir skólar nytu ríkisstyrks eins og þeir skólar sem reknir kunna að vera á vegum fræðslusambanda.

Stjórn Skálholtsskólafélagsins leyfir sér að rökstyðja þessa ósk og þá áherslu, sem hún vill á hana leggja, með yfirlýstum vilja Alþingis og undirtektum þeim, sem málið hefur æ síðan fengið í ráðuneytum og hjá ráðherrum. Auk þess, verður að ætla að Alþingi með áframhaldandi fjárframlögum til skólabygginga í Skálholti, ætlist til að þar fari fram einhvers konar skólastarfsemi.

Þórarinn Þórarinsson, formaður.

Guðrún Halldórsd., ritari.

Til Menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík.

LÖG SKÁLHOLTSSKÓLAFÉLAGSINS

samþykkt á lokastofnfundi félagsins í Skálholti 26. júlí 1970.

1. gr.

Félagið heitir Skálholtsskólafélagið. Heimili þess og varnarþing er í Skálholti, Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

- 1) að stuðla að stofnun skóla í Skálholti, er starfi í anda kristinnar trúar og norrænnar lýðháskólahreyfingar,
- 2) að efla skólann og standa vörð um velferð hans og gengi.

3. gr.

Félagið hyggst ná tilgangi sínum meðal annars með því að:

- 1) eiga hlut að stofnun og stjórn skólans með öðrum þeim aðilum, sem að honum standa,
- 2) kynna skólann og markmið hans,
- 3) safna árs- og ævifélögum,
- 4) stofna sjóð skólanum til styrktar, m. a. í þeim tilgangi að leggja fram ákveðinn hundraðshluta stofnkostnaðar, þar með talinn tækjabúnaður,
- 5) styrkja innlenda og erlenda nemendur til námsdvalar við skólann, og skal stjórnin semja reglugerð þar um og leggja fyrir aðalfund.

4. gr.

Félagar teljast þeir, sem greiða tilskilið árs- eða ævigjald. Söfnuðir, félög, fyrirtæki og samtök geta orðið styrktaraðilar með lágmarksgjaldi. Styrktaraðili á rétt á að senda einn fulltrúa á aðalfund félagsins.

5. gr.

Ársgjald einstaklings er minnst 250.00 kr. og ævigjald lægst 3 000.00 kr., lágmarksgjald styrktaraðila er 1 500.00 krónur.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 9 menn, formaður og 8 meðstjórnendur, kosnir á aðalfundi til 6 ára í senn. Formaður er kosinn sér, óhlutbundinni kosningu, þá einn fulltrúi úr hverjum landsfjórðungi, síðan hinir 4 allir í einu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stofna má félagsdeildir innan lands og utan komi heimild stjórnar til.

7. gr.

Aðalfund skal halda ár hvert, og skal hann boðaður opinberlega með eins mánaðar fyrirvara. — Reikningsár félagsins er miðað við almanaksár.

8. gr.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki aðalfundar og skulu eignir þess þá renna til Skálholtsstaðar.

9. gr.

Til þess að breyta lögum þessum þarf samþykki $\frac{2}{3}$ hl. atkvæða á aðalfundi. Þó má ekki breyta 2. grein.

10. gr.

Stjórnarmenn skulu ákveða með hlutkesti, hverjir gangi úr stjórn 2 fyrstu árin. Bráðabirgðaákvæði: Þeir, sem gerast félagar fyrir fyrsta aðalfund félagsins, skulu teljast stofnfélagar.

Tillögur um frumvarp til laga um tilraunalyðháskóla í Skálholti.

1. gr.

Stofna skal og reka lýðháskóla í Skálholti í tilraunaskyni um fimm ára tíma-bil. Skal hann starfa 8 mánuði að vetrinum, frá 1. október til maíloka ár hvert. Heimilt er þó að lengja námstíma lítið eitt og skipta honum í 4 tveggja mánaða námskeið. Sé þá námskrá breytt í samræmi við þá tilhögun. Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið að sumrinu.

2. gr.

Markmið skólans er að stuðla að aukinni almennri menntun nemenda, drýgri persónuþroska þeirra, gleggri yfirsýn og dýpri skilningi á félags- og menningarlegum fyrirbærum samtíðar og framtíðar.

Skólinn lítur á það sem hlutverk sitt að vinna að varðveislu þjóðlegrar menningar Íslendinga og veita viðnám hverri hættu, er að þeirri arfleifð steðjar.

Skólinn starfar á grundvelli kristinnar trúar.

3. gr.

Starfsemi Skálholtsskóla er þrjúþætt:

a) Lýðháskóladeild.

Lýðháskóladeild veitir almenna framhaldsmenntun þeim, sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hurfu úr skóla, en taka vilja upp þráðinn að nýju.

b) Valfrjálsar deildir.

Skálholtsskóli býður nemendum ýtarlegri fræðslu eftir frjálsu vali. Við hlið lýðháskóladeildar verður komið á fót nokkrum minni deildum, þar sem nemendur einbeita sér að tilteknum flokkum námsgreina. Meðal þeirra eru: Íslensk tunga, saga og bókmenntir. Kristin fræði og almenn trúarbragðafræði. Hug-

mynda- og heimspekisaga. Nútímasaga og félagsfræði. Leiðbeiningar um æskulýðsstörf og aðra félagsstarfsemi.

Nemendur lýðháskóladeildar stunda nám í a. m. k. einni valfrjálstri deild. Að öðru leyti eru valfrjálstrar deildir miðaðar við þarfir þeirra nemenda, sem lengra eru komnir á námsbraut og ekki sitja í öllum kennslustundum í lýðháskóladeild, en eru að búa sig undir frekara nám eða ákveðin störf.

c) Sjálfsnám og rannsóknarstörf.

Skálholtsskóli stendur á ári hverju opin nokkrum konum og körlum, er dvelja vilja um lengri eða skemmri tíma á staðnum og þiggja að vild það, sem þar er í boði, en stunda að öðru leyti sjálfsnám og vinna að eigin verkefnum.

Skipulag alls náms og starfs í Skálholtsskóla er með frjálsum sniði að hætti norræna lýðháskóla. Próf eru ekki tekin, en vitnisburðir gefnir þeim, er þess óska.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur verði 18 ára á skólaárinu og hafi lokið skyldunámi. Þó má veita undanþágu frá hinu fyrrnefnda, ef ástæða þykir til.

5. gr.

Skálholtsskóli er sjálfseignarstofnun. Stjórn skólans er í höndum átta manna skólaráðs, auk biskups Íslands, sem er sjálfskipaður formaður ráðsins. Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í skólaráð hver: Menntamálaráðuneytið, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Kirkjuráð, Prestastefna Íslands, Kirkjubing, Skálholtsskólafélagið, Ungmennafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands.

Samþykktir skólaráðs eru því aðeins bindandi, að $\frac{2}{3}$ hlutar ráðsins séu á einu máli.

Skólaráð ræður rektor. Skólaráð og rektor setja skólanum reglugerð og kveða nánar á um námsefni. Rektor ræður kennara.

6. gr.

Ríkið greiðir $\frac{3}{4}$ hluta stofnkostnaðar og viðhalds, svo og allan kostnað við arlegan rekstur skólans. Fjöldi kennara og laun þeirra eru miðuð við sérstakar þarfir skólans sem lýðháskóla. Rektor skólans og aðrir kennarar njóta sömu réttinda og opinberir starfsmenn, enda hvíla á þeim sömu skyldur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eigi síðar en í ársbyrjun 1974.

STJÓRNUNARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 15. október 1974.

Hr. ráðuneytisstjóri,
Birgir Thorlacius,
menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 9. september þ. á. sendi menntamálaráðuneytið Stjórnunarfélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem verður lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.

Stjórn Stjórnunarfélags Íslands gerir sér ljóst, að tímabært er orðið að festa í lögum helstu atriði varðandi skipulag og framkvæmd þeirrar fjölbreytilegu fræðslustarfsemi, sem frumvarpið flokkar nú undir eitt heiti, „fullorðinsfræðslu“.

Með frumvarpinu, ef að lögum verður, er æði stórt spor stigið, þar sem verið er að lögfesta alla fræðslu íslensku þjóðarinnar svo að segja frá fæðingu einstaklingsins til æviloka hans, „ævimenntun“, sem svo er nefnd. Hér er stigið ábyrgðar-

mikið skref svo sem höfundum frumvarpsins virðist vel ljóst, sbr. athugasemd þeirra við 4. gr., þar sem fram er tekið, að „í hugtakinu ábyrgð felst í þessu sambandi allt í senn: Frumkvæði, skipulagning og framkvæmd.“ Og síðan til áherslu: „Viðkomandi aðilar eiga að ábyrgjast, að þau fyrirheit, sem felast í fræðslu, verði ekki dauður bókstafur, þegar og ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi“.

Stjórn S.F.Í. hefur kynnt sér þetta frumvarp, en hefur þó ekki getað komið því við að kryfja það svo til mergjar sem svo víðfeðmt málefni krefst í raun og veru. Hún vill þó taka fram, að hún fagnar því, að þetta frumvarp er fram komið og er fyrir sitt leyti meðmælt því, að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Stjórn S.F.Í. vill í þessu sambandi ekki láta hjá líða að taka fram, að Stjórnunarfélagið telur sig vera fræðslusamband í skilningi lagafrumvarpsins með stjórnunarfræðslu að verkefni í viðum skilningi tekið og allt landið að starfssviði. Félagið telur innan vébanda félög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga um allt land, alls 325 að tölu.

Virðingarfyllst,
Jakob Gíslason.

VERSLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 14. október 1974.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6. Reykjavík.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur fagnar því að fram skuli vera komnar til-
lögur, sem miða að auknum fræðslumöguleikum fullorðinna. Menntakerfi íslendinga
hefur til skamms tíma ekki haldið opnum þeim möguleika fyrir þá eldri að auka
eða breyta menntun sinni.

Markmið nútíma velferðarþjóðfélags er að auka á lífshamingju hvers einstak-
lings. Með því að opna möguleika fyrir fullorðna til aukins náms og breytingu á
atvinnuskilyrðum, hljóta möguleikar á meiri lífshamingju og betri afkomu að aukast.

Vegna frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu vill Verslunarmannafélag Reykja-
víkur ítreka eftirfarandi:

- I. Að reynt verði að samræma starfsemi frummenntunar og fullorðinsfræðslu til
hins ýtrasta, til þess að koma í veg fyrir að mikil viðbótar yfirbygging bætist
við núverandi menntakerfi.
- II. Að tryggt verði að um jafnrétti milli einstakra byggðalaga sé að ræða. Nýlegar
tölur um fjölda ungs fólks við langskólanám í hinum ýmsu byggðalögum
sýna að núverandi menntakerfi hefur ekki tryggt slíkt jafnrétti.
Því má búast við að fullorðinsfræðsla eigi brýnt erindi í dag til þeirra
sem hafa ekki átt kost á hagkvæmu námi.
- III. Að öll námskeið á vegum verkalyðsfélaga og atvinnurekenda hafi skýrt af-
markað gildi innan kerfisins, til þess að samfara auknum þroska og hæfni
fari betri afkoma fyrir þá, sem þátt taka í slíkum námskeiðum.
- IV. Að fyrsta vandamál þeirra einstaklinga, sem njóta vilja fullorðinsfræðslu,
verður oftast fjárhagslegs eðlis. Einstaklingar, sem stofnað hafa heimili, hafa
að öllu jöfnu mikla framfærsluskyldu.

Þess vegna er ljóst að skýra verður ákvæðin um, hvornig leysa beri vanda
þessa fólks.

Ef markmið þjóðfélagsins er að auka almenna menntun, hlýtur það að
verða að skapa aðstæður, þar sem einstaklingar geta farið út á þessa braut án
óeðlilega mikillar sjálfsfórnar.

Þetta er hægt að gera með:

- 1) Nægilegum lánsveitingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.
- 2) Með styrkjum.
- 3) Með sérstakri lagaheimild um afslátt eða niðurfellingu á sköttum.

Skattakerfi okkar, þar sem skattar eru greiddir árið eftir að tekna er aflað, getur orðið mörgum þungur baggi í þessum eignum.

- V. Að fagleg endurmenntun, þ. e. þar sem einstaklingar eiga þess kost að fræðast um nýjungar innan síns starfssviðs, verði mikilvægur þáttur þessara nýmæla.
- VI. Að innan þess ramma sem fullorðinsfræðslu er markaður, sitji hagnýt verkleg menntun við sama borð og almenn menntun.

Þetta er undirstrikað hér til stuðnings þeirri kröfu, að menntakerfi íslendinga hugi meir að þörf atvinnuveganna fyrir fólk með hagnýta verklega menntun.

Virðingarfyllst,

f. h. Verslunarmannafélags Reykjavíkur,

Guðmundur H. Garðarsson, formaður.

Magnús L. Sveinsson, varaformaður.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 8. október 1974.

Menntamálaráðuneytið

Hverfisgötu 6

Reykjavík.

Þökkum bréf ráðuneytisins dags. 9/9 '74 varðandi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Ungmennafélag Íslands er einn af þeim aðilum sem staðið hefur fyrir skipulögðu námskeiðshaldi fyrir almenning víðsvegar um landið á undanförunum árum. Starfsemi þessa höfum við kallað Félagsmálaskóla UMFÍ og námskeiðsefnið hefur verið viðvirkjandi rekstri áhugamannafélaga, fundartækni, ræðumennsku, skipulagningu félagssamtaka og fleira þh. Námskeiðin eru öllum opin og sótt af fólki á öllum aldri. Síðustu tvö árin hafa á sjötta hundrað manns sótt þessi námskeið.

Í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum af þessari starfsemi og með þeim ásetningi að halda áfram á sömu braut, sér stjórn Ungmennafélags Íslands sérstaka ástæðu til að fagna frumvarpi þessu til laga um fullorðinsfræðslu og mælir með, að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst

f. h. stjórnar UMFÍ,

Sig. Geirdal frkvstj.

Fylgiskjal IV.

Athugasemdir við umsagnir háskóladeilda um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

1. **Lagadeild.** Tekur ekki afstöðu. Lætur fylgja yfirlit yfir námsskeið fyrir starfandi lögfræðinga í ýmsum greinum laga og réttar, sem Lögfræðingafélag Íslands hefir efnt til í samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands.

2. **Tannlæknaeild.** Tekur undir þá meginstefnu frumvarpsins „að fullorðnum sé gefinn kostur á að reyna að halda í við öra þróun þekkingarinnar, eftir því sem hægt er hverju sinni“. Jafnframt vekur deildin athygli á því, að sumstaðar sé mjög

illa búið að barnakennslu og unglinga, og virðist deildinni þessi þörf til úrbóta brýnni svo og húsnæðisþörf háskólans.

3. **Viðskiptadeild.** Deildin telur að efni frumvarpsins snerti hana ekki sem slíka og tekur því ekki afstöðu til þess.

4. **Verkfræði- og raunvísindadeild.** Deildin skipaði hinn 19. október 1974 þriggja manna nefnd til að semja drög að umsögn deildarinnar um frumvarpið. Nefndin lagði drög sín fram á fundi deildarráðs 17. desember 1974 og voru þau rædd á þeim fundi. Fram kom í deildarráði, „að efla þyrfti fullorðinsfræðslu almennt í landinu og styður deildin af sinni hálfu alla viðleitni í þá átt“. Deildin er því þó andvíg, að frumvarp það um fullorðinsfræðslu, sem umsagnar hennar var óskað um, verði samþykkt, þar eð undirbúningi virðist ábótavant og frekari kannanir skorti. Vísar hún að öðru leyti til fyrrgreinds nefndarálits.

Nefndarálitið er fáyr, tvær málsgreinar, óundirritaðar. Aðalefnið er í fyrri málsgrein, sem hljóðar svo:

„Nefndin leggur til við deildarráð, að það mæli gegn samþykkt þessa frumvarps og beini því til Alþingis, að áður en lög verði sett um fræðslu fullorðinna, beiti Alþingi sér fyrir rækilegri könnun á stöðu þessarar fræðslu í landinu og endurskoðun frumvarpsins. Á grundvelli hennar yrði ljóst, hvaða vanda þarf að leysa, hve mikla kennslukrafta, húsnæði, tæki og námsstyrki það kostar, úr hverju er brýnast að bæta, í hvaða röð ætti að ráðast á viðfangsefnin og að lokum, hvers konar lög Alþingi þyrfti að setja til þess að auðvelda lausn þess vanda, sem við er að glíma, tryggja bestu nýtingu fjárveitinga og rétt þeirra, sem námið stunda“.

Eins og sjá má er hér lögð fram tillaga um tiltekin vinnubrögð við gerð frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu. Engin rök eru leidd að því, að með henni næðist betri árangur. Nefnd verkfræði- og raunvísindadeildar virðist fullorðinsfræðslunefnd ekki hafa kannað nægilega núverandi ástand, þarfir og möguleika þeirrar fullorðinsfræðslu sem veitt er hér á landi. Sú gagnrýni samræmist ekki staðreyndunum. Í þættinum „Skipun og störf fullorðinsfræðslunefndar“, bls. 5—9, er í köflunum 2—6 skýrt svo nákvæmlega frá gagnasöfnun, sem unnt og er viðeigandi í þessu sambandi. Fullorðinsfræðslunefnd átti frumkvæði að henni og eftir að hún bast samvinnu um sams konar könnun á hinum Norðurlöndunum, fylgdist formaðurinn, sem átti sæti sem fulltrúi Íslands í samnorrænu nefndinni, nákvæmlega með framvindu málsins. og nefndin hafði ómetanlegan stuðning af könnun á aðstæðum til fullorðinsfræðslu hér á landi löngu áður en skýrslan var fullsamin í því formi, sem norræna samstarfsnefndin krafðist.

Það getur ekki talist til stórra galla á frv. t.l. um fullorðinsfræðslu, að norsk frv. til laga um hliðstætt efni voru gaumgæfilega athuguð. Nefndin kynnti sér lög-gjöf allra Norðurlanda um fullorðinsfræðslu, auk ýmissa fræðiritana um skipan og ástand fullorðinsfræðslu í Bretlandi og Þýskalandi. Norsku frumvörpin virtust komast næst hugmyndum fullorðinsfræðslunefndar um það, hvað nauðsynlegt sé og fjárhagslega kleift að gera í voru strjálbýla og fátæka landi. Að um beina þýðingu norsks frv. sé að ræða eru marklausar ýkjur.

Flest orkar tvímælis þá gert er. Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar er fremur ábending um tiltekið starfsatferli en bein gagnrýni á fullorðinsfræðslufrumvarpið út frá þeim forsendum sem það er samið. Þannig spyr nefndin að lokum, „hvort ekki gæti orðið farsælla að færast minna í fang hér og setja lög um þá þætti, sem könnun sýndi, að ætti við ákveðinn vanda að stríða, þar sem lög gætu orðið til hjálpar“. — Ætli ágreiningur um val hinna þurfandi og verðugu yrði þar minni?

5. **Heimspékideild.** Nefnd sú, sem heimspékideild kaus til að semja umsögn um fullorðinsfræðslufrumvarpið, hefir misskilið frumvarpið gersamlega. Að hennar dómi hefir nefndin vanrækt að kynna sér þá fullorðinsfræðslu, sem þegar er starfrækt hér á landi, jafnvel „hugsanleg aðild hins hefðbundna skólakerfis að aukinni fullorðinsfræðslu“ hefir ekki orðið henni umhugsunarefni. Nefndinni „virðist því ástæðulaust að eltast við ótölulega smærri galla þess og greinargerðarinnar sem fylgir því“. Heim-

spekideild „telur varhugavert, að einblínt sé til Norðurlanda, þegar leita skal fyrir- mynda að fræðslumálum fullorðinna“. Þó virðist fullorðinsfræðslunefnd kunnugt um, að Bandaríkin og Ráðstjórnarríkið verja jafnmiklu fé til fullorðinsfræðslu og til hefð- bundinnar skólakennslu. „Þessi fróðleiksmoli gefur vissulega tilefni til, að svipast sé um eftir fyrirmyndum í löndum þessara ríkja fremur en á Norðurlöndunum, þar sem fullorðinsfræðsla er miklum mun smærri í sniðum“.

Fullorðinsfræðslunefnd eftirlætur háttvirtu Alþingi og öðrum þeim aðilum, sem væntanlega munu fjalla um áformaða löggjöf um fullorðinsfræðslu á Íslandi að draga ályktanir af þessu framlagi heimspekideildar.

6. Umsögn nefndar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Umsögn þessa samdi nefnd þriggja manna, sem háskólaráð kaus.

Nefndin telur frv. t. l. um fullorðinsfræðslu „eitt brýnasta verkefnið í fræðslu- málum þjóðarinnar“, en lýsir jafnframt vonbrigðum sínum yfir framkomnu frum- varpi. Athugasemdir nefndarinnar eru settar fram í 11 tölusettum liðum og skal þeirra nú stuttlega getið:

1. „Of lítið tillit er tekið til íslenskra aðstæðna.“ Vér höfum í 4. grein hér að framan gert grein fyrir gagnasöfnun fullorðinsfræðslunefndar um þau mál hér á landi. Það verður að nægja. Það er misskilningur háskólaráðsnefndar, að oss hafi sést yfir íslenska heimild um fullorðinsfræðslu, sem birtist í tímaritinu Menntamála, 2. hefti 1971, enda sé hennar ekki getið í heimildarskrá frumvarpsins. Rétt er, að í nefndu hefti Menntamála birtust tvær greinar: Menntun fullorðinna. Hin fyrri og viðameiri getur með engu móti kallast „íslensk heimild“. Höfundur hennar er franskur: **Bertrand Schwartz**. Hún birtist í **Permanent Education**, sem Evrópuráðið gaf út 1970. **Jóhann S. Hannesson** þýddi erindi þetta á íslensku og nefndi það **Ævinám og mennta- kerfi framtíðarinnar** og svarar það heiti allvel til enska titilsins: **A prospective view of permanent education**. Lesendur þessara athugasemda veita því athygli, að **Schwartz** talar um „prospective view“, framtíðarsýn, sem þýðandinn umskrifar með „menntunarkerfi framtíðarinnar“. Rits Evrópuráðsins er greinilega getið í heimildaskrá fullorðinsfræðslufrumvarpsins, bls. 41, lið 2. En með því að þetta mikla rit, yfir 500 bls., er safn margháttáðrar reynslu, ábendinga og kenninga um fullorðinsfræðslu, þótti engin ástæða til að geta fyrrnefndrar greinar **Schwartz** sérstaklega í heimilda- skrá. En í tilefni af þessum misskilningi dómnefndar háskólaráðs að telja franskan fyrirlestur til íslenskra heimilda, er rétt að taka það skýrt fram, að frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu er einmitt samið í anda **Schwartz** og samhöfunda hans í fyrrgreindu riti, út frá „prospective view“- hugmyndinni, sem menntunarkerfi, sprottið af nútímapörf en þó einkum til þess ætlað að mæta þörfum framtíðarinnar og full- komnast í henni.

Um grein **Jóhanns S. Hannessonar: Hugleiðingar um menntun fullorðinna**, í fyrrgreindu hefti Menntamála er það að segja, að hún barst fullorðinsfræðslunefnd sem fylgiskjal með greinargerð frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur um fullorðins- fræðslu á vegum borgarinnar; liður í gagnasöfnun nefndarinnar um fullorðinsfræðslu hér á landi.

Háskólaráðsnefndin setur fram kröfu, sem hún telur algilda: „Allar tilraunir til að efla alþýðumenntun í landinu hljóta að taka fyrst og fremst mið af tvennu: raunverulegum þörfum og óskum fólks eftir aukinni fræðslu og menntun og mögu- leikum þeirra fræðslustofnana og kennslukrafta, sem til eru í landinu, til að fullnægja þeim þörfum og óskum. Ekki verður undan því vikist að leggja rækilega könnun þessara tveggja þátta beinlínis til grundvallar frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu“. Hér lætur dómnefndin blekkjast af grunnskólahugmyndinni, þar sem allir einstakl- ingar á tilteknu aldursbili eru bundnir fræðsluskylduákvæðum, hvað sem vilja ein- staklingsins liður. Þá er árlegur fjöldi nemendahópsins auðreiknaður. Ef fara ætti eftir óskum hvers og eins, yrði dæmið flóknara og raunar óleysanlegt með ofan- greindri aðferð. Þátttaka í fullorðinsfræðslu er frjáls. Hún hlýtur að vera háð marg- víslegum aðstæðum: framar öllu einstaklingsbundinni þekkingarþrá, gæðum kennsl-

unnar, aðstæðum með tíma og húsnæði og að lokum fjárhag, svo að fáein mikilvæg atriði séu nefnd. Fullorðinsfræðslunefnd byggir frumvarp sitt á þeirri skoðun, að það sé bæði nauðsyn og réttlætismál, að fullorðnum veitist kostur á að auka við þekkingu sína og almenna menntun. Ef slík fræðsla nær að þróast innan þess ramma, sem fyrirhuguð löggjöf setur, þá munu hæfir kennarar og stjórnendur sækja inn á þann starfsvettvang eins og í skyldunámsskóla.

2. Þennan lið er unnt að afgreiða í skemmra máli; í honum kemur ekki fram neitt sjónarmið, sem ekki hefir verið tekin afstaða til, þegar fjallað var um umsagnir einstakra deilda. Það er í algerrri mótsögn við staðreyndina, enda engin rök verið að því leidd, að aðferð fullorðinsfræðslunefndar hafi verið sú „að endursegja norsk frumvarpsdrög um fullorðinsfræðslu“. Fullorðinsfræðslunefnd samdi drög sín að frv. þrisvar sinnum, endurskoðaði hverja gerð, breytti henni rækilega, lét hreinrita hana og hóf svo breytingar og endursamningu að nýju.

„Hérlendis er fullorðinsfræðsla lítil og vanmáttug og umræður um eflingu hennar nýjar af nálinni“. Því er óráðlegt að horfa svo mjög til Norðurlanda. Könnun, sem nefndin telur sig hafa gert t. d. í Bretlandi og Þýskalandi, svo og í Bandaríkjunum og Ráðstjórnarríkjunum virðist engin áhrif hafa haft á frumvarpið. — Eymdartónninn um núverandi ástand íslenskrar fullorðinsfræðslu og ábendingin að 200 þúsund manna þjóð ætti helst að sækja sér fyrirmyndir til 200 milljón manna þjóða gengur illa í heilbrigða skynsemi.

3. Hér bendir háskólaráðsnefndin á að stjórnkerfi fyrirhugaðrar fullorðinsfræðslu sé of flókið og óþarflega viðamikíð. Þó að allan rökstuðning fyrir þessari aðfinnslu skorti, kann hún að hafa nokkuð til síns máls, en hún væri þó ekkert einsdæmi. Hér þarf að hafa í huga, að innleiða á nýtt fræðsluform sem aðeins mjög takmörkuð reynsla og engin sérþekking er til um hér á landi. Nefndin drepur óljóst á þetta, þegar hún talar um nauðsyn á faglegri aðstoð til þeirra aðila og stofnana, sem annast vilja fullorðinsfræðslu. Þessi „faglega aðstoð“ er að dómi fullorðinsfræðslunefndar vandasamara og umfangsmeira verkefni en dómnefnd háskólaráðs hefir gefist tóm til að kynna sér. En þótt lög verði sett um fullorðinsfræðslu, vantar í byrjun margt, sem til hennar þarf: sérmenntaða kennara og leiðbeinendur, bæði á verklegu og bóklegu sviði, námsbækur og önnur námsgögn við hæfi fullorðinna. Barna- og unglingskennarar geta ekki án rækilegrar sérþjálfunar tekið að sér fullorðinsfræðslu. Veigamiklir þættir þeirrar fræðslu, sem fullorðnir þarfnast og óska eftir, liggja auk þess utan við kennsluvið almennra skóla. Hér við bætist það hlutverk fullorðinsfræðsluráðs, að vera tenglilður milli fólksins, sem fræðslunnar á að njóta og yfirstjórnar hennar. Um það er rætt í lokamálsgrein skýringa við 6. gr. bls. 21: „Nefndin telur mikilvægt að fullorðinsfræðslan vaxi með eðlilegum hætti vegna þess að sem flestir hafi skynjað þörfina fyrir hana, en hún komi ekki sem valdboð ofan frá og verði skilin á þann veg, að henni sé raunverulega þröngvað upp á skólakerfið, atvinnulífið og almennung“. Fullorðinsfræðsluráð mun því „sem ráðgefandi og mótandi aðili“ (sbr. 6. gr.) gegna mikilvægu hlutverki, ef það er skipað hæfum mönnum. Yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar er í höndum menntamálaráðuneytisins (sbr. 2. gr.).

Dómnefnd háskólaráðs ber fram undir þessum lið tvær ábendingar, sem virðast hvor annarri andstæðar. Annars vegar að takmarka fullorðinsfræðslu við „forgangs“-þætti, og virðist þá gert ráð fyrir, að auðsætt sé og óumdeilanlegt, hvaða þættir eigi forgang. Þetta hlyti að leiða til útilokunar annarra mikilvægra sviða og valda takmörkun, sem er andstæð meginstefnu frumvarpsins: að sem fjölbreytilegast fræðsluefni, verklegt sem bóklegt, falli skipulega inn í þann lagaramma, sem frumvarp vort stefnir að. Hin ábendingin er sú, að í stað slíkrar lagasetningar „yrði skipan þessara mála gefin frjáls en hið opinbera styrkti fullorðinsfræðslu á ákveðnum sviðum sem fullnægð tilteknum skilyrðum“. — Slíkur ábendingum er auðvelt að varpa fram þegar vandinn nær ekki lengra en að orða þær í frambærilegri setningu. En samning frv. að lögum krefst ákvörðunartöku um eina heillavænlega leið. Þar nægir

ekki „annaðhvort-eða“. Framangreindar ábendingar gefa ekki tilefni til, að fullorðinsfræðslunefnd viki frá meginstefnu frumvarpsins.

4. Þessi athugasemd við 1. gr. frv. er orðhengilsháttur, sem óþarft er að fjölyrða um. Greinin markar skýrt stöðu fullorðinsmenntunar innan menntakerfis þjóðarinnar.

5. Hið sama á við þennan lið. Markmið og réttarstaða fullorðinsfræðslu eru skýrt ákveðin í 1. og 2. gr. frv.

6. Athugasemd í þessum lið, að í frumvarpið vanti ákvæði um hlut útvarps og sjónvarps að fullorðinsfræðslu, er sprottin af misskilningi á valdsviði nefndarinnar. Ríkisútvarpið, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands eru sjálfstæðar stofnanir, sem starfa samkvæmt eigin lögum og ráða verkefnum sínum innan ramma þeirra laga. Fullorðinsfræðslunefnd hefir ekki umboð til að ákveða þeim ný verkefni með lögum. Hins vegar gerir nefndin sér ljóst hið þýðingarmikla hlutverk, sem þessar stofnanir hafa rækt og munu væntanlega efla stórlega, er fullorðinsfræðsla hefir verið lögfest og nefndar stofnanir fá heimild og nauðsynlegt fjármagn til viðeigandi þátttöku. Ákvæði um hana og ýmis önnur framkvæmdaatriði fullorðinsfræðslunnar eiga fremur heima í reglugerð en lögum.

7. Varðandi þennan lið er rétt að minna á 23. gr. frv.: „Ráðuneytið setur reglur um þátttöku í fullorðinsfræðslu sem tryggja að fræðslan sé frjáls og ná þær einnig til áframhaldandi náms þeirra sem innritast hafa“. Skv. 23. gr. og skýringum við hana eiga allir þjóðfélagsþegnar frá tilteknum lágmarksaldri jafnan rétt til fullorðinsfræðslu og geta (sbr. 25. gr.) haft áhrif á kennsluna eftir lýðræðisreglum. Með þessum ákvæðum virðist jafnrétti tryggt, að því leyti sem í mannlegu valdi stendur.

8. Vissulega er fjárhagshlið fullorðinsfræðslunnar mikilvægt atriði, enda ræddi nefndin þau mál gaumgæfilega. Hún telur það þó ekki á sínu færi „að gerbreyta skilyrðum launastéttanna“. Sú viðleitni hefir fram að þessu kostaði harðar sviptingar og gerst á öðrum vettvangi. Fullorðinsfræðslunefnd telur það ekki þjóna framgangi málsins á þessu stigi að krefjast meiri fjárhagsstuðnings en kveðið er á um í IV. kafla, 28.—36. gr.

Ásakanir dómnefndar háskólaráðs (sbr. 10. lið) í garð stjórnvalda landsins svo og dylgjur hennar um fullorðinsfræðslunefnd sé ekki full alvara með fjárstyrksákvæði fyrrnefndra greina í IV. kafla frv. telur nefndin óviðeigandi og sér óskýlt að svara.

9. Ákvæði um kynningu á fullorðinsfræðslu, virðist óþarft að setja í lög; hún er sjálfsagður þáttur í framkvæmdinni. Ef sérstök ákvæði yrðu sett um hana, ættu þau heima í reglugerð.

Lokaorð.

Í III. kafla umsagnar sinnar dregur háskólaráðsnefndin niðurstöður sínar saman í 5 liðum (hálf blaðsíða). Um þau atriði öll hefir verið rætt hér að framan. Ekkert nýtt kemur fram. Það ber að harma, að þess sjást hvergi merki, að nefndarmenn hafi öðlast neina haldþæra þekkingu á fullorðinsfræðslu, fyrr en þeir lásu umrætt frumvarp.

Eftir gaugæfilega könnun á athugasemdum þeim, sem fram hafa komið frá ofangreindum deildum Háskóla Íslands og frá sérstakri nefnd háskólaráðs, ályktar fullorðinsfræðslunefnd að athugasemdir þessar haggi með röklegum hætti engu meginatriði frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu. Þær gefa því enga gilda ástæðu til breytinga á frumvarpinu.

Reykjavík, 1. október 1975.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. febrúar 1975.

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu hefur verið til umræðu innan Háskóla Íslands undanfarna mánuði. Þar sem þetta mál er mjög áhugavert og þýðingarmikið var beðið um umsagnir deilda, en auk þess fól háskólaráð sérstakri nefnd að kynna sér málið sérstaklega og rita um það ýtarlega greinargerð. Nefnd sú var skipuð tveimur kennurum og einum stúdent.

Álit deilda og nefndar þeirra, er háskólaráð kaus, liggja nú fyrir. Þar sem þau eru síðbúin, er sá kostur tekinn að senda þau bæði menntamálaráðuneyti og menntamálanefndum beggja deilda Alþingis.

Eins og greinargerðir þessar, sem hér fylgja með í ljósriti, bera með sér, hafa komið fram margvíslegar athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins. Þessar athugasemdir benda til þess, að kanna þurfi einstök atriði málsins nánar, áður en frumvarpið verður afgreitt frá Alþingi. Innan háskólaráðs eru nokkuð skiptar skoðanir um gildi einstakra athugasemda, sem fram koma í meðfylgjandi álitserðum, en um það er algjör samstaða, að hefja beri fullorðinsfræðslu til vegs og virðingar.

Háskóli Íslands er reiðubúinn til að taka aukinn þátt í framhaldsmenntun eða viðhaldsmenntun kandiata í samvinnu við félagssamtök viðkomandi aðila eftir því sem fjármagn, mannaflí og aðstaða leyfir. Enn fremur lýsir Háskólinn yfir einlægum vilja sínum til aukinnar aðildar að fullorðinsfræðslu í landinu á annan hátt og bendir á eftirtaldar leiðir í því sambandi:

1. Sérstök námskeið fyrir einstaka starfshópa í þjóðfélaginu.
2. Kvöldskóla í ýmsum námsgreinum fyrir fólk, sem jafnframt er í hálfu eða fullu starfi.
3. Ferðir kennara út á land til fyrirlestrahalds eða námskeiðahalds.

Verði sú leið farin að endurskoða frumvarp það um fullorðinsfræðslu, sem nú liggur fyrir, áður en til lögfestingar þess kemur, lýsir Háskóli Íslands sig reiðubúinn til að eiga aðild að þeirri endurskoðun.

Með vinsemd og virðingu,
Guðlaugur Þorvaldsson, rektor.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Heimspékideild

Drög að álitserð um fullorðinsfræðslu.

Heimspékideild telur að efling fullorðinsfræðslu sé eitt brýnasta úrlausnar-efni í fræðslumálum íslendinga. Lýsir hún yfir einlægum vilja sínum til aðildar að slíkri fræðslu í kennslugreinum sínum, hvort heldur innan veggja Háskólans eða utan.

Hins vegar er það skoðun deildarinnar, að frumvarp það til laga um fullorðinsfræðslu, sem háskólarektor biður hana álit á í bréfi dagsettu 4. október 1974, sé engan veginn samboðið svo mikilsverðu málefni. Að þessari skoðun hníga einkum svofelld rök. Frumvarpið kveður á um ramma þrenns konar starfsemi sem farið hefur fram um langt skeið á vegum nokkurra námsflokka (nú sjö), eins bréfaskóla og einna samtaka. En þessi starfsemi er aðeins lítið brot af því sem þegar er unnið í landinu að fræðslumálum fullorðinna. Höfundar frumvarpsins taka ekkert tillit til starfsemi iðnfræðsluráðs, öldungadeilda tveggja menntaskóla, tónlistarskóla,

myndlistarskóla, leikskóla, málaskóla og hvers konar námskeiða á vegum einstaklinga. Af þessari þröngu viðmiðun leiðir, að höfundar leiða ekki hugann að svo augljóslega mikilvægu umhugsunarefni sem hugsanlegri aðild hins hefðbundna skólakerfis að aukinni fullorðinsfræðslu. Úr því að annar eins megingalli er á frumvarpinu, virðist ástæðulaust að eltast við ótölulega smærri galla þess og greinargerðarinnar sem fylgir því.

Heimspékideild undrast og harmar vinnubrögð frumvarpshöfunda, sem hún telur ófullnægjandi. Starf þeirra sjö á fimmtíu fundum, að svo miklu leyti sem þess sér stað í frumvarpi og greinargerð, hefur verið það eitt að endursegja, með hæpnum úrfellingum, norsk lagafrumvörp um fullorðinsfræðslu og auka endursögnina athugasemdum sem einkum eru þarflausar orðskýringar. Nefnd höfundanna virðist ekki hafa kynnt sér það starf, sem þegar er unnið á Íslandi, svo sem fram er komið, hvað þá að hún hafi hugað að slíkri starfsemi í Noregi, sem hin norsku frumvörp fjalla um. Þar með gerir hún enga tilraun til að meta kosti og galla á slíkri starfsemi og hyggja að hugsanlegum umbótum, sem stuðla megi að með löggjöf eða með öðrum hætti.

Í þessu sambandi vill heimspékideild taka fram, að hún telur varhugavert, að einblínt sé til Norðurlanda, þegar leita skal fyrirmynda að skipan fræðslumála fullorðinna. Nefndin lætur þess getið, að tvö ríki heims, Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin, verji jafnmiklu fé til fullorðinsfræðslu og til hefðbundinnar skólakennslu. Þessi fróðleiksmoli gefur vissulega tilefni til, að svipast sé um eftir fyrirmyndum í löndum þessara ríkja fremur en á Norðurlöndum, þar sem fullorðinsfræðsla er miklum mun smærri í sniðum. Í framhaldi af þessu vill deildin vekja athygli á því, sem dæmi að á Bretlandi hefur nýlega verið komið á fót einni merkustu fullorðinsfræðslustofnun, sem sögur fara af, The Open University. Mælir hún eindregið með því að höfundur nýs frumvarps um fullorðinsfræðslu kynni sér starfsemi þeirrar stofnunar.

Reykjavík, 4. nóvember 1974.

Þorsteinn Gylfason.

Sigtryggur Jónsson.

Heimir Áskelsson.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tannlæknadeild

Hr. rektor
prófessor Guðlaugur Þorvaldsson
Háskóla Íslands

Reykjavík, 12. desember 1974.

Hjálagt fylgir umbeðin greinargerð frá tannlæknadeild vegna „frumvarps um fullorðinsfræðslu“, sem unnin var af kennslunefnd deildarinnar og samþykkt með nokkrum breytingum á deildarfundi 4. des. s. l.

(Fundurinn gerði einnig meðfylgjandi samþykkt, sem svar við beiðni um um-sögn varðandi innritun stúdenta í tannlæknadeild á miðju ári.)

Virðingarfyllst,

Þórður Eydal Magnússon, deildarforseti.

Greinargerð.

„Um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu“, samþykkt á deildarfundi tannlæknadeildar 4. des. 1974. Þar eð þekkingin í heiminum eykst með slíkum hraða að til ólíkinda má telja hlýtur að vera þörf þess, að fullorðnum sé gefinn kostur á, að reyna að halda í við öra þróun þekkingarinnar, eftir því sem hægt er hverju sinni.

Hinsvegar vill kennslunefnd vekja athygli á því að misjafnlega og sumstaðar mjög illa er nú séð fyrir fræðslu barna, unglínga og ungmenna og er þörfin kannski brýnust þar, að úr verði bætt sem fyrst.

Að lokum vill tannlæknadeild mælast til, að áður en ráðist verður í jafn fjárfreka útpenslu í fræðslukerfi þjóðarinnar, verði betur séð fyrir húsnæðismálum háskólans.

Virðingarfyllst,

f. h. tannlæknadeildar

Þórður Eydal Magnússon, deildarforseti.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

Reykjavík, 4. febrúar 1975.

Á fundi í lagadeild, 16. október 1974 var lagt fram bréf yðar, herra háskóla- rektor dagsett 4. október 1974, þar sem óskað var umsagnar deilda og námsbrauta um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Varð niðurstaða fundarins sú, að mál- efni þetta snerti ekki lagadeild með þeim hætti, að ástæða væri til þess, að hún léti uppi álit.

Frumvarpið hefur hins vegar legið frammi í húsi deildarinnar, þannig að ein- stökum kennurum hefur gefist kostur á að kynna sér það, og um leið kostur á að segja álit sitt, ef þeim þætti ástæða til.

Jafnframt var samþykkt að fela deildarforseta að gera grein fyrir því hvernig endurmenntun lögfræðinga væri háttáð og fylgir hér stutt greinargerð um það. Það tók nokkurn tíma að afla þessara upplýsinga, þótt þær séu ekki miklar að vöxtum auk þess sem annir deildarforseta hömluðu. Því hefur erindi þessu ekki verið svarað fyrir.

Virðingarfyllst,

Sigurður Lindal, forseti lagadeildar.

Til háskólarektors
próf. Guðlaugs Þorvaldssonar
Háskóla Íslands
Reykjavík.

Um endurmenntun lögfræðinga.

Endurmenntun lögfræðinga hefur einkum farið fram á námskeiðum, sem sam- tók lögfræðinga og/eða lagadeild hafa staðið fyrir og hafa þau verið haldin sem hér segir:

Námskeið um réttarreglur um fasteignir 22.- 26. marz 1971. Lögfræðingafélag Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans.

Námskeið um skattarétt 20 - 24. nóvember 1972. Lögfræðingafélag Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans.

Námskeið um stjórnun 24. - 29. nóvember 1973. Lögfræðingafélag Íslands með styrk Lögmannafélags Íslands og Háskóla Íslands og í samráði við Stjórnunarfélag Íslands.

Námskeið í skattarétti 20. - 24. nóvember 1973. Lögfræðingafélag Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans.

Námskeið um verksamninga 16. - 19. apríl 1974. Lögmannafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Námskeið í vinnumarkaðsrétti, 16. - 18. maí 1974. Lögfræðingafélag Íslands.

Þá má og nefna, að í 49. gr. b I reglugerðar Háskólans eru ákvæði um framhaldsnám kandiðata, sem hljóða svo:

I. Framhaldsnám. Í lagadeild skal halda uppi kennslu og leiðbeiningum fyrir kandiðata, eftir því sem aðstæður leyfa. Skal stefnt bæði að leiðbeiningum fyrir einstaka kandiðata, að námskeiðum fyrir hópa og að reglubundinni fræðilegri framhaldsmenntun. Kandiðatar eiga kost á að fylgjast með kennslu fyrir stúðenta í 3. hluta, eftir því sem við verður komið. Að öðru leyti ákveður lagadeild, hvernig kennslu fyrir kandiðata er hagað. Heimilt er að gefa út vottorð um nám þeirra að fullnægðum skilyrðum, sem deildin setur, t.d. um próf. Hafa nokkrir kandiðatar þegar notfært sér þessa fræðslu.

Loks ber að geta þess, að samtök lögfræðinga, einkum Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands hafa um langt skeið efnt nokkuð reglulega til fræðafunda og staðið að útgáfu bóka og tímarita.

Reykjavík, 5. febrúar 1975.

Sigurður Línal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viðskiptadeild

Reykjavík, 24. október 1974.

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Á fundi í deildarráði viðskiptadeildar hinn 18. þ.m. var gerð sú ályktun, að ofangreint efni snerti ekki deildina sem slíka og tæki deildin þess vegna ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllt,

Árni Vilhjálmsson.
deildarforseti.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Verkfræði- og raunvísindadeild

Hr. háskólarektor,
prófessor Guðlaugur Þorvaldsson,
Háskóla Íslands.

Reykjavík, 25. janúar 1975.

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu 1974.

Deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar skipaði á fundi sínum 29. okt. 1974 Sveinbjörn Björnsson, deildarstjóra, Halldór Guðjónsson, dósent, og Þorbjörn Karlsson, prófessor, í nefnd til þess að semja drög að umsögn deildarinnar um fyrrnefnt frumvarp um fullorðinsfræðslu. Nefndin lagði fram drög sín á fundi deildarráðs 17. des. 1974, þar sem þau voru rædd.

Á fundi deildarráðs kom fram, að efla þyrfti fullorðinsfræðslu almennt í landinu og styður deildin af sinni hálfu alla viðleitni í þá átt. Hins vegar er deildin andvíg því, að frumvarp það um fullorðinsfræðslu, sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1974, verði samþykkt, þar sem undirbúningi að gerð þess virðist áfátt og frekari kannanir skortir. Að öðru leyti skal vísað til nefndarálitsins, sem fylgir hjálagt og samþykkt var efnislega á fyrrgreindum deildarfundi.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Björnsson.
forseti verkfræði- og
raunvísindadeildar.

Umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Frá nefnd, er deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar skipaði 29. okt. 1974 til þess að fjalla um frumvarpið.

Nefndin leggur til við deildarráð, að það mæli gegn samþykkt þessa frumvarps og beini því til Alþingis, að áður en lög verði sett um fræðslu fullorðinna, beiti Alþingi sér fyrir rækilegri könnun á stöðu þessarar fræðslu í landinu og endurskoðun frumvarpsins. Á grundvelli hennar yrði ljóst, hvaða vanda þarf að leysa, hve mikla kennslukrafta, húsnæði, tæki og námsstyrki það kostar, úr hverju er brýnast að bæta, í hvaða röð ætti að ráðast á viðfangsefnin og að lokum, hvers konar lög Alþingi þyrfti að setja til þess að auðvelda lausn þess vanda, sem við er að glíma, tryggja bestu nýtingu fjárveitinga og rétt þeirra, sem námið stunda.

Nefndinni virðast þessir þættir ekki hafa verið nægilega kannaðir við undirbúning þess frumvarps, sem nú liggur fyrir Alþingi. Í greinargerð er þess getið, að lokið hafi verið gagnasöfnun um fullorðinsfræðsluna um líkt leyti og gengið var frá drögum frumvarpsins, en ekki er að sjá, að þau gögn hafi verið notuð við gerð þess og þau fylgja ekki í greinargerð. Í meginatriðum er frumvarpið sniðið að norskri fyrirmynd og margar greinar beint þýddar úr norskum frumvarpsdrögum, án þess að rök séu færð fyrir því, að okkur hæfi það, sem vel færi í Noregi. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins hefur ekkert Norðurlandanna enn sett sér heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu. Frumvörp um slíka löggjöf hafa verið samin í Noregi en á hinum löndunum hafa lög verið sett um einstaka þætti þessara mála, og vekur það spurningar, hvort ekki gæti orðið farsælla að færast minna í fang hér og setja lög um þá þætti, sem könnun sýndi, að ættu við ákveðinn vanda að stríða, þar sem lög gætu orðið til hjálpar.

Umsögn nefndar um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

I.

Nefndin telur frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu varða eitt brýnasta verkefnið í fræðslumálum þjóðarinnar. Jafnframt lýsir nefndin vonbrigðum sínum yfir þessu frumvarpi. Helstu ástæður þess að nefndin telur frumvarpið gallað og ófullnægjandi eru þessar:

1. Of lítið tillit er tekið til íslenskra aðstæðna. Jafnvel þótt margsagt sé í greinargerð frumvarpsins að fullorðinsfræðsla á Íslandi hafi verið rækilega könnuð af laganeftndinni og sérstökum starfsmanni sér þess varla nokkurn stað í frumvarpinu að sú könnun hafi haft nein áhrif á hljóðan þess. (Þá má og benda á það að í heimildaskrá frumvarpsins (bls. 39—42) er ekki að finna neina íslenska heimild. Þær eru þó til. Tímaritið Menntamál, 2. hefti 1971, fjallaði t.d. um ævinám og menntun fullorðinna). Telja má þetta mjög miður farið. Allar tilraunir til að efla alþýðumenntun í landinu hljóta að taka fyrst og fremst mið af tvennu: raunverulegum þörfum og óskum fólks eftir aukinni fræðslu og menntun og möguleikum þeirra fræðslustofnana og kennslukrafta, sem til eru í landinu, til að fullnægja þeim þörfum og óskum. Ekki verður undan því vikist að leggja rækilega könnun þessara tveggja þátta beinlínis til grundvallar frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu.
2. Það er hæpin aðferð við lagasmíð sem þessa að endursegja norsk frumvarpsdrög um fullorðinsfræðslu, að vísu með ýmsum breytingum og úrfellingum. Meira tillit hefði þurft að taka til íslenskra aðstæðna og möguleika, svo og þeirrar fullorðinsfræðslu sem þegar fer fram í landinu, sbr. athugasemdir við 1. lið. Lög og reglur um fullorðinsfræðslu í öðrum Norðurlandarríkjum miða ekki hvað síst að því að koma heildarskipan á starfsemi sem orðin er mjög umfangsmikil. Hérlandis er fullorðinsfræðsla lítil og vanmáttug og umræður um eflingu hennar nýjar af nálinni. Þyrfti lagasetning um fullorðinsfræðslu að taka tillit til þessa. Þá væri og æskilegt að áhrif erlendra reynslu á frumvarpið væru ekki takmörkuð við Norðurlöndin með svo einhæfum hætti sem texti frumvarpsins her vitni. Það sem laganeftndin segist hafa kannað frá öðrum löndum, t.d. Bretlandi og Þýskalandi, svo og Bandaríkjunum og Ráðstjórnarríkjunum, virðist hafa haft svo lítil áhrif á laganeftndina að þess sér ekki stað í frumvarpinu.
3. Frumvarpið fjallar óeðlilega mikið um að koma fullorðinsfræðslunni undir einkar flókið skipulags- og stjórnkerfi. Svo að dæmi séu nefnd má telja fullorðinsfræðsluráð menntamálaráðuneytisins og fullorðinsfræðslunefndir fræðslu-umdæma öldungis ótímabærar stofnanir ef ekki óþarfar með öllu. Eðlilegra væri að frumvarpið fjallaði fyrst og fremst um eflingu þeirra þátta fullorðinsfræðslu sem mest ástæða þykir til að veita forgang á næstu árum og fjárhagslega og faglega aðstoð til þeirra aðila og stofnana sem taka munu þátt í aukinni fullorðinsfræðslu á þeim sviðum. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verður mikil og flókin yfirstjórn á starfsemi sem enn er lítt þróuð í landinu. Sem eina hugsanlega leið til einföldunar mætti benda á það að í stað skiptingarinnar fræðslusambönd — fræðslusamtök — fræðslufélög með sérreælum um styrki o.fl. yrði skipan þessara mála gefin frjáls, en hið opinbera stvrkti fullorðinsfræðslu á ákveðnum sviðum sem fullnægði tilteknum skilyrðum. Hið flókna fyrirkomulag þessara mála samkvæmt frumvarpinu er ekki líklegt sem slíkt til að kveikja frumkvæði heima fyrir.
4. Gerbreyting á lagalegri skilgreiningu menntakerfis þjóðarinnar á tæplega heima inni á miðri grein sem fjallar um markmið og skipulag fullorðinsfræðslu.

Slík lagabreyting á fremur heima í lögum um skólakerfi. Með þessari ábendingu er hins vegar ekki verið að andmæla þeirri skoðun að brýnt sé að breyta menntakerfi þjóðarinnar þannig að fullorðinsfræðsla fái þar lögtryggðan sess.

5. **Skilgreining frumvarpsins á meginmarkmiði fullorðinsfræðslu er ekki fullnægjandi.** Skilgreining frumvarpsins er of almenn og missir því marks að nokkru. Auk ákvæða frumvarpsins þyrfti að setja skýrari ákvæði um jafnréttishlutverk fullorðinsfræðslu, svo að dæmi sé nefnt.
6. **Í frumvarpið vantar ákvæði um hlut útvarps og sjónvarps að fullorðinsfræðslu.** Þar sem hér er um að ræða áhrifaríkustu menntunarmiðla sem völ er á er vitaskuld óhjákvæmilegt að ætla þeim gildan þátt í fullorðinsfræðslu. Þess vegna verður frumvarpið að fjalla um aukinn hlut þessara fjölmiðla í fullorðinsfræðslu. Er ástæða til að ætla að útvarpið (hljóðvarpið) gæti með viðráðanlegum kostnaði komið á fót skipulegri fræðslu sem tæki mið af óskum og þörfum almennings. Þetta verður dýrara í sjónvarpi — en horfi stjórnvöld mjög í þann kostnað er jafnframt ástæða til að ætla að þau hyggist ekki efla fullorðinsfræðslu í reynd.
7. **Í frumvarpið vantar nánari ákvæði um menntunarjafnrétti.** Er þessi ábending í framhaldi af athugasemd við 5. lið. Í fullorðinsfræðslu er aðalvandinn vissulega sá að tryggja fólki úr öllum starfsstéttum jafnan rétt og jafna aðstöðu til að afla sér þeirrar fræðslu og menntunar sem hugurinn gírnist. Þá má og benda á jafnrétti þeirra, sem eiga örðugt með æðra bóknám, við hina sem eiga auðveldara með það. Slíkt jafnrétti má m.a. auka með fjölbreytni fræðslustarfsins.
8. **Í frumvarpið vantar skýrari ákvæði um fjárhagslega námsaðstoð.** Eigi fullorðinsmenntun að eflast verulega í landinu þarf að gerbreyta skilyrðum launastéttanna til þess að geta tekið sér starfsleyfi og stundað nám. Þetta mál heyrir vissulega til friðar fleiri aðila en ríkisins, ekki hvað síst aðila vinnumarkaðarins. En ríkið gæti gengið á undan með góðu fordæmi, t. a. m. gagnvart eigin starfsmönnum. Ákvæði um þetta eru með því mikilvægasta sem þarf að standa í frumvarpinu og ákvæði 28.—29. gr. þess um málið eru engan veginn fullnægjandi.
9. **Í frumvarpið vantar ákvæði um hvatningu gagnvart almenningi til að notfæra sér fullorðinsfræðslu.** Má hér nefna sem dæmi hugsanleg ákvæði um upplýsingar- og ráðgjafarstarfsemi. Hvaða hlutur er menntamálaráðuneytinu t.d. ætlaður í þessu efni?
10. **Miðað við það hve stjórnvöld hafa lítinn gaum gefið að fullorðinsfræðslu til þessa vekja hin djarflegu og fortakslausu fjármálaákvæði IV. kafla frumvarpsins nokkurn ugg um það hvort full alvara fylgi máli.** Virðist ástæða til þess að ríkisvaldið í samvinnu við aðra aðila einbeiti sér fyrst að því að skapa fullorðinsfræðslu bætt skilyrði — t. d. með því að hlúa að menntun leiðbeinenda, útgáfu kennslubóka og námsgagna o.s.frv. — og efla jafnframt fullorðinsfræðslu á þeim sviðum þar sem þörfin er mest. Síðar getu komið samræmdar reglur um styrki til allra viðurkenndra þátta slíkrar starfsemi.
11. **Frágangur frumvarpsins er ekki góður.** Sem dæmi um þetta má nefna það að orðafar orkar víða tvímælis. Uppsetningarrámmi frumvarpsins leiðir til talsverðra endurtekninga (sbr. t.d. 10., 25. og 29. gr.). Þá eru og prentvillur til nokkurs boga.

II.

Nefndin telur það miður farið að menntamálaráðherra skyldi leggja frumvarpið fram svo fljótt sem raun ber vitni. Miðað við mikilvægi málsins og umfang virðist full

ástæða hafa verið til þess að draga fram yfir jól að leggja frumvarpið fram þannig, að ráðgast mætti við fleiri aðila og gefa umsagnaraðilum tíma til að athuga málið nánar.

III.

Af ofangreindu má ljóst vera að nefndin telur það óráð að Alþingi samþykki fyrirbyggjandi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu óbreytt eða lítt breytt. Frumvarpið þarf róttækar endurskoðunar við og skulu í því sambandi eftirtalin atriði ítrekuð:

- a) Rækileg könnun á fullorðinsfræðslu á Íslandi og þörfinni fyrir hana á einstökum sviðum verði lögð til grundvallar frumvarpinu og þá ekki síst miðað að því að gera núverandi fræðslustofnunum þjóðfélagsins kleift að auka fullorðinsfræðslu verulega.
- b) Fullorðinsfræðslu verði sett skýr markmið. Valin verði forgangsverkefni í samræmi við brýnustu þarfir og fái þær mestan fjárhagsstuðning, a. m. k. fyrst í stað.
- c) Útvarp og sjónvarp verði virkjuð til fullorðinsfræðslu. Í þeim efnum þarf sannarlega að brjóta blað.
- d) Lögð verði áhersla á einfalt skipulag á stjórnýslu og yfirstjórn fullorðinsfræðslu. Sérstök áhersla verði lögð á að glæða frumkvæði almennings og ráðamanna um land allt.
- e) Mörkuð verði einarðleg stefna um hvatningu til almennings um að auka menntun sína og starfsþjálfun. Kemur hér til bæði fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og upplýsingar.

IV.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að Háskóli Íslands lýsi fyrir sitt leyti yfir einlægum vilja sínum til aukinnar aðildar að fullorðinsfræðslu í landinu hvort heldur er innan veggja Háskólans eða utan. Má benda á eftirtaldar leiðir í því sambandi:

- a) Sérstök námskeið fyrir ýmsa starfshópa í þjóðfélaginu, t. d. húsmæður/húsbændur og kennara, um ýmis efni sem þeir óska að fræðast um.
- b) Kvöldskóla í tilteknum námsgreinum handa fólki sem jafnframt er í fullu eða hálfu starfi.
- c) Að senda kennara í einstökum greinum til þess að halda námskeið úti á landi.

Í nefnd sem háskólaráð kaus til að semja umsögn um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

27. janúar 1975.

Andri Ísaksson.

Árni Blandon.

Páll Skúlason.